



Skráning fornleifa í Mosfellsbæ

Agnes Stefánsdóttir
Rúna K. Tetzschner
Guðmundur Ólafsson
Ágúst Ó. Georgsson
Kristinn Magnússon
Bjarni F. Einarsson

Skráning fornleifa í Mosfellsbæ

Agnes Stefánsdóttir

Rúna K. Tetzschner

Guðmundur Ólafsson

Ágúst Ó. Georgsson

Kristinn Magnússon

Bjarni F. Einarsson

Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands

Ritstjóri ritraðar Steinunn Kristjánsdóttir

© Þjóðminjasafn Íslands og höfundar 2006.
Öll réttindi áskilin.

Forsíðumynd: Miðdalskot, hjáleiga frá Miðdal.

Umbrot og prentun: Prentmet ehf.

ISSN 1670-3685

Efnisyfirlit

Inngangur.	5
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Aðferð við skráningu	6
Amsterdam 181172-249	8
Blikastaðir 123618-269	9
Ellidákot (Helliskot) 123632-256	23
Helgadalur 123636-244	35
Helgafell 1 123649-248.	43
Hitta 181170-239	51
Hlaðgerðarkot 181171-247	52
Hraðastaðir 123676-243	57
Hrísbrú 123677-237	65
Laxnes 123694-242	74
Lágafell 125636-234	81
Leirvogstunga 123696-236	86
Miðdalur 123713-255	92
Minna-Mosfell 123716-240	112
Mosfell 123731-238.	120
Norður-Reykir 123736-246	144
Óskot 123738	150
Reykjakot 181173-251	157
Skeggjastaðir 123764-241	162
Stekkjarkot 181174-252	168
Suður-Reykir 123789-250	169
Úlfarsá 123799-258.	182
Úlfarsfell 123805-253.	188
Varmá 181169-235	195
Þormóðsdalur 123813-254.	200
Æsustaðir 123814-245	211
Samantekt.	215
Niðurstöður.	220
Heimildir	221

Inngangur

Skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var það fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi. Þrír starfsmenn Þjóðminjasafnsins unnu árin 1980-1982 við skráninguna, Ágúst Ó. Georgsson þjóðfræðingur sem sá um heimildasöfnun auk vettvangskannana, Bjarni F. Einarsson þá fornleifafræðinemi sem skráði á vettvangi og Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, núverandi fagstjóri fornleifa Þjóðminjasafnsins sem skráði á vettvangi. Skráðar minjar voru 181 talsins.

Haustið 2000 gerðu Þjóðminjasafn Íslands og Mosfellsbær með sér samning um útgáfu þessarar skráningar í sambandi við endurskoðun Aðalskipulags Mosfellsbæjar og hófst vinna við innslátt og hreinteikningar í desember sama ár. Alls var slegið inn 626 fornleifum á 26 jörðum. Einnig voru allar fornleifar sem staðsetning var til á merktar inn á loftmynd af Mosfellsbæ. Eftir þennan fyrsta áfanga var gerð áfangaskýrsla sem meðal annars var notuð til stuðnings við gerð Aðalskipulags Mosfellsbæjar. Við innslátt gagna í þessum fyrri áfanga unnu Agnes Stefánsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Kristinn Magnússon og Rúna Knútsdóttir Tetzschner. Hreinteikningar gerði Daniel Rhodes. Agnes Stefánsdóttir sá um kortavinnu.

Í næsta áfanga sem hófst vorið 2001 var skráin sem gerð var 1980 yfirfarin, skoðaðir á vettvangi þeir staðir sem skráðir voru þá, auk þess sem farið var yfir svæði sem urðu útundan í fyrri yfirferð og þykja í hættu vegna áætlaðra framkvæmda í sveitarfélaginu á næstu árum. Ekki var lögð áhersla á fjöll og heiðar þar sem minni líkur eru á framkvæmdum. Þó nokkrar minjar voru kannaðar þar 1980-1982 en litlar líkur eru á að ástand þeirra hafi breyst að ráði síðan þá. Í þessum áfanga bættust við ellefu fornleifar og eru nú alls skráðar 637 fornleifar í Mosfellsbæ. Við þennan síðari áfanga unnu Agnes Stefánsdóttir og Kristinn Magnússon.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaga er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar (sjá 1. gr.), þar á meðal fornleifa. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „...spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal samkv. 13. gr. fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir

um hvort og með hvaða skilyrðum vinna á staðnum megi halda áfram.

Friðlýstar fornleifar njóta ríkari verndar en aðrar friðaðar fornleifar. Um friðlýsingar er fjallað í 11. gr. Þjóðminjalaganna en þar segir:

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skuli friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram. Fornleifavernd ríkisins getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingin.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á viðkomandi svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka finnist, öllum að óvörum. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikinn kostnað í för með sér.

Þjörgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur stofnunin krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Samkvæmt 14. gr. Þjóðminjalaga bera þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna.

Aðferð við skráningu

Við fornleifaskráningu Þjóðminjasafns Íslands eru minjarnar skráðar í menningar-sögulega upplýsingakerfið Sarp. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu.

Um er að ræða 26 jarðir í Mosfellsbæ. Við skiptingu sveitarfélagsins eftir jörðum var farið eftir Jarðatali Johnsens frá 1847. Sem dæmi má nefna jörðina Seljabrekkur sem í þessari skrá fellur undir jörðina Mosfell því árið 1847 tilheyrði landið Mosfelli. Fornleifar eru lögum samkvæmt skilgreindar sem mannvirki sem eru 100 ára eða eldri. Því þótti eðlilegt að miða skrána við jarðskiptinguna eins og hún var fyrir rúmum 100 árum. Undantekning frá þessu er jörðin Óskot. Þrátt fyrir að hún sé ekki nefnd í Jarðatali Johnsen, var ákveðið að hún fengi eigið númer þar sem hún var aldrei lögð undir aðra jörð þrátt fyrir að hún færi í eyði.

Hverri jörð fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað, auk teikningar þegar við á.

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi

landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað (t.d. Mosfell 123731) og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (238). Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hvernar jarðar fyrir sig; íbúðarhúsin á Mosfelli eru nr. 1 og þar af leiðandi auðkennd með eftirfarandi hætti: Mosfell 123731-238-1.

Tegund, hlutverk og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornri minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum. Kanna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að heimild sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Hraðaborg eða Vörðuholt, er það sérstaklega skráð. Þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og

aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Lagt er mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana, liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofta eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráningu. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda því að fornleifar geta sem fyrr segir leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Amsterdam 181172-249

Saga

Amsturdam var hjáleiga frá Suður-Reykjum árið 1704. Talin byggð þá fyrir rúmlega 40 árum eða um 1660. Ábúandi var einn. Bústofn: þrjár kýr (en þá gátu fóðrast þar fjórar) og eitt leiguhross. Samtals voru fjórir í heimili (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 312-313).

Svo segir í Lýsingu Mosfells- og Gufunes-sókna 1855 (Stefán Þorvaldsson, bls. 230): „Amsturdammur, 5 hndr., skammt fyrir norðan Suður-Reyki“.

Árið 1847 var Amsturdam enn í ábúð og bjó einn leiguliði þar þá (J. Johnsen, bls. 96). Bærinn hefur lagst í eyði á árunum 1861 - 1922 (sbr. Ný Jarðabók 1861 og Fasteigna-bók 1922).

Svo virðist sem Amsturdam hafi verið lögð undir Suður-Reyki, sem stundum eru kallaðir Reykir (Björn Bjarnason, bls. 108).

Aðrar upplýsingar

Sléttað árin 1946-7. Engar sýnilegar minjar.

Heimildir

Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 3. Reykjavík 1938.

Fasteignabók. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenzka fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðar-töflum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maí-mánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. *Sýslulýsingar og sóknalýsingar. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Fornleifaskrá - Amsterdam

Amsterdam 181172-249-1 Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Damtúnið er á háhæðinni sunnan við aðal-húsið á Reykjalundi en þar stóð bæjarhús býlisins Amsturdam. Tóft frá hjáleigunni Amsturdam stóð áður á Damtúni, efst á

kolli hæðarinnar. Minjarnar voru jafnaðar við jörðu um 1950 þegar þetta tún var endurræktað (Magnús Guðmundsson, bls. 5-6).

Á hæð um 30-40 m S-SA við sjúkrahúsið á Reykjalundi segir Haukur Nielsson bóndi á Helgafelli að hjáleigan Amsturdam hafi staðið. Engar rústir er þar að sjá. Hins vegar er þarna tún. Staður þessi er ekki ólíklegt bæjarstaði, þótt ekki skuli þar með sagt að Amsturdam hafi staðið þarna (Guðmundur Ólafsson).

Heimildir

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Amsterdam 181172-249-2 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Grasivaxið þýflendi á ás SA við sjúkrahúsið á Reykjalundi. Vestan í ás þessum eða hæð hefur verið plantað talsverðu af trjám (Guðmundur Ólafsson).

Hér er um eina stóra tóft að ræða, líklega hústóft. Við athugun var hún og allt rúst-asvæðið mjög loðið af grasi (Guðmundur Ólafsson). Innanmál tóftarinnar er um 2,5 x 4 m. Veggjapykkt nálega 1 m, hæð um 1,2-1,4 m. Aftan við (A-við) þessa tóft sér fyrir annarri. Er hún mjög óregluleg að lögun, líklega öll hrunin saman. Líklegt útlit sést á meðfylgjandi teikningu. Ekki var hægt að segja til um hvort dyr hafi verið á aftari tóftinni. Á fyrrnefndu tóftinni eru dyr á miðjum V-gafla. Ekki hefur verið innangengt á milli þessara tófta. Svæðið aftan við (A-við) tóftirnar er mjög þýft og leynast þar sennilega fleiri rústir. Hvort hér eru komnar í ljós rústir hjáleigunnar Amsturdams skal ósagt látið. Tóftir þessar gætu allt eins verið fjárhús (beitarhús) með heytóft aftan við frá því snemma á 20. öld eða 19. öld. Um 8 m austan við gæti verið einhvers konar tóft. Líkleg stærð hennar er um 3 x 4 m. Umhverfis rústarsvæði þetta er áberandi grænt þýflendi. E.t.v. gætu fleiri rústir leynst þarna. Byggingarefni er torf og grjót. Svæðið umhverfis er mjög óræktarlegt og þess vegna ólíklegt sem bæjarstaði. Þarna

er því ekki um gamalt tún að ræða. Auk þess virðast rústir þessar ekki mjög gamlar. Líklegt er því að um fjárhús sé að ræða eða einhver önnur útihús (Guðmundur Ólafsson).

Við skoðun á svæðinu í maí 2001 kom í ljós að búið að var að planta trjám í nærri allt það svæði sem að ofan er lýst sem þýflendi og mögulegu rústasvæði. Trjám hefur meðal annars verið plantað í innan við meters fjarlægð frá rúst 249-2 og þyrfti að grisja þau tré áður en rústin hverfur alveg.

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Formleifaskráning í Mosfells- sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269

Saga

Blikastaðir hafa trúlega verið teknir í ábúð snemma á miðöldum en þeirra er fyrst getið í máldaga Maríukirkjunnar í Viðey frá árinu 1234. Þar kemur fram að kirkjan og staðurinn hafi átt landið á „Blackastodum“ (Dipl. Isl. I, bls. 507-8). Næst segir í leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs árið 1313: „Af bleikastodum hellmingur heyia þeirra sem fast“ (Dipl. Isl. II, bls. 377) og í skrá um kvikfé og leigumála klausturjarða 1395: „aa bleikastodum ij merkur“ (Dipl. Isl. III, bls. 598). Samkvæmt Fógetareikningum árána 1547-1552 var land á „Bleckestedom“ orðið konungseign um miðja 16. öld (Dipl. Isl. XLL) og var enn þegar jarðatal var tekið árið 1704. Þá var ábúandi jarðarinnar einn en heimilismenn samtals tólf. Í bústofninum voru níu kýr, tvö geld naut, ein kvíga tvævetur, eitt naut veturgamalt, 29 ær með lömbum, fjórir gamlir sauðir, sex þrevetrir, átta tvævetrir, 23 veturgamlir, þrjú hestar, tvö hross og ein unghryssa, en fóðrast gátu sex kýr, 20 lömb og einn hestur (Jarðabók Árna og Páls). Samkvæmt jarðatali Johnsens voru þar árið 1847 þrjú kúgildi og einn leigjandi (bls. 96). Árið 1908 fluttist Magnús Þorláksson, bróðir Jóns Þorlákssonar forsætisráðherra, ásamt fjölskyldu sinni frá Vesturhópshólum í Húnavatnssýslu til Blikastaða og hóf þar búskap. Magnús bjó á

jörðinni til dauðadags árið 1942 en þá tóku við dóttir hans, Helga, sem búið hafði á staðnum frá tveggja ára aldri, og maður hennar Sigsteinn Pálsson. Stunduðu þau aðallega kúabúskap til ársins 1973 en þá voru á jörðinni 60 mjólkurkúr og samtals 90 gripir í fjósi. Eftir það leigði Skarphéðinn Össurarson íbúðarhús og fjós á Blikastöðum og rak þar hæsnabú (Magnús Guðmundsson, bls. 8). Var hann skráður fyrir skepnunum 1979 (Jarðaskrár). Börn Helgu og Sigsteins hafa reist sér hús við Árnesveg og búa þar (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Náttúrufar og jarðabætur

Í Jarðatalinu frá 1704 er engin lýsing á jarðardýrleika Blikastaða (Jarðabók Árna og Páls) en í Jarðatali Johnsen árið 1847 er jörðin sögð 14 hundruð og frá 1855 er til lýsing eftir séra Stefán Þorvaldsson: „...sá bær stendur á láglandu mýrlendi, skammt fyrir norðan Lágafellshamra, austanvert við Korpúlfsstaðaá, sunnan til við Leiruvoga, gagnvart Víðinesi. Þessi jörð hefir góðan útheyaheyskap...“ og er 15 hundruða (bls. 233). Þegar Magnús kom 53 árum síðar gáfu túnin af sér um 80 hesta af heyi þegar vel áraði. Ræktaði hann smám saman upp mela og mýrar sem ná yfir mikinn hluta þeirra túna sem nú eru á jörðinni. Voru þau orðin 42 hektarar þegar Helga og Sigsteinn tóku við og stækkuðu í 70 hektara í þeirra búskapartíð. Þá hlutu túnin og mismunandi hlutar þeirra einnig nöfn sín sem eru sérstök fyrir Blikastaði: Næst bænum austan heimreiðar er Fjósflöt og austan við fjósið kallast Austurhóll. Austan hans og Fjósflatar er Langahyrna en þar fyrir sunnan Spennitún sem dregur nafn af rafmagnsspennistöð sem stóð þar einu sinni. Því næst tekur við Langastykki að skurði, síðan Grundir og loks Kinnar sem eru efsti hluti túnanna austan heimreiðar. Næst bænum vestan heimreiðar er Brunnflöt og í henni vestan bæjarins smáhóll sem kallast Vesturhóll en vestan hans og Brunnflatar túnið Rani. Sunnan Brunnflatar er Húsátún þar sem eitt sinn stóðu beitarhús. Síðan tekur við Litlustykki, smá tún hjá Árnesvegi sem hafa að mestu horfið undir hús. Þá eru næstir Móarnir sem skiptast í Heimastykki,

Miðstykki og Efstastykki. Vestan Heima-
stykki er Árnestún og Árnes meðfram
Korpúlfsstaðaá að Rana en sunnan Efsta-
stykki Hamrahlíðartún. Í norðvestur frá
Vesturhól er annar smáhóll, Aðalból, sem
var leiksvæði barna og fyrir neðan það
Þúfnabanaflöt sem unnin var með fyrsta
Þúfnabananum á landinu. Norðan bæjarins
er svo Flóinn sem áður var mýri með gráviði
og fjalldrapa, þá Hólstún austan Aðalbóls,
síðan Ásatún og næst því Hrossaskjólás.
Frá 1980 hafa Magnús Sigsteinsson og kona
hans Marta Sigurðardóttur annast túnin á
Blikastöðum og nýtt þau til beitar og hey-
skapar. Hafa m.a. félagsmenn í Hestamanna-
félaginu Faki haft þar bithaga og keypt
þaðan hey (Magnús Guðmundsson, bls. 5,
7, 8).

Í austurhluta Hamrahlíðar er Kerlingar-
skarð sem blasir við þegar ekið er frá Mos-
fellsbæ í átt til Reykjavíkur en austan þess,
norðan í Úlfarsfelli, taka við Lágafells-
hamrar (Magnús Guðmundsson, bls. 3-4).
Hugsanlega hafa þeir upprunalega einnig
náð yfir hamrabeltið sem nú er nefnt Hamra-
hlíð en séra Magnús Grímsson á Mosfelli
(1825-1860) segir í Safni til sögu Íslands:
„...allt umhverfis Lágafell og Lágafells-
hamra (en svo kallast nú vestr-endinn á
Úlfarsfelli)“ (bls. 252). Uppi í Lágafells-
hömrum er svokölluð Festi á landamerkjum
Blikastaða og Lágafells og skammt austan
hennar Arnarnípa (Magnús Guðmundsson,
bls. 3-4). Lágafellshamrar hafa m.a. verið
notaðir til að staðsetja fiskimiðin Þúfu,
Álftaskarðspúfu eða Þúfuál á Faxaflóa (Þór-
bergur Þórðarson, bls. 236).

Blikastaðir eiga 14% í Korpúlfsstaðaá
(Magnús Sigsteinsson). Samkvæmt séra
Stefáni Þorvaldssyni hefur laxveiði verið
þó nokkur í ánni en þó einkum við Blika-
staðakró (bls. 233, 237).

Skv. Landamerkjaskrá Blikastaða frá 1890
eru merki jarðarinnar sem hér segir:

„1. Milli Blikastaða og Lágafells: „Día-
krókalæksmynni“ og þaðan beint í þúfu á
„Há-Hrossaskjólásí“, og þaðan beina línu í
þúfu þá, sem er upp undan miðsteininum
af svokölluðum „Marksteinum“ og þaðan
beina línu í „Festi“. 2. Milli Blikastaða og
Lambhaga: Úr „Festi“ og beina sjónhend-

ingu í miðjan „Hrossadal“, og þaðan beina
línu efst í „Hrossagilsbrúnina“. 3. Milli
Blikastaða og Hamrahlíðar: Úr „Hrossadals-
gili“ og beina línu í grjóthrúgu norðast á
syðsta „Stekkjarhólnum“, og þaðan beina
línu niður í Korpúlfsstaðaá. 4. Milli Blika-
staða og Korpúlfsstaða: „...ræður áin ofan í
sjó; skammt fyrir ofan ármynnið kvíslast
áin við klöpp, og rennur síðan í tveimur
kvíslum ofan í sjó, tilheyrir nyrðri kvíslin
Blikastaðalandi“ (Landamerkjabók).

Heimildir

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt forn-
bréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga,
dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland
og íslenzka menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík
1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gull-
bringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík
1982.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið
saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum
hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð.
Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi með brauðalýsingum, fólk-
stölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðar-
töflum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða í
landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

*Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gull-
bringu- og Kjósarsýslu 1890*.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu
Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra
bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og
Reykjavík 1886.

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blika-
stöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991.
ópr.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-
sóknna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám
Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út.
Reykjavík 1937-1939.

Þórbergur Þórðarson. „Lifnaðarhættir í Reykjavík á
síðari helmingi 19. aldar.“ *Landnám Ingólfs II*.
1936-1940, bls. 236.

Munnlegar heimildir:

Magnús Sigsteinsson. Viðtal tekið 4. ágúst 1991.

Fornleifaskrá - Blikastaðir

Blikastaðir 123618-269-1 Bústaður

Sérheiti: Blikastaðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Árið 1855 segir séra Stefán Þorvaldsson um
Blikastaði: „...sá bær stendur á láglandu
mýrlendi, skammt fyrir norðan Lágafells-
hamra, austanvert við Korpúlfsstaðaá,
sunnan til við Leiruvoga, gagnvart Víði-
nesi...“ (bls. 233).

Á Túnakorti frá 1916 má sjá húsaþyrpingu ásamt kálgarði við enda heimreiðarinnar, þar sem væntanlega er gamla bæjarstæðið, um miðbik túnsins suðaustarlega. Þarna eru a.m.k. þrjár byggingar en ekki er unnt að greina í hverri þeirra hefur verið búið.

Austasta byggingin er stærst og samanstendur af fjórum hólfum, herbergjum eða húsum. Skv. kortinu eru veggir hennar hlaðnir úr torfi og grjóti. Hinar byggingarnar eru nokkrar vestar í bæjarstæðinu, nær enda heimreiðarinnar (sbr. nr. 2 og 3).

Heimildaskrá

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Túnakort Blikastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Blikastaðir 123618-269-2 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Vestan við stærstu bygginguna (sbr. nr. 1), NA við enda heimreiðarinnar, er í bæjarstæðinu önnur stór bygging.

Af Túnakorti að dæma skiptist þessi bygging í tvö samföst hús sem snúa í NV. Nyrðra og lengra húsið er hólfað í þrennt, en hið syðra í tvennt. Þau hafa líklega verið byggð úr torfi og grjóti með standþili jafnt gólfi eða nær því á hlöðum.

Heimildaskrá

Túnakort Blikastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Blikastaðir 123618-269-3 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Rétt V-við stærstu torfbygginguna á bæjarstæðinu (nr. 1) og upp við hina torfbygginguna suðvestan megin (nr. 2), næst enda heimreiðarinnar, sýnir Túnakort þriðja húsið.

Húsið er með tveimur herbergjum, hið stærra NV en hið minna SA. Stefnan er NV-SA. Það virðist byggt úr timbri með járnþaki og þá væntanlega járnvarið líka. Þó sýnist sem veggurinn SA megin á minna herberginu hafi verið hlaðinn úr jarðefnum. Á flestum þylum voru timburhúsin íbúðar-

hús og kann það að hafa verið á þeim tíma sem kortið var gert.

Heimildaskrá

Túnakort Blikastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Blikastaðir 123618-269-4 Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Rétt suðvestur af bæjarhúsunum (nr. 1, 2 og 3), þétt upp við heimreiðina austan megin, sýnir túnakortið kálgarð.

Garðurinn er nokkurn veginn ferhyrndur, umgirtur hlöðnum veggjum, að því er virðist að SA, SV, NV og að hluta að NA en fyrir SA hluta NA-hliðarinnar, þeirrar sem snýr að húsunum, er girðing úr tré eða járn. Veggirnir eru skv. kortinu hlaðnir úr grjóti og torfi eða öðru hvoru. Þess má svo geta að vegarspotti (nr. 5) liggur frá bæjarstæðinu í NV í gegnum túnið að öðrum kálgarði í vesturjaðrinum en kringum hann er einungis girðing.

Heimildaskrá

Túnakort Blikastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Blikastaðir 123618-269-5 Heimreið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Heimreiðin að Blikastöðum liggur skv. Túnakorti úr suðri gegnum túnið og beygir kringum garðinn (nr. 4) á bæjarstæðinu, austur að húsunum (nr. 1, 2 og 3). Auk þess sýnir Túnakortið vegarkvísl frá heimreiðinni beint í NV frá bæjarstæðinu um túnið og að kálgarði í útjaðri þess. Af kortinu að dæma hafa þetta verið hlaðnir og malarbornir vegir.

Heimildaskrá

Túnakort Blikastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Blikastaðir 123618-269-6 Laug

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Brunnflöt er næst bænum vestan heimreiðar en sunnan hennar Húsatún (Magnús Guðmundsson, bls. 5).

Vestan við heimreiðina að Blikastöðum um 200 m frá bænum var um 20 °C heit laug (Magnús Guðmundsson, bls. 4).

Aðrar upplýsingar

Í lauginni voru þvegin sokkaplögg o.fl. og stundum var vatnið notað til að skúra gólf. Hætt var að nota hana þegar hitaveita kom að Blikastöðum en hún hafði spillst skömmu áður þegar borað var í hana (Magnús Guðmundsson, bls. 4-5).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-7 Leikvöllur

Sérheiti: Aðalból

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Brunnflöt V bæjarins er smáhóll sem kallast Vesturhóll og NV af honum annar smáhóll sem heitir Aðalból. Nafnið er dregið af samnefndum bæ í Hrafnkelssögu en þarna var leiksvæði barna þar sem þau reistu sitt bú. Fyrir neðan Aðalból er Þúfnabanaföt (Magnús Guðmundsson, bls. 5).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-8 Fjós

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Fjósflöt er heima við bæjarhúsin austan heimreiðar og kallast Austurhóll austan við fjósið (Magnús Guðmundsson, bls. 5).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-9 Beitarhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Brunnflöt er næst bænum vestan heimreiðar, sunnan hennar er Húsatún þar sem eitt sinn stóðu beitarhús og loks Litlustykki, smá tún sem hafa að mestu horfið undir hús hjá Árnesvegi (Magnús Guðmundsson, bls. 5).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-10 Landamerki

Sérheiti: Marksteinar

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Díakrókalækur er fyrir austan Gerði en landamerki Blikastaða gagnvart Lágafelli liggja um „Díakrókalæksmynni“, þaðan beint í þúfu á „Há-Hrossaskjólási“, síðan í beina línu í þúfu þá, sem er uppundan miðsteininum af svokölluðum „Marksteinum“ og loks í beina línu í „Festi“ (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósasýslu 1890.

Blikastaðir 123618-269-11 Hrutakofi

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 80 m sunnan vegar heim að Blikastöðum II, III og IV á móts við austasta húsið (Blikastaði III). Í mjög þýfðu landi.

Á norðurhlið rústarinnar sjást ekki leifar veggja, einungis niðurgroftur. Í austurenda rústarinnar er stór steinn. Dyr eru á vesturenda. Rústin er um 2 x 2,5 m.

Hættumat: Lítil hætta

Blikastaðir 123618-269-12 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Blikastaða gagnvart Hamrahlið liggja úr „Hrossadalsgili“ og beina línu í grjóthrúgu norðast á syðsta „Stekkjarkólnum“ og þaðan beina línu niður í „Korpólfsstaða“ sem ræður merkjum gagnvart Korpúlfsstöðum „ofan í sjó“. „Skammt fyrir ofan ármynnið kvíslast áin við klöpp, og rennur síðan í tveimur kvíslum“ til sjávar og tilheyrir sú nyrðri Blikastaðalandi (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósasýslu 1890.

Blikastaðir 123618-269-13 Byrgi

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í lítilli vík á Blikastaðanesi norðanverðu. Nokkru austan við skotbyrgið (nr. 20). Lyngvaxinn melur ofan við stórgrýtta fjöru.

Rústin er hlaðin úr grjóti, niðurgrafin að mestu. Stendur u.þ.b. 10-20 cm upp úr umhverfinu. Nánast hringlaga u.þ.b. 2 m í þvermál. Hugsanlega hefur verið inn-gangur sunnan megin í rústinni. Er nokkuð djúp í miðjunni.

Hættumat: Engin hætta

Blikastaðir 123618-269-14 Stekkur

Sérheiti: Stekkjarhólar (Hólar)

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Frá Korpúlfsstaðaá að Vesturlandsvegi eru þrjár hólar áberandi í landslaginu, sérstaklega þó þegar horft er í suðurátt frá húsunum við Árnesveg. Þeir heita einu nafni Hólar en hafa einnig verið nefndir Stekkjarhólar (Magnús Guðmundsson, bls. 4). Landamerki Blikastaða og Hamrahlíðar liggja um „grjóthruðu norðast á syðsta „Stekkjarkólnum““ (sbr. nr. 59) og þaðan í Stekkjarvað (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991.* ópr.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósasýslu 1890.

Blikastaðir 123618-269-15 Vegur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Neðan við Vesturlandsveg undir Hamrahlíð, fjallinu ofan og austan við bæinn á Blikastöðum, kallast Börð niður á jafnslétt tún, Kinnar og Hamrahlíðartún. Meðfram Hamrahlíð liggur núna hitaveitustokkur yfir Börðin en þar lá þjóðvegurinn áður, vestar og nær sjónum, og fór yfir Korpúlfsstaðaá á nokkrum vöðum (Magnús Guðmundsson, bls. 4).

Aðrar upplýsingar

Helga Magnúsdóttir sem flutti til Blikastaða 1908 var átta eða níu ára þegar gamli þjóðvegurinn var lagður meðfram Hamrahlíðinni yfir Börðin. Þótti henni mun skemmtilegra að vera kúskur í vegagerð og stýra hestakerru en að vaka yfir velli (Helga Magnúsdóttir og Sigsteinn Pálsson, Blikastöðum, viðtal 16.2.1991).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991.* ópr.

Blikastaðir 123618-269-16 Álfabyggð

Sérheiti: Sauðhóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Neðan og norðan við Úlfarsfell er ás eða hryggur, eins konar náttúrulegt framhald fellsins niður á jafnsléttu, þ.e. börð sem liggja niður að túnum neðan vegarins. Þar er klettahóll, svo kallaður Sauðhóll. Nánar tiltekið er þetta rétt við hitaveitustokk, um 500 m NA við afleggjarann að Blikastöðum og 500 m SA bæjarins (Ágúst Ó. Georgsson; Magnús Guðmundsson, bls. 4).

Í Örnefnalýsingu kemur fram að hóllinn var sprengdur burt en af lýsingu skrasetjara 1980 hefur þó eitthvað orðið eftir: „... lágur, grasi vaxinn hóll... ..nokkuð grænni en svæðið umhverfis. Að ofanverðu, ofan á kollinum, sér í bera klöpp. Virðist jafnvel, sem sprengt hafi verið ofan af honum. ... Hóllinn er flatur að ofan og hallar bratt til norðurs... ..um 20 m langur frá hitaveitustokk... ..og ca. 10 m á breidd yfir bunguna. ... Ásnum hallar niður frá hólnum ... „og frá honum“ er mjög gott útsýni yfir Blikastaðaland og til vesturs og norðvesturs“. Ekki eru sýnileg nein mannvirki á eða við Sauðhól en að sögn Helgu Magnúsdóttur var hann talinn bústaður huldufólks (Ágúst Ó. Georgsson). Fannst börnunum á Blikastöðum stundum vera ljós í honum á kvöldin en á daginn var gott að komast á bak hestum af þúfum sem við hann voru (Magnús Guðmundsson, bls. 4).

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.*

Blikastaðir 123618-269-17 Túngarður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Vestan við Hrossaskjólsás (nr. 16) og neðan Þúfnabanaflatar (nr. 15) er holt sem nefnist Efriás og þar er túngarður. Neðar er annar klettaás sem heitir Neðriás (Magnús Guð-

mundsson, bls. 7). Efriás er lítt eða ekki gróinn. N.t.t. liggur hann um 450 m NA bæjarhúsanna á Blikastöðum, í 25-30 m hæð yfir sjávarmáli (Ágúst Ó. Georgsson).

Túngarðurinn liggur í NA-SV eftir endilöngum Efriás, um 350 m langur. Hann er hlaðinn úr grjóti, um 1 m á breidd og 1-1,3 m á hæð þar sem hann er hæstur. Sums staðar, einkum vestast, er hann hruninn. Það er þó hvorki mjög víða né á löngum köflum. Sú hlið hans sem veit frá túnum er mjög heilleg og er veggurinn þar því sem næst lóðréttur. Svolítið hefur verið gert við þessa hlið garðsins og hann hlaðinn hærra upp. Túnmegin er garðurinn allur lægri og hleðslan ekki lóðrétt heldur halli á henni frá ytri brún niður í túnrótina. Garðurinn er því víða bungumyndaður að innanverðu (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Að sögn Helgu Magnúsdóttur lét faðir hennar gera garðinn á árabílinu 1912-1914. Hleðslumeistarinn sem annaðist verkið var kallaður Guðmundur búi, ættaður austan úr sveitum. Helga vissi ekki nánari deili á honum nema að hann var lausamaður sem fékkst við öll venjuleg sveitastörf og það var því ekki aðalátvinna hans að hlaða garða. Sigsteinn Pálsson, maður Helgu, lét síðan dytta að garðinum fyrir allmörgum árum en það er að hans sögn eina skiptið sem viðgerð hefur farið fram (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.


Blikastaðir - 123618-269-18 Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 27 464077,2 V: 7115654,1

Staðhættir og lýsing

Í N-verðum Efriás, í sléttri grasi vaxinni geil milli tveggja klettabelta, er stekkur. Geilin hefur stefnuna A-V með halla í vestur. Rétt neðan nyrðra hamarsins er gamli vegurinn til Reykjavíkur, nú reiðvegur. Þetta er nánar tiltekið um 500 m í NV frá Blikastöðum (Ágúst Ó. Georgsson).



Stekkurinn, segir skrásetjari í lýsingu sinni 1980, er þarna „vegna mjög hagstæðra skilyrða frá náttúrunnar hendi“. Klettabásinn myndar uppistöðu hans en grjóti hefur verið hlaðið fyrir báða enda hans og auk þess ofan á jaðra klettana. Í austanverðri geilinni, við nyrðri klettaranann, er annar 12 m langur klettarni og mynda þessir klettur stekkin saman. Hæstir eru þeir innst og austast, að norðanverðu allt upp í 2 m, en fara hallandi þegar utar dregur, vestast, og eru nokkuð lægri að sunnanverðu. Þar sem klettarnir eru misháir er fyllt upp í með grjóti og hlaðið ofan á horn klettanna eftir því sem þurft hefur. Af náttúrulegum ástæðum er það mest að vestanverðu. Inn af austurenda stekkjarsins virðist hafa verið eins konar kró. Þar má sjá nokkra steina liggja í boga þannig að óljóst mótar fyrir hleðslu. Stekkjarhliðið snýr í vestur og má framan við það sjá leifar af garði sem liggur í þá átt. Líklega hefur grjót verið tekið úr honum þegar túngarðurinn (nr. 17) á Efriási var byggður (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar
Fráfærur lögðust af á Blikastöðum 1918 en Helga Magnúsdóttir kvaðst muna eftir þessum stekki í notkun (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta**Heimildaskrá**

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-19 Garður**Tegund: Garðlag 465****Staðhættir og lýsing**

Framan við inngang stekkjarsins (sbr. nr. 18) má sjá leifar af garði sem liggur í vestur. Líklega hefur grjóti verið tekið úr honum þegar túngarðurinn (nr. 17) á Efriás var byggður (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta**Heimildaskrá**

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-20 Skotbyrgi**Tegund: Stríðsminjar 465****Staðhættir og lýsing**

Fyrir neðan Neðriás er lítið nes fram í sjóinn sem heitir Gerði. Björn Bjarnason í Grafarholti nefnir það í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1914 Blikastaðagerði og það hefur einnig verið nefnt Blikastaðanes. Fram við sjávarbakkann á norðvesturhorni Gerðis, á mel nokkrum hálfgrónum með villigróðri, eru stríðsminjar sem skrásettar voru 1980 (Guðmundur Ólafsson).

Um er að ræða stóra holu, 1,5-2 m djúp, 6 m breið og 12 m löng. Stefna hennar er A-V. Skrásetjari taldi þetta leifar af skotbyrgi eða varðskýli Breta frá stríðsárunum (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta**Heimildaskrá**

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-21 Garður**Tegund: Garðlag 465****Staðhættir og lýsing**

Vestast og neðst á Gerði er svo kölluð Gerðistá eða Blikastaðatá og í grasi vöxnum haga yst á sjávarbakka hennar eru garðlög og fornar rústir (sbr. nr. 22-26) frá verslunarsað eða útræði. Þetta er vestan girðingar (Magnús Guðmundsson, bls. 7-8; Guðmundur Ólafsson).

Parna er grjótgarður um 1 m á breidd og

0,3-0,5 m á hæð. Hann hefur þrjár hliðar: langhlið, um 22 m á lengd, og skammhliðar, sú syðri um 8 m og sú nyrðri um 10 m. Á henni er inngangur. Skammhliðarnar ná fram á sjávarbakkann og hefur sjórinn brotið af þeim endana. Innan garðsins mótar óljóst fyrir grjóthleðslum (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Staðurinn var friðlýstur með undirskrift Þjóðminjavarðar 8. nóv. og þinglýsingu 20. nóv. 1978 og friðlýsingarmerki sett upp sama ár (Kristján Eldjárn, bls. 25-35; Skrá um friðlýstar fornleifar). Friðlýsingin nær yfir rústirnar í nr. 21-26 en e.t.v. leynast fleiri minjar á þessu svæði (Guðmundur Ólafsson). Helga Magnúsdóttir og Sigsteinn Pálsson töldu fornminjarnar ekki hafa laskast mikið frá því þau komu að Blikastaðum (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Hættumat: Lítil hætta**Hættuorsök: Landbrot****Heimildaskrá**

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Kristján Eldjárn. „Leiruvogur og Þemeyjarsund“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1980*, bls. 25-35.

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastaðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst G. Ólafsson tók saman, 1990.


Blikastaðir 123618-269-22 Óþekkt**Tegund: Hleðsla 465****Staðhættir og lýsing**

Fremst á sjávarbakkanum rétt norðan við grjótgarðinn er rúst (sbr. nr. 21) (Guðmundur Ólafsson).

Rústin er 2 x 6 m að innanmáli og hefur stefnuna NV-SA. Veggir hafa verið hlaðnir úr torfi og grjóti, um 1 m á breidd. Inngangur virðist hafa verið á suðurlanghlið, nálægt vesturgafli, en þar hefur sjórinn brotið af suðvesturhorninu (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Staðurinn var friðlýstur með undirskrift Þjóðminjavarðar 8. nóv. og þinglýsingu 20. nóv. 1978 og friðlýsingarmerki sett upp sama ár (Kristján Eldjárn, bls. 25-35). Friðlýsingin nær yfir rústirnar í nr. 21-26 en e.t.v. leynast fleiri minjar á þessu svæði



(Guðmundur Ólafsson). Helga Magnúsdóttir og Sigsteinn Pálsson töldu fornminjarnar ekki hafa laskast mikið frá því þau komu að Blikastöðum (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Kristján Eldjárn. „Leiruvogur og Þerneyjarsund“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1980*, bls. 25-35.

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-23 Óþekkt

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Utan við langhlið grjótgarðsins (nr. 21), sunnan og vestan megin, er grasi vaxin þúst (Guðmundur Ólafsson).

Í þústinni virðist á stöku stað glitta í grjót-hleðslur sem liggja að grjótgarðinum. Á mótunum öðrum megin sýnist vera hola sem fyllt hefur verið af grjóti (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Staðurinn var friðlýstur með undirskrift þjóðminjavarðar 8. nóv. og þinglýsingu 20. nóv. 1978 og friðlýsingarmerki sett upp sama ár (Kristján Eldjárn, bls. 25-35). Friðlýsingin nær yfir rústirnar í nr. 21-26 en e.t.v. leynast fleiri minjar á þessu svæði (Guðmundur Ólafsson). Helga Magnúsdóttir og Sigsteinn Pálsson töldu fornminjarnar ekki hafa laskast mikið frá því þau komu að Blikastöðum (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Kristján Eldjárn. „Leiruvogur og Þerneyjarsund“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1980*, bls. 25-35.

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-24 Garður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Þetta er mjög ógreinilegt en þó virðist mega sjá grjóthleðslu niðri við sjávarbakkann þar sem brotið er (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Staðurinn var friðlýstur með undirskrift þjóðminjavarðar 8. nóv. og þinglýsingu 20. nóv. 1978 og friðlýsingarmerki sett upp sama ár (Kristján Eldjárn, bls. 25-35; Skrá um friðlýstar fornleifar). Friðlýsingin nær yfir rústirnar í nr. 21-26 en e.t.v. leynast fleiri minjar á þessu svæði (Guðmundur Ólafsson). Helga Magnúsdóttir og Sigsteinn Pálsson töldu fornminjarnar ekki hafa laskast mikið frá því þau komu að Blikastöðum (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Kristján Eldjárn. „Leiruvogur og Þerneyjarsund“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1980*, bls. 25-35.

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst G. Ólafsson tók saman, 1990.

Blikastaðir 123618-269-25 Garður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Um 22 m norðan rústar nr. 21 eru garðlög og fleiri rústir, að mestu leyti austan og innan girðingar. Garðarnir ná út í sjávarbakkann (Guðmundur Ólafsson).

Þarna er grjótgarður, 1-1,5 m á breidd og um 0,2 m hár. Hann er hlaðinn á þrjár hliðar en sjávarbakkinn myndar þá fjórðu. Langhliðin er um 16 m, um 15 m frá sjávarbakkanum. Garðurinn er bogadreginn á hornum og skammhliðarnar dragast inn í átt til sjávar, þannig að yst við bakkann er aðeins um 12 m bil á milli þeirra. Sjórinn hefur brotið af endunum. Innan garðsins er torfveggur á grjótundirstöðum, hlaðinn í vinkil í norðausturhornið, 1 m á breidd og um 0,2-0,3 m á hæð. Í framhaldi af honum eru óljósar hleðslur sem virðast mynda annan ferning innan garðsins. Norðvestan megin innan garðsins eru dreifðir steinar sem gætu verið leifar af hleðslum og dreifðir steinar sem eru utan garðsins suðaustan megin eru ef til vill leifar af undirstöðum. Norðan megin við grjótgarðinn eru fleiri rústir sem hugsanlega hafa tengst honum (sbr. nr. 25) (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Staðurinn var friðlýstur með undirskrift þjóðminjavarðar 8. nóv. og þinglýsingu 20. nóv. 1978 og friðlýsingarmerki sett upp sama ár (Kristján Eldjárn, bls. 25-35; Skrá um friðlýstar fornleifar). Friðlýsingin nær yfir rústirnar í nr. 21-26 en e.t.v. leynast fleiri minjar á þessu svæði (Guðmundur Ólafsson). Helga Magnúsdóttir og Sigsteinn Pálsson töldu fornminjarnar ekki hafa laskast mikið frá því þau komu að Blikastöðum (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.


Kristján Eldjárn. „Leiruvogur og Þerneyjarsund“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1980, bls. 25-35.

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst G. Ólafsson tók saman, 1990.

Blikastaðir 123618-269-26 Óþekkt

Tegund: Hleðsla 465



Staðhættir og lýsing

Á sjávarbakkanum norðan megin við grjótgarðinn (nr. 25) eru rústir (Guðmundur Ólafsson).

Þetta eru ógreinilegar rústir mannvirkis sem virðist hafa skipst í tvö samsíða hólfi. Best varðveittur er norðurgaflinn, hlaðinn úr torfi og grjóti. Vegna skemmda er ekki unnt að sjá hve langt suður í átt að garðinum rústin hefur náð en óljósar grjóthleðslur rétt utan við norðurvegg hans gætu bent til að þær hafi náð alla leið (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Staðurinn var friðlýstur með undirskrift þjóðminjavarðar 8. nóv. og þinglýsingu 20. nóv. 1978 og friðlýsingarmerki sett upp sama ár (Kristján Eldjárn, bls. 25-35; Skrá um friðlýstar fornleifar). Friðlýsingin nær yfir rústirnar í nr. 21-26 en e.t.v. leynast fleiri minjar á þessu svæði (Guðmundur Ólafsson). Helga Magnúsdóttir og Sigsteinn Pálsson töldu fornminjarnar ekki hafa laskast mikið frá því þau komu að Blikastöðum (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Hættumat: Lítil hætta**Heimildaskrá**

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells- sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Kristján Eldjárn. „Leiruvogur og Þerneyjarsund“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1980*, bls. 25-35.

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blika- stöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst G. Ólafsson tók saman, 1990.

Blikastaðir 123618-269-27 Uppsátur**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Í Jarðabók Árna og Páls er í sambandi við fiskveiði á Blikastöðum talað um „...skips- uppsátur við sjó og heimræði á haust þá fiskur gekk inn á sund“ (bls. 309). Við fornleifaskráningu árið 1980 var skoðaður staður sunnan megin á Gerði þar sem gæti hafa verið lendingarstaður eða bátavör og uppsátur, þ.e. niður af Gerðismelnum syðst og neðst við sjóinn (Guðmundur Ólafsson). Að sögn Helgu Magnúsdóttur var bátalægi á þessum slóðum eða rétt ofan svæðisins sem nú er friðlýst (sbr. nr. 21-26).

Skrásetjari segir: „Þetta er dálítil náttúru- leg skora sem gengur um 15 m inn í bakk- ann... ..um 15 m breið...“ og er að sjá sem hún „...hafi verið eitthvað betrumbætt af mannahöndum“. Vel má vera að fleiri slíkir staðir séu á þessum slóðum (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Skv. Helgu var m.a. lent með hey í bátalæg- inu og þar stundaðar grásleppuveiðar til 1930 en vitað er að Ásgeir Bjarnþórsson frá Knarrarnesi á Mýrum gerði út á grásleppu frá Gerði á fyrstu áratugum 20. aldar (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Bátalægið var notað til 1930 og þá m.a. vegna grásleppuveiða (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta**Heimildaskrá**

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells- sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Jarðabók Árna Magnússon og Páls Vídalín. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blika- stöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-28 Garður**Tegund: Garðlag 465****Staðhættir og lýsing**

Sunnan megin á Gerði, um 100 m austan við bátalægið (nr. 27), undir lágum aflíð- andi mel, er grasi vaxinn geiri niðri við sjó og þar í eru garðlög. Nánar tiltekið er þetta um 200 m vestur af Króarvaði (nr. 30) (Guðmundur Ólafsson).

Þarna hefur verið garður, hlaðinn úr torfi og grjóti, en hann er nú að mestu leyti horfinn. Greinilegastur er vesturveggurinn sem liggur frá sjónum til NNA, um 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð, en hverfur við girð- ingu um 15 m frá sjó. Garðurinn verður þó aftur sýnilegur 12 m norðan hennar, beygir þá og liggur til austurs á um 40 m löngum kafla þar sem aðeins sjást grjóthleðslurnar í undirstöðunni. Loks beygir hann aftur suður niður að sjó. Þarna megin eru leifar hans sýnilegar á stöku stað en þó lítið eftir. Svæðið innan garðsins er mun grösugra en svæðið utan hans (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Að sögn Guðmundar Þorlákssonar í Selja- brekku voru hlaðnir einhverjir veggir í tengslum við veiði í Blikastaðakró (nr. 29). Hann taldi þó ekki um miklar hleðslur að ræða enda staðurinn vel gerður af náttúr- unnar hendi (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Lítil hætta**Heimildaskrá**

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells- sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-29 Laxveiði**Sérheiti: Blikastaðakró****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Austan við garðlögin (sbr. nr. 28) er svo kölluð Blikastaðakró, við mynni árinna sem rennur milli Blikastaða og Korpúlfs- staða og nefnd er Korpúlfsstaðaá, Korpa eða Úlfarsá. Nokkru ofar er Króarfoss eða Sjávarfoss og Króarvað. Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Laxveiði þriðja hvörn dag í Korpúlfsstaðaá. ...Skipsuppsátur við sjó og heimræði á haust þá fiskur gekk inn á sund“ (bls. 309) en samkvæmt séra Stefáni Þorvaldssyni var laxveiði í ánni einkum í Blikastaðakró.

Séra Stefán lýsir Blikastaðakró svona: „... fjörubás einn lítill með standklettum á þrjá vegu og með garði fyrir framan með hliði á, sem sjór fellur út og inn um með útfalli og aðfalli, en með flóðinu er net dregið fyrir hliðið á garðinum, svo það byrgist inni, sem inn er komið” (bls. 233, 237).

Pegar svæðið var kannað sumarið 2001 fannst króin ekki.

Aðrar upplýsingar

Skv. Guðmundi Þorlákssyni voru hlaðnir garðar (sbr. nr. 28) í tengslum við veiðina í Blikastaðakró en þó ekki miklir þar eð staðurinn er vel lagaður til veiða af náttúrunnar hendi (Guðmundur Ólafsson).

Blikastaðir eiga 14% í Korpúlfsstaðaá (Magnús Sigsteinsson 1991).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Jarðabók Árna Magnússon og Páls Vídalín. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Magnús Sigsteinsson: 1991, viðtal 4.8.1991.

Stefán Þorvaldsson: „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna”. *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar. Landnám Ingólfs III, Rvk. 1937-1939*.

Blikastaðir 123618-269-30 Vað

Sérheiti: Króarvað

Tegund: Vegur 465

Staðhættir og lýsing

Á Korpúlfsstaðaá milli Blikastaða og Korpúlfsstaða eru a.m.k. fjögur vöð. Næst ármynninu ofan við kletta og Króarfoss eða Sjávarfoss er Króarvað (Magnús Guðmundsson, bls. 7).

Hættumat: Lítil hætta

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastaðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991.

Blikastaðir 123618-269-31 Óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Neðan við hól milli Efriáss og Hrossaskjóláss, í skjóli milli ásanna tveggja.

Kringlótt, óljós möguleg tóft/veggjahleðsla, 17-18 m í þvermál að innanmáli. Veggir 1-2 m að breidd.

Hættumat: Lítil hætta

Blikastaðir 123618-269-32 Vað

Sérheiti: Blikastaðavað

Tegund: Vegur 465

Staðhættir og lýsing

Nokkru fyrir ofan Veiðifoss, á götunni frá Blikastaðum að Korpúlfsstöðum, er annað vað í Korpúlfsstaðaá, Blikastaðavað, og enn ofar Ferðamannaá (Magnús Guðmundsson, bls. 7). Vaðið er rétt neðan við göngubrú yfir Korpúlfsstaðaá og er enn notað af hestamönnum.

Hættumat: Lítil hætta

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastaðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-33 Vað

Sérheiti: Ferðamannaá

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Nokkru fyrir ofan Blikastaðavað, neðan við Efriás þar sem þjóðleiðin lá áður, var nefnt Ferðamannaá (Magnús Guðmundsson, bls. 7).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastaðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-34 Vað

Sérheiti: Stekkjarvað

Tegund: Vegur 465

Staðhættir og lýsing

Nokkru frá Merkjafossi, við bugðu á ánni á móts við Korpúlfsstaðabæinn, er Stekkjarvað. Þetta er á merkjum milli Korpúlfsstaða, Blikastaða og Hamrahlíðar. Skammt norðaustur frá því eru Stekkjarhólar (Magnús Guðmundsson, bls. 7).

Vaðið er á grynningum eða flötum klöppum yfir ána þar sem reiðgatan liggur úr austri í vestur, hlykkjast úr landi Blikastaða í átt að Korpúlfsstöðum (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastaðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-35 Fjós**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

„Býlið Hamrahlíð var við rætur samnefndra hlíða og mun hafa staðið fyrir neðan veginn á mótis við hlið á girðingu Skógræktarfélag Mosfellssveitar. Rústir þessa býlis sjást enn. Fjós og útihús stóðu neðar“ (Magnús Guðmundsson, bls. 2-3).

Heimildaskrá


Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991.

Blikastaðir 123618-269-36 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

„Býlið Hamrahlíð var við rætur samnefndra hlíða og mun hafa staðið fyrir neðan veginn á mótis við hlið á girðingu Skógræktarfélag Mosfellssveitar. Rústir þessa býlis sjást enn. Fjós og útihús stóðu neðar“ (Magnús Guðmundsson, bls. 2-3).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Blikastaðir 123618-269-37 Fjárhús**Tegund: Tóft 465****Staðsetning: N: 27 464087,1 V: 7114616,9****Staðhættir og lýsing**

Um 200 m norður frá vegamótum Vesturlandsvegur og afleggjarans að Blikastöðum

og um 650 m SV frá bænum er þýfður mói, e.t.v. gamalt tún. Þar á jafnsléttu stendur rúst af útihúsi og hallar aðeins niður frá henni til norðurs (Guðmundur Ólafsson).

Rústin er um 8 m á lengd og 5 m á breidd, veggir um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð, nema suðurgafli sem rís allt upp í 0,8 m hæð. Inngangar eru á norðurgafli og í suðausturenda austurlangveggjar. Lítil hleðsla nálægt miðju, um 0,4 m á breidd og hæð, skiptir rústinni í tvennt. Hún nær þó ekki alveg þvert yfir rústina heldur endar um 0,5 m frá austurvegg. Innan í norðvesturhorni sjást fjórir steinar úr hleðslu. Við utanverðan suðurgafli og upp að honum mótur fyrir lítilli hringlaga hleðslu, um 0,3 m á breidd og hæð, hugsanlega leifar af heygarði ef ekki hrun úr gaflinum. Sigsteinn Pálsson taldi rústina vera af lambakofa eða fjárhúsi og heygarði (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Sennilega er rústin ekki eldri en frá aldamótunum 1900 og trúlega eitthvað yngri.

Hættumat: Lítil hætta**Heimildaskrá**

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-38 Túngarður**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Á Túnakorti frá 1916 má sjá túngarð SA og S megin Hamrahlíðartúnsins.

Garðurinn liggur SV frá heimreiðinni og kringum túnið áleiðis í vestur. Skv. kortinu er hann hlaðinn úr grjóti og torfi eða öðru hvoru.

Heimildaskrá

Túnakort Hamrahlíðar í Mosfellssveit frá 1916.

Blikastaðir 123618-269-39 Heimreið**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Heimreiðin að Hamrahlíð liggur á Túnakortinu frá 1916 úr SA frá Þjóðveginum, svolítið inn á tún, og endar við timburhús (nr. 40). Hún er sýnd sem hlaðinn og malarborinn vegur.


Heimildaskrá

Túnakort Hamrahlíðar í Mosfellssveit frá 1916.

Blikastaðir 123618-269-40 Hjáleiga

Sérheiti: Hamrahlíð

Tegund: Bæjarstaði 465



Staðhættir og lýsing

Býlið Hamrahlíð var hjáleiga frá Blikastöðum og byggt um 1850. Um það segir séra Stefán Þorvaldsson árið 1855: „Afbýli eitt lítið, byggt fyrir 4-5 árum úr Korpúlfsstaðalandi, norðvestan undir Lágafellshömrum, skammt í suður frá Blikastöðum, er lítt byggilegt sökum landþrengsla og töðuleysis“ (bls. 235). Í Hamrahlíð er mikið fuglalíf (Magnús Guðmundsson, bls. 2-3). Býlið stóð „...efst í óræktaða landinu við afleggjarann að Blikastöðum...“ (Ari Gíslason, bls. 4) við rætur samnefnds fjalls sem í Árbók Ferðafélags Íslands 1936 er talið vesturbrún Úlfarsfells með Lágafellshömrum að norðan (Ólafur Lárusson, bls. 70). Hjáleigunnar er hvorki getið í Jarðatali J. Johnsens 1847 né Jarðabók 1704. Vitað er að hún var í byggð árið 1890 (Magnús Guðmundsson, bls. 3) en óvíst hvenær hún lagðist af. Hennar er ekki getið í Fasteignabók 1922. Rústir býlisins sjást enn og voru kannaðar við fornleifaskráningu árið 1980. Skv. skrásetjara eru þær í smáþýfðu afgirtu beitars-

landi, um 100 m í NV niður af Vesturlandsvegi, um 1 km SSV af bæjarhúsum Blikastaða. Framræsluskurður sem liggur frá NNA til SSV endar við rústirnar austanverðar. Landinu hallar svolítið til vesturs (Guðmundur Ólafsson).

Á Túnakorti, fyrir enda heimreiðarinnar (nr. 52), suðaustan megin í túninu, er timburhús, en skv. kortinu var búið í þeim á meirihluta býla.

Meðal rústanna er ferhyrnd grasi vaxin upphækkun sem stendur um 40-50 sm upp úr þýflendinu í kring, flöt að ofan, 14,5 x 16 m að ummáli. Veggir eru ekki sýnilegir en mannaverk eru á þessu og taldi skrásetjari hugsanlegt að þetta væri bæjarrúst (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Að sögn Sigsteins Pálssonar og Helgu Magnúsdóttur byggðu Þórarinn B. Þorláksson listmálari og norski athafnamaðurinn Emil Rakstad sér sumarbústaði á balanum skammt ofan við rústirnar, þ.e. neðan hitaveitustokksins. Stóðu þeir þarna samtímis en voru rifnir um 1924 (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

- Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Blikastaða*. Örnefnastofnun Íslands.
- Fasteignabók. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921.
- Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Rvk. 1882.
- J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með braudalýsingum, fólksölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.
- Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir. Örnefni á Blikastöðum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991 ópr.
- Ólafur Lárusson. „Innnesin“. *Árbók Ferðafélags Íslands*. 1936
- Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna 1855“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Félagið Ingólfur gaf út*. Reykjavík 1937-1939.
- Túnakort Hamrahlíðar í Mosfellssveit frá 1916.

Blikastaðir - 123618-269-41 Jarðhús

Tegund: Hola 465

Staðhættir og lýsing

Rétt vestan við ferhyrnda upphækkunina (sbr. nr. 40) er hola eða jarðfall (Guðmundur Ólafsson).

Holan er um 1,5 x 4,5 m að ummáli og 0,4 m að dýpt. Hugsanlega eru þetta leifar af jarðhúsi. Báðum megin holunnar, þ.e. að norðan og sunnan, eru kilplógför sem mynda dálitla bungu, um 20 sm háa og 40 sm breiða. Þetta hefur verið gert til að ræsa fram túnið (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-42 Tóft

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 má sjá nokkur mannvirki í túni Hamrahlíðar. Vestarlega í túninu, norðan við gamalt garðlag (nr. 48) er tóft.

SV við ferhyrndu upphækkunina (sbr. nr. 40) er rúst af húsi (Guðmundur Ólafsson). Rústin er aflöng, um 7,3 x 14,5 m að utanmáli, 4 x 12,2 m að innanmáli. Veggjaþykkt er um 1 m, hæð um 0,4-0,5 m. Inngangur er á suðvesturgafli en rústin hefur stefnuna NA-SV (Guðmundur Ólafsson). Samkvæmt kortinu er tóftin eftir rofið torfhús, aflangt.

Aðrar upplýsingar

Sigsteinn Pálsson sagði Emil Rakstad hafa reft yfir einhverja af hinum gömlu tóftum Hamrahlíðarbæjarins og notað hana sem fjós á sumrin. Sennilega hefur það verið þessi tóft (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Túnakort Hamrahlíðar í Mosfellssveit frá 1916.

Blikastaðir 123618-269-43 Garður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Austan við ferhyrndu rústina (sbr. nr. 42) er garður (Guðmundur Ólafsson). Þetta er breiður garður, hlaðinn í vinkel, um 11,7 x 13,7 að lengd og 5 m á breidd. Sennilega hefur honum eitthvað verið breytt (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-44 Garður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Sunnan við vinkilmynndaða garðinn (nr. 43) er ógreinilegt garðlag sem liggur austur í átt frá húsarústinni (nr. 42) (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-45 Garður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

NV og framan við húsarústina (nr. 42) er garður. Garðurinn liggur í vinkel, um 1 m í þvermál. Framhald hans vantar í NA (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-46 Óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

NV við garðinn (nr. 45) er ógreinileg rúst. Rústin er um 7 x 10 m að ummáli (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-47 Garður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Austan við ógreinilegu rústina (nr. 46) og NV við garðinn (nr. 45) virðist vera mjög ógreinilegt garðlag (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Blikastaðir 123618-269-48 Óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

SA við húsarústina í nr. 42 er ferhyrnd rúst (Guðmundur Ólafsson). Á Túnakorti

Hamrahlíðar frá 1916 má sjá gamalt garðlag, ferhyrningslaga, sem ekki hefur verið haldið við. Þetta virðist vera sama rúst. Hún er um 10,4 x 14,5 m að utanmáli og 2,4 x 11 m að innanmáli, veggjaþykkt misjöfn. Austurveggurinn er breiðastur og hæstur, um 2,5 m á þykkt og 0,5-0,6 m á hæð. Hinir veggirnir eru um 0,4 m á þykkt og 0,2 m á hæð. Troðningur liggur eftir rústinni endilangri (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Túnakort Hamrahlíðar í Mosfellssveit frá 1916.

Blikastaðir 123618-269-49 Óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

SV við rústasvæði Hamrahlíðarbæjarins á skurðarbakka í þýfðu túni.

Lítill tóft ca 4 x 7 m að utanmáli. 30-40 cm háir veggir. Liggur í NV-SA, inngangur annaðhvort í NV gafli eða SV langhlið.

Hættumat: Engin hætta

Blikastaðir 123618-269-50 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í túnjaðrinum norðaustan við aflöngu tóftina (nr. 49) er lítið hús.

Af Túnakorti að dæma hefur þetta hús verið úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti.

Heimildaskrá


Túnakort Hamrahlíðar í Mosfellssveit frá 1916.

Elliðakot (Helliskot)

123632-256

Saga

Kotsins er fyrst getið árið 1395 í skrá um kvikfé og leigumála á jörðum Viðeyjar-klausturs. Þá er jörðin í eyði og kallast „Hellar“ (Dipl. Isl. III, bls. 598). Í heimild frá 1704 er svo talað um „Hellirs Kot“ og virðist líklegt að um sömu jörð sé að ræða (sbr. Ólaf Lárusson 1944). Hún er þá í eigu konungs með tvo ábúendur sem búa hvor á sínum helmingi hennar (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 288-9). Árið 1847 er jörðin hins vegar orðin bændaeygn og býr eigandinn þar einn (J. Johnsen, bls. 96). Nafnið Elliðakot var tekið upp um 1883. Að sögn Karls Nordahls (f. 1898) hafði jörðin verið í eyði þegar afi hans byggði þar timburhús til íbúðar árið 1887. Samkvæmt fasteignabókum hefur kotið lagst í eyði aftur á árunum 1938-1957 (Fasteignabók) en í heimild frá 1978 kemur fram að húsið hafi brunnið árið 1949 (Guðlaugur R. Guðmundsson, bls. 1) Samkvæmt Eyðijarðaskrá 1963 er jörðin þá í eigu dánarbús Gunnars Sigurðs-



sonar í Gunnarshólma en þar eru engin nothæf hús og hæpið talið að leggja í kostnað til búsetu (Skýrsla um eyðijarðir 1963). Gamli húsgrunnurinn stóð þó enn þá 1978 (Guðlaugur R. Guðmundsson).

Náttúrufar og jarðabætur

Í eyðijarðaskránni frá 1963 segir nánar tiltekið að á jörðinni séu hvorki íbúðarhús né peningshús, ekkert hesthús, en fjárhús og heygeymsla „...gömul, mjög léleg, ónot-hæf.“ Önnur útihús eru ekki á jörðinni. Þar er gamalt tún, 2-3 ha., og nýrækt, ræktuð og nytjuð frá Gunnarshólma en ræktunarskil-yrði léleg, „...flatlendar mýrar, óhentugar til nýræktar“. Um beitiland segir að sumar-beit sé góð í Mosfellsheiði og einnig vetrar-beit þegar snjólétt er og er þess getið að jörðin hafi síðustu árin verið notuð til slæгна og beitar frá Gunnarshólma. Sam-gönguastaða: „Léleg heimreið frá Suður-landsbraut“ (Skýrsla um eyðijarðir 1963)

Í Landamerkjabók Elliðakots frá 1890 segir að mörk jarðarinnar að sunnanverðu séu „...frá Vífilfelli niður Sandskeiðið niður fyrir Vatnasæluhús (1) og svo eptir árfarinu fyrir súnnan Neðrivötn (2) niður að þúfu sem stendur á Holtstanga fyrir neðan Neðri-vötn, þaðan eins og ræður syðsta kvíslin af Fossvallaánni niður hjá Lækjarbotni fyrir sunnan Tröllbörn hjá Lækjarmóti niður hjá Hraúnsnefi og þaðan eptir sömú kvísl þar til hún fellur [í] Elliðaána við svokallað Heiðartagl.“ Að V- og N-verðu ræður síðan „Elliðaáin... ..til austurs þar til Gudduós fellur í hana, og svo ósinn sem hann nær uppí Selvatn, og svo Selvatnið, sem það nær lengst til austurs þar sem Sellækurinn fellur í það, þaðan beina stefnú til suðausturs yfir heiðina (3) í Lyklafell sem það er hæðst (5), og svo eptir árfarinu frá Lykla-felli (4) til austurs uppað stefnú beint frá Borgarhólum í Vífilfell sem er takmörk Árnassýslu“.

1. „...niður fyrir Vatnakofann“ í Örnefnalýsingu Elliðakots og Vilborgarkots (Landamerkjabók).
2. „...fyrir sunnan Neðri-Fóelluvötn“ í Örnefnalýsingu (Guðlaugur R. Guðmundsson).

3. „...beint yfir Elliðakotsheiði“ í Örnefnalýsingu (Guðlaugur R. Guðmundsson).
4. „...eftir árfarinu, sem heitir Lyklafellsá“ í Örnefnalýsingu (Guðlaugur R. Guðmundsson).
5. Skv. Landamerkjaskrá jarðarinnar Miðdals, vestan Elliðakots, liggja merkin í vörðu „...á há Lyklafelli...“ (sbr. Miðdal nr. 79) (Landamerkjabók).

Heimildir

Dipl. Isl. III: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Fasteignabók I. Mat fasteigna í sýslum samkv. lögum nr. 33 frá 1955. Öðlast gildi 1. maí 1957. Reykjavík 1956-1957.

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Elliðakots og Vilborgarkots*. Örnefnastofnun Íslands 1978.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingu, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Ólafur Lárusson. „Nokkur byggðanöfn“. *Byggð og saga*. Reykjavík 1944.

Skýrsla um eyðijarðir skv. fyrir mælum 53. gr. laga nr. 75 frá 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. – Ópr. 31.12.1963.

Fornleifaskrá - Elliðakot (Helliskot)

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-1

Bústaður

Sérheiti: Elliðakot

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti Elliðakots frá 1916 eru útlínur bæjarrústa merktar inn á mitt túnið. Skrásetjari sem skoðaði gamla bæjarhólinn árið 1982 sagði hann vera um 130 m NNA vegarins (Bjarni F. Einarsson). Í Örnefnalýsingu 1978 segir að bærinn hafi staðið undir Dyngju, norðan Lækjarbotna, í hvilft eða lægð sem heitir Náthagi. Þar virðist að vísu vera átt við yngri bæinn sem var úr timbri og ekki er ljóst hvort hann hafi verið

byggður á sama stað og gamli torfbærinn (Guðlaugur R. Guðmundsson).

Tóftir í hólnum voru skráðar árið 1982. Þær voru þá mjög ógreinilegar en skrásetjara virtist þær vera af húsum, görðum og jafnvel vegi. Þarna voru a.m.k. tóftir tveggja mannvirkja en að öðru leyti var erfitt að greina minjarnar eða sjá á þeim nokkra heildarmynd (Bjarni F. Einarsson). Af Túna-kortinu má ráða að bærinn hafi verið byggður úr torfi og grjóti.

Aðrar upplýsingar

Að sögn Karls Nordahls (f. 1898) var Elliðakot í eyði þegar afi hans byggði þar íbúðarhús úr timbri árið 1887 og hefur því verið hætt að nota gamla torfbæinn fyrir þann tíma.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing kots og Vilborgarkots*. Örnefnastofnun Íslands 1978.

Túnakort Elliðakots í Mosfellssveit frá 1916.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-2

Bústaður

Sérheiti: Elliðakot

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti Elliðakots frá 1916 eru útlínur bæjarrústa merktar inn á mitt túnið og samkvæmt skrásetjara 1982 er gamli bæjarhóllinn um 130 m NNA vegarins (Bjarni F. Einarsson). Í Örnefnalýsingu 1978 er sagt að bæjarrústin sé undir Dyngju, norðan Lækjarbotna, í hvilft eða lægð sem heitir Nátt-hagi. Vitað er að afi Karls Nordahls (f. 1898) reisti í Elliðakoti árið 1887 nýtt íbúðarhús sem stóð til ársins 1949, þegar krakkar sem þar gistu kveiktu í því. Þegar Guðlaugur R. Guðmundsson skoðaði jörðina ásamt Karli 1978 stóð grunnur þessa húss ennþá og virðist þá rúst samkvæmt Örnefnalýsingu-
unni (Guðlaugur R. Guðmundsson, bls. 1). Ekki er ljóst hvort nýja húsið hefur verið byggt á sama stað og gamli bærinn (sbr. nr. 1).

Skrásetjari minntist ekki á byggingarefni gömlu bæjarhúsanna en nýja húsið var úr timbri.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Elliðakots og Vilborgarkots*. Örnefnastofnun Íslands 1978.

Túnakort Elliðakots í Mosfellssveit frá 1916.

Elliðakot (Helliskot) - 123632-256-3

Garður

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um staðsetningu og staðhætti vísast til umfjöllunar um bústað eða bæjarhús í nr. 1. Skrásetjari taldi sig árið 1982 m.a. sjá leifar garða í bæjarhólum á Elliðakoti (sbr. nr. 1) (Bjarni F. Einarsson). Í Örnefnalýsingu 1978 er minnst á grjótgarð sem Skúli bóndi á Úlfarsfelli hlóð við kotið en þar er e.t.v. átt við yngra kotið. Þetta getur varla verið sami garður þar eð tóftir hins fyrrnefnda voru illgreinanlegar en hinn síðarnefndi enn uppistandandi (Guðlaugur R. Guðmundsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Elliðakots og Vilborgarkots*. Örnefnastofnun Íslands 1978.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-4

Túngarður

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Við brekkubrún í haga var skráður túngarður árið 1982 (Bjarni F. Einarsson). Skrásetjari hefur ekki tilgreint staðsetningu hans nánar. E.t.v. er hann N af veginum eins og tóftin (nr. 29) sem skráð var næst á undan í skráningarbókinni.

Garðurinn er um 500 m langur, 0,5-1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð, rofinn á köflum, að sögn skrásetjara sérlega við yngra Elliðakotið. Við norðurendann er framhald á garðinum úr torfi út í mýrina (Bjarni F. Einarsson). Þar eð garðurinn er sagður liggja fram hjá yngra kotinu má velta fyrir sér hvort þetta sé sami garður og Skúli bóndi hlóð við Elliðakot (nr. 3) og greint er frá í Örnefnalýsingu. Þar er hins vegar ekki tiltekið hvort átt sé við eldra eða yngra kotið,

auk þess sem afstaðan milli þeirra er ekki ljós. Hið síðara er þó sennilegra. Túngarðurinn sem hér er til umfjöllunar er líka sagður vera í brekkubrún og minnir það á garðinn í nr. 8 sem samkvæmt Túnakortinu lá meðfram túnjaðrinum við bratta brún.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Elliðakots og Vilborgarkots*. Örnefnastofnun Íslands 1978.

Túnakort Elliðakots í Mosfellssveit frá 1916.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-5

Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti 1916 má sjá nokkur hús ásamt kálgörðum í austurjaðri túnsins. Þessi hús voru skráð og teiknuð upp árið 1982, þá sögð vera í haga vestan undir ás eða Dyngju. Þegar húsgrunnarnir á kortinu eru bornir saman við húsgrunnana á teikningu skrásetjara er augljóst að um sömu hús er að ræða. Þau snúa þó ekki í sömu átt og hlýtur því að vera skekkja á annarri hvorri myndinni. Hér er farið eftir lýsingu skrásetjara nema annað sé tekið fram. Samkvæmt henni eru húsin um 270 m NA af Náthaga-

vatni en 25 m V af veginum (Bjarni F. Einarsson).

Innst við túnið, vestast samkvæmt Túnakortinu en nyrst samkvæmt teikningu skrásetjara, voru rústir þriggja samliggjandi húsa. Innsta húsið mældist 5 x 8 m að stærð og hafði samkvæmt lýsingunni stefnuna NNV-SSA og voru dyrnar norðan á því. Veggirnir voru um 1 - 1,5 m á breidd og 0,3 - 0,8 m á hæð. Meðfram austurveggnum inni í húsinu var steinhlaðin jata, 0,2 - 0,3 m breið og 0,4 m há. Miðhúsið var um 7 x 8 m að stærð og hafði stefnuna VSV-ANA með dyr á vesturgafli. Þykkt veggja var um 1 - 2 m en hæð þeirra um 0,2 - 1,6 m. Á miðju gólfi hússins var steinhleðsla með sömu stefnu og var á veggjunum, um 2 m á lengd og 1 m á breidd. Veggir beggja þessara húsa voru úr torfi og grjóti en töluvert hafði hrunið úr þeim á gólfm sem grafin voru inn í hlíðina. Þriðja og minnsta húsið var 3 x 3 m að stærð. Dyr voru vestan á því. Veggir voru um 1 m á breidd og 0,3-1,6 m á hæð. Húsið var úr sama byggingarefni og hin en hólfað að innan með timbri og enn með þaki úr timbri, bárujárni og torfi. Túnakortinu ber saman við þessa lýsingu að því leyti að það sýnir hús úr torfi og grjóti. Af því má auk þess ráða að þau hafi hugsanlega verið með hálfþili á stafni eða stöfnum. Skrásetjari taldi að minnsta kosti stærri húsin hafa verið höfð fyrir gripi (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Túnakort Elliðakots í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.


Elliðakot (Helliskot) 123632-256-6

Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um nánari staðsetningu og staðhætti vísast til gripahúsanna þriggja í nr. 5 en utar frá þeim eða sunnan þeirra samkvæmt skrásetjara voru önnur tvö gripahús. Gripahúsin voru samföst, með stefnuna NNV-SSA, 15 x 16 m að stærð. Á því vestara voru dyr norðan megin en að austan á hinu. Veggir voru úr torfi og grjóti. Skrásetjari talar



einnig um dyr milli húsanna en hefur ekki merkt þær inn á teikningu sína. Gólfíð var niðurgrafið og lágu steinar úr veggjunum á víð og dreif um það í vestara húsinu. Þá lágu þakleifar yfir suðurhornið og virtist sem þakið hefði fokið af í heilu lagi. Í eystra húsinu virtist vera steinhlaðin jata meðfram vesturveggnum, um 0,4 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Vestan megin þessara húsa var steypdur húsgrunnur með sömu stefnu, 6 x 15 m að stærð. Veggirnir voru enn uppistandandi í suðurendanum og mátti sjá upphækkaða steinhleðslu með norður- og suðurhliðum. Á Túnakorti frá 1916 er líka hús þarna og auk þess mun minna hús sem tengir það við hin tvö, sem sé alls fjögur samliggjandi hús. Samkvæmt kortinu mynda framstafnar þeirra allra beina línu og snúa í VNV, þ.e. NNV á teikningu skrásetjara. Öll eru úr grjóti og torfi en gaflar með standþili jafnt gólfi eða því nær á hliðum. Hið síðastnefnda gæti að minnsta kosti átt við vestara húsið af þeim tveimur sem eru samsíða á teikningu skrásetjara (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hættu

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Elliðakots í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-7

Renna

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt skrásetjara lá renna í vestur frá miðhúsi gripahúsanna þriggja sem eru innar í túnjaðrinum (nr. 5). Hún var í brekku og endaði í mýri. Rennan var 25 m á lengd og 3 m á breidd, niðurgrafin og beggja megin við hana veggir úr torfi og grjóti, 1 m á breidd og 0,1-0,6 m á hæð, syðri veggurinn heillegri (Bjarni F. Einarsson). Fyrir þessari rennu virðist markað með striki á Túnakorti frá 1916 og stefnir hún þar í NNV.

Hættumat: Engin hættu

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Elliðakots í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-8

Garður

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Skrásetjara ber saman við Túnakortið um að við gripahúsin (nr. 5 og 6) voru garðar. Var samkvæmt honum kartöflugarður nálægt rennunni sunnan megin. Hann lá í vestur út frá gripahúsunum með grjót-hlöðnum vegg vestan megin, þ.e. sunnan megin á kortinu, 1 m á breidd og 0,2 m á hæð, en torfhlöðnum vegg að sunnan, þ.e. austan megin á kortinu, um 1-1,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Austurmörk garðsins voru samkvæmt skrásetjara mjög ógreinileg en þeim megin voru hlaðnir úr grjóti garðar sem náðu milli gripahúsanna við rennuna (nr. 4) og hinna (nr. 5). Inni í garðinum voru 10 ógreinilegir hryggir, um 7 m langir, 1 m á breidd og 0,1 m á hæð. Á Túnakortinu eru þarna merktir inn þrír samfastir kálgarðar, tveir við rennuna og einn hinum megin þeirra, upp við húsið þar sem skrásetjari fann steyptan grunn. Samkvæmt kortinu eru veggirnir hlaðnir úr jarðefnum, grjóti eða torfi nema hluti veggjarins sem liggur meðfram langhlið hússins með steypa grunninn. Þar virðist hafa verið girðing úr jární eða tré (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hættu

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Elliðakots í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-9

Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Auk garðanna sem skrásettir voru 1982 (sbr. nr. 8) sést á Túnakorti frá 1916 kálgarður í túnjaðrinum rétt norðan við gripahúsin. Garðurinn hefur verið ferhyrningslaga með vegg hlaðna úr torfi og grjóti eða öðru hvoru á allar hliðar en auk þess gekk hlaðinn veggur út úr honum í vestur og lá langa leið meðfram túnjaðrinum. Samkvæmt kortinu var brött brún þarna megin túnsins og má bera það saman við lýsingu á túngarði við fornleifaskráningu árið 1982.

Að sögn skrásetjara er hann við brekkubrún (Bjarni F. Einarsson). Hér er þó of margt óljóst til að hægt sé að fullyrða að um sama garð sé að ræða og er umræddur túngarður skráður nr. 30.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Elliðakots í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-10

Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 22 m í VSV frá steypa húsgrunninum (nr. 5) var annar steypur grunnur, 5 x 7,5 m að stærð með stefnuna N-S (Bjarni F. Einarsson).


Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-11

Útihús



Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 20 m vestan við veginn, í hagabrekku vestur undir ás eða Dyngju fann skrásetjari enn eina hústóft 1982. Tóftin var af tveimur samföstum húsum og var hið vestara heldur stærra. Þau höfðu stefnuna NNV-SSA, bæði með dyr norðan megin en þær voru óljósari á minna húsinu. Veggir voru úr torfi og mældust um 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Gólfíð virtist svolítið niðurgrafið í minna húsinu. Við norðurhorn stærra hússins, framan við gafl þess minna, sáust óljós merki annarrar tóftar (Bjarni F. Einarsson).


Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-12

Jarðhús



Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Um 16 m NNV af tveggjahúsatóftinni undir Dyngju (sbr. nr. 11) var nánast hringlaga tóft, líkt og af jarðhúsi, 4 m í þvermál. Austan megin var það grafið inn í hlíðina en vestan megin voru torfveggir, um 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð og þar var jafnframt inngangurinn (Bjarni F. Einarsson).


Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-13

Fjánhús



Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 35 m SA vegar, í hagabrekku vestur undir ás eða Dyngju var fjánhús (Bjarni F. Einarsson).

Samkvæmt mælingum skrásetjara var tóftin 7 x 11 m að stærð. Veggir voru úr grjóti og torfi, 1,5 m á breidd og 0,3-1,6 m á hæð. Hún hafði stefnuna ANA-VSV, austurhlutinn var grafinn inn í hlíðina en hún var opin í vestur þar sem inngangurinn hefur verið. Að innan skiptist hún í tvennt með grjóthleðslu sem lá eftir miðjunni endilangri. Leifar þaks hengu yfir henni og hafði að hluta verið hróflað upp að nýju (Bjarni F. Einarsson).

Þess má geta til samanburðar að samkvæmt eyðingaraskrá frá 1963 var þá á jörðinni gamalt, mjög lélegt og ónothæft fjárhús en ekki er getið nánar um staðsetningu þess og því ekki víst að það sé þetta (Skýrsla um eyðingarðir, sbr. nr. 26).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. *Skýrsla um eyðingarðir* skv. fyrirmælum 53. gr. laga nr. 75 frá 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. – Ópr. 31.12.1963.

Ellidakot (Helliskot) 123632-256-14 Rétt

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Sunnan megin við fjárhúsið (nr. 13) var rétt (Bjarni F. Einarsson).

Réttin var 11 x 12 að stærð, veggirnir hlaðnir úr grjóti, um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hún hafði stefnuna ANA-VSV eins og fjárhúsið, var byggð utan í það norðan megin og grafinn inn í hlíðina að sunnan og vestan. Inngangurinn var upp við fjárhúsið að framanverðu (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Ellidakot (Helliskot) 123632-256-15


Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

40 m SV vegar og 180 m NNA af Náthaga vatni, SA megin á Nónás, undir litlum hamar, fann skrásetjari hústóft.

Tóftin var um 4,5 x 5 m með stefnuna ANA-VNV. Veggir voru úr grjóti og torfi, 1-1,5 m á breidd og 0,6 -0,8 m á hæð, vel



haldnir að innan. Inngangurinn hefur verið austan megin og er sá gafl alveg opin á teikningu skrásetjara (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Ellidakot (Helliskot) - 123632-256-16

Nátthagi

Sérheiti: Náthagi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir að Náthagi sé „engjastykki“ rétt norðan við Náthagavatn sem Náthagaá fellur í úr uppsprettum við Syðstubrekkur eða að það sé nafn hvílfarinnar allrar þar sem vatnið er sunnan megin og gamla bæjarstæðið norðan megin. Þetta er norðan Lækjarbotna.

Hvílft, lægð eða engjastykki. Flöt valllendisspilda, grasi gróinn blettur (Bjarni F. Einarsson). Að sögn Guðmundar Þorlákssonar, bónda í Seljabrekku (f. 1894) var nátthaginn að mestu hlaðinn úr hraungrýti (Þjóðháttarannsókn stúdenta) en þar sáust engar minjar þegar hann var skráður árið 1982.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Ellidakots og Vilborgarkots*. Örnefnastofnun Íslands 1978. Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Ellidakots*. Örnefnastofnun Íslands. Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Ellidökot (Helliskot) 123632-256-17**Mógröf****Sérheiti: Móholt****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

NV við Nátthagavatn er kröpp laut sem heitir Klauf en norðan við hana melholt sem heitir Móholt. Þar var mórinn þurrkaður en tekinn upp í mýri norðan undir holtinu (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Ellidökots*. Örnefnastofnun Íslands.

Ellidökot (Helliskot) 123632-256-18**Eyktarmark****Sérheiti: Nónholt****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

NA við Nátthagavatn er svo kallað Nónholt eða Nónás, í sömu eyktastefnu frá bæjarústinni (Guðlaugur R. Guðmundsson).

Heimildaskrá

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Ellidökots og Vilborgarkots*. Örnefnastofnun Íslands 1978.

Ellidökot (Helliskot) 123632-256-19**Eyktarmark****Sérheiti: Miðmundahóll****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Sunnan Nónholts og Nátthagavatns er Miðmundahóll. Hóllinn er ofan við Geirland en neðan þess er Miðmundamýri (Guðlaugur R. Guðmundsson).

Heimildaskrá

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Ellidökots og Vilborgarkots*. Örnefnastofnun Íslands 1978.

Ellidökot (Helliskot) 123632-256-21**Hjáleiga****Sérheiti: Vilborgarkot****Tegund: Tóft 465****Staðhættir og lýsing**

Um Vilborgarkot segir í Jarðabók frá 1704: „Forn eyðijörð, og hefur í eyði legið fram yfir allra þeirra manna minni, sem nú eru á lífi, og hefur land þessarar eyðijarðar brúkað verið til beitar eftir leyfi Bessastaðamanna bæði frá Hólmi, sem liggur í Gullbringusýslu, og líka frá Helliskoti, sem í

þessari sýslu liggur og er næsti bær við þessa eyðijörð. Líka hafa þar stundum ábúendur á Hólmi heyskap haft og torfskurð, en Hellirskots ábúendur hafa þar fyrir fáum árum eftir orlofi Bessastaðamanna uppbyggt fjárhús. Nú á næst umliðnum vetri kom til greina, hvort brúkun þessa eyðikots skyldi að meiri rjetti Hólms eður Hellirskots ábúendum tilheyra mega, og varð sú ending þess eftir elstu og bestu manna undirretting, þeirra er hjer í nálægð voru og til vissu, að Vilborgarkot heyri til þessari sveit en ekki Seltjarnarnesshrepp, og kynni því ekki Hólmi að fylgja so sem eignarland þeirrar jarðar... Jörðin meina menn upp aftur byggjast mætti, þó með erfiði og bágindum til töðuslæгна fyrst um nokkurn tíma...“. Eigandi á þessum tíma var konungur (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 287-8). Vilborgarkots er hvorki getið í Jarðatali J. Johnsens frá 1847, Nýrri Jarðabók fyrir Ísland frá 1861 né Fasteignabók 1922. Það hefur því verið byggt úr auðn einhvern tíma á árunum 1861-1900. Karl E. Nordahl kom í Vilborgarkot, barn að aldri, meðan það var enn í byggð og var baðstofan þá með skarsúð. Síðast bjó þar Pétur Ólafsson en kotið fór í eyði aftur 1905 og hann bjó síðan í Ellidökoti í 10 ár og flutti loks í Þormóðsdal (Guðlaugur R. Guðmundsson). Núna er Vilborgarkot í landareign Geitháls.

Við fornleifaskráningu árið 1981 fundust rústir frá kotinu á norðurbakka Hólmsár. Áin rennur í boga norður meðfram túni bæjarins Gunnarshólma og eru leirur þar sem hún breikkar nyrst og austast. Milli lágra stórgrýtishæða, norðaustan við ána, liggur lítill dalur niður að henni í vestur. Vestast í dalnum, á grösugu sléttlendi sunnan í hæðinni við nyrsta sveig árinna og um 300 m í norðaustur frá bænum, beint á móti honum, eru rústir Vilborgarkots (Guðmundur Ólafsson).

Bæjarrústin er L-laga, um 4,3 m á lengd, rýmið í styttri L-leggnum norðaustan megin 5-2,7 x 5,5 m að stærð en endi lengri L-leggjaraens við suðvesturgافل um 3,3 m á breidd. Stefna rústarinnar er SV-NA en þvert á suðvesturgafllinn er lítill viðbygging eða bæjardyr, um 2 x 3 m að stærð, inngangur á norð-

vesturgafli og þaðan gengið inn í aðalhúsið um millivegg. Húsið hefur að nokkru leyti verið grafið inn í hæðina að norðan og austan og er veggjahæð þeim megin 0,7-1 m. Að öðru leyti eru veggir hlaðnir úr grjóti, um 0,4 m á hæð (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegr framkvæmdir

Heimildaskrá

Fasteignabók. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921.

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Elliðakots og Vilborgarkots.* Örnefnastofnun Íslands 1978.

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982.* Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu.* Kaupmannahöfn 1847.

Ný Jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-22

Útihús, Garður

Sérheiti: Vilborgarkot

Tegund: Hleðsla 465; Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 10 m NV frá bæjartóftinni er kálgarður og mótur fyrir útihúsum við norðaustur-enda hans. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti, ein steinaröð uppistandandi en veggir hústóftanna eru ógreinilegir vegna jarðvegsrofs (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Í *Jarðabók* 1704 segir meðal annars um Vilborgarkot: „...hafa þar stundum ábúendur á Hólmi heyskap haft og torfskurð, en Hellirskots ábúendur hafa þar fyrir fáum árum eftir orlofi Bessastaðamanna uppbyggt fjárhús“ (*Jarðabók Árna og Páls*, bls. 279). Að sögn Karls E. Nordahl sást vel til kálgarða og hlöðu 1978 (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá


Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982.* Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Elliðakot (Helliskot)

123632-256-23

Tóftir



Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á hól í haga, um 165 m norður af veginum voru árið 1982 skráðar tóftir sjö mannvirkja (Guðmundur Ólafsson).

Fyrsta tóftin var 6 x 13 m á stærð, sporöskjulaga, með stefnuna NNA-SSV. Veggir voru úr torfi, um 1 m á breidd og 0,1 m á hæð en að öðru leyti var tóftin ógreinileg og gat skrásetjari ekki ákvarðað nánar af hverju hún var (Guðmundur Ólafsson).


Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982.* Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-24

Tóftir



Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á hól í haga, um 165 m norður af veginum voru árið 1982 skráðar tóftir sjö mannvirkja. Um 10 m suður af sporöskjulaga tóftinni (nr. 23) var önnur minni tóft með svipuðu lagi (Guðmundur Ólafsson).

Þessi tóft var 2,8 x 4 m á stærð, líka dálítið sporöskjulaga eða aflöng, með stefnuna VNV-ASA. Veggir voru úr torfi, 0,6 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð en að öðru leyti var tóftin ógreinileg og ekki unnt að tiltaka nánar af hverju hún var (Guðmundur Ólafsson).


Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Ellidökot (Helliskot) 123632-256-25

Tóftir



Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á hól í haga, um 165 m norður af veginum voru árið 1982 skráðar tóftir sjö mannvirkja. Um 5 m vestur af minni sporöskjulaga tóftinni (nr. 24) var tóft (Guðmundur Ólafsson).

Tóftin var 8 x 11 m á stærð, L-laga, með stefnuna NV-SA. Veggir voru úr torfi og grjóti, 1,0 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin skiptist í þrjú hólf, á teikningu skrásetjara A í suðausturendanum, B í horninu í miðjunni og C í norðvesturendanum. Á hólfi A eru dyr út í suðaustur og líklega í NV yfir í B. Á hólfi B eru dyr út í SV og í NV inn í hólfi C. Tóftinni hallaði í SSV vegna brekkunnar en gólf voru þó ekki grafin inn í hana (Guðmundur Ólafsson).


Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Ellidökot (Helliskot) 123632-256-26

Tóftir



Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á hól í haga, um 165 m norður af veginum voru árið 1982 skráðar tóftir sjö mannvirkja. 10 m í NNV af þríhólfa tóftinni (nr. 25) var tóft (Guðmundur Ólafsson).

Þessi tóft var 5 x 9,5 m á stærð, aflöng, með stefnuna NV-SA. Veggir voru úr torfi og grjóti, 1,5-2,0 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Hún skiptist í tvö hólf og voru dyr á báðum út í SV. Garðlög mátti sjá í millivegg og vesturvegg. Mikið grjót hafði hrunið inn í tóftina og voru holur við hana, önnur við norðvesturhornið, um 0,6 m djúp og 1,5 m í þvermál, hin við austurhliðina, um 0,4 m djúp og 3 m í þvermál (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Ellidökot (Helliskot) 123632-256-27

Fjánhús


Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á hól í haga, um 165 m norður af veginum, voru árið 1982 skráðar tóftir sjö mannvirkja. Um 14 m norður af tvíhólfa tóftinni (nr. 26) var fjánhús (Guðmundur Ólafsson).

Fjánhúsið var 5 x 10,5 m á stærð, aflöng, með stefnuna NV-SA. Veggir voru úr torfi og grjóti, 1,4 m á breidd og 0,4 - 0,6 m á hæð. Inngangur var á norðvesturgafli en suðvesturgafli hafði skaðast vegna ágangs dýra (Guðmundur Ólafsson).

Í Skýrsla um eyðijarðir 1963 kemur fram að gamalt fjánhús sé á jörðinni, lélegt og ónothæft. Það er þó ekki staðsett og því



ekki víst að það sé þetta (sbr. nr. 12). Í þessu samhengi má einnig nefna örnefni: Sauðhúsamýri sem Hrútslækur rennur úr í norðvestanvert Selvatn. Mýrin, lækurinn og vatnið eru samkvæmt Örnefnalýsingu norður af veginum eins og fjárhúsið og hinar tóftirnar. Liggur beint við að tengja þessar tóftir við sauðhúsin sem mýrin er kennd við, hrútinn sem lækurinn hefur hlotið nafn af og jafnvel selið sem vatnið dregur nafn af. Örnefnunum hefur því ekki verið gefið sérstakt skráningarnúmer (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta


Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Skýrsla um eyðingarðir skv. fyrirmælum 53. gr. laga nr. 75 frá 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. – Ópr. 31.12.1963.

Ellidakot (Helliskot) 123632-256-28

Tóftir



Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á hól í haga, um 165 m norður af veginum voru árið 1982 skráðar tóftir sjö mannvirkja. 18 m norður af fjárhúsinu (nr. 27) var tóft (Guðmundur Ólafsson).

Tóftin var 6,5 x 9 m á stærð, með stefnuna NNA-SSV. Veggir voru úr torfi, um 1-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Dyr voru á suðurgaflinum (Guðmundur Ólafsson).


Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Ellidakot (Helliskot) 123632-256-29

Tóftir



Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á hól í haga, um 165 m norður af veginum voru árið 1982 skráðar tóftir sjö mannvirkja. 2 m austur af einhólfa tóftinni (nr. 28) var önnur tóft (Guðmundur Ólafsson).


Tóftin er 4 x 10 m á stærð, aflöng, með stefnuna A-V. Veggir voru úr torfi, um 1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð, en ógreinilegir á köflum. Gólfið var niðurgrafið. Tóftin skiptist í þrjú hól. Inngangur var á suðausturgafli inn í hól A á teikningu skrásetjara, þaðan í miðhólfið B og úr því yfir í norðvestasta hólfið C (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-30
Tóftir



Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 270 m norður af vegi, við brekkubrún í haga var tóft. Tóftin er 4 x 9 m, aflöng, með stefnuna NA-SV. Veggir voru úr torfi, 0,4-0,6 m á hæð, gólfíð í jafnhæð með þeim. Við suðvesturenda sáust óljósar minjar (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Elliðakot (Helliskot) - 123632-256-31

Veiðar

Sérheiti: Veiðiklettur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Norðaustan Elliðakots er Selvatn en skammt vestan við mitt vatnið eru „...stórgrýtisklettur, sem Veiðiklettur heita“ (Tryggvi Einarsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Elliðakots*. Örnefnastofnun Íslands.

Elliðakot (Helliskot) 123632-256-32 Rétt

Sérheiti: Árnakróksrétt


Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Norður frá Elliðakoti er Selvatn en norður úr því rennur Sellækur. Austan Sellækjar-

upptaka er allstór kletthóll sem heitir Árnakrókshóll en austur af honum allstór vallendiskriki, Árnakrókur. Á klapparsvæði í flötum hvammi norðan hans er Árnakróksrétt. Þetta er í SA af austurenda Selvatns (Guðlaugur R. Guðmundsson).

Árnakróksrétt var að mestu uppistandandi þegar Örnefnalýsing var gerð 1978 og var lýst við skráningu árið 1982. Hún mældist 40 x 60 m á stærð, með stefnuna VNV-SAS. Veggir voru um 1-2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð, hlaðnir úr 0,2-0,5 m stóru grjóti. Í réttinni voru 15 hólf og inngangur inn í það stærsta (miðhólf). Að öðru leyti voru inngangar ekki sýnilegir, enda mikið hrúnið af veggjunum (Bjarni F. Einarsson).



Aðrar upplýsingar

Árnakróksrétt var skilarétt Mosfellinga en sótti þaðan fjölmenni úr Reykjavík og nágrenni enda annáluð fyrir brennivinsþamb og hæfileg slagsmál og var vakað alla réttanóttina. Um síðustu aldamót var réttin flutt að Hafravatni og er nú kennd við það (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Elliðakots og Vilborgarkots*. Örnefnastofnun Íslands 1978.

Helgadalur 123636-244

Saga

Í Helgadal hefur verið búið frá því á miðöldum en hans er fyrst getið 1395 í skrá um jarðir sem koma undir Viðeyjarklaustur í tíð Páls Magnússonar ábóta (1378-1403): „Helgadalvr xije“ (Dipl. Isl. III, bls. 598). Jörðin „Helgedall“ er svo orðin konungseign þegar minnst er á hana í Fógetareikningum árána 1547-1552 (Dipl. Isl. XII) og er enn 1704, þá með tvo ábúendur (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 319-20). Árið 1847 er hún hins vegar komin í bændaeign og býr á henni einn leiguliði (J. Johnsen, bls. 95). Árið 1979 er eigandinn Hreinn Ólafsson og enn er búið á jörðinni (Jarðaskrár).

Náttúrufar og jarðabætur

Skv. Landamerkjabók frá 1923 liggja landamerki Helgadals gagnvart Hraðastöðum „...frá miðri ánni Reykjavísl um (stóran) „Merkjastein“ beint í vörðu uppi í fellsbrúnni... Frá þeirri brúnavörðu, beint í vörðu uppi á móbergsbungu, er ber við loft af næsta leiti fyrir ofan brúnavörðuna... .. þaðan beint í vörðu uppi á Stórhól“. Gagnvart afrétt Mosfellshrepps liggja landamerkin „...frá vörðunni uppi á Stórhól beint í vörðu á Hjálmi (bungu á suðurbrún Grímarfells)...“ og gagnvart Þormóðsdal „...frá vörðunni á Hjálmi beint í vörðu á útsuðrhorni Grímarfells (er ber við loft sjeð frá austanverðum Torfdalshrygg austarlega (á stórum steini)“. Gagnvart Reykjum liggja merkin „...frá nefndri vörðu á Torfdalshrygg* beint norður í nóngilsfoss...“ og gagnvart Æsustöðum ræður Nóngil frá Nóngilsfossi „...niður í ána og síðan áin (Reykjavísl niður að Hraðastaðalandi)“ (sjá nánar um landamerkin í nr. 26-32).

*Hér virðist sem setning hafi fallið niður því varða hefur ekki verið nefnd þarna í Landamerkjabók. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar kemur hins vegar fram að varðan er á stóra steininum á austanverðum Torfdalshrygg (sbr. nr. 32).

Heimildir

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öpentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálábók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fornleifaskrá - Helgadalur

Helgadalur 123636-244-1 Fjánhús

Tegund: Hús 465

Staðhættir og lýsing

Bærinn stendur núna í botni Helgadals sem opnast norður út í Mosfellsdal (Ólafur Þórðarson). Á Túnakorti frá 1916 má sjá gamla bæjarstæðið afgirt með garði og girðingu rétt norðan við Bæjarlæk sem rennur gegnum mitt túnið. Norðan og austan megin eru bæjarhús en sunnan og vestan megin kálgarður.

Nálægt garðveggnum austan megin er þrískipt hús úr timbri og með jarnþaki, sennilega jarnvarið. Það hefur nokkurn veginn stefnuna A-V. Samkvæmt upplýsingum núverandi bónda í Helgadal, Hreins Ólafssonar, er þetta fjánhús. Enn er fjánhús og hlaða á sama stað og er grunnurinn að því mjög gamall. Grunnurinn er hlaðinn, með timburbyggingu ofan á.

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Túnakort Helgadals í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Hreinn Ólafsson, bóndi Helgadal.

Helgadalur 123636-244-2 Bústaður**Sérheiti: Helgadalur****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Inn úr austurvegg garðsins (nr. 8), sem umlykur bæjarhúsin, liggur aukagirðing í vestur meðfram timburhúsinu (nr. 1) en upp við hana nokkru vestar er minna hús.

Húsið er aflangt, úr torfi og grjóti með standþili jafnt gólfi eða því nær á hlöðum og snýr framgafli nokkurn veginn í vestur. Þetta er eitt fjögurra torfhúsa (sbr. nr. 3-5) sem Túnakort sýnir í bæjarstæðinu. Þau eru minni en timburhúsið og ekki vitað til hvers þau voru notuð en líklega hefur einhverntíma verið búið í þeim. Gamli bærinn var a.m.k. byggður úr þessum efnum, því þegar síðast er á hann minnst í Fasteignabókum frá 1932 og 1938 er hann sagður úr torfi og grjóti, seinna árið auk þess úr timbri. Þessi bær er nú horfinn.

Heimildaskrá

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík 1932.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Túnakort Helgadal í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-3 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Norðan við torfhúsið (nr. 2), innan og upp við norðurgirðingu bæjarstæðisins og rétt austan inngangsins, sýnir Túnakort minnsta húsið í bæjarstæðinu. Þetta er ferningslaga hús úr grjóti og torfi, hugsanlega með hálfþili á stafni eða stöfnum.

Heimildaskrá

Túnakort Helgadal í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-4 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Vestan megin við innganginn á girðingunni, norðan megin, rétt innan við hana, eru á Túnakorti tvö hús hlið við hlið (sbr. nr. 5). Austara húsið er minna en bæði eru ferningslaga, úr grjóti og torfi með stand-

þili jafnt gólfi eða því nær á hlöðum, og snúa í suður.

Heimildaskrá

Túnakort Helgadal í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-5 Bústaður**Sérheiti: Helgadalur****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Vestan megin við innganginn á girðingunni, norðan megin, rétt innan við hana, eru á Túnakorti tvö hús hlið við hlið (sbr. nr. 4). Vestara húsið er stærra en bæði eru ferningslaga, úr grjóti og torfi með standþili jafnt gólfi eða því nær á hlöðum, og snúa í suður.

Samkvæmt frásögn Hreins Ólafssonar, bónda í Helgadal, er þetta líklega gamli bærinn. Hann var þar sem nú er gróðurhús vestan við íbúðarhúsið. Þau hjónin hafa verið að finna grjót úr veggjum og stéttum þegar þau hafa verið að vinna í garðinum.

Heimildaskrá

Túnakort Helgadal í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Hreinn Ólafsson, bóndi Helgadal.

Helgadalur 123636-244-6 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Bak við torfhúsin tvö (nr. 4-5) vestan inngangsins, í horni utan norðurgirðingar bæjarstæðisins, sýnir Túnakort tvö hús (sbr. nr. 7). Húsin eru byggð upp við girðinguna, aflöng og jafnstór, bæði úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti. Stefna beggja er N-S en þau eru ekki samföst.

Heimildaskrá

Túnakort Helgadal í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-7 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Bak við torfhúsin tvö (nr. 4-5) vestan inngangsins, í horni utan norðurgirðingar bæjarstæðisins, sýnir Túnakort tvö hús (sbr. nr. 6). Húsin eru byggð upp við girðinguna, aflöng og jafnstór og bæði úr steinlímdu

eða steinsteyptu grjóti. Stefna beggja er N-S en þau eru ekki samföst.

Aðrar upplýsingar

Hús af þessu tagi voru stundum notuð til íbúðar.

Heimildaskrá

Túnakort Helgadals í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-8 Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Garður umlykur bæjarstæðið á alla vegu. Að austan, sunnan og vestan er garðurinn hlaðinn úr torfi og grjóti, eða öðru hvoru efninu. Austur- og vesturveggirnir hafa beina stefnu, nokkurn veginn N-S, en sunnan megin lagar veggurinn sig að Bæjarlæk. Norðan megin er vestasti hlutinn hlaðinn en beygir síðan hornrétt í suður og svo í austur. Tekur þá við girðing úr tré eða járnri að austurveggnum. Inngangur er á miðri girðingunni (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Helgadals í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-9 Heimreið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Heimreiðin liggur skv. Túnakorti úr norður-átt og suður að bæjarhúsunum (nr. 1-7). Þetta er hlaðinn og malarborinn vegur. Núverandi heimreið er líklega á svipuðum stað.

Heimildaskrá

Túnakort Helgadals í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur - 123636-244-10 Fjánhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Norðaustan bæjarhúsanna (1-7), yst á túnránum þeim megin, sýnir Túnakort tóft. Þarna hefur verið torfhús, líklega fjánhús. Tóftin er aflöng og snýr í SV. Búið er að slétta allt túnið.

Heimildaskrá

Túnakort Helgadals í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-11 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Suðaustan bæjarhúsanna (nr. 1-7) í túninu rétt norðan við Bæjarlæk er hús. Þetta eru tvö sambyggð og samföst hús, aflöng, úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti. Stefnan er nokkurn veginn A-V. Þarna eru ennþá fjárhús (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Helgadals í Mosfellssveit árið 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-12 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Sunnan bæjarhúsanna (nr. 1-7) og Bæjarlækjar, sýnir Túnakort hús, yst í túninu. Þetta er aflangt hús úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti og hefur nokkurn veginn stefnuna A-V.

Heimildaskrá

Túnakort Helgadals í Mosfellssveit árið 1916.

Helgadalur 123636-244-13 Eyktarmark

Sérheiti: Nóngil

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: Meðal lækja sem „...koma úr fjöllum og hæðum umhverfis...“ Helgadal er „...Bæjarlækur er rennur gegnum Helgadalstún, rétt sunnan við bæinn, fellur hann í Torfdalslæk, litlu vestar, og enn vestar er Nóngilslækur, á merkjum Helgadals og Æsustaða. Má telja að Suðurá [eða Norður-Reykjaá] byrji þegar Torfdalslækur og Nóngilslækur koma saman. Í fellum umhverfis Helgadal eru ýmis gil. ... Í suðausturkrika dalsins, í Helgadalstúni og upp af því er Bæjargil, enn vestar Torfdalsgil [(nr. 14)] og Nóngil, sem er á mörkum Helgadals og Suður-Reykja. Nóngil er forn eyktamörk frá Helgadal. Í Torfdalsgili er Torfdalsfoss og í Nóngili Nóngilsfoss“ (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgadalur - 123636-244-14 Eyktarmark**Sérheiti:** Miðmundagil**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Skv. Örnefnalýsingu er Nóngil (nr. 13) á mörkum Helgadals og Suður-Reykja en nokkru austar er Torfdalsgil sem einnig heitir Miðmundagil og síðan Bæjargil (Ólafur Þórðarson).

Munnmæli

Helgafellsmenn nefna Torfdalsgil Miðmundagil.

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgadalur 123636-244-15 Eyktarmark**Sérheiti:** Hádegisvarða**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Sunnan Helgadalsbæjar, milli Grímarsfells og Torfdals, er hryggur, Hádegishæð, sem nær vestur að Æsustaðafjalli. Á honum miðjum, beint suður af bænum, er Hádegisvarða (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgadalur 123636-244-16 Örnefni**Sérheiti:** Bolabás**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

„Sunnan Helgadalsbæjar er Hádegishæð [(nr. 15)], á henni, beint suður af Helgadalsbæ er Hádegisvarða og niður af henni er djúpur hvammur er nefnist Bolabás“ (Ólafur Þórðarson).

Samkvæmt frásögn Hreins Ólafssonar, bónda í Helgadal, eru engin mannvirki þarna og ekki vitað til þess að svo hafi nokkurn tíma verið.

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Munnlegar heimildir:

Hreinn Ólafsson, bóndi Helgadal.

Helgadalur 123636-244-17 Örnefni**Sérheiti:** Ólafsteigur**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

„Sunnan Torfdalslækjar, þar sem hann rennur vestur með hæðinni, eru mýrardrög, er heita Ólafsteigur en norðan lækjarins eru mýrar, allt að Katlagilslæk, heita þær Suðurmýrar“ (Ólafur Þórðarson).

Aðrar upplýsingar

Víða voru engjar í landareigninni og var Ólafsteigur sleginn. Ekki er vitað við hvaða Ólaf teigurinn er kenndur og engin þekkt saga tengd örnefninu (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgadalur 123636-244-18 Rista**Sérheiti:** Torfdalur**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

„Suður með Grímarsfelli uppaf „Hádegishæð“ er graslendur dalur er heitir Torfdalur, lokast hann að sunnan af Torfdalshrygg, en vestan Torfdals tekur við Suður-Reykjaland. Í króknum, er Torfdalshryggur og Grímarsfell mætast eru brattar grasbrekkur er heita Stóratofa. Norðan hennar er hóll er heitir Selhóll [(nr. 19)], og þar er einnig allmikið klettagil, Stórutorfugil“ (Ólafur Þórðarson).

Aðrar upplýsingar

Að sögn heimamanna var rist torf í Torfdal og reiðingurinn notaður yfir hey sem stóð í heygörðum (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgadalur 123636-244-19 Sel**Sérheiti:** Selhóll**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Í króknum þar sem Torfdalshryggur og Grímarsfell mætast eru brattar grasbrekkur sem nefnast Stóratofa (sbr. nr. 18) en „... norðan hennar er hóll er heitir Selhóll, og þar er einnig allmikið klettagil, Stórutorfugil. Upp af Selhól eru klettur sem heita Standur“ (Ólafur Þórðarson).

Aðrar upplýsingar

Ekki er vitað hvort sel var við Selhól og ekki heldur hvenær síðast var haft í seli í Helgadal. Hvorki Sigurði Helgasyni, fyrrverandi bónda í Helgadal, né öðrum er kunnugt um rústir við Selhól eða sel í Torfdal.

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadal*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgadalur 123636-244-20 Leið

Sérheiti: Vondagil

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Austan við Stórutorfu og Stand, sunnar í fellinu, ofarlega, er dæld, sem heitir Stóridalur, þar neðar og vestur af er urð mikil sem heitir Skollurð, er hún í Þormóðsdalslandi, og enn austar skerst djúpt gil sunnar í fellið er heitir Vondagil“ (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadal*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgadalur 123636-244-21 Mógröf

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: Norðan Torfdalslækjar „...eru mýrar, allt að Katlagilslæk, heita þær Suðurmýrar...“. Vestan mýranna „...meðfram ánni er móaholt, er heitir Hrafnhólar, enn norðar við ána er bungumyndaður melhóll, er heitir Vindhóll“. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar kemur fram að mór var tekinn „...í mýrinni nálægt Hrafnhólum og sunnan við Vondaskurðinn, austan við heimreiðina...“.

Samkvæmt frásögn Hreins Ólafssonar, bónda í Helgadal, sjást ennþá merki eftir mótektu á þessum stað.

Aðrar upplýsingar

Að sögn heimamanna var mórinn tekinn með fjórum stungum. Þeir vissu ekki hve mikill mór var tekinn en hann þótti í meðallagi góður. Hætt var að taka mó árið 1942 (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadal*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.


Munnlegar heimildir:

Hreinn Ólafsson, bóndi Helgadal.

Helgadalur - 123636-244-22 Rétt

Sérheiti: Helgadalsrétt

Tegund: Hleðsla 465



Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnalýsingu frá 1968 ná Suðurmýrar „...allt að Katlagilslæk...“ sem kemur úr Katlagili, norðan Helgadalsbæjar. Þetta gil „...klýfur Grímarsfell að vestan, og [er] þá talað um Norðurfell og Suðurfell. ... Á norðurbakka Katlagilslækjar, uppi við fellið, er gömul fjárrétt, Helgadalsrétt...“ (Ólafur Þórðarson).

„Það var smalað sameiginlega til fráferna á vorin, þegar Heiðin var smöluð. Það var farið eftir gamalli venju. Allur dalurinn rak í rétt í Laxnesi og í Helgadal“ (Þjóðhátarrannsókn stúdenta 1976).

Þetta mun vera sama réttin og könnuð var við fornleifaskráningu árið 1980, staðsett á grasi vaxinni eyri fremst eða NV í Katlagili, NA megin við lækinn (Ágúst Ó. Georgsson).

Réttin er um 6 x 13 m að innanmáli. Hún er byggð utan í brekku sem er ofan hennar, norðausturveggurinn hlaðinn meðfram brekkubrúninni og síðan fyllt upp með mold á milli, eftir því sem þurft hefur. Veggjahæð er 1-1,5 m og þykktin um 1 m. Inngangur er vestan megin en réttin mjókkar í austurendann. Aftan við og í framhaldi af henni er lítil kró eða stía, um 2 x 4 m að innanmáli, veggir svipaðir og í réttinni (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Réttin var upphaflega í landi Helgadals en komst undir Katlagil þegar það var stofnað á árunum 1932-1938. Katlagil var skv. Fasteignabók án ábúðar árið 1938 og í Skrá um eyðijarðir frá árinu 1963 segir: „Eigendur hafa byggt sumarbústað á landinu, en þar hefir aldrei verið rekinn búskapur. Tún hefir verið ræktað þar, en er leigt til slægna“. Eigandi 1979 er kennarafélag Laugarnes-skóla en skv. Jarðaskrá er jörðin ekki í ábúð og túnið leigt til slægna. Að sögn Sigurðar Jónssonar frá Helgadal var réttin í Katlagili þó notuð til ársins 1966 (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Skýrsla um eyðijarðir skv. fyrirmælum 53. gr. laga nr. 75 frá 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. – Ópr. 31.12.1963.

Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Helgadalur 123636-244-23 Beitarhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á bakkanum ofan við Helgadalsrétt (nr. 22), um 10 m austar, þar sem nú er skógur,

eru tóftir. Skv. Sigurði Jónssyni voru þarna fjárhús eða beitarhús frá Helgadal (Ágúst Ó. Georgsson).

Það sem sést af tóftunum bendir til að húsið hafi verið um 4 m á breidd en áframhaldið til norðurs hverfur inn í þéttan skóginn eða trjábeltið á bak við (Ágúst Ó. Georgsson).

Tóftirnar eru nú horfnar inn í skóginn.

Aðrar upplýsingar

Að sögn Hreins Ólafssonar, bónda í Helgadal, voru mörkin milli Helgadals og Hraðastaða rétt norðan við þessi hús (sbr. einnig nr. 24) en bændur freistuðust stundum til að hafa beitarhús sín sem næst landamerkjum til að beita á land nágrannans. Sömu sögu sagði Magnús, bóndi í Stardal, en þessu til staðfestingar eru gömul beitarhús í Stardalslandi (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Helgadalur 123636-244-24 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í brekkubrúninni rétt ofan við beitarhúsa-tóftina (nr. 23) er annað tóftarbot, líklega af einhverju útihúsi. Tóftin er um 2-3 x 6 m að stærð. Inngangur er á miðjum vesturgafli en húsið hefur haft stefnuna A-V (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.


Helgadalur 123636-244-25 Rétt

Sérheiti: Lambabyrgi

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Á norðurbakka Katlagilslækjar, uppi við fellið, er... Helgadalsrétt, og enn innar, innan við Katlagil, í Katlagilsbotnum, er gamalt fjárbyrgi er heitir Lambabyrgi, hefir það verið notað við fráferur“. Skv. Fornleifaskráningu 1980 er þetta um 1,5 km ofan við Helgadalsrétt



(nr. 22), í dálíttilli grasi vaxinni kvos, um 2 m norðan við lækinn, á botni gilsins. Kvosin er 40-50 m neðan og norðvestan annars lækjar sem kemur úr norðurhlíð gilsins og rennur í Katlagilslæk (Ágúst Ó. Georgsson).

Rústin er af smárétt með óreglulega lögun, um 5 x 7 m að innanmáli. Að sögn skrásetjara er „...hún mjög sokkin og hleðslurnar víðast á hæð við jarðveginn umhverfis. [...] Breidd veggja er um 1 m“. Þeir eru eingöngu úr grjóti sem væntanlega hefur verið sótt í lækjarfarveginn. Inngangur er á norðvesturenda (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Um hálf tíma gangur er frá Helgadal til Lambabyrgis en það var notað þaðan við fráfarur. Að sögn Kjartans Magnússonar bónda á Hraðastöðum rak bóndinn í Helgadal þangað lömb og sá um viðhald. Þetta var fyrir tíð Kjartans en móðir hans mundi eftir því. Sigurður Jónsson, fyrrverandi bóndi í Helgadal, sagðist hafa þekkt konu sem var með fé í þessari rétt. Hann mundi ekki glögglega hvenær en líklega hefur það verið eitthvað fyrir aldamótin 1900. Konan var síðust með fjárgæslu þarna. Vitað er að í Mosfellsdal var „...smalað sameiginlega til fráfarera á vorin, þegar Heiðin var smöluð

[og] farið eftir gamalli venju. Allur dalurinn rak í rétt í Laxnesi og í Helgadal“ (sbr. Laxnes nr. 11). Síðast var fært frá í Helgadal 1927 (Ágúst Ó. Georgsson; Ólafur Þórðarson; Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983. Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Helgadalur 123636-244-26 Landamerki

Sérheiti: Merkisteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Helgadals að norðan gagnvart Hraðastöðum liggja frá miðri ánni Reykjavísl um stóran merkistein, sk. Merkjastein eða Markastein, neðarlega við Markalæk (nr. 27) og þaðan beint í Brúnarvörðu (nr. 29) norðan Katlagilslækjar (Landamerkjabók; Ólafur Þórðarson).

Aðrar upplýsingar

Steinninn heitir Merkisteinn skv. Örnefnalýsingu, er nefndur „Merkjasteinn“ í Landamerkjaskrá Helgadals en Markasteinn í Landamerkjaskrá Hraðastaða (Landamerkjabók; Ólafur Þórðarson). Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar er Merkjasteinn hins vegar talið nafn steins sem á var hlaðin varða (nr. 34), austan til á Torfdalshrygg (Ólafur Þórðarson). Þess steins og vörðunnar er einnig getið í Landamerkjabók en án nafns og virðist sem þar hafi fallið niður setning.

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalæk fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands, Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgadalur 123636-244-27 Landamerki

Sérheiti: Brúnarvarða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Helgadals gagnvart Hraðastöðum liggja frá Merkisteini (nr. 28) beint í Brúnarvörðu, norðan Katlagilslækjar, uppi á brún Norðurfells í Grímarfelli og þaðan áfram upp í vörðu á móbergstungu (nr. 30) (Landamerkjabók; Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum, *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgadalur 123636-244-28 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Helgadals gagnvart Hraðastöðum: Af næsta leiti fyrir ofan Brúnarvörðu (nr. 29) ber við loft „...vörðu uppi á móbergsbungu...“ á Norðurfelli Grímarsfells. Liggja merkin um hana og áfram í vörðu á Stórhól (nr. 31) (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-29 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Helgadals gagnvart Hraðastöðum liggja áfram frá vörðu á móbergsbungu (nr. 30) beint í vörðu uppi á Stórhól, austast og hæst á Norðurfelli Grímarsfells. Þaðan liggja landamerki gagnvart afrétt Mosfellshrepps í vörðu á Hjálmi (nr. 32) á Suðurfelli (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-30 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Helgadals gagnvart afrétt Mosfellshrepps liggja frá vörðunni á Stórhól (nr. 31) „...beint í vörðu á Hjálmi...“, bungu á Suðurfelli. Þaðan liggja merkin gagnvart Þormóðsdal í vörðu á útsuðurhorni fellisins (nr. 33) (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgadalur 123636-244-31 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Helgadals gagnvart Þormóðsdal liggja frá vörðunni á Hjálmi (nr. 32), á Suðurfelli Grímarsfells, „...beint í vörðu á útsuðurhorni...“, fellisins sem ber við loft séð frá næstu vörðu á svo kölluðum Merkjasteini (nr. 34) á Torfdalshrygg (Landamerkjabók; Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum, *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgadalur 123636-244-32 Landamerki

Sérheiti: Merkjasteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Helgadals gagnvart Þormóðsdal liggja frá vörðunni á útsuðurhorni Suðurfells (nr. 33) í vörðu á stórum Merkjasteini, austan til á Torfdalshrygg. Þaðan liggja merkin gagnvart Reykjum beint norður í Nóngilsfoss og þaðan gagnvart Æsustöðum áfram eftir Nóngili og niður í Reykjakvísl (sjá landamerkjalyýsingu í jarðarskjali undir fyrirsögninni: Náttúrufar og jarðarbætur) (Landamerkjabók; Ólafur Þórðarson).

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt svörum við spurningum Örnefnastofnunar er Merkjasteinn nafn steinsins sem varðan á Torfdalshrygg er hlaðin á. Í Landamerkjabók eru steinninn og varðan nefnd en án nafns og virðist sem ein setning hafi fallið niður. Hins vegar er þar kallaður „Merkjasteinn“ sá sem í Örnefnalýsingu heitir Merkisteinn (nr. 28) og er staðsettur við Markalæk (nr. 27) (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum, *Örnefnalýsing Helgadals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Helgafell 1 123649-248

Saga

Helgafell hefur trúlega verið í eigu Viðeyjar-klausturs en er fyrst getið í Fógetareikningum 1547-1552 þegar það er komið í eigu konungs (Dipl. Isl. XII). Svo er enn árið 1704 og þá eru ábúendurnir tveir (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 316-17). Árið 1847 er jörðin hins vegar orðin bænda eign en ábúendur áfram tveir leiguliðar (J. Johnsen, bls. 95). Árið 1979 eru eigendurnir þessir: Jón Sv. Níelsson að Helgafelli 1, Haukur Níelsson að Helgafelli 2 og Níels M. Hauksson bifreiðastjóri að Helgafelli 3 sem er smábýli, stofnað síðar en hin (Jarðaskrá Landn. rík.). Jörðin er enn í ábúð.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Landamerkjabók frá 1885 segir að landamerki milli Helgafells og Hlaðgerðarkots liggja „...úr næstum afskornu vallendisnefi við Skammadalslækinn neðan til við Suður-Reykjamógrafirnar, þaðan beina línu yfir austuröxlina á Helgafjalli; stefna þessi er á háöxlina vestan á Hrísbúarfjalli; helzt þessi lína alla leið í hánorður allt til þess hún sker Norður-Reykjaá við moldarbakka einn; á merkjalínu þessari eru hlaðnar vörður til skýringar. ... Milli Helgafells og Hrísbúar ræður landamerkjum síðastnefnd á Norður-Reykjaá, fram að ármótum Köldukvíslar og Norður-Reykjaár, og þaðan Kaldakvísl ein áfram að Leirvogstungu landi. ... Milli Helgafells og Leirvogstungu ræður Kaldakvísl merkjum fram í sjó um flóð við svokallaðan Skaftártunguenda. ... Milli Helgafells og jarðarinnar Varmá - frá síðastnefndum Skaptártunguenda til suðurs - ræður Varmá merkjum allt upp að Skammadalslæk þar sem hann rennur í hana, og þaðan... ...milli Helgafells og Suður-Reykja ræður Skammadalslækurinn merkjum alla leið til landnorðurs upp að fyrstnefndu vallendisnefi“.

Heimildir

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Fornleifaskrá – Helgafell

Helgafell 1 123649-248-1 Bæjarhóll

Sérheiti: Helgafell

Tegund: Bæjarhóll 465

Staðhættir og lýsing

Framan við bæinn á Helgafelli, niður af austurkletti, er hóll þar sem fundist hafa fornleifar. Áður lá gamli Þingvallavegurinn sunnan í hólnum, fyrir framan bæinn, en nú hefur þar verið byggt húsið Steinhlið. Hóllinn er rúmlega 10 m norðvestan Steinhliðar. Var fyrirhugað að byggja bílskúr milli hans og hússins og þegar grafið var með jarðýtu vorið 1980 var tekið nokkuð framan af hólnum. Haustið 1981 tók svo Haukur Níelsson, bóndi á Helgafelli, eftir hleðslum í sárinu og hafði samband við Þjóðminjasafnið (Guðmundur Ólafsson).

Hóllinn er lágur og flatur, um 20-30 m í þvermál en á yfirborðinu er ekkert sýnilegt. Í sárinu sáust mannvistarleifar á 1-1,2 m dýpi, aðeins 1-2 sm fyrir ofan hið svo kallaða landnámslag sem er mjög greinilegt þarna. Þetta neðsta mannvistarlag er um 10-30 sm þykkt og mátti sjá í því grjóthleðslur, koladreifar og gólfskánir. Á staðnum hafa einnig fundist eldstæði, járnleifar, kljásteynar o.fl. Um 50 sm undir yfirborðinu má sjá leifar yngri bæjar í sárinu en þar voru allmargir steinar á dreif. Guðmundur Ólafsson sem skráði og lýsti bæjarhólnum 1981 telur hann mjög gamlan og merkilegan (Guðmundur Ólafsson).

Samkvæmt Hauki Níelssyni gæti nú verið búið að gróðursetja í hólinn. Við skoðun virtist sem búið væri að taka af hólnum sunnanverðum. Haukur benti skrásetjurum á blómabeð við innkeyrsluna að Steinhlið

og sagði að þar hefði soðholan eða eldstæðið verið. Vegur að öðru húsi, innar með Helgafelli, liggur nú yfir hólinn.

Hættumat: Mikil hætt

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Munnlegar heimildir:

Haukur Níelsson, Helgafelli.

Helgafell 1 123649-248-2 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 má sjá húsaþyrpingu um miðbik túnsins og að því er virðist nokkra garða, þ.e. væntanlega bæjarstæðið með mannvirkjum þess á þeim tíma, og liggur heimreiðin að því úr vestri. Fremsta byggingin er á vinstri hönd eða næst enda heimreiðarinnar norðan megin. Þetta eru tvö samföst og samsíða hús sem skv. kortinu hafa stefnuna NNA-SSV, líklega byggð úr torfi og grjóti og e.t.v. með hálfpili á stafni eða stöfnum. Beint út úr norðvesturhorni byggingarinnar liggur garðveggur spottakorn í átt að öðrum garði norðan húsanna. Austan megin við þau eru fleiri hús (sbr. nr. 3-4).

Heimildaskrá

Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgafell 1 123649-248-3 Bústaður?

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austan megin við bygginguna í nr. 2 sýnir Túnakort hús ásamt garði. Húsið er aflangt, með stefnuna NNA-SSV og virðist snúa framgaflí í SSV. Það er hlaðið úr torfi og grjóti með standþili jafnt gólfi eða því nær á hlöðum. Hið innra skiptist það í tvennt, fremra rými og aftara rými sem er heldur minna. Vestan megin við húsið í átt að byggingunni næst heimreiðinni (nr. 2) virðist girt í kringum ferhyrndan blett með girðingum sem liggja frá vesturvegg hússins að garði vestan megin, hlöðnum úr grjóti og torfi eða öðru hvoru. Upp við girðinguna sunnan megin er merkt inn agnarlítið mannvirki úr timbri. Vestan megin við

húsið eru fleiri hús (nr. 4) og virðist einnig vera hlaðinn veggur vestur yfir til þeirra, í beinni línu með framgaflinum.

Heimildaskrá

Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgafell 1 123649-248-4 Hús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austan við húsið í nr. 3 eru eitt eða tvö hús. Þarna virðist a.m.k. vera eitt hús, með stefnuna VNV-SAS og myndar syðri langhlið þess beina línu með framgaflí hússins í nr. 3 og girðingum eða görðum. Húsið er byggt úr torfi og grjóti, hugsanlega með hálfpil á stafni. Fyrir vesturenda þess er eitthvert mannvirki, líklega annað nokkuð minna hús. Ef svo er þá er það einnig hlaðið úr jarðefnum en með standþili jafnt gólfi eða því nær á hlöðum og snýr framgaflí í suðsuðvestur í beinni línu við langvegg hins hússins.

Heimildaskrá

Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgafell 1 123649-248-5 Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Bak við og rétt norðan húsanna í nr. 2-3 virðist Túnakort frá 1916 sýna nokkra garða. Vestasti garðurinn (a) er ferhyrndur og stærstur og liggur þvert á aðra tvo (b og c) sem eru austan við hann. Túnakortið sýnir þar ferhyrndan flöt (b), með stefnuna VNV-ASA, raunar svo reglulegan að e.t.v. er frekar um hús að ræða. A.m.k. eru hlaðnir veggir á allar hliðar. Sunnan við þetta mannvirki og samhliða því er annað (c) af sömu stærð og lögun, garður eða hús, nema hvað vegginn vestan megin vantar. SA út frá NA-horni nyrðra mannvirkisins liggur loks garður (d) sem endar rétt áður en kemur að húsinu sem lýst var í nr. 4. Allir þessir garðar eru skv. kortinu hlaðnir úr grjóti og torfi eða öðru hvoru. Þegar litíð er á heildina, þ.e. öll mannvirkin í nr. 2-5, má sjá að garðar liggja næstum alls staðar á milli húsanna og bæjarstæðið er því að mestu umgirt.

Heimildaskrá

Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgafell 1 123649-248-6 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á móti og sunnan við húsin í nr. 2-4, fyrir vestan enda heimreiðarinnar, eru a.m.k. tvö hús. Húsin eru samföst og samsíða, með stefnuna NV-SA, hlaðin úr torfi og grjóti og e.t.v. með hálfþil á stafni eða stöfnum. Gaflarnir liggja upp við garð SA megin (sbr. nr. 7).

Heimildaskrá

Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgafell 1 123649-248-7 Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

A og SV við húsin í nr. 6, SV af heimreiðinni, eru tveir samtengdir garðar. Garðarnir eru nokkurn veginn ferhyrdir, hlaðnir úr torfi og grjóti eða öðru hvoru, og tengjast saman rétt sunnan við húsin. Norðvesturveggur eystri garðsins liggur upp við austurgafla húsanna (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgafell 1 123649-248-8 Heimreið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Túnakorti liggur heimreiðin úr vestri um túnið að bæjarhúsum. Heimreiðin er sýnd sem hlaðinn og malarborinn vegur. Haukur Nielsson segir að núverandi vegur að bænum sé enn á sama stað og heimreiðin var þegar Túnakortið var gert. Fram undir 1930 var tröðin mittisdjúp austan við bæinn. Þá var fyrst farið að keyra þar á bílum.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Heimildaskrá

Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Haukur Nielsson, Helgafelli.

Helgafell 1 123649-248-9 Hesthús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Utan garðs og vestan bæjarhúsanna (nr. 2-4), nokkru norðan heimreiðarinnar (nr. 8), sýnir Túnakortið frá 1916 hús sem stendur eitt sér.

Húsið er úr torfi og grjóti, e.t.v. með hálfþili á stafni eða stöfnum. Það hefur stefnuna VNV-ASA. Þetta er sennilega eittthvert útihús.

Samkvæmt Hauki Nielssyni var þetta hesthús.

Heimildaskrá


Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Haukur Nielsson, Helgafelli.

Helgafell 1 123649-248-10 Útihús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Alveg upp við vegkantinn norðan megin, um 15 m norður af Steinahlíð, er rúst sem skráð var 1981 (Guðmundur Ólafsson).

Rústin er ógreinileg en virðist vera um 2,5 x 3 m að innanmáli, veggir 1-1,5 m á þykkt. Sýnist vera op á norðurvesturgafli og e.t.v. viðbygging en það er þó ekki ljóst. Suðurlanghlíðin er a.m.k. um 7 m á lengd en norðurhornið er mjög óljóst. Stefnan er NV-SA (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Helgafell 1 123649-248-11 Fjánhús, Hlaða

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í suðausturskika túnsins á Helgafelli sýnir Túnakort frá 1916 þrískipt útihús eða byggingu sem stendur ein sér, hugsanlega fjánhús og hlaða, sem lýst var við fornleifaskráningu árið 1980. Skv. skrásetjara eru þau á lágum hól í austan- og suðaustanverðu túninu (Ágúst Ó. Georgsson). Byggingin á Túnakortinu er ferningslaga og hólfuð í þrennt. Annars vegar eru tvö samsíða herbergi eða samföst hús, hið suðvestara minna, þannig að bak við það rúmast þriðja húsið. Skv. skrásetjara eru fjárhúsin tvö samsíða en bak við og þvert á þau kemur hlaða. Segir hann þau vera byggð úr bárujárnsklæddu timbri en utan á hlaðnir veggir úr torfi og grjóti til varnar. Á Túnakortinu eru sýnd hús úr jarðefnum, e.t.v. með hálfpili á stöfnum. Nokkru vestan fjárhúsanna er þvottalaug (nr. 12) (Ágúst Ó. Georgsson).

Enn eru fjárhús á þessum stað.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgafell 1 123649-248-12 Laug

Tegund: Hola 465

Staðhættir og lýsing

Um 40 m vestur af fjárhúsunum (nr. 11) segir skrásetjari að sé þvottalaug (Ágúst Ó. Georgsson). Túnakort sýnir þar lítið ferhyrnt mannvirki og má vera að það sé laugin.

Haukur Níelsson, Helgafelli segir að þarna hafi verið baðaþstaða og þveginn þvottur. Vatnið í lauginni var aldrei meira en 60-70° C heitt og var því ekki hægt að nýta það til upphitunar.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Haukur Níelsson, Helgafelli.

Helgafell 1 123649-248-13 Túngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í jaðri norðvestasta skika túnsins er skv. Túnakorti gamalt garðlag, túngarður sem ekki hefur verið haldið við (sbr. nr. 14).

Haukur Níelsson segir garðinn að mestu horfinn, þó er mögulegt að þar megi finna einhverjar leifar, svo sem einstaka steina eða grjóthrúgur.

Heimildaskrá

Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Haukur Níelsson, Helgafelli.

Helgafell 1 123649-248-14 Túngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í hluta af austurjaðri túnsins er skv. Túnakorti gamalt garðlag, túngarður sem ekki hefur verið haldið við (sbr. nr. 13). Utan garðsins er steingrýtt flöt.

Heimildaskrá

Túnakort Helgafells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Helgafell 1 123649-248-15 Álfabyggð

Sérheiti: Hjálmur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Bærinn á Helgafelli heitir sama nafni og fjallið fyrir ofan en um 150 m norðnorðvestan hans er í brekkunni hóllinn Hjálmur (Haukur Níelsson). Inn með fellinu að norðan, í svipaðri hæð og bærinn, er svo Hjálmsmýri og inn af henni, inn með fellinu, er Breiðamýri (Ari Gíslason).

Klettahóll, hæð eða túbunga (Ari Gíslason; Haukur Níelsson). Samkvæmt Hauki Níelssyni hefur í gegnum árin verið keyrð mold að þessum hól og hann hefur því sokkið mikið frá því hann man fyrst eftir. Áður var hann ber klöpp sem stóð upp úr túninu.

Aðrar upplýsingar

Haukur Níelsson bóndi á Helgafelli kvaðst hafa heyrt talað um þegar hann var drengur að í Hjálmi væri bústaður álfa. Var sagt að ekki mætti ærslast á eða við hólinn. Ekki þekkti Haukur aðrar frásagnir um hann (Haukur Níelsson 1980).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Helgafell*. Örnefnastofnun Íslands 21.4. 1981. ópr.

Haukur Níelsson bóndi á Helgafelli. Viðtal. Ágúst Ó. Georgsson skráði 16. sept. 1980.

Munnlegar heimildir:

Haukur Níelsson, Helgafelli.

Helgafell 1 123649-248-16 Byrgi

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðhættir og lýsing

Í sunnanverðu Helgafelli á klettabungu sem gengur út úr fjallinu við svonefnt Stekkjargil.

Byrgið skiptist í a.m.k. tvö hól og gang sem liggur að þeim í sveig. Samkvæmt Hauki Níelssyni fyrrverandi bónda á Helgafelli voru Bretar þarna með skotbyrgi og fylgdust með mannaferðum gegnum Skammadal. Byrgið var ekki með þaki en net var strengt yfir svo það sæist ekki úr lofti.

Hættumat: Engin hætta

Munnlegar heimildir:

Haukur Níelsson, Helgafelli.

Helgafell 1 123649-248-17 Sel

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Hafði jörðin áður í lángan tíma selstöðu í Stardal frí, en nú verða ábúendur hana út kaupa“ (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 316-17).

Samkvæmt Hauki Níelssyni eru margar tóftir í Stardal og man enginn hver þeirra var sel frá Helgafelli.

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Munnlegar heimildir:

Haukur Níelsson, Helgafelli.

Helgafell 1 123649-248-18 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Landamerkjaskrá frá 1885 segir að landamerki milli Helgafells og Hlaðgerðarkots liggja „...úr næstum afskornu vallendisnefi við Skammadalslækinn neðan til við Suður-Reykjamógrafirnar, þaðan beina línu yfir austuröxlina á Helgafjalli; stefna þessi er á háöxlina vestan á Hrísbúarfjalli; helzt þessi lína alla leið í hánorður allt til þess hún sker

Norður-Reykjaá við moldarbakka einn; á merkjalínu þessari eru hlaðnar vörður til skýringar“.

Samkvæmt Hauki Níelssyni er lítið eftir af vörðum þessum.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Helgafells í Mosfellssveit frá 1885.

Þjóðskjalasafn Íslands.


Munnlegar heimildir:

Haukur Níelsson.

Helgafell 1 123649-248-19 Stekkur

Sérheiti: Stekkur

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu Helgafells segir: „Suður gegnum Helgafell liggur svo nefnt Stekkjargil til Skammadals. Neðan við brekkuna er svo Stekkur, og stór hól þar heitir Stórhól“ (Ari Gíslason). Rústir þessa stekkjargils virðast hafa fundist við fornleifaskráningu

árið 1980. Segir skrásetjari þær vera sunnanvert við Helgafell, ekki í gílinu sjálfu heldur neðst í grænni brekku, 30-40 m austan við gilsmynnið eða lækinn sem rennur niður gilið. Þar sunnan við er mikið þýflendi eða móar (Ágúst Ó. Georgsson).

Stekkurinn hefur fallið saman og er ekki mikið eftir af honum en með vissu má greina einn langan vegg og norðurvegg. Það sem eftir er af stekki er um 2 x 4 m að innanmáli. Að hluta hefur verið byggt fjárhús ofan í hann (sbr. nr. 20) og hefur líklega verið tekið grjót úr honum við byggingu þess. Suðaustan við stekkin virðist vera einhver ógreinileg tóft, e.t.v. heytóft (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Haukur Níelsson taldi þennan stekki hafa verið notaðan fram um aldamótin 1900 og líklega fyrstu ár 20. aldar (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Helgafell*. Örnefnastofnun Íslands 21.4. 1981. ópr.

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Helgafell 1 123649-248-20 Fjárhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Framan við stekkin (sbr. nr. 19) og að hluta ofan í honum er rúst fjárhúss (Ágúst Ó. Georgsson).

Fjárhúsið hefur að nokkru leyti verið byggt ofan í stekkin. Það er talsvert hrúnið en þó auðvelt að greina stærð og lögun. Rústin er um 3 x 6 m að innanmáli, veggir um 0,5 m á hæð og um 1,3 m á þykkt. Stefnan er því sem næst NA-SV (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Haukur Níelsson, taldi fjárhúsið hafa verið byggt í byrjun 20. aldar en hafa staðið stutt (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Helgafell 1 123649-248-21 Leið

Tegund: Gata 465

Staðhættir og lýsing

Skammt vestan við fjárhúsið (nr. 20) er einföld steinaröð, garður eða gata (Ágúst Ó. Georgsson).

Líklega hefur þarna verið göturuðningur til að auðvelda gang og rata betur. Þegar nær dregur Helgafelli breikkar gatan og hefur sýnilega verið fær hestvagni eða jafnvel bíl (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Helgafell 1 123649-248-22 Leið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Vestan við Skammadal eru Helgafellshólar en þar var áður alfaraleið (Ari Gíslason).

Heimildaskrá


Ari Gíslason. *Helgafell*. Örnefnastofnun Íslands 21.4. 1981. ópr.

Helgafell 1 - 123649-248-23 Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um Skammadal rennur Skammadalslækur og í grasi vaxinni kvos, um 12 m norður frá honum, 2-3 m frá brekku, er stekkur með lambakró (Ágúst Ó. Georgsson). Stekkurinn var nokkurn veginn heill þegar hann var skráður 1980, nema hvað suðurhliðin var farin að blása upp. Hann var talsvert gróinn en mátti þó greina lögun hans. Hann er um 4,5 m að innanmáli, hæð veggja um 0,4 m og þykktin um 1 m. Í austurendanum er inngangur í lambakróna. Hún er grónari og óljósari, um 2 x 2 m að stærð, veggirnir svipaðir og í stekki. Rústin liggur nokkurn veginn í A-V. Staðurinn er ákjósanlegur fyrir stekki því auðvelt hefur verið að taka við rekstrinum í kvosinni. Virðist sem stekki hafi oft, eins og hér, verið valinn staður í kvosum eða við gamla lækjarfarvegi (Ágúst Ó. Georgsson).



Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Helgafell 1 123649-248-25 Álfabyggð

Sérheiti: Sauðhóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Upp af Hveramýri, um 450 m sunnan bæjarins, er svo nefndur Sauðhóll (Ari Gíslason; Haukur Níelsson).

Strýtumyndaður hóll, mjög áberandi í landslaginu (Haukur Níelsson).

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt gamalli sögn hafði bóndinn á Helgafelli einhvern tíma verið að reka heim

fé neðan úr Skammadal í austanbyl. Sá hann þá á undan sér mann sem einnig var við fjárrekstur. Hvarf maðurinn fyrir Sauðhól en þegar bóndi kom sjálfur fyrir hólinn sást hvorki af honum tangur né tetur. Taldi bóndi víst að maðurinn hefði horfið inn í hólinn með allt féð en það voru víst sauðir. Var talið að þarna hefði verið um huldumann að ræða en ekki mennskan mann (Haukur Níelsson).


Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Helgafell*. Örnefnastofnun Íslands 21.4. 1981. ópr.

Haukur Níelsson bóndi á Helgafelli. Viðtal. Ágúst Ó. Georgsson skráði 16. sept. 1980.

Helgafell 1 123649-248-26 Stekkur

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Skammadalslækur rennur um gil nokkurt rétt áður en hann og Varmá mætast. Í mynni gilsins, norðan lækjarins, er grösug brekka og þar hafa varðveist rústir, stekkur með lambakró og garður (nr. 27). Stekkurinn stendur við brekkuræturnar og er svæðið SV og V við hann mjög grösugt og ákjósanlegt til beitar (Ágúst Ó. Georgsson).

Stekkurinn er um 2,5 x 4 m að innanmáli með inngang á langveggnum suðvestan megin. Samsíða honum norðaustan megin, ofar í brekkunni, er lambakró og inngangur yfir í hana á miðjum veggnum. Hún er um 2 x 3 m að innanmáli. Veggir stekkjargróar eru að mestu og jafnvel eingöngu úr torfi, hæð þeirra um 0,5 m og þykktin um 1 m (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Helgafell 1 123649-248-27 Garður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Skammadalslækur rennur um gil nokkurt rétt áður en hann og Varmá mætast. Í mynni gilsins, norðan lækjarins, er grösug brekka og þar hafa varðveist rústir, stekkur með lambakró og garður (nr. 27) (Ágúst Ó. Georgsson).

Við brekkuna byrjar garður sem liggur í NA-SV rétt framhjá stekknunum. Hann nær um 18 m frá brekkunni og hefur e.t.v. náð lengra. Skýrastur er hann frá brekkunni og um 1-2 m neðan við stekkinn. Þaðan er hann ógreinilegur. Þar sem hæð hans er mest í brekkunni er hann um 0,5 m og þykktin er einnig um 0,5 m (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Helgafell 1 123649-248-28 Mógröf

Tegund: Hola 465

Staðhættir og lýsing

Í mynni Skammadals. Haukur á Helgafelli sýndi okkur þessar mógrafir. Hann sagði þær hafa verið mjög djúpar, rúmlega mannhæð. Dýr féllu stundum í mógrafir

eins og þessar og sögusagnir voru um að menn hefðu slasast illa og jafnvel dáíð við að detta ofan í mógröf.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Munnlegar heimildir:
Haukur Níelsson, Helgafelli.

Helgafell 1 123649-248-29 Óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Vestan við hátoppinn á Helgafelli að norðanverðu. Veggjahleðslur, mikið sokknar. Þetta gætu verið stríðsminjar þar sem mikið er af slíkum á og í kringum Helgafell, en þær eru mjög grónar svo erfitt er að segja til um það.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Munnlegar heimildir:
Andrés Arnalds.

Hitta 181170-239

Saga

Hittu er getið í Jarðatali 1847 og er þar þá einn ábúandi (J. Johnsen, bls. 95). Í lýsingu Mosfells- og Gufunessókna segir að Hitta sé hjáleiga frá Mosfelli „...sem nú er lögð í eyði...“ og undir heimajörðina (Stefán Þorvaldsson). Í Jarðabók 1861 er hún einnig talin hjáleiga frá Mosfelli og sennilega komin í eyði þar eð einungis er getið fornarr hundradstölu en ekki nýrrar (Ný Jarðabók...). Í heimild frá 1938 segir að Hitta sé hjáleiga frá Mosfelli og samtúna heimajörð, „...byggð um miðja næst liðna öld...“ og hefur lengi legið undir ábúð Mosfellspresta (Björn Bjarnason, bls. 107).

Aðrar upplýsingar

Guðmundur Ólafsson hefur skrifað við Hittu: 1604: 101.

Heimildir

Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 3. Reykjavík 1938.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingu, fólks-tölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðar-töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maí-mánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna“. *Sýslulýsingar og sóknalýsingar. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Fornleifaskrá - Hitta

Hitta 181170-239-1 Bústaður

Sérheiti: Hitta

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Utan við bæinn Mosfell er Kirkjugil en neðarlega vestan við það var gamalt lítið kot sem hét Hitta, hjáleiga frá Mosfelli. Þar fyrir ofan einnig vestan gilsins er stykki sem heitir Merkurvöllur og var þar önnur hjáleiga samnefnd frá Mosfelli (Örnefnalýsing Mosfells).

Neðarlega í túninu á Mosfelli suðaustanverðu er lágur hóll. Sker hann sig nokkuð úr umhverfinu. Sé horft á hann úr fjarlægð

sést glögglega, m.a. á litnum, að þar hafa staðið einhver hús (Ágúst Ó. Georgsson).

Engar rústir eru sjáanlegar á hólnum eða við hann. Árni Magnússon, Víðibóli, sem ólst upp á Mosfelli, segir að þarna hafi verið rústir í túninu (Ágúst Ó. Georgsson).

Í ágúst 1996 grófu fornleifafraeðingar frá Þjóðminjasafni Íslands á þessum stað og fundust þá leifar bæjarins. „Þeir gripir sem fundust við rannsóknina síðsumars 1996 benda ótvírætt til þess að grafið hafi verið í rústir hlbýla frá 19. öld. Í skurði A komu í ljós hlutar af veggjum, steinhlöðnum að hluta og var einn þeirra klárlega útveggur. Ekki var hægt að átta sig á hvaða hlutverkum aðrar hleðslur höfðu að gegna að öðru leyti en því að fastlega má gera ráð fyrir því að þeir hafi verið innveggir af einhverju tagi. Ein steinhleðsla kom í ljós í skurði B2 en sömuleiðis var óljóst hvert hlutverk hennar hefur verið. Með nokkru öryggi má fullyrða að ekki sé um mörg byggingarstig að ræða þar sem rústirnar reyndust frekar grunnar“ (Ragnheiður Traustadóttir og Þórhallur Þráinsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Ragnheiður Traustadóttir og Þórhallur Þráinsson.

Hitta í landi Mosfells í Mosfellsbæ. Könnunarskurðir í túni. Þjóðminjasafn Íslands. Drög að skýrslu.

Örnefnalýsing Mosfells. Örnefnastofnun Íslands.

Hlaðgerðarkot 181171-247

Saga

Fyrst er minnst á Hlaðgerðarkot árið 1704 en þá er jörðin í eigu bóndans á Suður-Reykjum og ábúandi einn leiguliði (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 317). Árið 1847 er hún enn í bændaeign með einum leiguliða (J. Johnsen, bls. 95). Síðar var nýbýlið Reykjahlíð stofnað og breyttist nafn jarðarinnar til samræmis við það á tímabilinu 1922-32 (Fasteignabók 1992 og 1932). Frá því um 1958 var hún án ábúðar (Jarðaskrár) en komst einhvern tíma fyrir 1966 í eigu Reykjavíkurborgar. Í heimild frá því ári segir um Reykjahlíð: „Byggðahverfi í Mosfellsdal. Mikill jarðhiti og þaðan var lögð lengsta hitaveitulögn til Reykjavíkur, röskir 20 km, eftir að höfuðborgin hafði keypt jörðina. Þarna er mikið um gróðurhús“ (Þorsteinn Jósepsson, bls. 288). Frá 1968 var garðyrkjubýli á jörðinni. Árið 1979 var hún ennþá eign Reykjavíkurborgar en leigð Jól Jóelssyni, bónda í Reykjahlíð (Jarðaskrár). Hlaðgerðarkot er hins vegar meðferðarheimili á vegum Samhjalpar.

Heimildir

Fasteignabók. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík 1932.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólks-tölu í hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðar-töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Þorsteinn Jósepsson. *Landið þitt. Saga og sérkenni nær 2000 einstakra bæja og staða*. Reykjavík 1966.

Fornleifaskrá - Hlaðgerðarkot

Hlaðgerðarkot 181171-247-1 Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti Hlaðgerðarkots frá 1916 má sjá húsapyrpingu ásamt kálgarði þar sem sennilega er gamla bæjarstæðið. Liggur heim-

reiðin úr SA frá Norður-Reykjum upp að bæjarhúsunum suðvestan megin og áfram gegnum túnið. Mest fer fyrir sex samliggjandi húsum í bæjarstæðinu. Af þeim eru fjögur hin stærri samsíða en tvö hin minni ganga út úr suðausturenda annars hússins, talið frá heimreiðinni, eins og minni herbergi. Ekki er alveg ljóst af kortinu úr hvaða efni húsin eru gerð en þau stærri sýnast hlaðin úr grjóti og torfi. Þau þrjú sem nær eru heimreiðinni eru aflöng, framgaflar þeirra mynda beina línu og þau virðast snúa í norðvestur. Af kortinu má ráða að þau hafi verið með standpili jafnt gólfi eða því nær á hlöðum. Minni húsin tvö við annað húsið sýnast hins vegar hafa verið úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti. Fjórða og norðaustasta húsið er nánast ferningslaga og hefur hugsanlega verið með hálfpili á stafni eða stöfnum en ekki er unnt að sjá hvernig það hefur snúið.

Bak við fyrsta og annað hús er kálgarður og gengur garður einnig út frá fjórða húsi og umhverfis bakhús á móti því.

Sigurður Narfi Jakobsson man eftir bæjarhúsunum árið 1936. Mæðrastyrksnefnd byggði fyrsta húsið sitt ofan í rústirnar.

Heimildaskrá

Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Sigurður Narfi Jakobsson, Reykjadal 2.

Hlaðgerðarkot 181171-247-2 Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Út frá austurhorni fjórða og norðaustasta hússins frá heimreiðinni gengur garður í SA og beygir hornrétt í NV kringum bakhúsið á móti. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti og torfi eða öðru hvoru (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hlaðgerðarkot 181171-247-3 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Beint á móti húsinu (nr. 1) í lengjunni sem fjærst er heimreiðinni eru tvö samliggjandi hús. Húsin eru aflöng með stefnuna SA-NV. Þau hafa verið byggð utan í horn garðs-

ins (nr. 2) úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hlaðgerðarkot 181171-247-4 Kálgarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Suðaustan megin við húsin næst heimreiðinni er kálgarður. Garðurinn gengur í SA út frá minni húsunum tveimur í bakenda hússins sem er annað í röðinni frá heimreiðinni, beygir hornrétt í SV að heimreiðinni, liggur meðfram henni í sömu átt og endar við miðjan suðvesturvegg hússins sem er næst heimreiðinni og virðist inngangurinn í garðinn vera þar (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hlaðgerðarkot 181171-247-5 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Suðvestan bæjarhúsanna, utarlega í þeim hluta túnsins, er hús sem stendur eitt sér. Austan megin þess hefur runnið lækur í SV gegnum túnið. Húsið er aflangt með stefnuna NA-SV. Það er hlaðið úr grjóti og torfi en hefur hugsanlega verið með hálfpil á stafni eða stöfnum. Líklega er um einhvers konar útihús að ræða (Túnakort).

Heimildaskrá


Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hlaðgerðarkot 181171-247-6 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 má sjá hús sem stendur eitt sér, rétt SA við læk sem rennur um túnið, og næstum beint í suður frá bæjarhúsunum. Hugsanlega hefur Ágúst Ó. Georgsson skráð tóft þessa húss árið 1980 en hann staðsetti hana um 50 m S og ofan Hlaðgerðarkots og um 100 m SA nýja dælustöðvarhússins. Hústóftin stóð samkvæmt honum á brekkubrún í gamla Hlaðgerðarkotstúnu en í S frá henni sáust aflíðandi brekkur neðan Æsustaðafjalls. Beggja vegna rústar-



innar voru skorningar, mest afgerandi í austur og hallaði túninu til austurs og bratt til norðurs þannig að myndaðist hóll í brekkubrúninni og stendur tóftin á kalli hans (Ágúst Ó. Georgsson).

Kollurinn var nokkuð grænni að sjá en túnið umhverfis en tóftin þó nokkuð grasi vaxin. Hún var að utanmáli um 8 m á lengd og 5 m á breidd. Meðalhæð veggja taldi skrásetjari vera um 40-50 cm en hæðin var misjöfn og erfitt að greina hana í grasinu. Lægstir voru norðurveggur og einkum vesturveggur sem var nánast orðinn að engu þar sem inngangur hússins hefur verið í norðurenda hans. Erfitt var að greina skilin milli inngangs og veggjar en þó var auðséð að þarna hafði verið inngangur. Tóftin var dýpst í miðjunni en þó nokkuð mishæðótt. Hafa hugsanlega verið þakleifar á botninum. Hún hefur sem næst stefnuna N-S. Líklega hefur þetta verið einhvers konar útihús (Ágúst Ó. Georgsson). Ágúst minntist ekki á byggingarefni tóftarinnar en húsið sem sýnt er á Túnakortinu hefur verið úr torfi og grjóti og e.t.v. með hálfpili á stafni eða stöfnum. Þá ber að geta þess að húsið hefur á kortinu stefnu meir í NA-SV og það því ekki fullvíst að rústin sé af því. Á Túnakortinu var áttin tekin lauslega eftir sól og klukku eða sögðum dagsmörkum og mun það „...oftast nær réttu en kompas norður“.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir


Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-
sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns
Íslands.

Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellsveit 1916. Þjóð-
skjalasafn Íslands.

Hlaðgerðarkot 181171-247-7 Fjánhús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Um 5-6 m sunnan við nýja dælustöðvar-
húsið og um 40-50 m norðaustan við með-
ferðarheimilið Hlaðgerðarkot eru rústir af
gripahúsið eða fjárhúsi. Þetta er í gamla
Hlaðgerðarkotstúninu, í aflíðandi brekku
móti NNA en neðan rústarinnar hallar
túninu hratt í NNA.

Þegar rústin var skráð 1980 var hún að
utanmáli um 9,5 m á lengd og 6 m á breidd.
Veggirnir voru víðast hvar um tveggja m
þykkir en hæð þeirra um 60-70 cm. Þó voru
þeir mun lægri við innganginn í vestri.

Tóftin var öll grasi vaxin en heilleg og
óskemmd nema hvað norðvesturhornið var
farið. Gólfíð var talsvert lægra en túnið
austan megin tóftarinnar, líklega vegna
þess að halli er á túninu til norðurs frekar
en að húsið hafi verið grafið niður í hólinn.
Húsið hefur verið gert úr torfi og grjóti og
hefur haft stefnuna NNA-SSV. Taldi Jóel
Jóelsson, bóndi í Reykjahlíð þetta hafa verið
fjánhús frá Hlaðgerðarkoti sem hætt var að
nota einhvern tíma á tímabilinu 1928-1930
(Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-
sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns
Íslands.

Hlaðgerðarkot 181171-247-8 Tóft

Tegund: Hóla 465

Staðhættir og lýsing

Um 50 m í SA frá fjárhúsrústinu (nr. 7) þar
sem túninu hallar í A gætu verið rústir.

Túnið er heldur grænna á þessum bletti
en annars staðar og virðist sem móti fyrir
einhverju. Ekki er þó unnt að greina á því
neitt sköpulag. Túnið er dældótt með lítilli
afar grunnri laut og e.t.v. hefur staðið þarna
hús eða kofi (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-
sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns
Íslands.


Hlaðgerðarkot 181171-247-9 Tóft

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 100 m SV íbúðarhússins í Reykjahlíð II
og um 150 m NV meðferðarheimilisins
Hlaðgerðarkots eru hústóftir. Þetta er í krik-
anum neðan við veginn sem beygir heim að
hælinu, í dálitlum hól í aflíðandi brekku
sem hallar í NNA skammt ofan og sunnan
hins flata dalbotns. Brekkan er á afgirtu
svæði ofan gróðurhúsa Jóels Jóelssonar,
bónda í Reykjahlíð II.

Þegar tóftin var skráð 1980 mældist hún
um 4 m á lengd og um 2 m á breidd. Hún
hefur að hluta verið grafin inn í hólinn, var
mjög grasi vaxin og því erfitt að greina



útlínur veggja. Hún var nokkuð skemmd og vantaði talsvert af báðum langveggjum en framgaflinn var opinn í NA og sáust ekki nein merki þess að hlaðið hefði verið fyrir hann. Það gæti þó hafa verið einhvern tíma en tóftin var u-laga til að sjá. Jól kvaðst hafa fundið spirál úr málm þegar hann gróf í hana og tengdi það bruggi bóndans í Hlaðgerðarkoti (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Um 40 m austan þessarar rústar voru leifar sumarbústaðar sem var rifinn árið 1978. Sést hann á loftljósmynd frá árinu 1977.

Heimildaskrá


Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hlaðgerðarkot 181171-247-10 Tóft

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 20 m sunnan við u-laga tóftina (sbr. nr. 9) er önnur tóft.



Þegar tóftin var skráð 1980 var hún mjög grasi vaxin en mátti þó greina útlínurnar. Helmingur hennar var horfinn undir uppmokstur úr skurði eða grafinn burtu. Norðurveggurinn allur var þó heill, um 5 m langur, og mátti að utanverðu sjá steinhleðslur eða einfalda steinaröð. Framgaflinn snéri í austur. Breiddin að innan var með hliðsjón af heila veggnum áætluð um 2 m (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Um 40 m A þessarar rústar voru leifar sumarbústaðar sem var rifinn árið 1978. Sést hann á loftljósmynd frá árinu 1977.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hlaðgerðarkot 181171-247-11 Kálgarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í túnjaðrinum NA megin er kálgarður. Garðurinn er aflangur og ferhyrningslaga með stefnuna V-A og er girt í kringum hann með girðingu úr járn eða tré (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn.

Hlaðgerðarkot - 181171-247-12 Laug

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í garðinum á bak við húsið í Reykjahlíð var laug. Vatnið í lauginni var um 40°C. Hún var með moldarbotni og hlöðnum steinhring í kring. Taldi bóndinn, Jól Jólsson, að þarna hefði verið baðlaug fyrir á tímum. Enn mótaði fyrir holu þar sem laugin var er skráningin var gerð 1980.

Samkvæmt Sigurði Narfa Jakobssyni sem býr í Reykjadal er laugin nú horfin þar sem trjám hefur verið plantað í hana.

Aðrar upplýsingar

Vatnið var notað til að hita upp eitt lítið gróðurhús en fyllt var upp í lagina um 1970 við lagfæringar á túninu eða garðinum á bak við húsið.

Heimildaskrá

Jól Jólsson í Reykjahlíð: Viðtal tekið 16.7. 1980. Sigurður Narfi Jakobsson, Reykjadal.

Hlaðgerðarkot 181171-247-13 Laug

Sérheiti: Brenndihver

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Norðan við land jarðarinnar er Norður-Reykjaá, venjulega nefnd Suðurá. Í brekkunni sunnan hennar, við vegamótin ofan bæjarins í Reykjahlíð og Hlaðgerðarkots, var Brenndihver, svo nefndur í Örnefnalýsingu 1968 (Ari Gíslason) og frásögn Hreins Ólafssonar, Helgadalsbónda, en staðarbóndinn Jól Jólsson, kallaði hana Brenndulaug eða Gvendarlaug í viðtali 1980. Hverinn eða laugin mun þó ekki hafa verið notuð til baða (rétt hjá landamerkjasteini sem skipti landi Hrísbúar og Mosfells).

Laugin var í aflangri holu í klöpp, um 3-4 m á lengd og 1,5 m á breidd. Mannaverk voru á holunni en hún er nú horfin (Jól Jólsson).

Samkvæmt Sigurði Narfa Jakobssyni, Reykjadal, var hún þar sem nú er vestur-endinn á almannavarnarhúsinu. Í henni var hvítleitt grjót, eins og brennt.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Reykjahlíðar*. Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum las lýsinguna yfir og lagfærði lítillega. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Munnlegar heimildir:

Hreinn Ólafsson, Helgadal.

Jól Jólsson í Reykjahlíð: Viðtal tekið 16.7. 1980.

Sigurður Narfi Jakobsson, Reykjadal.

Hlaðgerðarkot 181171-247-14 Þjóðsaga > Sögn

Sérheiti: Víghóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Magnús Grímsson segir: „Á skarðinu, sem skilr Helgafell og Reykjafell, stendr hamar einn, svo sem þriggja mannhæða hár, uppúr sléttri melbúngu. Hann heitir Víghóll, en eigi veit eg af hverju það nafn er dregið“

(bls. 273). Skv. Örnefnalýsingu er þetta „... einkennileg klettastrýta...“ ofan og suðvestan Hlaðgerðarkots, „...norðantil í Skammaskarði... ..vestan við hitaveitustokkinn“ (Ari Gíslason).

Aðrar upplýsingar

Skv. heimamönnum á næstu bæjum börðust þær Hlaðgerður í Hlaðgerðarkoti og Æsa á Æsustöðum á Víghól. Guðjóna Benediktsdóttir og Einar Jakobsson á Norður-Reykjum sögðu ekki vitað hvernig einvíginu lyktaði en Guðmundur Skarphéðinsson á Minna-Mosfelli sagði þær hafa orðið hvor annarri að bana og oltið niður af hólnum. Hann kvaðst oft hafa heyrt söguna (Guðjóna Benediktsdóttir: Guðmundur Skarphéðinsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Reykjahlíðar*. Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum las lýsinguna yfir og lagfærði lítillega. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Guðjóna Benediktsdóttir og Einar Jakobsson á Norður-Reykjum: Viðtal 1980. Ágúst Ó. Georgsson skráði.

Guðmundur Skarphéðinsson bóndi á Minna-Mosfelli: Viðtal 1980. Ágúst Ó. Georgsson skráði.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Hlaðgerðarkot 181171-247-15 Kvíar

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Suðvestan Hlaðgerðarkots, neðan Víghóls, má sjá móta fyrir rústum og taldi Jól Jólsson hugsanlegt að þar hefðu verið kvíar. Þústir og þúfur ásamt bletti sem er grænni en umhverfið.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Viðtal við Jól Jólsson í Reykjahlíð, tekið 16.7. 1980.

Hraðastaðir 123676-243

Saga

Hraðastaða er fyrst getið í skrá yfir kvikfé og leigumála af jörðum Viðeyjarklausturs frá 1395: „aa Hradastodvm. iij. merkur“ (Dipl. Isl. III, bls. 598). Næst er þeirra getið í Fógetareikningum árána 1547-1552, þá komnir í eigu konungs (Dipl. Isl. XII) og voru það enn 1704, með einn leiguliða eða ábúanda (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 320-321). Árið 1847 voru Hraðastaðir hins vegar komin í bændaeigu og bjó eigandinn þar sjálfur (J. Johnsen) og við gerð Landamerkjaskrár 1890 var Nikulás Jónsson í Norðurkoti eigandi hálfrar jarðarinnar. Hraðastöðum var síðar skipt í fjögur býli. Hraðastaðir 2 og 3 voru stofnaðir á árunum 1962-4 og sambýlið Hraðastaðir 4 á árunum 1972-3. Árið 1979 voru eigendur þessir: Kjartan Magnússon að Hraðastöðum 1 og dánarbú Bjarna Magnússonar að Hraðastöðum 2, með Bjarna Bjarnason skráðan fyrir skepnunum. Hann var einnig eigandi að Hraðastöðum 3 og Kjartan Jónsson að Hraðastöðum 4. Jörðin er enn í ábúð (Jarðaskrár).

Náttúrufar og jarðabætur

Í Landamerkjaskrá frá 1890 segir að merki jarðarinnar liggir: „1. Á vestursíðuna milli Mosfells og Hraðastaða, úr Köldukvísl móts við Laxnesslækjarmynni ofan við Svörtukeldu beina línu í Hraðaleiði við suður ána (Æsustaðaá). Sú á ræður merkjum milli Æsustaða og Hraðastaða alla leið upp að Markasteini. 2. Á suðursíðuna milli Helgadal og Hraðastaða, úr nefndum Markasteini uppí vörðu á miðju Grímmannsfelli; úr þeirri vörðu beina stefnu í Stórhól; úr Stórhól beina línu norður í Gljúfrið austanvert, við svonefndan Hraðablett. 3. Á norðursíðuna milli Mosfells ... Laxness [og Hraðastaða] ræður nefnt Gljúfur og Kaldakvísl alla leið niður á móts við Laxnesslækjarmynni, sem fyrst er nefnt“. Svonefndur Markasteinn milli Æsustaða, Hraðastaða og Helgadal heitir Merkisteinn í Örnefnalýsingu Helgadal (Ólafur Þórðarson) en Merkjasteinn í Landamerkjaskránni þar og Örnefnalýsingu Hraðastaða. Hann er

skráður undir Helgadal (nr. 28). Í Örnefnalýsingu er bætt við þetta: „Reyndar er nú kominn Merkjalækur á móti Helgadal en það er skurður“.

Heimildir

- Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.
- J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólks-tölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðar-töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.
- Jarðaskrár 1958-1979*. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.
- Landamerkjaskrá* Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1980. Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. Örnefnalýsing *Helgadal*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.

Fornleifaskrá - Hraðastaðir

Hraðastaðir 123676-243-1 Bústaður

Sérheiti: Hraðastaðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 má í miðju túni sjá gamla bæjarstæðið á Hraðastöðum. Vegar-spottar (nr. 6) liggja að því úr suðri og norðri. Húsin (sbr. nr. 1-3) eru norðan og austan megin í stæðinu en garður (nr. 4) norðan, vestan og sunnan megin. Stærsta byggingin, líklega sjálfur bærinn, stendur rétt fyrir enda heimreiðarinnar.

Um er að ræða fjögur samföst aflöng hús, skv. kortinu úr torfi og grjóti og með standþili, jafnt gólfi, eða því nær, á hlöðum. Vestasta húsið er nokkuð styttra en hin, miðhúsin tvö mjórri og austasta húsið stærst. Framgaflarnir mynda beina línu og snúa í suðvestur að garði og heimreið.

Heimildaskrá

Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-2 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Við hliðina á bænum (nr. 1), austan megin og utan garðs, sýnir Túnakort eitthvert útihús. Þetta eru tvö aflöng hús, líklega úr torfi og grjóti og e.t.v. með hálfpili á stafni eða stöfnum. Suðvestara húsið hefur stefnuna NV-SA og liggur þvert á suðvesturgafli hins hússins sem hefur stefnuna SV-NA.

Heimildaskrá

Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-3 Bústaður**Sérheiti: Hraðastaðir****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Bak við og norðan megin við bæinn (nr. 1) er á Túnakorti bygging. Þetta er aflangt hús, skipt í tvennt eftir endilöngu, byggt úr timbri með járnþaki og líklega járnvarið. Stefnan er NV-SA. Á mörgum býlum voru slík hús til íbúðar.

Heimildaskrá

Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-4 Garður**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Skv. Túnakorti liggur garður kringum bæjarstæðið, húsin (nr. 1-3) og kálgarð. Garðurinn nær frá bænum (nr. 1) í SSV meðfram heimreiðinni (nr. 6), beygir í VNV, síðan í NNA, loks í ASA kringum timburhúsið (nr. 3) og endar stutt frá norðausturhorni bæjarins. Hann er hlaðinn úr jarðefnum, grjóti og torfi eða öðru hvoru.

Heimildaskrá

Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-5 Fjós**Tegund: Tóft 465****Staðhættir og lýsing**

Við fornleifaskráningu árið 1980 var könnuð rúst af fjósi í túninu heima við bæinn. Rústin er um 7 x 14 m að innanmáli, veggir 1,5-1,7 m á hæð og um 2 m á breidd, hlaðnir úr höggnu grágrýti. Gólfið

er steipt og flór eftir því endilöngu (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Fjósið hefur ekki náð að komast á Túnakort sem gert var 1916, enda, að sögn Bjarna Bjarnasonar á Hraðastöðum 2, ekki byggt fyrr en um 1920 og síðan rífið um 1978 (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-6 Heimreið**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Á Túnakorti má sjá heimreið liggja NNA gegnum túnið að bænum en auk þess liggur vegur aftan að húsunum, úr norðri. Þetta eru skv. kortinu hlaðnir og malarbornir vegir, e.t.v. með tröðum.

Heimildaskrá

Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-7**Bústaður, hlaða, fjós****Sérheiti: Hraðastaðir****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Á skissu sem gerð var við Þjóðháttarannsókn stúdenta árið 1976 má sjá aflangt hús með baðstofu, hlöðu og gömlu fjósi á Hraðastöðum. Það líkist engu þeirra húsa sem sýnd eru í bæjarstæðinu á Túnakorti frá 1916 en uppdrátturinn er líklega ónákvæmur. Að sögn skrásetjara sem annaðist fornleifaskráningu á staðnum árið 1980 er húsið horfið (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands. Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Hraðastaðir 123676-243-8 Lambhús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Skv. Þjóðháttarannsókn stúdenta var lambhús um 80 m suðaustan við baðstofuhúsið (nr. 7). Það virðist ekki sjáanlegt á Túná-

korti nema þá ef vera kynni hús sem þar er sýnt suðvestan í túninu (nr. 9), þ.e. ef gert er ráð fyrir að baðstofuhúsið hafi staðið á svipuðum slóðum og bæjarhúsin á kortinu. Lambhúsið var horfið við fornleifaskráningu árið 1980 (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Hraðastaðir 123676-243-9 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Túnakorti er útihús, suðaustan megin í túninu, rétt við túngarð (nr. 12). Húsið er aflangt, líklega úr steinlímdu eða steinsteypu grjóti. Það skiptist í stærra herbergi sem er norðvestar og minna herbergi suðaustar. Stefnan er SA-NV.

Heimildaskrá

Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916.

Hraðastaðir 123676-243-10 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Við fornleifaskráningu árið 1980 var könnuð rúst af útihúsi í túninu á Hraðastöðum. Til að sjá er rústin eins og talsvert áberandi þúst í túninu. Hún er ferningslaga, um 3 x 4 m að innanmáli, veggir líklega um 1,5 m á breidd. Inngangur er austan megin á norður-gafla (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Húsið var að sögn Bjarna Bjarnasonar bónda brotið niður ásamt fleirum (sbr. nr. 11) um aldamótin 1900 þegar upp gaus miltisbrandur og hafði ekki verið hreyft við því síðan (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-11 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Fornleifaskráningu 1980-1982 er útihúsarúst sunnan í túninu, í brekkunni um 5 m NV við heimreiðina (nr. 6) og um 4 m NA við túngarðsbrot (sbr. nr. 12). Rústin er óljós að formi en ætlað innanmál um 3 x 5

m og veggir gætu hafa verið 1,5 m á breidd. Dyr eru fyrir miðju vestan megin (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Húsið var að sögn Bjarna Bjarnasonar brotið niður um aldamótin 1900 þegar upp gaus miltisbrandur (sbr. nr. 10) (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-12 Túngarður

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 má sjá að túngarður hefur verið á Hraðastöðum. Við fornleifaskráningu árið 1980 fannst garðbrot suðvestan við útihúsarúst (nr. 11), rétt vestan við heimreiðina. Stærri hluti túngarðsins fannst þó í útjaðri túnsins, austan bæjar (nr. 1) (Ágúst Ó. Georgsson). Í Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976 er minnst á túngarðsbrot þeim megin, 150-180 m frá bænum.

Á Túnakortinu nær garðurinn alla leið umhverfis túnið, nema hvað hann virðist slitna á örstuttum kafla sunnan megin, austan heimreiðar, rétt við útihús nr. 9, og staðfesti Bjarni Bjarnason að svo hefði verið. Skv. skrásetjara hefur garðurinn varðveist á löngum kafla í austur- og norðurjaðri túnsins, auk brotsins sunnan megin. Hann er hlaðinn úr grjóti, 1,5-2 m á breidd og 0, 3-0,4 m á hæð (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Þrátt fyrir túngarðinn segir í Þjóðháttarannsókninni: „Nátthagar voru engir á Hraðastöðum ... Tún voru alls staðar ógirt og féð stóð bara upp með birtunni“.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Hraðastaðir 123676-243-13 Rétt

Sérheiti: Stöðull

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnalýsingu 1968 er Stöðull austan við túnið á Hraðastöðum (Ari Gíslason). Í

Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976 er talað um kvíar fyrir utan túngarðsbrot, 150-180 m frá bænum, en við fornleifaskráningu árið 1980 segir að rétt sé byggð utan í gamla túngarðinn (nr. 12), áður að öllu leyti utan túnsins, en núverandi túngirðing gengur í gegnum hana (Ágúst Ó. Georgsson).

Réttin er skv. skrásetjara mjög heilleg og öll uppistandandi, innanmál um 6 x 11, veggjabreidd um 2 m og hæð um 1 m. Grjót-hlaðinn túngarðurinn hefur verið notaður sem veggur norðvestan megin en aðrir veggir eru úr grjóti og torfi. Inngangur er á langveggnum suðvestan megin, fast við suðausturvegginn.

Aðrar upplýsingar

Í Þjóðháttarannsókninni segir: „Færiskvíar voru notaðar alls staðar í dalnum. Að Hraðastöðum voru þær gerðar úr timburflekum ... Kvíarnar voru hafðar fyrir austan túnið á stöðlinum ... Ærnar og kýrnar voru mjaltaðar á stöðlinum fyrstu 2-3 vikurnar. Þarna var fremur óslétt en það var hægt að mjólka þar fyrir því. ... Mjaltastæðið var nefnt stöðull og þar voru bæði ær og kýr mjaltaðar. Það var aldrei talað um að fara á bólið, heldur var talað um að fara að mjólka. „Ærnar eru komnar í kvíarnar ... kýrnar eru komnar á stöðulinn“, var venjulega sagt.“ Kvíarnar höfðu að sögn verið þarna frá ómuna tíð en þessi frásögn miðast einkum við tímabilið 1900-1914. Víða var hætt að færa frá 1914 og var svo á Hraðastöðum. Skv. Bjarna Bjarnasyni árið 1980 var þarna þó fjárrétt fram á síðustu ár en hún er ekki notuð lengur núna (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968. ópr. Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Hraðastaðir 123676-243-14 Óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 5 m austan við réttina (nr. 13) sýndist skrásetjara fornleifa á staðnum árið 1980 vera einhver tóft. Um er að ræða hleðslur úr torfi og grjóti. Veggjarbrot liggur samsíða suðausturvegg réttarinnar, álíka langt, og

óljóst sést í menjar eftir horn og annan vegg sem beygir í átt að réttinni (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Að sögn Bjarna Bjarnasonar er tóftin frá því fyrir aldamót (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-15 Fjárdal

Sérheiti: Hraðaborg

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu 1968 segir: „Austan við túnið er Stöðull og stór hóll þar suður af heitir Hraðaborg, þar er nú fjárhús en áður var þar fjárdal kringlótt fyrir sauði“ (Ari Gíslason). Á skissunni sem fylgir Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976 er fjárdalinn merkt inn suðvestan Stöðuls (nr. 13), um 200 m sunnan baðstofuhússins (nr. 7) en hún var horfin við fornleifaskráningu árið 1980 (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968. ópr.

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Hraðastaðir 123676-243-16 Varða

Sérheiti: Vörðuholt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Fyrir austan og framan bæinn er holt, sem heitir Vörðuholt“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968. ópr.

Hraðastaðir 123676-243-17

Áningarstaður

Sérheiti: Tjaldhóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austur frá bænum, vestanvert við lækinn sem rennur úr Stekkjargili (nr. 19), áður en kemur að gilinu, er holt eða „...melhóll, sem heitir Tjaldhóll“ (Ari Gíslason). „Þar

var líka Tjaldhólsflöt...“ (Þjóðhátтарannsókn stúdentanna 1976).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968. ópr.
Þjóðhátтарannsókn stúdentanna 1976.

Hraðastaðir 123676-243-18 Álfabyggð

Sérheiti: Hátíðisklettur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Sunnan og suðaustan við bæ er mikil dæld og hólur, sem heita Dalahólar, og Dalhólahlíð er þar upp af. Úr henni kemur Stekkjargilið er síðar getur (nr. 19). Þar eru klettur nefndir Hátíðisklettur. Þar héldu álfar fyrrum hátíð. Neðar er aflíðandi, sem nefndur er Flatafjall“ (Ari Gíslason).

Aðrar upplýsingar

Að sögn Bjarna Bjarnasonar eru engir Hátíðisklettur þarna heldur er verið að rugla saman við Hádegisklett (sbr. nr. 28), sem er ofan við Fagradal, en hliðin austur af þeim kletti heitir skv. Bjarna Dalhólahlíð (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968. ópr.
Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-19 Stekkur

Sérheiti: Stekkur

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Miðað við Örnefnalýsingu eru Dalahólar „...sunnan og suðaustan við bæ... ..og Dalhólahlíð er þar upp af. Úr henni kemur Stekkjargilið... ..og rennur í Köldukvísl við 97 m hæð. Við gilið var gamall stekkur en hann er horfinn í ána. Það er sá neðri, en annar Stekkur er ofar“ (Ari Gíslason). Skv. Fornleifaskráningu 1980 er hann í brattri grasi vaxinni brekku, 5-6 m vestan lækjarins, um 1,5 km austan Hraðastaða. Hliðin er í norðanverðu Grímmannsfelli og hallar til norðurs (Ágúst Ó. Georgsson).

Varðveitti stekkurinn var tekinn að falla saman þegar skráning fór fram og manngerðir veggir mjög lágir. Hann virðist hins vegar hafa verið byggður í þröngum skorningi, allur vesturvegurinn að mestu leyti

gerður af náttúrunnar hendi, en austurvegurinn að hluta hlaðinn úr grjóti og torfi. Aftur úr suðurendanum gengur lambakró og fylgir skorningnum. Stekkurinn hallast allur til norðurs með hliðinni, fremri hlutinn um 1,5 m á dýpt og er miklu dýpri en lambakróin, en af því að dæma hafa lömbin staðið um 1,5 m hærra en ærnar. Hefur því orðið að hlaða traustan vegg til að koma í veg fyrir að þau gætu stokkið niður. Vegna hallans hefur einnig þurft góðan framvegg norðan megin á stekknunum til að hindra stök og af grjóti á botninum í þeim enda má raunar ráða að veggurinn hafi verið grjóthlaðinnaðinnanverðu. Lokseraðrekstrarargarður framan við stekkin, einnig að mestu úr grjóti (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Bjarni Bjarnason vísaði á stekkin og sagði hann vera frá því fyrir aldamót (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968. ópr.
Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-20 Stekkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnalýsingu voru stekkirnir tveir, annar ofar og sunnar í gilinu (nr. 19), hinn á að hafa verið neðar við gilið, nær Köldukvísl, en hann er horfinn í ána (Ari Gíslason), enda bar leit að honum ekki árangur við fornleifaskráningu árið 1980 (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Kjartan Magnússon mundi eftir rúst þessa stekkar á staðnum. Móðir hans, fædd 1858, mundi þó ekki eftir henni en þar eð faðir hans stíaði ekki var alltaf fært frá við fjárhúsin í þeirra tíð og því enginn stekkur (Þjóðhátтарannsókn stúdentanna 1976).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968. ópr.
Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.
Þjóðhátтарannsókn stúdentanna 1976.

Hraðastaðir 123676-243-21 Refagildra**Sérheiti:** Gildra**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Að sögn Bjarna Bjarnasonar á að vera refagildra, kölluð Gildra, neðan varðveitta stekkjargils (nr. 19) í Stekkjargili. Gerð var að henni árangurslaus leit við fornleifaskráningu 1980 (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Refagildran á að vera frá því fyrir aldamót (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-23 Eyktarmark**Sérheiti:** Miðmundagil**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Austan Stekkjargils er Miðmundagil. Í Örnefnalýsingu er farið yfir landið frá landamerkjum Hraðastaða norðaustan megin en nálægt þeim er Helgufoss í Köldukvísl. Þar við eru tættur mjög fornar í landi Bringna. Þá tekur við frekar brött hlíð, sem heitir Selhlíð. Niður hana falla fjögur gil. Fossgil er innst þeirra. Það er á mótis við Bringur. Vestast er Miðmundagil (Ari Gíslason).

Aðrar upplýsingar

Í Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976 er gerð grein fyrir eyktamörkum: „Smalinn hafði enga klukku. Hann kunni eyktamörkin og notaði þau til að vita hvað tímanum leið. Þegar sólin var á Miðmundafelli þá var kl. 10 að morgni. Þegar sólin var á hæsta klettinum í Torfadals hryggjum þá var kl. 12. Þegar sólin var yfir Djáadalnum þá var kl. 3 eftir hádegi. Þegar sólin var við fjallendann í Helgafelli þá var það kallað miðaftan. Náttmál voru kl. 10 og var sólin komin út fyrir öxl á Hrísrúafjallinu en það var óvanalegt að nefna þetta eyktarmark og menn fóru ekki eftir því“. Þetta miðast einkum við tímabilið 1900-1914.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968. ópr. Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Hraðastaðir 123676-243-24 Vatnsból**Sérheiti:** Lambalækur**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Í Örnefnalýsingu segir: „Beint norður frá bæ var Lambalækur. Það var þrautavatn fyrir allar skepnur“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá


Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968. ópr.

Hraðastaðir 123676-243-25 Fjánhús**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Skv. skissu, sem fylgir Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976, er fjánhús um 100 m sunnan baðstofuhúss (nr. 7). Fjánhúsið fannst ekki við fornleifaskráningu 1980 en e.t.v. er þetta hið sama og getið er um á Túnakorti, sunnan bæjarstæðis (nr. 1-4). Það er að vísu ekki teiknað inn á kortið en sunnan og utan merkingar túngarðsins stendur skrifað innan sviga: „Túnblettur (5-6 h.) er hér, við fjánhús“.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Hraðastaðir 123676-243-26 Stekkur**Tegund:** Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í dálítilli grasi vaxinni dalkvos, sem kölluð er Fagridalur, vestanvert í Grímmannsfelli og um 600 m sunnan Hraðastaða, fannst rúst við fornleifaskráningu árið 1980, líklega af stekk með lambakró (Ágúst Ó. Georgsson).


Stekkurinn er byggður utan í brekku, um 2,5 x 5 m að stærð. Veggirnir eru nokkuð ógreinilegir og næstum engir í suðurenda. Inngangur hefur verið syðst á vesturlangvegg og annar á norðurgafli inn í lambakró sem gengur út af stekki þeim megin. Hún er um 2 x 2 m að stærð, veggir um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hraðastaðir - 123676-243-27 Beitarhús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Á dálitlum hól eða hæð, um 30 m niður af norðurbrún Fagradals, vestan Grímmannsfells, er skv. Fornleifaskráningu 1980 rúst af einhverju skepnuhúsi, e.t.v. beitarhúsi (Ágúst Ó. Georgsson).

Rústin er saman fallin og gróin og líkist mest dálítilli dæld ofan í hólnum. Áætlað innanmál er um 2 x 4 m. Veggir eru um 1 m á breidd en veggjahæð má ráða af dýpt

tóftarinnar sem mest er um 0,6 m í henni miðri (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Bjarni Bjarnason sem vísaði skrásetjara á rústina kallaði þetta kofatóft án þess þó að vita til hvers kofinn hefði verið notaður (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hraðastaðir 123676-243-28 Legstaður?

Sérheiti: Hraðablettir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnalýsingu er Stórhóll á háfelli Grímmannsfells en „...austar niður undir Köldukvísl eru vallendisblettir nefndir Hraðablettir“ eða: „...svo eru vallendisblettir meðfram ánni í stefnu á Bringur og heita þeir Hraðablettir“ (Ari Gíslason). Í Þjóðhátarannsókn stúdenta 1976 segir: „Parna í afréttinum eru örnefni eins og Stórholt, Hraðablettur (þar á Hraði að vera heygður)...“.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8.1968. ópr. Þjóðhátarannsókn stúdenta 1976.

Hraðastaðir 123676-243-29 Legstaður

Sérheiti: Hraðaleiði

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í fornleifaskýrslu árið 1817 staðsetur séra Markús Sigurðsson Hraðaleiði „...á Landamerkjum Mosfells og Hradastada, á grasvöxnum Areyrarbakka, hvar hærra Landslag med Móabarde umgyrder fyrir ofan so mögulegt væri, ad Áinn hafde einhvorn-tima runnid kríngum nefndan Hól“ (Sveinbjörn Rafnsson, bls. 258 o.þ.tilv.rit). Um þetta ber Markúsi saman við séra Stefán Þorvaldsson 1855: „...haugur einn er hér í dalnum, á landamerkjum milli Hraðastaða og Mosfells, á sléttu undirlendi við Suðurá, og er haugur sá nefndur Hraðaleiði“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 240). Magnús Grímsson segir að hóllinn sé „...ofarlega á Víðinum sunnanvert, þar sem Reykjaá kemr fram úr Helgadals mynni og beygist vestr á... ..á rennisléttu flöt niðr við ána að norðan-

verðu. Hóll þessi heitir Hraðaleiði... ..og stendr í mörkum milli Mosfells og Hraðastaða...“ (Magnús Grímsson, bls. 273). Skv. Sigurði Vigfússyni 1884-5 er hóllinn „... skammt fyrir neðan Hraðastaði, suður við syðri ána...“ (bls. 74). Í Örnefnalýsingu 1968 segir: „Merkin móti Mosfelli eru þvert yfir Víðinn frá Köldukvísl móti Laxnesmynni, ofan við Svörtukeldu og í Hraðaleiði, sem er hóll við Norður-Reykjaá“ (Ari Gíslason). Skv. Fornleifaskráningu 1980 er þetta vestast í túninu eða í útjaðri þess, „... neðan afleggjarans inn í Helgadal... ..um 600 m vestan við Hraðastaði og 20-30 m norðan við Köldukvísl, nokkurn veginn fyrir miðju mynni Helgadal“ (Ágúst Ó. Georgsson).

Séra Markús lýsir Hraðaleiði svona: „Aflangr Holl, hérumbil 18 al langr og 6 ad breidd...“ (Sveinbjörn Rafnsson). Séra Stefán bætir við: „Hann er aflangur og snýr í norður og suður og ekki allstór“ (Stefán Þorvaldsson). Magnús segir: „...ílangr hóll, eigi mjög stór“ og um leiðið: „Snýr það nokkurnvegin í suður og norður... Að hóllinn sé af mönnum gjörðr held eg eflaust, því svo er að sjá, sem sín gjóta sé hvorumegin hans, þar sem moldin hefði verið tekin upp úr. Norðrendi leiðisins er nú uppblásinn mjög. Leiðið er frá jörðu hérumbil mannhæð, eða vart það, þar sem það heldr sér bezt, og svosem 5 eðr 6 faðma langt, en hálfu mjórra. Ekki er að sjá að leiði þetta hafi nokkurn tíma verið grafið upp af mönnum, og væri víst vert að gjöra það. Sama er að segja um Þormóðsleiði, sem kvað vera líkt Hraðaleiði, og stendr í Seljadalnum sunnan undir Grímmannsfelli. Í því á að liggja Þormóðr, sá er Þormóðsdalr er kenndr við“ (Magnús Grímsson). „Dálítill hóll“ segir í lýsingu Sigurðar Vigfússonar en í Örnefnalýsingu: „...stór rústarhóll, þúst eða haugur... .. sem á að vera haugur Hraða...“ (Ari Gíslason). Að sögn skrásetjara sem skoðaði

hóllinn 1980 er hann lágur, aðeins um 1,7 m á hæð, 10-12 m á lengd, um 6 m á breidd og „...dregst nokkuð að sér að austan og vestanverðunni“. Hann er allur grasi vaxin en sér þó í beran svörðinn á nokkrum stöðum. „Þar er fyrir mold, blönduð fingerðri möl“. Skrásetjari telur ólíkt Magnúsi „...um náttúrulegan hól að ræða... Sé þetta raunverulegur haugur, þá er hann mun stærri en flest fordæmi vísa hér á landi!“ Hann vill þó ekki taka af allan vafa: Hóllinn „...sker sig óneitanlega frá umhverfinu. Enginn hóll annar er þarna nálægt, einungis lágur bungur“ (Ágúst Ó. Georgsson).

Munnmæli

Magnús Grímsson bendir á að í Landnámu er nefndur Þorbjörn Hraðason frá Mosfelli en miðað við það hefur Hraði verið til og þá „...líklega byggt sinn bæ um sama leyti og Þórðr skeggi“ (Magnús Grímsson, bls. 273). Eftir að hafa lýst Hraðaleiði vitnar séra Stefán í munnmæli: „Það er mælt, að Hraði hafi verið þræll í fornöld, er hafi fengið frelsi, og hafi hann þá reist bæ sinn þar, er enn kallast Hraðastaðir, og sé þessi haugur yfir hann orpinn og við hann kenndur“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 240). Í Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976 segir að Hraði eigi að vera heygður á Hraðabletti.

Heimildaskrá

- Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968. ópr.
- Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.
- Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.
- Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Borgarfirði 1884“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884-1885*. Reykjavík.
- Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. *Sýslulýsingar og sóknalýsingar. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.
- Sveinbjörn Rafnsson. „Fornleifaskýrsla séra Markúsar Sigurðssonar á Mosfelli, dag. 1. ágúst 1817“. *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Reykjavík 1980.
- Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Hrísbrú 123677-237

Saga

Hrísbrúar er fyrst getið í Egilssögu en hún er talin rituð um 1200. Hrísbrú er með vissu komin í byggð ekki seinna en á 12. öld.

Næst kemur Hrísbrú við sögu í Fógeta- reikningum 1547-1548 en jörðin er þá komin í konungseigu (Dipl. Isl. XII). Líklega hefur Hrísbrú verið í eigu Viðeyjarklausturs áður en hún komst undir konung. Árið 1704 er jörðin enn konungseign. Jón Eyjólfsson, sýslumaður á Seltjarnarnesi hefur til nota af jörðinni „tvo sjöttunga.“ Einn leiguliði hefur til ábúðar þriðjung af jörðinni (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 325-326). Í bænda eigu er jörðin 1847 og eru ábúendur tveir, eigandi og leiguliði (J. Johnsen, bls. 95).

Hrísbrú hefur eflaust verið í samfelldri ábúð frá miðöldum og í dag (1979) eru ábúendur tveir, eigandi Ingimundur Árnason og leiguliði Ólafur Ingimundarson (Jarðaskrár).

Talið er, að kirkja hafi verið á Hrísbrú og er þess getið í Egilssögu. Hún var seinna flutt að Mosfelli. Kirkja þessi var reist um árið 1000 og stóð í um 150 ár (sjá síðar, sbr. líka Mosfell).

Náttúrufar og jarðabætur

„Lýsing á landamerkjum umhverfis Hrísbrúarland í Mosfellssveit:

1. Á austursíðuna milli Hrísbrúar og Mosfells: Úr Brendahver þráðbein lína til norðurs, yfir víðirinn og mýrina fyrir heiman ána austan við Hrísbrúartún uppí standandi einstakan Klett ofarlega í gilinu fyrir austan Hrísbrú og áfram sömu stefnu norður í Bláskriðugil norðan í Hrísbrúarfjalli; og áfram alla leið norður í Leirvogsa.

2. Á norðursíðuna milli Grafar, Varmadals að norðan og Hrísbrúar að sunnan ræður Leirvogsa merkjum niður að Gráhól við svokallað Snoppufljót í ánni.

3. Á vestursíðuna milli Hrísbrúar og Leirvogstungu, ræður bein stefna úr nefndum Gráhól suður í ármót Köldukvíslar og Reykjaár fyrir neðan Víðisodda.

4. Á suðursíðuna ræður Reykjaá merkjum milli Hrísbrúar og Hlaðgerðarkots“ (Landamerkjabók).

„Þá er Breiðafit suður undir Suðurá móts við eystri enda Helgafells. Aðeins norðar og til hliðar er Markabúfa. Þar voru merki milli tvíbýlisjarða, en er nú hóll. Frá alda öðli var hér tvíbýli“ (Ari Gíslason).

Aðrar upplýsingar

Í landi Hrísbrúar eru nýbýlin Laugaból I og Laugaból II.

Laugaból I er garðyrkjubýli, stofnað 1932-1938. Eigandi 1979 er Gunnar Steinþórsson (Fasteignabók; Jarðaskrár).

Laugaból II er garðyrkjubýli frá 1963-1964. Eigandi 1979 er Andrés Ólafsson (Jarðaskrár).

Heimildir

Ari Gíslason. *Hrísbrú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfram.

Egils saga Skalla-Grímssonar. Sigurður Nordal gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík 1933.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólks-tölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðar-töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Fornleifaskrá - Hrísbrú

Hrísbrú 123677 - 237 -1 Bústaður

Sérheiti: Hrísbrú

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Svo segir Magnús Grímsson í grein sinni „Athugasemdir við Egilssögu“: „Þrír bæir standa sunnan undir Mosfelli. Hrísbrú vestast, undir háfjallinu, þá Mosfell austanhallt undir háfjallsbúngunni, og Minna-Mosfell austast, nær fellshalanum. Á milli Hrísbrúar og Mosfells eru hérumbil 300 faðmar, en milli Mosfells og Minna-Mosfells 140. Bláskriða fellr niðr á milli Hrís-

brúar og Mosfells, og skilr túnin að nokkru leyti, því hún er á landamerkjum jarðanna. Eg ímynda mér, að öll suðrhlíð Mosfells, sem þessir þrír bæir standa nú í, hafi áður verið eitt tún, hérumbil 600 faðma langt frá vestri til austrs; ætla eg, að bærinn Mosfell hafi í fyrstunni staðið þar sem Hrísbú er nú. Er það bæði, að þar hefir fellshlíðin verið fríðust, því þar er hæð hennar mest, og undirlendið undir fjallinu niðr að mýrinni, sem síðar verðr getið, breiðast. Byggi eg og þessa ætlun mína enn fremr á því, sem segir um kirkju Gríms Svartíngssonar, og þegar er á minnst, og hinu öðru, að þar eru öskuhaugar afar fornir og furðu miklir. En engar sjást þar rústir, sem vott beri um neinar stórbyggíngar fornanna, fremr en á hinum bæjunum. Get eg þess til, að bærinn hafi verið fluttr héðan austr með fellinu, þángað sem nú er hann, nokkru fyr en kirkjan, eðr hérumbil einni öld eptir lát Gríms Svartíngssonar. Þykir mér sú ætlan ekki ósennileg, að bærinn hafi þess vegna fluttr verið, að þar ber hæst á undir fellinum, sem nú er hann, og þaðan er hægast að sjá yfir túnið allt, sem áður var getið um að Mosfell mundi hafa átt. En frá Hrísbú sér ekki yfir austasta hluta þess, vegna hólins, sem kirkjan á Mosfelli stendr nú á. Hygg eg, að við bæjarflutning þenna hafi hinn forni bær ekki verið eyðilagðr með öllu, heldr hafi þar sezt einhver, ef til vill ættíngi Mosfellínga, eðr niði Gríms, og þá fengið sinn hluta landsins afmarkaðan; hafi þá nafnið Mosfell fylgt aðalbænum, en Hrísbúarnafnið verið gefið þeirri jörðinni, sem af byggðist“ (Magnús Grímsson, bls. 260-261).

„Sjö sambygð burstarhús úr torfi sneru göflum frammá hlaðið á Hrísbú, en aðeins inngaungubærinn hafði heilan timburgafl, „bæjardyrnar“. Frammeð húsaröðinni var hlaðstétt úr hellugrjóti, reyndar nokkuð mjó ... Núna er forni burstabærinn gleymdur og í staðinn komin nútíma hús...“ (Halldór Laxness, bls. 24 og 27).

Aðrar upplýsingar

Búið er að byggja ofan í gamla bæjarstæðið fyrir löngu.

Heimildaskrá

Halldór Laxness. *Inmansveitarkronika*. Reykjavík 1970.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Hrísbú 123677 - 237-2 Traðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„...þar stóð kirkjan áður fyrr, og kirkjugarður var hér ofan við tröðina“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbú*. Örnefnastofnun Íslands.

Hrísbú 123677 - 237 -3 Kirkja

Sérheiti: Kirkjuhóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu Hrísbúar getur um staði kirkjunnar, sem þar var talin hafa verið: „Vestur af bæ er stór hóll, sem heitir Kirkjuhóll (37). Hann er norðvestur frá bæ; þar stóð kirkjan áður fyrr, og kirkjugarður var hér ofan við tröðina“ (Ari Gíslason).

Svo segir Magnús Grímsson: „Þess er þegar getið, að þegar kristni var í lög leidd á Íslandi var Grímr að Mosfelli skírðr, og lét þar kirkju gjöra. En sú kirkja stóð á Hrísbú. Er eptir því alllíklegt, að bær Gríms, sem þá var hinn eini undir fellinu, hafi staðið þar, sem Hrísbú er nú, og skal þar um tala síðar betr. Grímr hefir byggt sína kirkju eptir árið 1000, líklega stuttu eptir, en hún stóð á sama stað þángað til í tíð Skapta prests Þórarinssonar, eðr þángað til um miðja tólftu öld. Þessi Skapti prestr Þórarinsson er að ætlan manna sá, sem talinn er meðal nokkurra presta, kynborinna íslenzkra, er uppi voru árið 1143. Og í formálanum fyrir Egils sögu (Rvík 1856, vi bls.) byggir Jón Þorkelsson á því þá ætlan sína, að kirkjuflutningurinn hafi farið fram einhvern tíma á árunum 1130-1160. Hefir því kirkjan staðið á Hrísbú hérumbil ... 150 ár“ (bls. 255).

Talsverðar vangaveltur eru um hvar hinn fyrsti bær að Mosfelli hafi staðið. Kálund álitur að hann hafi upphaflega staðið á Hrísbú ásamt kirkjunni. Síðan hafi bærinn verið fluttur að Mosfelli og kirkjan á eftir (Kálund, bls. 50). Sigurður Vigfússon ræðir þetta mál einnig en kemst að annarri niðurstöðu en Kálund. Álitur hann frásögn Egils-

sögu um kirkju á Hrísrú, sem seinna var flutt að Mosfelli, rétta. Um bæjarflutning og þar með nafnbreytingu var ekki að ræða. Álitur Sigurður að kirkjan á Hrísrú hafi verið flutt að Mosfelli á árabílinu 1130-1160 (Sigurður Vigfússon, bls. 62-74).

Í útgáfu sinni að Egils sögu telur Sigurður Nordal líklegast að kirkjan hafi fyrst verið byggð fjarri bænum að Mosfelli en seinna verið flutt að bænum og hjáleigan Hrísrú byggð á gamla kirkjustaðnum (Egils saga, bls. 298 n.m.).

Talsvert hefur verið skrifað um staðsetningu hinnar fornu Hrísrúarkirkju. Um þetta segir Magnús Grímsson: „Það er varla von, að nein viss merki sjáist nú Hrísrúarkirkju, eptir hérumbíl 700 ára tíma. En þó eru þar nokkur vegsummerki enn, sem styðja söguna. Skammt útnorðr frá bænum á Hrísrú, norðan til við götu þá, er vestr liggur um túnið, er hólvera ein, hvorki há né mikil um sig. Það er nú kallaðr Kirkjuhóll. Stendr nú fjárhús við götuna, landsunnanmegin í hóljaðri þessum. Þegar menn athuga hól þenna lítr svo út, sem umhverfis hann að vestan, norðan og austan, sé þúfnakerfi nokkuð, frábrugðið öðrum þúfum þar í nánd. Þetta þúfnakerfi á að vera leifar kirkjugarðsins (því kirkjan á að hafa staðið á hólnum) og er það allíkt fornum garðarústum. Innan í miðju þúfnakerfi þessu á kirkjan sjálf að hafa staðið, og þar er varla efunarmál, að þar hafi til forna eitthvert hús verið. Eigi er hægt að ætla neitt á um stærð rústar þessarar ... Tveir steinar sáust uppi á hólnum, sokknir í jörð að mestu; voru þeir teknir upp haustið 1857, og líta út fyrir að hafa verið undirstöðusteinar, óvandaðir og óhöggðir, en ekki alllitlir; má vera að þeir hafi verið í kirkjunni. Við upptekning steina þessara sýndist svo, sem moldin í hólnum væri lausari og mýkri(?) en í túninu fyrir utan hólinn. Það mun því efalaust, að kirkja Gríms Svartingssonar hafi hér staðið. Annarsstaðar getr hún varla hafa verið á Hrísrú, enda bendir og nafnið, Kirkjuhóll, á að svo hafi verið. Hefir þar og verið kirkjustæði allfagr, en ekki mjög hátt“ (bls. 255-6).

Um þetta segir Kálund: „... umiddelbart ved gården hrisbru et par skridt nordvest

for denne påvises der en høj Kirkehol (Kirkjuhóll), hvor den gamle kirke skal have stået. Men hvor kirken oprindeligt er bleven bygget, må næsten med nødvendighed gården (hovedgården) på den til have stået. Det er, som allerede bemærket, gennemgående ved alle de islandske kirkesteder, at kirken oprindeligt er bleven bygget enten lige over for eller ganske tæt ved våningshusene, en fremgangsmåde, som var så meget mere praktisk, som man ofte, hvad den oven for anførte begivenhed fra Gunl. frembyder et eksempel på, måtte benytte kirken som det eneste nogenlunde sikre tilflugtssted under fjendelige overfald“ (bls. 49-50).

Sigurður Vigfússon segir eftirfarandi um staðsetningu kirkjunnar að Hrísrú: „...enn þar á móti sést enn nokkur vottur fyrir, þar sem kirkjan hefir átt að standa norðvestr frá bænum; þar er enn kallaðr Kirkjuhóll, og sýnist þar sumstaðar votta fyrir kirkjugarðinum umhverfis, enn það er orðið að þúfnabörðum og allr hólínn kominn í þýfi, svo ekkert verulega sést fyrir kirkjutóttinni og engu máli verðr hér við komið; vera má; að hér hafi verið sléttað yfir og síðar alt orðið að þúfum. Síra Magnús /Grímsson, í „Athugasemdum við Egilssögu“ / segir, að hér sé öskuhaugar afarfornir og furðu miklir, þarf að grafa það alt í sundr; enn hann getr ekki um, að það hafi verið gert, enda sá eg þess engin merki...“ (bls. 65).

Túninu hallar frá Mosfelli í suður. Mynda tveir hólar pall eða brún örskammt N-V af bænum. Neðan við stall þennan, hallar túninu mun minna, er nánast flatt. Kirkjuhóll er þannig á miðju heimatúni. Að baki áhaldahúss eða skúrs, um 20 m vestur frá gamla íbúðarhúsinu og 50 – 60 m norðan við það nýja (Ágúst Ó. Georgsson).

Örskammt N-V við bæinn eru tveir hólar, sem eru eðlilegt framhald á túbrennkunni neðan fellsins. Gamli bærinn stendur á lágum hól. Milli hans og Kirkjuhóls er laut eða þröngur skorningur. Hulduhóll, sem er þriðji hólínn, er svo rétt vestan Kirkjuhóls. Þar sem bunga hans endar er dálítil laut og tekur Hulduhóll svo við. Greinilega hefur einhver mannabyggð verið á Kirkjuhól. Hann er talsvert þýfður, mjög grænn og nú

afgirtur. Hóllinn er nokkurn veginn hringlaga, um 30 m í þvermál. Um hann má segja, að mjög rústalegt er, þar sem hann er hæstur. Ekki er hóllinn flatur að ofan, heldur bungulaga og hallar mest til suðurs. Á honum miðjum er aflöng sporöskjulaga þúst um 4 m á lengd og 2,5 m á breidd. Hæð þústarinnar er ca. 30 – 40 cm miðað við umhverfið. Um 4 m vestan við þúst þessa má sjá móta fyrir ferningslaga tóft (A), en nokkuð óljóst þó. Mál hennar eru 4 x 4,5 m u.þ.b. Liggur rúst þessi í NV-SA. Er hún greinilegust að NV. Almennt má segja um Kirkjuhól, að hann er mjög rústalegur að sjá. Mjög erfitt er samt að koma öllu heim og saman. Er hólkollurinn allþýfður og eflaust má sjá það út úr þessu sem menn langar helst til. Svæðið austan þústarinnar er engin undantekning frá þessu. Á þessu svæði þykist skrásetjari hafa greint útlinur tóftar, en afar óljóst þó. Má meira en vel vera að um missýn sé að ræða en rétt þótti samt að geta þessa. Tóftin (B) byrjar um 1,5 m norðaustan við þústina. Er hún um 7 m á lengd og 5 m á breidd. Liggur hún í NV-SA. Þarna er talsvert þýft þar sem tóftin stendur. Tóftin er staðsett svo að segja á miðjum hólnum og hallar lítillega til austurs (Ágúst Ó. Georgsson).

Fornleifakönnun

Bandarískir fornleifafræðingar stunda nú rannsóknir á Hrísbú undir stjórn Jesses Byocks. Sumarið 2001 komu þeir niður á grafir á Kirkjuhól og virðast því hafa leyst ágreininginn um hvort kirkja hafi staðið á Hrísbú.

Munnmæli

Fólkið á Hrísbú segir að talið hafi verið að kirkjan hafi staðið þar sem þústin er nú.

Ólafur Ingimundarson, bóndi á Hrísbú, segir að sér finnist líkast því sem sléttað hafi verið ofan á hólnum. Ekki segir hann að raskað hafi verið við hólnum síðan hann man eftir sér. Ólafur segir að garðbrot hafi verið rétt neðan hólans, neðan gamla vegarins sem þar lá og sést enn móta fyrir. Garður þessi var stuttur og er hann nú allur horfinn. Hluti hans hefur staðið þar sem áhaldahús og eða gripahús er neðan Kirkjuhóls. Var garðurinn fjarlægður fyrir mörgum árum.

Hreinn Ólafsson, bóndi í Helgadal, sem ættaður er frá Hrísbú (frændi Ólafs á Hrísbú) segir að fundist hafi mannabein í Kirkjuhól. Hafi þau komið upp er grafið var fyrir kartöflukofa er stendur utan í hólnum að V-SV verðu.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. *Egils saga Skalla-Grímssonar*. Sigurður Nordal gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík 1933.

Kálund, Kristian. *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island. I. Syd- og Vest- Fjærdingerne*. Kjöbenhavn 1877.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Borgarfirði 1884“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884-1885*. Reykjavík.

Munnlegar heimildir:

Hreinn Ólafsson, bóndi í Helgadal.

Ólafur Ingimundarson, bóndi á Hrísbú.

Hrísbú 123677 - 237 -4 Kirkjugarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu Hrísbúar getur um staði kirkjunnar, sem þar var talin hafa verið: „Vestur af bæ er stór hóll, sem heitir Kirkjuhóll (37). Hann er norðvestur frá bæ; þar stóð kirkjan áður fyrr, og kirkjugarður var hér ofan við tröðina“ (Ari Gíslason).

„Þegar menn athuga hól þenna lítr svo út, sem umhverfis hann að vestan, norðan og austan, sé þúfnakerfi nokkuð, frábrugðið öðrum þúfum þar í nánd. Þetta þúfnakerfi á að vera leifar kirkjugarðsins (því kirkjan á að hafa staðið á hólnum) og er það allíkt fornum garðarústum. Innan í miðju þúfnakerfi þessu á kirkjan sjálf að hafa staðið, og þar er varla efunarmál, að þar hafi til forna eitthvert hús verið. Eigi er hægt að ætla neitt á um stærð rústar þessarar, en kirkjugarðurinn hefir, eptir því sem nú verður næst komizt, verið hérumbil 11-12 faðma að þvermáli. Syðri veggur hans, sem ætti að vera, er nú götubakki, og fyrir því verður ekki séð, hvort garðurinn hefir verið ferskeyttr eðr sporeskjumyndaður. Til leiða sést ekki, því þúfurnar, sem ættu að vera leiði, snúa í ýmsar áttir. Allr er hóllinn (kirkjugarðurinn) þýfður, en ekki eru þúfurnar á honum eins háar, og þær eru þar í

kring í túninu“ (Magnús Grímsson, bls. 255-6).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbrú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Hrísbrú 123677 - 237 -5 Álagablettur

Sérheiti: Hulduhóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Hulduhóll er stór hóll upp af kirkjuhól, sem er vestur frá bæ. Heyrðist ef stappað var í hólinn. Ekki mátti slá eða snerta við þessum hól (Ari Gíslason).

Munnmæli

Ólafur Ingimundarson, bóndi að Hrísbrú (fæddur 22.11.1933, skráð 15.7.1980) segir, að slá mætti hólinn. Ekki mátti þó raska við honum á annan hátt. Þar er sagt, að hey myndi ekki hrekjast. Virtist það standast nokkuð. Hóllinn var sleginn meðan ennþá var slegið með orfi og ljá, en það var amk. þar til Ólafur var tvítugur.

Sagt er að bróðir afa Ólafs hafi grafið í hólinn. Var það bara af forvitni gert. Eftir að þeir gerðu það, dreymdi móður þeirra illa. Af þessu hlaust, að kýr dó á bænum. Þetta gæti hafa verið um 1880. Afi Ólafs hét Andrés Ólafsson og var fæddur árið 1871. Hann var bóndi á Hrísbrú.

Ofan á hólnum eru tvær rákir eða för. Tæpast er þó um tóft að ræða, heldur er þetta eitthvert rask (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbrú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Munnlegar heimildir

Ólafur Ingimundarson, bóndi á Hrísbrú.

Hrísbrú 123677 - 237 -6 Áningarstaður

Sérheiti: Tjaldanes

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Sunnan við Köldukvísl er hluti af stykki því, sem nefnt er Víðir og er í eigu Hrísbrúar. Svæði þetta nær suður að Suðurá. Neðsti oddinn á Víðinum nefnist Tjaldanes. Þegar Borgfirðingar fóru landveg til Reykja-

víkur tjölduðu þeir þarna í nesinu (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbrú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Hrísbrú 123677 - 237 -7 Kuml

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Sunnan við Köldukvísl er hluti af stykki því, sem nefnt er Víðir og er í eigu Hrísbrúar. Neðsti oddinn á Víðinum nefnist Tjaldanes en á nesi því var Egill Skalla-Grímsson heygður (Ari Gíslason).

Haugurinn liggur fast við ána (Köldukvísl) að sunnanverðu, um 100 m frá oddanum, þar sem Suðurá og Kaldakvísl mætast. Um 50 m neðan (N) þjóðvegarsins upp Mosfellsdal.

Haugurinn er um 7,70 m langur í vestur og um 5 m í norður. Hann er á árbakk-anum og sýnilegt er að áin hefur brotið talsvert af honum. Auðsætt er, að haugurinn hefur einhvern tíma náð talsvert lengra í norður, eða alveg að farveg árið nú. Upphafleg stærð hans hefur mjög líklega verið um 7,70 m í norður og vestur, sem jafnframt hefur verið þvermál hans í báðar áttir. Enn sést greinilega að haugur þessi, sem svo er kallaður, hefur verið hringlaga. Sker hann sig vel frá umhverfinu og sést nokkuð langt að, sjái maður oddann á annað borð. Haugurinn er hæstur um miðjuna um 0,5 m, en er aflíðandi í suður. Norðan miðju er hann mikið skemmdur, örugglega af vatnagangi árið, sem framhjá rennur. Fáeinir þúfnamyndanir eru utan á haugnum. Til að sjá er haugurinn eins og lág bunga eða upphækkun fremst á bakka Köldukvíslar. Nú er girðing yfir hann endilangan frá austri til vesturs. Land það, sem hann stendur á er nú notað til hestabeitar og er allt afgirt. Haugurinn er líkastur því, sem um náttúrumyndun sé að ræða, en skal þó ekkert fullyrt í þeim efnum. Engar hleðslur eru heldur sjáanlegar þar.

Um 14 m sunnan við hauginn eru undirstöður stálgrindahúss eða bragga. Vestan við haug þennan er smáþýfi, um 20-50 m, og eilítið grænna. Líklega er þetta svona frá náttúrunnar hendi, e.t.v. getur lítil tóft eða

tóftir leynst þarna þótt ótrúlegt sé (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Í Víðisoddanum er sagt að verið hafi áningarstaður ferðamanna fyrr á tímum (sjá nr. 6).

Munnmæli

Haugur þessi er sagður vera fyrsti legstaður Egils Skalla-Grímssonar og kannast sveitarmenn vel við þá sögu (sbr. frásögn Eglu).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbrú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hrísbrú 123677 - 237 -8 Kvíar

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Fyrst var mjólkað hér í torfkvíum, svo komu færigrindur. Þá var Stöðull vestur af túni og túngarður þar hjá. Nú er allt þetta orðið að einni flöt“ (Ari Gíslason).

Aðrar upplýsingar

Engar rústir eru þarna nú og man Ólafur Ingimundarson ekki eftir neinum þar (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbrú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hrísbrú 123677 - 237 - 9 Landamerki

Sérheiti: Markaþúfa

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Breiðafit er suður undir Suðurá, móts við eystri enda Helgafells. Aðeins norðar og til hliðar er Markaþúfa. Þar voru merki milli tvíbýlisjarða en er nú höll (Ari Gíslason).

Aðrar upplýsingar

Guðmundur Ólafsson segir Ólaf Ingimundarson ekki kannast við Markaþúfu.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbrú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Hrísbrú 123677 - 237 -10 Stöðull

Sérheiti: Stöðull

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Fyrst var mjólkað hér í torfkvíum, svo komu færigrindur. Þá var Stöðull vestur af túni og túngarður þar hjá. Nú er allt þetta orðið að einni flöt“ (Ari Gíslason).

Aðrar upplýsingar


Engar rústir eru þarna nú og man Ólafur Ingimundarson ekki eftir neinum þar (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbrú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hrísbrú 123677 - 237 -11 Sel

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Í heimild frá árinu 1704 segir: „Selstöðu á jörðin í heimalandi. Landþröng er ef ei er brúkuð selstaða“ (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 325-326).

Í Örnefnalýsingu Hrísbrúar er getið um sel: „Að norðanverðu meðfram frá merkjum heita fyrst Selflatir. Þær munu hafa tilheyrt selinu í gamla daga. Þetta eru fallegar flatir, af sumum nefndar Blómsturvellir“ (Ari Gíslason).

Lítil kvos, öll grasi vaxin og áberandi græn. Sker sig þannig vel frá umhverfinu. Hvammur þessi er um 30 m breiður. Hér er um eina rúst að ræða sem telja má nokkurn veginn örugga. Stærð hennar að innan er um 2 x 4 m. Dyr hafa verið á miðjum vestur langvegg. Tóft þessi er að hluta grafin inn í brekkuna, sem er á bakvið (austanvið). Veggir eru útflattir og breiðir. Hæðin er ca. 0,5 m en þykktin ca 1-2 m. Við hlið þessarar

rústar að norðan mótar fyrir einhverju, sem verið gæti önnur tóft. Sé hér um tóft að ræða, hefur hún verið um 2 x 2-3 m að innannmáli. Þessi „tóft“ er samsíða fyrst töldu rústinni og hefur haft dyr móti vestri. Sunnan við fyrstnefnda rúst mótar ógreinilega fyrir einhverju, sem verið gæti tóft. Sé svo hefur hún verið að innanmáli um 2 x 2-3 m. Inngangur hefur að líkindum verið á móti vestri. Um 8 m vestan við síðasttöldu rúst er eitthvað. Hér gæti verið um einhver mannaverk að ræða. Þarna virðist hafa verið grafið ofan í brekku, sem hallar lítið eitt til norðurs. Stærð þessa er um 3,5 x 5 m, dýptin um 0,5 m, opin til norðurs, en fyrir framan opið er nokkurn veginn slétt flöt.

Allar þessar rústir eru fornlegar að sjá. E.t.v. gætu þetta verið selsrústir frá Hrísbú (sbr. skrá um menningarminjar bls. 65). Niðurgrafna tóftin hefur þá verið kvíar en hinar selið (Ágúst Ó. Georgsson).

Munnmæli

Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku, sagði 25.7.1980: Við sunnanverða Leirvogsa, á móts við bæinn Gröf er holt eða hæð. Kveðst Guðmundur hafa séð einhverjar rústir þar. Líklega er um seljarústir að ræða en gæti þó verið stekkur. Skoðaði hann þetta ekkert nánar, heldur sá rústirnar úr fjarlægð. Á herforingjaráðskortinu danska er svæði þarna rétt hjá kallað Sveinamýri. Sagt er að svæðið sem rústirnar eru á kallist Selflatir. Ágúst Ó. Georgsson merkti Selflatir inn á ljósrit af 1:50000 korti, skv. tilsögn Guðmundar Skarphéðinssonar, bónda á Hrísbú. Ber þeim Guðmundum saman um hvar Selflatir hafi verið. Rústin er sem sagt norðan við Mosfell (fjallið), nálægt ánni (Leirvogsa) og á móts við bæinn Gröf í Kjalarneshreppi.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku.

Hrísbú 123677-237-12 Túngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Fyrst var mjólkað hér í torfkvíum, svo komu færigrindur. Þá var Stöðull vestur af túni og túngarður þar hjá. Nú er allt þetta orðið að einni flöt“ (Ari Gíslason).

Aðrar upplýsingar

Engar rústir eru þarna nú og man Ólafur Ingimundarson ekki eftir neinum þar. Þarna var brot af garði, en það er nú horfið (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hrísbú 123677 - 237 -13 Kofi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Kofi stóð utan í Kirkjuhól (Ari Gíslason). Kofi þessi er kartöflugeymsla með steiptum veggjum sem líklega var byggð um 1935. Ólafur Ingimundarson, bóndi á Hrísbú, telur föður sinn hafa byggt kofann.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. **Munnleg heimildir:** Ólafur Ingimundarson, bóndi á Hrísbú.

Hrísbú 123677 - 237 -14 Lambhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Hulduhóll er í Vesturtúni. Þar, bæjarmegin, stóð lambhús (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Hrísbú 123677 - 237 -15 Fjós

Sérheiti: Fjós

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Gil er niður úr túni og Fjós. Þar voru fjós til forna (Ari Gíslason).

Ólafur Ingimundarson, bóndi á Hrísbú, telur að Fjós hafi verið fyrir neðan núverandi fjós. Þar hafi verið hóll sem kallaður var Fjósahóll eða Fjós.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. **Munnleg heimildir:** Ólafur Ingimundarson, bóndi á Hrísbú.

Hrísbrú 123677-237-16 Hesthús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Við Bæjargil er nefnt Hátún (52). Efst á því heitir Lodduhóll (53) og var erfitt að komast upp á hann. Þarna var hesthús og þurfti því að bera hey þangað (Ari Gíslason).

Aðrar upplýsingar

Ólafur Ingimundarson segir, að staðsetning sé röng í Örnefnaskrá. 15.7.1980.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbrú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Munnleg heimildir:

Ólafur Ingimundarson, bóndi á Hrísbrú 15.7.1980.

Hrísbrú 123677 - 237-17 Þjóðvegur

Tegund: Gata 465

Staðhættir og lýsing

Gamli vegurinn lá rétt ofan við núverandi fjárhús á Hrísbrú og neðan við gamla bæinn í vestur út með Mosfelli. Þetta var aðalleiðin, þjóðvegur, á Suðurnes og í Reykjavík. Sést hluti hans enn í túninu á Hrísbrú. Er það milli Kirkjuhóls og Hulduhóls og stefnir í austur fyrir neðan gamla bæinn (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hrísbrú 123677 - 237-18 Grunnur

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðhættir og lýsing

Á oddanum (Víðisoddanum) um 100 m austan við ármót Köldukvíslar og Suðurár, og um 50 m neðan við (norðan við) þjóðveginn upp Mosfellsdal. Oddinn er flatur og grasi vaxinn milli tveggja áa, lítið eitt þýfður. Eystri hlutinn er nokkuð hærri. Til suðurs er Helgafell skammt undan og melar taka við austan Köldukvíslar (Ágúst Ó. Georgsson).

Um 120 m austan við ármótin hækkar oddinn lítið eitt. Tekur þá við 40-50 m langt sléttlendi. Hækkar landið þá aftur lítillega (bakki). Á þessari upphækkuðu flöt, um 120 m frá ármótunum standa leifar af undirstöðu húss. Sjást þarna enn hringlaga, steinsteyptir undirstöðustólpar, sem mynda

ferning. Snýr húsrúst þessi í A-V og er framgafli í austur. Þessi reglulega ferhyrnda rúst er 10 m á lengd og 5 m á breidd og er þá miðað við utanmálin. Undirstöðustólparnir eru samtals 13, þar af tveir í miðju húsi. Flestir eru stólparnir um 60 cm á hæð og um 4 í þvermál. Ekki er ástæða til að teikna stólpa þessa upp en mynd látin nægja.

Sunnan við rúst þessa mótar óljóst fyrir útlínunum annars húss, sem hefur verið svipað að stærð og lögun. Ekki eru sjáanlegar þar neindir undirstöðusteinar eða stólpar, en brot af steypum hellum eru þar á dreif.

Varðandi hinar steypu undirstöður, er ljóst að þar hefur hús verið skrúfað ofan á, þ.e. undirstöður þess. Ganga alldigrir járnboltar upp úr stólpunum. Ekki er hér um gamla rúst að ræða. Sennilega er hún frá stríðsárunum en gæti líka verið eitthvað yngri. Hugsanlega gæti hafa verið þarna þriðji bragginn, fast við hliðina. Húsarústir þessar, ef rétt er að þar séu fleiri en tvær, liggja allar samsíða og snúa í A-V (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar:

Þarna er sagt að staðið hafi sumarbústaður en hann verið rifinn fyrir 1960.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Hrísbrú - 123677 - 237-19 Stekkur

Sérheiti: Stekkur


Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Áfram til suðurs er Háurð. Síðan eru merkin vestan til við Stekkinn og niður í Harðvallarmel, ... Háabarð var upp af Stekknum, svo Lautir milli Brekku og Hábarðs“ (Ari Gíslason).

Um 500 m vestan við bæinn á Hrísbrú og um 600 m beint norður af malbikaða veginum, sem liggur upp Mosfellsdal.

Á mel, sem hallar aflíðandi til suðurs, við suðvesturenda Mosfells. Þýflendi, grænt og allgrasmikið umhverfis, myndar eins konar eyju á mel-öldunni. Beggja vegna stekksins eru grunnir skorningar (Ágúst Ó. Georgsson).



Stekkur þessi liggur í N-S. Hann er um 12 m langur og 3,40 á breidd, er þá miðað við innanmál. Greinilega má sjá útlínur flestar en ógreinilegastur er stekkurinn í SA endanum. Hann er mjög gróinn og víða hefur hrunið úr veggjum inn í rústina. Nokkru aftan við miðju, til norðurs séð, er upphækkun, nokkuð breið, sem nær þvert yfir rústina og sameinast langveggjunum. Áberandi lægst er upphækkun þessi um miðjuna. Þótt upphækkunin sé e.t.v. nokkuð óskýr að lögun, er samt greinilegt að hún hefur gegnt því hlutverki að skipta rústinni í tvo hluta. Af þessu má álykta að nyrðri endi stekksins hefur verið skilinn frá þeim syðri með þvervegg og dyr á honum miðjum. Í norðurendanum hefur sennilega verið lambakró, allavega hefur einhvers konar kró verið í norðurenda stekksins. Að lögun er stekkurinn reglulegur, ferhyrndur. Sé horft af malbikaða þjóðveginum og í

norður á melinn, sem hallar suður frá Mosfelli, er að sjá á honum miðjum grænan blett, sem sker sig nokkuð úr. Þarna er stekkjarrústin og má jafnvel sjá óljóst móta fyrir henni. Gamall vegur er skammt ofan við stekkjarrústina á melnum. Að vestanverðu er stekkurinn grafinn inn í moldarbakka að hluta í N-enda líka. Stekknum hallar lítillega til suðurs (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Munnmæli

Ólafur Ingimundarson (f. 1933), bóndi Hrísbú, segir að móðir sín hafi mjólkað ær „í fleiri ár“ í þessum stekk. Telur hann, að fráfarur hafi lagst af á Hrísbú á árunum 1915-1920. Hefur ætt Ólafs lengi búið þar.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbú*. Örnefnastofnun Íslands 1968.
Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Munnleg heimildir

Ólafur Ingimundarson, bóndi á Hrísbú 15.7.1980.

Hrísbú 123677-237-20 Lambhús

Sérheiti: Lambabyrgi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„...Blómsturvellir. Þar vestur af heitir Lambabyrgi. Þar austar er melur, sem heitir Lambamelur“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Hrísbú*. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Hrísbú 123677-237-21 Vegur

Tegund: Gata 465

Staðhættir og lýsing

Vegur/leið ofan við sumarbústað vestan við bæinn. Þetta gæti þó verið framhald vegar nr. 17.

Hættumat: Engin hætta

Laxnes 123694-242

Saga

Laxnes hefur sennilega verið í eigu Viðeyjar-klausturs áður en þess er fyrst getið í Fógetareikningum 1547-1552, þá komið undir Danakonung (Dipl. Isl. XII). Árið 1704 var þetta konungsjörð með tvo ábúendur (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 321-2) en 1847 var Laxnes komið í bændaeign og með tvo leiguliða (J. Johnsen). Það skiptist nú í Laxnes 1 og 2, og var Mosfellshreppur ásamt fleirum orðinn eigandi að Laxnesi 1 árið 1979. Jörðin er enn í ábúð (Jarðaskrár).

Náttúrufar og jarðabætur

Landamerki jarðarinnar eru skv. Landamerkjaskrá 1890 þannig: „Milli Laxness og Mosfells: Úr markavörðu, sem er beint á móti Selhlíðargili, í markastein og markaflag neðan til við Jónsselið, þaðan í Sýlingarstein austan til á Skógarbringunum og er hann hornmark milli Laxness og Skeggjastaða: Úr nefndum Sýlingarsteini í Skógarvörðu og þaðan í Hestbrekkna-Skyggni sem er hornmark. Milli Laxness og Minnamosfells: Úr nefndum Skyggni í Tungulækinn, þar sem hann rennur í Köldukvísl. Milli Laxness og Hraðastaða ræður Kaldakvísl mörkum frá því, er Tungulækur rennur í hana, og alla leið upp að fyrnefndu Selhlíðargili og Markavörðu“.

Í Fornleifaskýrslu sinni 1817 segir Markús Sigurðsson frá munnmælum um þau álög á Laxnesi „...að Lax gange ekki upp epter Köldukvísl sem fyrri hafe verid hvar til merkis sé nafnid jardarinnar Laxness er stendr uppvid Fiallgard hiá nefndri Qvísl þeinkje jeg þvjlíkar Sagnir ekki markverdugar heldr séu hértill adrar náttúrulegri Orsaker“ (Sveinbjörn Rafnsson, bls. 258-9 o.þ.tilv. rit). Um þessi álög segir Magnús Grímsson: „Laxnes heitir bær einn ofarlega í Mosfellsdalnum á norðurbakka Köldukvíslar gagnvart Hraðastöðum. Þar á að hafa verið laxveiði til forna eins og bæjar-nafnið virðist benda til. Einu sinni bjó þar kerling ein gömul og forn í skapi en önnur í Leirvogstungu sem ekki var eptirbátr hinnar í fornaskju. Báðar áttu kerlingarnar veiði í Köldukvísl. En svo kom að þær

deildu um veiðina og heituðust útaf henni. Varð Leirvogstungu kerlingin ofaná í heit-ingunum og mælti svo um að aldrei framar skyldi lax ganga upp í ána upp í dalinn. Hafa þau álög haldist æ síðan og því er engin veiði í Mosfellsdalnum. Svona segir sagan. En sú mun vera orsökina til þess að enginn fiskr gengr upp í ána upp í dalinn að hjá Leirvogstungu skammt fyrir ofan túnið fellr áin í gljúfrum nokkrum og er þar foss í henni býsna hár sem laxinn kemst að en ekki yfir. Undir fossi þessum hafa Leirvogstungumenn opt talsverða veiði“ (bls. 273). Frá álögum er einnig greint í Þjóðsögum Jóns Árnasonar (Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri I, bls. 461).

Heimildir

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenzka fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjaskrá Laxness í Mosfellssveit frá 1890.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Sveinbjörn Rafnsson. „Fornleifaskýrsla séra Markúsar Sigurðssonar á Mosfelli, dag. 1. ágúst 1817“. *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Reykjavík 1980.

Fornleifaskrá - Laxnes

Laxnes 123694-242-1 Bústaður

Sérheiti: Laxnes

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Túnakort frá 1916 sýnir fjórar byggingar (nr. 1-4) og kálgarð (nr. 5), væntanlega bæjarstæðið, í austurenda túnsins í Laxnesi. Virðast vegarspottar liggja að húsunum úr þremur áttum (nr. 6). Vestasta húsið er skv. kortinu úr timbri og með jarnþaki, trúlega jarnvarið líka. Á meirihluta býla voru þetta

íbúðarhús. Húsið hefur nokkurn veginn stefnuna S-N og samfast suðurenda þess er eitthvert lítið mannvirki, líka úr timbri.

Heimildaskrá

Túnakort af Laxnesi í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laxnes 123694-242-2 Útihús

Sérheiti: Laxnes

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austan við timburhúsið (nr. 1) sýnir kortið tvö samföst hús. Vestara húsið er úr timbri og skiptist í tvö hólf, hið austara líklega úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti. Þau eru aflöng, með stefnuna S-N.

Heimildaskrá

Túnakort af Laxnesi í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laxnes 123694-242-3 Bústaður

Sérheiti: Laxnes

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austan samföstu húsanna tveggja (nr. 2) er stærsta byggingin í bæjarstæðinu. Þessi bygging skiptist í þrennt: Vestar eru skv. Túnakorti tvö samföst hús byggð úr torfi og grjóti og með standþili. Þau eru aflöng og snúa í suður. Austan megin við hið austara af þessum tveimur virðist vera tóft eftir rofið torfhús.

Heimildaskrá

Túnakort af Laxnesi í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laxnes 123694-242-4 Útihús

Sérheiti: Laxnes

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Bak við húsin í nr. 1-3, beint aftan við timbur- og steinhúsin í nr. 2, er fjórða byggingin á Túnakorti frá 1916. Þetta hús er ferningslaga, gert úr torfi og grjóti, með standþili og snýr í suður. Upp við vesturvegginn næst framgaflinum virðist vera eitthvert lítið mannvirki úr timbri.

Heimildaskrá

Túnakort af Laxnesi í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laxnes 123694-242-5 Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Framan við húsin (1-4), milli heimreiðanna sem liggja úr suðri og austri (nr. 6), er kálgarður. Garðurinn er umgirtur vegg, hlöðnum úr grjóti og torfi, eða öðru hvoru efninu, byrjar því sem næst við suðurenda timburhússins sem er vestast (nr. 1), liggur fyrst í suður, síðan austur, svo í norður með hlykk, loks í vestur og næstum alveg að tóftinni við torfhúsin austast (nr. 3) í bæjarstæðinu.

Heimildaskrá

Túnakort af Laxnesi í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laxnes 123694-242-6 Legstaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Að sögn Halldórs Laxness var kuml við suðurhlið bæjarins í Laxnesi en öll ummerki um það eru horfin núna og veit enginn lengur nákvæmlega hvar þetta var. Kumlið líktist stórri grasi gróinni þúfu, um 1,5 m í þverskurð og 1,5 m á hæð, og voru auðséð mannaverki á henni (Halldór Laxness).

Aðrar upplýsingar

Þetta hlýtur að hafa verið dys eftir stórgrip en þeir voru dysjaðir sem fengu miltisbrand (Halldór Laxness).

Heimildaskrá

Halldór Laxness: Viðtal 26.7. 1980. Ágúst Ó. Georgsson skráði.

Laxnes 123694-242-7 Heimreið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Heimreiðar eða vegarspottar liggja á Túnakorti að bæjarstæðinu úr suðri, austri og norðri. Heimreiðarnar eru sýndar sem hlaðnir og malarbornir vegir.

Aðrar upplýsingar

Aðspurður sagði Halldór Laxness að vegurinn heim að Laxnesi lægi í sama farvegi og í tíð Guðjóns, föður hans (Halldór Laxness).

Heimildaskrá

Halldór Laxness: Viðtal 26.7. 1980. Ágúst Georgsson skráði.

Túnakort af Laxnesi í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laxnes 123694-242-8 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austur af bæjarstæðinu og austast í túninu, milli vegarspottanna sem liggja þaðan í suður og austur, má á Túnakorti sjá útihús. Húsið er hlaðið úr torfi og grjóti, e.t.v. með hálfþil á gafli eða göflum. Það hefur stefnuna NNA-SSV.

Heimildaskrá

Túnakort af Laxnesi í Mosfellssveit 1916.

Laxnes 123694-242-9 Rétt

Sérheiti: Rétt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Nokkuð upp frá bænum, þegar landið hækkar, var Rétt, og er sýnd svo á korti; þar er nú Gljúfrasteinn, þar sem Halldór Kiljan býr. Þar upp af til norðurs heitir Selás...“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Laxness með athugasemdum Guðmundar Þorlákssonar á Seljabrekku*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Laxnes 123694-242-10 Sel

Sérheiti: Selás

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Upp af Gljúfrasteini „...heitir Selás; þar voru eitt sinn byggð fjárhús, sem nefnd voru Hóll“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Laxness með athugasemdum Guðmundar Þorlákssonar á Seljabrekku*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.


Laxnes - 123694-242-11 Fjárhús, hlaða, heygarður, rétt

Sérheiti: Hólshús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir að upp af Gljúfrasteini, þar sem áður var Rétt heiti Selás og „...þar voru eitt sinn byggð fjárhús, sem nefnd voru Hóll“ (Ari Gíslason). Virðist líklegt að það séu fjárhúsin sem Halldór Laxness kallaði Hólshús og könnuð voru við fornleifaskráningu árið 1980. Skv. skrásetjara er þetta í gömlu túni eða grasi vöxnu stykki á melöldunum norðaustan við Laxnes. Landið er lítt gróið nema rétt



umhverfis rústirnar og hallar svolítið til vesturs frá þeim. Nánar tiltekið er þetta 25 m norðan við sumarbústað. Í raun er um að ræða stóra byggingu sem samanstendur af fjárhúsum, hlöðu, heytóft, tveimur fjárréttum og hrossarétt (Ágúst Ó. Georgsson).

Fjárhúsin eru tvö (I), um 9 x 10 m að stærð, og snúa í suður með innganga þeim megin. Eystra húsið hólfast í tvennt að endilöngu með grjóthlöðnum garða sem endar um 2 m frá norðurgafli og beygir hornrétt inn að eystri vegg. Í vestara húsinu eru leifar kofa (VII) sem byggður hefur verið utan í millivegginn sunnan megin eftir að hætt var að nota fjárhúsin. Þvert á afturgafli fjárhúsanna liggur hlaða (II) og virðist hafa verið inngangur í hana úr eystra húsinu. Hún er um 5 x 10 m að stærð. Við hlið hennar er svo heytóft eða heykuml (III), 2-3 x 7-8 m að stærð, með inngang að austanverðu. Veggjahæð er um 1,4 m í fjárhúsum og hlöðu en nokkru lægri í heykumlinu. Vestan við húsin eru tvær réttir. Myndast austurhlið þeirra af afturstöfnum hlöðu, heytóftar og langvegg vestara fjárhússins. Nyrðri réttin (IV) er heldur stærri, um 10 x 12 m, en sú syðri (V) minni, um 4 x 13 m að stærð. Inngangar eru vestan megin, inngangur stærri réttarinnar þrengri og alveg upp við millivegg réttanna. Veggjahæð er um 48-50 sm. Auðsætt er að réttirnar hafa verið í notkun á sama tíma og fjárhúsin en nokkuð eldri er þriðja réttin (VI) sem nær

utan um þær og betur til, um 20 x 28 m að stærð. Hún er ekki eins vel varðveitt, veggirnir lágir, um 20 cm, sums staðar útflattir eða, eins og í suðvesturhorninu, alveg horfnir. Glöggst sér þó móta fyrir öllum útlínum (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Halldór Laxness sagði Guðjón föður sinn hafa byggt Hólshús og gat bent á einstaka hluta þeirra. Voru innri réttirnar fyrir fráfarur, sú stærri (IV) rétt Laxnesmanna en sú minni (V) sundurdráttarrétt Mosfellinga (Ágúst Ó. Georgsson). Þessu ber saman við upplýsingar úr Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976: „Það var smalað sameiginlega til fráfera á vorin, þegar Heiðin var smöluð. Það var farið eftir gamalli venju. Allur dalurinn rak í rétt í Laxnesi og í Helgadal“ (sbr. Helgadal nr. 25). Skv. Halldóri var stóra réttin (VI) utan um fjárréttirnar hins vegar hrossarétt (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Laxness með athugasemdum Guðmundar Þorlákssonar á Seljabrekku*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Laxnes 123694-242-12 Áningarstaður

Sérheiti: Ferðamannamói

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Norðan við Köldukvísl, um 300 m norðvestan Gljúfrasteins, er „...slétt lítil tunga, þar sem Hólshúsalækur rennur í“ Köldukvísl. Þar var að sögn Halldór Laxness áningarstaður ferðamanna, kallaður Ferðamannamói. Núna er þarna trjálundur (Halldór Laxness).

Heimildaskrá

Halldór Laxness: Viðtal 26.7. 1980. Ágúst Ó. Georgsson skráði.

Laxnes 123694-242-13 Leið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Mjög greinilegar götur liggja eftir Ferðamannamóa (nr. 11) (Halldór Laxness).

Heimildaskrá

Halldór Laxness: Viðtal 26.7. 1981. Ágúst Ó. Georgsson skráði.

Laxnes - 123694-242-14 Áningarstaður

Sérheiti: Hvílusteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Beint norðan Gljúfrasteins, við sunnanverðan veginn þegar ekið er að sumarbústöðum, stendur s.k. Hvílusteinn. Halldór Laxnes taldi þó steininn upphaflega hafa verið þar sem vegurinn er nú en verið færðan út í brún vegarins þegar hann var lagður (Halldór Laxness).

Aðrar upplýsingar

Kúasmalarnir nenntu stundum ekki lengra þegar kom að steininum og slæptust við hann. Halldór kvað nafnið Hvílusteinn þó ekki gamalt (Halldór Laxness).


Heimildaskrá

Halldór Laxness: Viðtal 26.7. 1981. Ágúst Ó. Georgsson skráði.

Laxnes - 123694-242-15 Fjárborg

Sérheiti: Stóra-Grænaborg

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir að „Rétt sé þar sem nú er Gljúfrasteinn“ og „...þar upp af til norðurs heitir Selás“ og Hóll. „Þarna nokkuð ofan við Gljúfrastein, fast við veginn, er Grænaborg, allmikill rústarhaugur; þar skammt ofar... ..er Bárðartóft“. Enn fremur: „Borgarholt er holt upp

af Laxnessbæ og nær að Grænuþborg“ (Ari Gíslason).

Skv. Fornleifaskráningu 1980 er Stóra-Grænuþborg í lágum hól sem er hæstur að norðanverðu og hallar til suðurs, í uppnöguðu og lítt grónu holti. Um 30-40 m sunnan hennar rennur lækur og handan vegarins, í NV, er mýri. Nánar tiltekið eru rústirnar rétt sunnan megin við þjóðveginn til Þingvalla, um 400 m ANA frá Gljúfrasteini og um 850 m ASA frá Laxnesi (Ágúst Ó. Georgsson).

Hóllinn er um 25 x 30 m að stærð og nálgast það að vera hringlaga. Vegurinn hefur tekið af honum nyrsta hlutann en sennilega einungis bláhornið. Á norðurhluta hólins mótar fyrir hringlaga rúst. Ekki er hægt að giska nema nokkurn veginn á stærð hennar, um 8-9 m í þvermál. Taldi Halldór Laxness rústina vera af fjárþborg og sem slík er hún skráð í friðlýsingarskjali. Rústin er mjög gróin og talin gömul, í yngsta lagi frá 19. öld (Ágúst Ó. Georgsson). Við skoðun 2001 kom í ljós að girðing liggur þvert yfir rústina.

Aðrar upplýsingar

Í Örnefnalýsingu virðist gert ráð fyrir að Grænuþborg sé nafn á rústarhaugnum eða hólnum þar sem auk fjárþborgarinnar er rúst af yngra fjárhúsi (sbr. nr. 15) (Ari Gíslason).

Í Friðlýsingaskrá segir við Laxnes: „Leifar af tveimur fjárþborgum, Grænuþborg og annarri ónefnðri, hvorri sínum megin þjóðvegur skammt ofan við Gljúfrastein. Skjal undirritað af Þ[ór] M[agnússyni] 16.09.1976. Þinglýst 04.10.1976“ (Fornleifaskrá, bls. 16).

Skv. Halldóri Laxness heitir fjárþborgin í rústarhólum Stóra-Grænuþborg og sú sem er hinum megin vegarins Litla-Grænuþborg (sbr. nr. 16) (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Laxness með athugasemdum Guðmundar Þorlákssonar á Seljabrekkunni*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Þjóðminjasafn Íslands 1990.

Laxnes 123694-242-16 Fjárhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Upp við Stóru-Grænuþborg, sunnar á rústarhólum (sbr. nr. 14) mótar óljóst fyrir afgangri tóft. Sennilega hafa þetta verið fjárhús með heytóft við gaflinn norðan megin. Fjárhúsin, um 4 x 8 m að stærð, virðast hafa skipst í tvennt með garða sem legið hefur eftir þeim miðjum. Inngangar eru á suðurgöflum en þvert á norðurgöflana kemur heytóftin, um 4 x 5 m að stærð. Rústin er óljós og erfitt að segja með vissu til um lögun húsanna. Svo virðist sem nyrsti hluti byggingarinnar hafi snert eða tekið hluta af fjárþborginni (nr. 14) (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Laxnes 123694-242-17 Fjárþborg

Sérheiti: Minni-Grænuþborg

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Fornleifaskráningu 1980 er Minni-Grænuþborg í lágum hól. Í nöguðu og gróðursnauðu holti, rétt vestan við, er dálítill mýri. Nánar tiltekið er þetta á móti Stóru-Grænuþborg (nr. 14), rétt norðan megin við þjóðveginn til Þingvalla, um 450 m NA frá Gljúfrasteini og um 850 m SAS frá Laxnesi (Ágúst Ó. Georgsson).

Þessi rúst virðist hringlaga, 10-11 m í þvermál. Hún er mun óleggri og útflattari en Stóra-Grænuþborg og engar grjóthleðslur sýnilegar. Taldi skrásetjari byggingarefnið hafa verið sniddu. Rústin er friðlýst sem fjárþborg. E.t.v. hefur annað mannvirki verið byggt í henni miðri því þar virðist óljóst móta fyrir ferningslaga hústóft með inngangi, um 4 x 4 m að stærð. Þar eð rústin er öll mjög óljós gæti þetta þó einfaldlega verið innanmál fjárþborgarinnar. Að mati skrásetjara er þessi fjárþborg eldri en Stóra-Grænuþborg (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Laxnes 123694-242-18 Landmælingar

Sérheiti: Mælingahóll

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Í gróðurlitlum mel í miðjum dal er svo kall-
aður Mælingahóll. Melurinn lækkar frá
honum í N og V. Nánar tiltekið er þetta um
200 m N við veginn sem liggur að sumarbú-
stöðum í Laxneslandi, í krikanum á beyg-
unni á honum, um 600 m NA Gljúfrasteins
og um 900 m A við Laxnes (Ágúst Ó.
Georgsson).

Þetta er rúst sem er til að sjá sem gróin
þúst eða stór þúfa. Ekki sjást miklar hleðslur
en greina má grjót eða vörðubrot í sverð-
inum (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Að sögn Halldórs Laxness var þetta land-
mælingavarða sem danskir mælingamenn
frá herforingjaráðinu höfðu sem viðmiðun-
arpunkt við þríhyrningsmælingar í byrjun
19. aldar (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit
1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Laxnes 123694-242-19 Hjáleiga

Sérheiti: Bárðartóft

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Þarna nokkuð ofan
við Gljúfrastein, fast við veginn, er Græna-
borg... ..þar skammt ofar, rétt við Jónssels-
læk, er Bárðartóft. Þar sést bálkurinn, sem
Bárður lá á. Þetta er beint vestur af Skák-
unum“ í tungunni, „sem eru milli Köldu-
kvíslar og Jónsselslækjar... ..yfir dyrunum
lá hella“ (Ari Gíslason). Skv. Fornleifa-
skráningu 1980-1982 er tóftin „...á smáþýfðu
graslendi, sem hallar...“ í suður „...niður
að læknum.“ Lækurinn „...rennur milli
tveggja holta...“ og ofan og norðan „...við
tóftina er grýtt og gróðurlítið holt...“,
líklega Bárðarholt „...sem Bárðartóft er
syðst á...“ skv. Örnefnalýsingu. Um 2 m
vestan tóftarinnar er „grunnur vatnsskorn-
ingur“. Nánar tiltekið er þetta beint sunnan
við þjóðveginn, um 1 km austan við
Gljúfrastein og um 1,5 km suðaustan við
Laxnes (Ari Gíslason; Ágúst Ó. Georgs-
son).

Rústin er um 5 x 8 m að stærð en innri
brúnir veggja og þar með innanmál eru
óörugg. Breidd veggja er þó um 1,5 m. Við
norðausturgaflinn er talsvert þýfi og grjót
og hefur hann því líklega verið í þykkara
lagi fremur en að þarna hafi verið bakhús.
Ytri veggjabrúnir eru óljósastar á þessum
gafli. Hæstur er langveggurinn NV megin,
um 0,7-0,8 m en veggurinn á móti er illa
farinn og hefur á kafla næstum jafnast við
gólfíð. Inngangur er á suðvesturgafli og
stefnan SV-NA. Um bálkinn og helluna í
Örnefnalýsingu er einnig getið í Menningar-
minjaskrá en skrásetjari sá ekki móta fyrir
þessu (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Um Bárðartóft sagði Halldór Laxness:
„Einhver einsetukall bjó þarna í kofa“. Þetta
virðist ekki mjög gömul rúst eða frá því í
kringum aldamótin 1900.


Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Laxness með athuga-
sendum Guðmundar Þorlákssonar á Seljabrekku*. Ör-
nefnastofnun Íslands. ópr.

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit
1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Munnlegar heimildir:

Halldór Laxness.



Laxnes 123694-242-20 Garður**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Rétt vestan og sunnan við tóftirnar (nr. 22-23) sést garður á Túnakorti. Garðurinn er ferhyrndur og hlaðinn úr grjóti og torfi eða öðru hvoru efninu. Ekki sést til hvers hann hefur verið.

Heimildaskrá

Túnakort af Laxnesi í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laxnes 123694-242-21 Leið**Sérheiti: Lestarófur****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

„Austasti hluti landsins er þá svæði það, sem er tungan milli Köldukvíslar og Jónselslækjar; neðst í tungunni er holt, sem heitir Langholt, og þar upp með Köldukvísl eru sléttar flesjur, sem nefndar eru Lestarófur, þar sást til ferðamanna, þegar þeir komu af heiðinni, en beint niður og norður af Bringum var í tungunni kallað Skákir...“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Laxness með athugasemdum Guðmundar Þorlákssonar á Seljabrekku*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Laxnes 123694-242-22 Hjáleiga**Sérheiti: Laxnestunga****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Skv. Örnefnalýsingu myndar Laxnestungulækur „Laxnestunga, sem túnið er á“ (Ari Gíslason). Í bók Halldórs Laxness frá 1975, *Í túninu heima*, segir nánar frá henni: „Nú kemur enn meira um heimaland okkar. Sumstaðar í þessu heimalandi komu upp tærar lindir og runnu í ótal bugðum úti Köldukvísl niðrundan túninu; en mestur lækja var Túngulækurinn og gat orðið að fljóti í stórríningum; fyrir norðan þann læk var eyðibærinn Laxnestúnga og laungu fyrir mína tíð orðinn norðurpartur af Laxnestúninu; en á þessum bæ fanst konan húngurmorða hjá barni sínu hálfri öld á undan“ (bls. 50). Á Túnakorti frá 1916 er sérstakt tún NA við Laxnestúnið kallað Laxnestunga. Austan megin í því má sjá garðlög og tóftir en af því að dæma hefur býlið

verið farið í eyði áður en kortið var gert. Að sögn Guðmundar Skarphéðinssonar, bónda á Minna-Mosfelli, fæddist í Laxnestungu maður sem Kjartan á Hraðastöðum þekkti. Þessi Laxnestungumaður var enn lifandi um 1950 en um það leyti voru tóftirnar í túninu vel uppistandandi. Guðmundur vissi ekki af hverju þær voru en hafði einnig heyrt Laxnestungu kallaða Lækjarkot (Guðmundur Skarphéðinsson). Þrátt fyrir mikla leit fundust rústir þessa bæjar þó ekki við fornleifaskráningu árið 1980.

Túnakortið sýnir tóftir eftir rofin torfhús og hólfast sú stærsta í fimm hluta.

Aðrar upplýsingar

Hin helga Guddulaug er í vesturenda Laxnestungu skv. Örnefnalýsingu, í túnjaðrinum skv. Halldóri Laxness. Hún heyrir þó ekki undir Laxnes heldur Mosfell og vísast þangað um nánari upplýsingar.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Laxness með athugasemdum Guðmundar Þorlákssonar á Seljabrekku*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Guðmundur Skarphéðinsson á Minna-Mosfelli: Viðtal 16.7. 1980. Ágúst Ó. Georgsson skráði.

Halldór Laxness. *Í túninu heima*. Reykjavík 1975.

Túnakort af Laxnesi í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laxnes 123694-242-23 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Nokkru norðaustan við stóru tóftina (sbr. nr. 22) sýnir túnakortið aðra minni tóft í Laxnestungutúninu. Tóftin er af tveimur rofnum torfhúsum.

Heimildaskrá

Túnakort af Laxnesi í Mosfellssveit 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laxnes 123694-242-24 Landamerki**Sérheiti: Markavarða****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Landamerki Laxness að vestan gagnvart Mosfelli liggja „...úr markavörðu, sem er beint á móti Selhlíðargili, í markastein (nr. 26) og markaflag...“ (nr. 27) (Landamerkjaskrá).

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Laxness í Mosfellssveit frá 1890.

Laxnes 123694-242-25 Landamerki

Sérheiti: Markasteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Laxness gagnvart Mosfelli liggja úr Markavörðu (nr. 25) „...í markastein og markaflag (nr. 27) neðan til við Jónsselið...“ (um Jónssel, sjá Mosfell) (Landamerkjaskrá).

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Laxness í Mosfellssveit frá 1890.

Laxnes 123694-242-26 Landamerki

Sérheiti: Sýlingarsteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Laxness gagnvart Mosfelli liggja úr Markaflagi (nr. 27) „...í Sýlingarstein austan til á Skógarbringunum og er hann hornmark milli Laxness og Skeggjastaða“. Þaðan liggja mörkin í Skógarvörðu (nr. 29) (Landamerkjaskrá).

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Laxness í Mosfellssveit frá 1890.

Laxnes 123694-242-27 Landamerki

Sérheiti: Skógarvarða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Laxness gagnvart Skeggjastöðum liggja úr „Sýlingarsteini (nr. 28) í Skógarvörðu og þaðan í Hestbrekkna-Skyggni (nr. 30)“ (Landamerkjaskrá).

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Laxness í Mosfellssveit frá 1890.

Lágafell 125636-234

Saga

„Lágafell í Mosfellssveit er í landnámi Þórðar skeggja, en hann nam land á milli Úlfarsár og Leiruvogs“ (Landnámabók I, bls. 48). Jörðin Lágafell er fyrst nefnd í skrá um jarðir sem komið hafi undir Viðeyjar-klaustur eftir að Páll ábóti kom til Viðeyjar. Lágafell er þar skráð 20 hundraða jörð. Skrá þessi er gerð 1395 (Dipl. Isl. III, bls. 598). Árið 1541 er hin nýja kirkjuskipan samþykkt um Skálholtsbiskupsdæmi. Konungur hafði slegið eign sinni á klaustureignir í löndum sínum og svo varð einnig hér á landi. Þróunin gat því ekki orðið á annan veg en að Lágafell yrði krúnujörð. Árið 1547 fær Jón Bárðason „lífsbréf“ af konungi fyrir ábýlisjörð sinni „Laugefeldt“ [Lágafelli] (Dipl. Isl. XI, bls. 593). Í Fógetareikningum Kristjáns skrifara og Eggerts Hannessonar frá 1547-1552 er Lágafell skráð, leiga og landskylda jarðarinnar. Leigan, landskylda og skreiðargjaldsreikningar þessir eru af konungsjörðum í Borgarfirði, Viðeyjarklaustursjörðum, öðrum konungsjörðum í Kjalarnesþingi og af Skóga- og Merkureignum (Dipl. Isl. XII, bls. 111, 152, 137, 391-434).

Sumarið 1703 skrifuðu þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín jarðabók Mosfellssveitar og í henni er eftirfarandi lýsing Lágafells: Eigandinn kóngl. Majestat. Ábúendur Jón Ólafsson, býr á hálfri, annað Þorvaldur Teitsson, býr á hálfri. Landskuld i c. Betalast með fríðu uppá sama taxta sem áður greinir að kvikfjenaður sje hjer í sveit af Bessastaðamönnum í landskuldir tekinn. Við til húsabótar leggja ábúendur. Leigukúgildi iii. Leigur betalast í smjóri heim til Bessastaða eður Viðeyjar. Kúgildin uppýngja ábúendur. Kvaðir eru mannlán um vertíð, eitt af allri jörðinni, og gjalda ábúendur það til skiptis. Í tíð Heidemanns voru tvö mannlán, ef tveir bjuggu á jörðunni, og gaf hann þá tíu fiska þeim, er í það sinn ekki fjell til að gjalda mannlánið. Hestlán til alþingis tvö ef tveir ábúa og hestar eru til, og í tíð Jens Jurgenssonar kveðst Jón Ólafsson hafa til látið í þessa kvöð hross sex vetra gamalt, og það síðan aldrei aftur

fengið og öngvan betaling fyrir. Dagslættir tveir í Viðey, gjaldast in natura ella leysast með tíu fiskum og fæðir bóndinn sig sjálfur nema hvað einu sinni á dag er í tje látinn lítill mjólkurmatur. Hríshestar tveir, sinn af hverjum. Tveir hestar af digulmó og stundum fjórir. Torfskurður í mógröfum síðan Heidemanns tíð að aflögðust megin skipaferðir, en þessa kvöð hefur umboðsmaðurinn Páll Beyer í næstu tvö ár ekki kallað. Skipaferðir allt fram á Heidemanns tíð, en aflögðust þá upp hófst forpachtingin, og skip kom ekki lengur í Seyluhöfn. Timbur í Þingvallaskóg að sækja á tveimur hestum og fæða sig sjálfur. Þessi kvöð hófst og endist í Heidemanns tíð. Húsastörf á Bessastöðum í Heidemanns tíð, stundum í samfelda þrjá daga, og var hvorki gefinn matur nje drykkur. Fóður um vetur, aldrei minna en ein kýr að þriðjungi og aldrei meira en ein kýr að fullu. Er þessi kvöð í fyrstu so upp komin, að í tíð foreldra þeirra, sem nú eru á lífi, voru frá Viðey skikkuð tvö lömb á bæ í sveitina og síðan smáaukið. Þessi kvöð hefur nú í ár ekki kölluð verið og ekki meir í fyrri en eins lambs fóður. Kvíkjenaður hjá Jóni viii kýr, ii kvígur veturgamlar, ii úngkálfar, xvii ær með lömbum, i geld, vi sauðir gamlir, vi þrevetrir, vii tvævetrir, xiiii veturgamlir, ii hestar, i foli veturgamall, ii hross, i unghryssa; hjá Þorvaldi vi kýr, ii kvígur veturgamlar, i naut þrevett, ii úngkálfar, xii ær með lömbum, ii sauðir tvævetrir, xi veturgamlir, i hestur, iii hross, i unghryssa. Fóðrast kann á allri jörðinni x kýr, xxx lömb, ii hestar. Heimilismenn hjá Jóni vii, hjá Þorvaldi vi. Torfrista og stúnga meinslæm. Mótak til eldiviðar bjarglegt. Landþröng er mikil. Selstöðu hefur jörðin áður brúkað í Stardal. Vatnsból meinlega erfitt, þá snjóvetrar eru (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 313-315).

Náttúrufar og jarðabætur

Í Jarðabók fyrir Kjósarsýslu, sem undirrituð er af Jóni Eyjólfssyni, 9. nóv. 1695, er leiga Lágafells skráð eitt hundrað eins og í Jarðabók Árna Magnússonar (Björn Lárusson, bls. 130-131). Í Nýrri jarðabók fyrir Ísland, sem samin er eftir tilskipun frá 1848, er

Lágafell skráð 20 hundraða jörð að fornu mati en samkvæmt nýrra mati 24,40 h. og með hjáleigunni Lækjarkoti 28,70 h. Í skrá um jarðir Viðeyjarklausturs frá 1395 er Lágafell talið 20 h. jörð sem og í jarðabókinni frá 1695. Heildarmat Lágafells I samkvæmt fasteignamati í sýslum, sem öðlaðist gildi 1. maí 1957, var 239.000 kr (Ný jarðabók fyrir Ísland, bls. 40-41; Fasteignabók I, bls. 416-417). Í lýsingu Mosfells- og Gufunessókna 1855 eftir séra Stefán Þorvaldsson er Lágafell einnig talin 20 h. jörð (bls. 227).

„Landamerki jarðarinnar Lágafells í Mosfellsveit:

1. Milli Lágafells og Varmár: ræður lækjarfarvegur í sjó niður til norðurs, frá nefndum lækjarfarvegi til austurs í Markasteina (1), þaðan sjónhending beina leið í austustu þúfuna á Varmáarurð (2), og þaðan beina línu í Stóra Svartaklett (3) og að Markakeldu (4).

2. Milli Lágafells og Stekkjarkots (Reykjakota): Úr Stóra Svartakletti beina línu í Skarhólápúfuna (5), og þaðan til suðurs beina línu í Markapúfu (6) (á Markholti) sunnarlega í Hvömmunum (7).

3. Milli Lágafells og Úlfarsfells ræður bein stefna frá fyrrnefndri Markapúfu í Hvömmunum og í Stórahnúksþúfu (8) á Lágafellsfjalli (9), þannig að þegar staðið er fyrir vestan Stórahnúksþúfu, þá beri hún hvorutveggja í Markapúfu og Lalatorfu, sem er á milli Hafrahlíðar og Reykjaborgar.

4. Milli Lágafells og jarðanna Kálfakots og Lambhaga: Úr Stórahnúksþúfu, sem er austan til á Lágafellsfjalli til vesturs sjónhending vestur á Festi (10) rétt við Kerlingarskarð (11).

5. Milli Lágafells og Blikastaða: Úr tjóðri Festi beina línu í þúfu þá, sem er upp undan miðsteininum af svo kölluðum Marksteinum (12), úr þúfu þessari og Festinni beina línu norður í stóru þúfuna, sem er á Háhrossaskjólásá (13) að vestan, sama bein lína þaðan í Díakrókalækinn (14), sem svo ræður mörkum ofan í sjó.

Frá Díakrókalæknum og að fyrrnefndum lækjarfarvegi á Lágafell land að sjó (Leirvogunum), og liggur vestur í Vogana (15) svo kölluð Höfðaeyri (16) (Langitangi (17),

sem tilheyrir Lágafellslandi (Landamerkjabók nr. 101)“ (Guðlaugur R. Guðmundsson, bls. 5-6).

Heimildir

Björn Lárusson. *The old icelandic land registers*. Lund 1967.

Fasteignabók I. Mat fasteigna í sýslum samkv. lögum nr. 33 frá 1955. Öðlast gildi 1. maí 1957. Reykjavík 1956-1957.

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfram.

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Lágafells í Mosfellssveit*. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenzka fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1889, 1890, 1919, 1923 og 1926.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27, maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. *Sýslulýsingar og sóknalýsingar. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Fornleifaskrá - Lágafell

Lágafell 125636-234-1 Bústaður

Sérheiti: Lágafell

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Nú hefur verið sléttað yfir gamla bæjarstæðið á Lágafelli og er hluti þess undir kirkjugarðinum. Samkvæmt Túnakorti frá 1916 og ljósmynd sem tekin var af bænum á fyrri hluta 20. aldar voru bæjarhúsin þrískipt steinhús.

Heimildaskrá

Túnakort Lágafells í Mosfellsveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lágafell 125636-234-2 Náttthagi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Hann [Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku, f. 1894] mundi eftir að hafi verið náttthagi á Lágafelli og það nokkuð stórt svæði, upp undir hektari, sem var afgirtur með görðum og skurðum. Það var stunginn skurður allt í kring og það sem upp úr honum kom var hlaðið í garða.

Leifar af náttthögum eru ekki til nema kannski hjá Elliðakoti...“ (Þjóðhátarannsóknir stúdenta 1976). Guðmundur segir að náttthaginn sé nú horfinn með öllu undir byggð.

Heimildaskrá

Þjóðhátarannsókn stúdenta 1976.

Guðmundur Þorláksson, Seljabrekku. Viðtal 25.09 1980.

Lágafell 125636-234-3 Sauðahús

Sérheiti: Sauðhóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Langholt er holtið nefnt, sem er norðan af Hulduhólum. Mýrin, þar sem nú er risin byggð, heitir Sauðhúsamýri. Innar eru Lágafellsmýrar, og Norðurmýri er norðanvert við túnið á Lágafelli. Börð aðskilja Sauðhólsmýri frá Skarhólasmýrinni“ (Guðlaugur R. Guðmundsson).

„Ari Gíslason segir í lýsingu sinni, að mýrin, þar sem nú er risin byggð, heiti Sauðhúsamýri. Mýrin þessi er hvergi nefnd í öðrum heimildum og finnst mér líklegt, að hér sé átt við Sauðhólsmýri, sem lá upp með Lágafelli.... Í enda Sauðhólsmýrar er Sauðhóll, ekki hár hóll nærri veginum undir Lágafelli“ (Guðlaugur R. Guðmundsson). Sjá Örnefnakort Guðlaugs R. Guðmundssonar yfir Lágafell frá 1976.

Heimildaskrá

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Lágafells í Mosfellssveit*. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Lágafell 125636-234-4 Sel

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Árið 1703 segir: „Selstöðu hefur jörðin [Lágafell] áður brúkað í Stardal“ (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 313-315).

Samkvæmt Hauki Níelssyni á Helgafelli eru margar tóftir á þessu svæði og ómögulegt að segja til um hvaða sel tilheyrði hverjum.

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenzka fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Munnlegar heimildir:

Haukur Níelsson, Helgafelli.

Lágafell 125636-234-5 Stekkur

Sérheiti: Rögnvaldarstekkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Rögnvaldarstekkur (47). Hvar er hann?“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Lágafell*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Lágafell 125636-234-6 Þingstaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Heimild frá 1852 segir að á Lágafelli sé þingstaður fyrir Mosfellssveitarhrepp (Skúli Magnússon, bls. 48).

Heimildaskrá

Skúli Magnússon. „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Verðlaunaritgerð eftir Skúla Magnússon landfógeta“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess I. 1*. Reykjavík.

Lágafell 125636-234-7 Hjáleiga

Sérheiti: Lækjarkot

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Lækjarkots er fyrst getið árið 1855. Segir að það sé hjáleiga frá Lágafelli „...sem stundum er í byggð“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 231). Jarðarinnar er ekki getið í Jarðatali J. Johnsens 1847 en er talin hjáleiga frá Lágafelli í Jarðabók 1861 (Ný jarðabók). Þar er fornrar hundraðatölu ekki getið en ný er 4,35. Líklega hefur jörðin verið í ábúð árið 1861 en lagst síðan í eyði á árunum fram til 1922 (sbr. Fasteignabók 1922).

Lækjarkot hefur nú verið lagt undir Lágafell (Björn Bjarnason, bls. 100).

Í Örnefnalýsingu Lágafells frá 1976 segir svo: „Lækjarkot (50) var býli neðanvert við Lágafell“ (Guðlaugur R. Guðmundsson). Um túnið á Blikastöðum rennur lækur, sem neðst heitir Lækjarkotslækur en ofar Lágafellslækur (sama heimild). Á Túnakorti er kotbýlið sýnt neðan Vesturlandsveggar. Það gæti hafa lent undir byggð sem þar er.

Heimildaskrá

Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II. 3*. Reykjavík 1938.

Fasteignabók. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921.

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Lágafells í Mosfellssveit*. Örnefnastofnun Íslands 1976.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðar-*

töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Kaupmannahöfn 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maí-mánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Túnakort Lágafells í Mosfellsveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lágafell 125636-234-8 Mógrafir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Torfskurður í mógröfum síðan Heidemanns tíð að aflögðust megin skipaferðir, en þessa kvöð hefur umboðsmaðurinn Páll Beyer í næstu tvö ár ekki kallað“ (bls. 314).

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Lágafell 125636-234-9 Landamerki

Sérheiti: Markasteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Markasteinn var í Markholti, þar sem skiptust lönd Varmár og Lágafells.

Milli Lágafells og Varmár ræður lækjarfarvegur í sjó niður til norðurs, frá nefndum lækjarfarvegi til austurs í Markasteina (1), þaðan sjónhending beina leið í austustu þúfuna á Varmáruð (2), og þaðan beina línu í Stóra Svartaklett (3) að Markakeldu (4) (Guðlaugur R. Guðmundsson).

Heimildaskrá

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Lágafells í Mosfellssveit*. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Lágafell 125636-234-10 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Merkin móti Varmá (að norðan) eru úr Markholti í Svartaklett um vörðu á Urðum (Guðlaugur R. Guðmundsson). Engin varða fannst á þessu svæði við vettvangskonun.

Heimildaskrá

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Lágafells í Mosfellssveit*. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Lágafell 125636-234-11 Kirkja**Tegund: Hús 465****Staðhættir og lýsing**

Lágafells er fyrst getið árið 1395 en ekki er getið þá að bænhús eða kirkja hafi verið þar (Dipl. Isl. III, bls. 598). Jörðin er svo komin í konungseigu um 1550 og í Fógetareikningum 1547-1548 er að finna fyrstu vísbendingu um bænhús eða kirkju á staðnum: „Item med Lagefeldt ij kýrckequellid. landskyldt en ko. thenne tog sere Ioen ij sin kop“ (Dipl. Isl. XII, bls. 110). Sama segir í Fógetareikningum 1548-1549. Í Fógetareikningum 1549-1550 segir: „Item mett Lagefeldt ij kirckequelder landskyldt j sit kop“ (Dipl. Isl. XII, bls. 172). Séra Jón þessi var Bárðarson og var áður prestur í Gufunesi. Hann fékk byggingarbréf („Lífsbréf“) frá konungi fyrir ábýlisjörð sinni, Lágafelli, árið 1547 (Dipl. Isl. XI, bls. 593; Sveinn Níelsson).

Í grein Sveinbjarnar Rafnssonar, „Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá“, kemur fram að bænhúsið á Lágafelli (eða kirkjan) er með vissu niðurlagt árið 1600. Allar heimildir hníga að því að bænhúsið eða kirkjan á Lágafelli hafi verið reist einhverntíma seint á miðöldum, staðið fremur stutt og verið niðurlagt á árunum 1550-1600 (Sveinbjörn Rafnsson, bls. 40-41).

Helga Magnúsdóttir á Blikastöðum veit ekkert um þetta, hefur engin munnmæli heyrð.

Heimildaskrá

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Helga Magnúsdóttir á Blikastöðum. Viðtal 25.09.1980.

Sveinbjörn Rafnsson. „Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1970. Reykjavík 1970.

Sveinn Níelsson. *Prestatal og prófata*. Önnur útg. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1950.

Lágafell 125636-234-12 Landamerki**Sérheiti: Marksteinar****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Milli Lágafells og Blikastaða: Úr tjeðri Festi, beina línu í þúfu þá sem er upp undir miðsteininum af svo kölluðum Marksteinum

(12), úr þúfu þessari og Festinni í beina línu norður í stóru þúfuna sem er á Háhrossaskjólási (13) að vestan, sama bein lína þaðan í Díakrókalækinn (14) sem svo ræður mörkum ofan í sjó (Guðlaugur R. Guðmundsson).

Frá Díakrókalæknum og að fyrrnefndum lækjarfarveg á Lágafell land að sjó (Leirvogunum) og liggur vestur í Vogana (15) svo kölluð Höfðaeypri (16) (Langitangi (17)), sem tilheyrir Lágafellslandi (Guðlaugur R. Guðmundsson).

Heimildaskrá

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Lágafells í Mosfellssveit*. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Lágafell 125636-234-13 Fjós, Hlaða**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Vestan við gömlu bæjarhúsin, við heimreiðina. Á Túnakorti og ljósmynd sem tekin var í byrjun 20. aldar má sjá tvö hús sambyggð, fjós og hlöðu.

Heimildaskrá

Túnakort af Lágafelli í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lágafell 125636-234-14 Útihús**Tegund: Tóft 465****Staðhættir og lýsing**

Túnakort Lágafells sýnir stakt hús austan við bæjarhúsin og NNA við kirkjuna. Þetta er líklega einhvers konar útihús. Tóftir hússins eru enn greinilegar.

Heimildaskrá

Túnakort af Lágafelli í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lágafell 125636-234-15 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Í NA horni túnsins sýnir Túnakort hús með litlum áföstum kofa.

Heimildaskrá

Túnakort af Lágafelli í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lágafell 125636-234-16 Óþekkt**Tegund: Hleðsla 465****Staðhættir og lýsing**

Í halla u.þ.b. 100 m SV frá Reykjavegi og álíka langt SA frá Vesturlandsvegi. Grasi

og mosavaxin þýfð brekka niður undan klettabelti.

Steinahrúga. Sporöskjulaga, 7 m löng og 3 m á breidd. Mikið mosavaxin. Svo virðist sem steinaröð sé umhverfis steinahrúguna þ.e. steinhleðsla, en þó mikið hulin mold. Hrúgan rís því sem næst 1 m frá yfirborði. Vestari langhliðin er nokkuð bein en eystri hliðin er rúnaðri eða ef til vill meira hrunin.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Lágafell 125636-234-17 Óþekkt

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

U.þ.b. 50 m SV við hina grjóthrúguna (sjá nr. 16). Ofar í hallanum. Grasi og mosavaxin þýfð brekka niður undan klettabelti.

Hringlaga grjóthrúga rúmlega 6 m í þvermál. Yst er steinaröð stærri steina sem er að mestu vaxin grasi og mosa. Innan hringsins er mikil grjóthrúga úr smærri steinum (10 cm í þvermál). Þessi hrúga er ekki eins risavaxin og hin (nr 16) en þó eru mosaflekkir yfir grjótinu sem sýna að ekkert hefur verið hreyft við því í langan tíma. Nærri norðurjaðri hringsins er skarð í grjótið, tæplega 1 m í þvermál.

Hættumat: Engin hætta

Lágafell 125636-234-18 Tóft

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Efst í holti u.þ.b. 150 m frá Reykjavegi, u. þ.b. 100 m SA af steinahrúgunni nr. 17. Mosa- og lyngvaxið holt eða klettabelti.

Rústin er 6 m löng og 3 m breið. Hún liggur u.þ.b. í N-S með dyraopi á suður-enda. Sýnileg steinaröð markar útlínur rústarinnar. Hún er þó vaxin gróðri, m.a. mosa. Í suðurveggnum eru þrjár stórir steinar. Syðst í vesturveggnum eru nokkuð margir steinar. Á þeim er lítið hleðslulag, heldur virðist þeim vera hrúgað upp. Í norðurenda rústarinnar er búið að safna saman talsvert stórra grjóthrúgu sem auðsjáanlega er yngri en rústin. Í næsta nágrenni rústarinnar eru steinar, stórir og smáir, sem virðast geta átt saman, tveir og tveir og jafnvel fleiri, sem hluti af mannvirki, en þó mjög óljóst.

Hættumat: Engin hætta

Leirvogstunga

123696-236

Saga

Leirvogstunga hefur sennilega áður verið í eigu Viðeyjarklausturs en hennar er fyrst getið í Fógetareikningum 1547-1552, þá í konungs eigu. Jörðin er enn þá konungseign árið 1704 og bjó Björn Ásgrímsson þá á þrem fjórðungum hennar en ekkjan Margrét Bjarnadóttir á einum fjórðungi (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 326-7). Árið 1847 var hún áfram konungsjörð með tvo ábúendur (J. Johnsen). Leirvogstunga var í tvíbýli til ársins 1909 (Túnakort). Árið 1979 var Guðmundur Magnússon eigandi hennar og hún er enn í ábúð (Jarðaskrár).

Náttúrufar og jarðabætur

Túnið í Leirvogstungu var allt „kargþýft“ árið 1874 en þá var byrjað að slétta litla bletti. Þegar Túnakort var gert 1916 var „...rétt allt sléttað, sem tún [var] talið og nokkuð grætt út við mel - og plægður blettur ógróinn“.

Vestan við Ljósateig er „Óskiptaengi, sem var slegið til skiptis frá sambýlismönnum“ meðan tvíbýli var á jörðinni. Enn vestar „...þvert yfir tunguna...“ er „...allmikið svæði, sem nefnt er Norðureyrar“ (Svavar Sigmundsson).

„Hjá Leirvogstungu, skammt fyrir ofan túnið, fellur“ Kaldakvísl, skv. Magnúsi Grímssyni „...í gljúfrum nokkrum, og er þar foss í henni býsna hár, sem laxinn kemst að en ekki yfir. Undir fossi þessum hafa Leirvogstúngumenn opt talsverða veiði“ (Magnús Grímsson, bls. 273).

Magnús gefur þessar upplýsingar til að skýra hvers vegna fiskur gengur ekki upp í ána upp í Mosfellsdal en sagnir eru um að það sé vegna álaga sem kerling nokkur í Leirvogstungu lagði á Laxnes. Eins og bæjarnafnið bendir til á þar að hafa verið laxveiði til forna en þá bjuggu kerlingar tvær í Laxnesi og Leirvogstungu, gamlar og fornar í skapi, sem deildu um veiði í ánni „...og heituðust útaf henni. Varð Leirvogstúngu kerlingin ofaná í heitingunum og mælti svo um, að aldrei frammar skyldi lax ganga upp í ána upp í dalinn. Hafa þau álög haldist æ

síðan, og því er engin veiði í Mosfellsdalnum“ (Magnús Grímsson, bls. 273). Sjá nánar um álögin í jarðarskjali Laxness undir fyrirögninni Örnefni.

Í Landamerkjaskrá Leirvogstungu frá 1889 segir að mörk jarðarinnar að sunnan gagnvart Helgafelli, Varmá og Lágafelli liggi frá ármótum Reykjaár og Köldukvíslar „...fyrir neðan Víðiodda...“ eftir hinni síðarnefndu vestur „...til sjáfar alla leið þangað til hún fellur í Leirvogsa fyrir norðan Langatanga.“ Að norðan gagnvart Víðinesi, Fitjakoti og Varmadal „...ræður Leirvogur landamerkjum frá Langatanga í Leirvog, alla leið til landnorðurs upp að svonefndum Gráhól sem er við Snoppufljót í ánni.“ Að austan gagnvart Hrísbú „...frá nefndum Gráhól ræður merkjum þráðbein lína yfir háurðina fyrir vestan Hrísbúarfjall suður í...“ áðurnefnd ármót.

Vestan við túnið er brekka sem heitir Hallur en tungan fer lækandi í þessa átt og gengur fram í Leirvog þann sem gefur bænum nafn. Í Örnefnalýsingu 1968 segir: „Þá er Markholt. Þar var merki milli tvíbýlanna. Þetta holt er eins og í miðri tungu í eða sunnan við Hallinn“ (Svavar Sigmundsson).

Heimildir

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingu, fólks-tölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðar-töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjaskrá Leirvogstungu í Mosfellssveit 1889. Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Svavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu*. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.

Túnakort Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fornleifaskrá - Leirvogstunga

Leirvogstunga 123696-236-1 Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 má sjá hvernig heimreiðin að Leirvogstungu liggur úr austri gegnum túnið að tveimur húsum í vesturendanum, líklega bæjarhúsunum. Þau eru á báðar hendur og nokkru aftar kálgarður. Norðan megin heimreiðarinnar er hús með tveimur herbergjum, hið vestara aðeins stærra. Samkvæmt Túnakortinu er þetta timburhús með jarnþaki en slík hús voru venjulega jarnvarin og á meirihluta býla höfð til íbúðar.

Heimildaskrá

Túnakort af Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Leirvogstunga 123696-236-2 Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skáhallt á móti húsinu í nr. 1, fyrir enda heimreiðarinnar sunnan megin, er annað sams konar hús. Húsið skiptist í tvennt, nær heimreiðinni er lítið og aflangt herbergi, en fjær henni stærra og nánast ferningslaga herbergi. Þetta er timburhús með jarnþaki en þau voru venjulega jarnvarin og á meirihluta býla höfð til íbúðar (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Leirvogstunga 123696-236-3 Kálgarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Nokkru bak við timburhúsin (sbr. nr. 1 og 2), í vesturjaðri túnsins, er skv. Túnakorti kálgarður.

Girt er kringum garðinn með hlöðnum vegg og girðingu. Við austanverða norðurhlið garðsins er sýndur veggur hlaðinn úr grjóti og torfi eða öðru hvoru. Úr sama byggingarefni er einnig veggurinn við austanverða suðurhlið garðsins. Vestast við norður- og suðurhlið virðist hins vegar vera girðing úr járn eða tré og er girt með henni bæði vestan megin, í túnjaðrinum, og

austan megin, fyrir þá hlið sem snýr að húsunum. Girðingar af þessu tagi voru yfirleitt gaddavír á tréstaunum. Inn frá girðingunni austan megin, liggur hlaðinn veggur sem endar í miðju garðsins. Er hann úr sömu efnum og veggirnir norðan og sunnan megin. Sams konar veggur liggur spölkorn í austur frá enda norðurveggjar garðsins en þó er svolítið bil á milli þeirra. Þessi veggur er norðvestan húsanna (Túnakort).

Samkvæmt Guðmundi Magnússyni, Leirvogstungu, er garður þessi enn á sama stað en hefur ekki verið notaður í mörg ár. Hann kannast ekki við neinn hlaðinn garð í kring.

Heimildaskrá

Túnakort Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu.

Leirvogstunga 123696-236-4 Traðir

Sérheiti: Traðarsund

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Suðurmýri er „...við túnið vestanvert. Næst er Norðurmýri, og norðan hennar er Traðarsund. Það er norður í tungunni austur upp af Hallinum“ (Svavar Sigmundsson).

Heimildaskrá

Svavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.*

Leirvogstunga 123696-236-5 Túngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í norðanverðum vesturjaðri túnsins má á Túnakorti sjá langan túngarð.

Garðurinn nær frá norðvesturhorni kálgarðsins (nr. 3) við bæjarhúsin alla leið út í norðvesturenda túnsins. Hann er samkvæmt kortinu hlaðinn úr grjóti og torfi eða öðru hvoru. Þegar garðinum sleppir tekur við girðing úr tré eða járn, liggur í austur, síðan vestur, loks suður og endar við gamlar tóftir í suðvesturhorni túnsins (nr. 12) (Túnakort). Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu kannast ekki við þennan garð.

Heimildaskrá

Túnakort Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu.

Leirvogstunga 123696-236-6 Túngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Við girðinguna í norðurjaðri túnsins (sbr. nr. 5) er hluti gamals túngarðs, e.t.v. framhald af þeim sem liggur í vesturjaðrinum (Túnakort).

Garðurinn liggur áleiðis í suðausturátt inn á tún eða að því er virðist í gamla túngarðinum. Norðaustan og utan hans en innan túngirðingar eru plægðir melar. Garðinum er skv. Túnakorti ekki haldið við eða er ekki gripheldur. Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu, kannast ekki við garð á þessum stað, en segir að þetta gæti verið brekkubrúnin.

Heimildaskrá

Túnakort Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu.

Leirvogstunga 123696-236-7 Fjós

Sérheiti: Fjós

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Norðan bæjarins í Leirvogstungu „...voru gamlar tættur frá fornum árum nefndar Fjós...“ og var það milli bæjarins og svokallaðs Móholts nyrst í túninu (Svavar Sigmundsson).

Aðrar upplýsingar

Íbúðarhús Guðmundar Magnússonar var byggt ofan í fjósið 1958.

Heimildaskrá

Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu. Svavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.*

Leirvogstunga 123696-236-8 Mógröf

Sérheiti: Móholt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Nyrst í túni heitir Móholt. Það var áður utan túns“. Vestar er Norðurvöllur (Svavar Sigmundsson).

Heimildaskrá

Svavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.*

Leirvogstunga 123696-236-9 Mógröf**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Stekkjarvíri var norður undir Leirvogsa - þar voru mógrafir samkvæmt Guðmundi Magnússyni, Leirvogstungu.

Heimildaskrá**Munnlegar heimildir:**

Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu.

Leirvogstunga 123696-236-10 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Í austurjaðri túnsins, rétt norðan heimreiðarinnar, er lítið hús. Húsið er ferningslaga, líklega úr torfi og grjóti (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Leirvogstunga 123696-236-11 Heimreið**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Heimreiðin liggur úr austri, um túnið, yfir að timburhúsunum (nr. 1 og 2) í vesturenda þess. Heimreiðin er hlaðinn og malarborinn vegur (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Leirvogstunga 123696-236-12 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Í austurjaðri túnsins, sunnan heimreiðarinnar, sjást á Túnakorti frá 1916 tóftir eftir rofin torfhús. Ein tóftin er stærst, opin í vesturendann, hinar þrjár liggja samsíða, tvær þær vestari út frá suðurhlið stærstu tóftarinnar, hin þriðja yst í túnjaðrinum. Allar þrjár eru opnar í suðurendana. Hér eru fjórar tóftir saman en samkvæmt kortinu er venjulega um bæjartóftir að ræða þegar þær eru margar saman en annars oftast fjárhúsatóftir.

Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu, kannast ekki við þessa rúst.

Heimildaskrá

Túnakort Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu.

Leirvogstunga 123696-236-13 Garður**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Út frá millivegg miðtóftarinnar og ystu og austustu tóftarinnar í nr. 12 liggur garður spölkorn í suður meðfram túnjaðrinum, hlaðinn úr torfi og grjóti eða hvoru tveggju. Svolítið bil er milli garðsins og tóftarveggjarins (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Leirvogstunga - 123696-236-14 Óþekkt**Tegund: Stríðsminjar 465****Staðhættir og lýsing**

Við fornleifaskráningu árið 1980 fannst hústóft á grýttum uppblásnum mel um 1,5 km frá bænum í Leirvogstungu, í sömu fjarlægð frá nágrennbænum Hrísbú og um 500 m norður frá Köldukvísl. Nokkru sunnar er malargryfja og hefur jarðvegur lækkað um 4-5 m vegna malarnámsins en þegar tóftin var skráð hafði verið sáð aftur í sárið og gengið frá því. Vestan malargryfjunnar eru Stekkjarbrekkur (Guðmundur Ólafsson).

Þetta er hringlaga grjóthrúga, um 5 m í þvermál, hæst í miðjunni, um 0,5 m og lækkar til allra hliða. Hún er í laginu eins og lág keila. Steinarnir í hrúgunni hafa verið teknir af melnum í kring svo að á um 10 m kafla umhverfis hefur nær hver steinn verið notaður í hana. Þeir eru af ýmsum stærðum og ekki lagðir eftir neinum mynstrum. Þó virðist ysta steinaröðin í hringnum að jafnaði gerð af stærri steinum, um 0,4 m í þvermál. Grjóthrúgan hefur verið hlaðin utan um stóran steinhnullung sem er í henni miðri, um 0,8 m í þvermál. Málningarslettur á sumum steinum, gular, appelsínugular og gulgrænar. Þær sýna að hún er ekki mjög gömul og gæti ef til vill verið hlaðin af hermönnum á stríðsárunum (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Engar heimildir eru til um þessa hrúgu og fólk í sveitinni kannast ekki við hana (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Leirvogstunga 123696-236-15 Kvíar

Sérheiti: Stöðull

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Örnefnalýsing hljómar svona: „Austan við túnið, er... ..Kristínarklettur. Brekkan [þar] upp við, fyrir ofan túnið, þar sem þó hallar til Köldukvíslar, heitir Stöðulbrekkur. Neðan þeirra er Stöðull. Þar voru kvíar áður fyrr, og aðeins sunnar í túni heitir Sauðhústún“ (Svavar Sigmundsson). Þegar vegurinn var lagður 1971 var umhverfið lækkað mikið og kvíarnar fjarlægðar.

Heimildaskrá

Svavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.*

Leirvogstunga - 123696-236-16 Stekkur

Sérheiti: Magnúsarstekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnalýsingu er Harðivöllur „rétt neðan við ...ármót Suðurár og Köldukvíslar...“, umhverfis hann „...brekkur brattar og allháar, sem heita Oddsbrekkur...“ en „...uppi á melunum heitir Stórimói...“ og


„...þar næst við ána er hvammur, sem heitir Magnúsarstekkur. Þar uppaf og norður af heita Stekkjarbrekkur, öðru nafni Þverbrekkur, en það nafn hafa þær af legu sinni nokkuð þvert“ (Svavar Sigmundsson). Samkvæmt fornleifaskráningu sem gerð var 1980 er ásinn um 4-5 m hár austan við stekkin, hæstur rétt austan hans en fer lækkanandi í suðvestur og er kominn niður á jafnsléttu 10-15 m suðvestan hans. Stekkurinn sjálfur er í grösugri náttúrulegri laut sem hentugt er að girða af í brekkunni. Þetta er um 150 m norður frá ánni og um 800 m norðaustur frá bænum í Leirvogstungu (Guðmundur Ólafsson).

Stekkurinn er um 3 x 7 m að innanmáli með áfastri lambakró, um 2 x 3 m að innanmáli. Veggir eru hlaðnir úr torfi, um 1-1,5 m á breidd og tæplega 1 m á hæð. Stefnan er NA-SV og inngangur á suðvesturgafli (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.*

Svavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.*



Leirvogstunga 123696-236-17 Vað

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Við Tungufoss norðanverðan er Hjallberg. Þar var þjóðvegurinn áður fyrr um túnið og að vaðinu. Nú skulum við halda um stund niður ána. Klapparhylur er rétt fyrir neðan fossinn. Beggja vegna við hann heita Klappir. Þá er Krókhylur, neðan hans gamalt Vað, og neðan þess er Bakkahylur“ (Svavar Sigmundsson). Reiðvegurinn liggur þarna um í dag.

Heimildaskrá

Svavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.*

Leirvogstunga 123696-236-18 Stekkur

Sérheiti: Stekkjarmýri

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Norðan mels við Leirvogsa er Stekkjarmýri og austanvert við hana Dýjadalur (Svavar Sigmundsson).

Stekkjarmýri var norður undir Leirvogsa - þar voru mógrafir. Guðmundur Magnússon hefur aldrei séð stekk þar.

Heimildaskrá

Svavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.*

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu.



Leirvogstunga 123696-236-19 Fjárhús

Sérheiti: Hjallberg

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Af Örnefnalýsingu má ráða að Stöðull sé í túninu neðan við Stöðulbrekkur en „...aðeins sunnar í túni heitir Sauðhústún. Neðan þessa er foss í [Köldukvísl], sem heitir Tungufoss...“ og „...við fossinn norðanverðan er Hjallberg“ (Svavar Sigmundsson).



Skv. Fornleifaskráningu 1980-1982 er þetta nafn á sauðhúsi en rúst þess fremst á klettasnös norðan við ána, í um 8-10 m fjarlægð frá þverhnípinu. Grösugum árbakk-anum hallar til suðurs. Nánar tiltekið er þetta um 250 m suðaustan Leirvogstungu-bæjar og 200 m frá Vesturlandsvegi (Guðmundur Ólafsson).

Austarlega í túninu, nokkru norðan heimreiðarinnar (sbr. nr. 10), má á Túnakortinu frá 1916 sjá hús. Húsið skiptist í tvö herbergi, hið vestara heldur lengra, hið eystra styttra. Af Túnakortinu má ráða að þau hafi verið gerð úr torfi og grjóti en með standþili jafnt gólfi eða því nær á hlöðum og millivegg úr timbri. Þau virðast snúa í suður. Bak við þau, þvert á afturstafnana, er þriðja mannvirkið, e.t.v. líka hús. Norðurveggur þess er hlaðinn úr jarðefnum en á göflum virðist vera standþil eða timbur.

Rústin er 3 x 6 m að innanmáli, veggirnir enn uppstandandi, um 1,2 m háir og um 1,5 m breiðir neðst en dragast að sér að ofan. Stefnan er NV-SA og snýr suðaustur-gaflinn að ánni. Þrjár til fjórir steinar liggja á ská út frá gaflinum í átt að bakkanum og hefur sauðhúsið ef til vill verið girt af á þennan hátt (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Að sögn Guðmundar Magnússonar hafði afi hans sauði í Hjallbergi (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.*

Svavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.*

Túnakort Leirvogstungu í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Leirvogstunga 123696-236-20 Rafstöð

Staðhættir og lýsing

Tungufoss er í Köldukvísl og útskagandi klettasnös við fossinn, norðan megin árinna, er gömul rafstöð. Þetta er um 200 m SA af bænum í Leirvogstungu og 100 m V Vesturlandsvegur (Guðmundur Ólafsson).

Rafstöðin er lítil og steinsteypt, um 2 x 5 m að þvermáli. Inni í húsinu er túrbína og mælar. Stíflan er steinsteypt, 2,5 sm þykk

og hefur upphaflega verið um 2 m á hæð en er nú að mestu leyti hrúin.

Aðrar upplýsingar

Magnús Sveinsson byggði rafstöðina árið 1936 og var hún í notkun til 1958. Túrbínuna smíðuðu bræður Magnúsar á Steðja.

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Leirvogstunga 123696-236-21 Leið

Sérheiti: Kirkjugil

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Allnokkru austur frá Dýjadal er Snoppufljót í Leirvogsa, nokkuð neðan við Gráhol, á merkjum. „Niður dalbrekkurnar, aðeins vestar, er svo gil sem heitir Kirkjugil. Um það gil hefur fólkið farið af Kjalarnesi í kirkjuferðum að Mosfelli“ (Svavar Sigmundsson).

Heimildaskrá

Svavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu*. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.

Leirvogstunga 123696-236-22 Vegur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Árið 1877 segir Kålund um veg við Leirvog. „Vogurinn er þurr um fjöru, og þá er þar harður flatur leirbotn, og þar liggur vegurinn, þó aðeins sundurskorinn með mjóum skurðlaga rásam, og er auðvelt að ríða þar yfir; annars er venjulegt vatnsdýpi þar 2-3 fet“ (Kålund, bls. 32).

Heimildaskrá

Kålund, P. E. Kristian. *Íslenskir sögustaðir*. Þýð. Haraldur Matthíasson. Reykjavík 1984.

Leirvogstunga 123696-236-24 Óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 250 m SA af bæjarstæði Varmár og 170 m NV af Vesturlandsvegi. Undir brekku. Ógreinileg tóft um 4 m á lengd og 3 m á breidd. Mögulega eru fleiri tóftir í kring en þær eru svo sokknar að ómögulegt er að greina þær með vissu.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Miðdalur 123713-255

Saga

Miðdalur hefur trúlega verið í eigu Viðeyjar-klausturs en er fyrst getið í Fógetareikningum 1547-52 sem „Mýdall“ eða „Mijdall“, þá í eigu konungs. Árið 1704 er hún ennþá konungsjörð og ábúandi einn (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 289-91). Árið 1847 er Miðdalur hins vegar kominn í bændaeign og býr eigandinn þar sjálfur (J. Johnsen). Einhvern tíma á árunum 1938-57 var jörðinni skipt í Miðdal I og II. Skv. Fasteignabók 1957 er Miðdalur II þó í eyði og nýtt frá Dallandi en í Eyðjarðaskrá 1963 kemur fram að Dalland var myndað úr Miðdal II og nýtt af eiganda. Jarðaskrá Landnáms ríkisins staðfestir að Miðdalur II var ekki í ábúð þegar byrjað var að halda jarðaskrár 1958 og hefur ekki verið síðan. Miðdalur I er hins vegar ennþá í ábúð.

Þess ber að geta að fyrr á öldum hafa margar hjáleigur heyrt undir Miðdal. Flestar virðast þó hafa farið í eyði snemma, jafnvel fyrir 1700. Má þar nefna Miðdalskot (nr. 30), Sólheimakot (nr. 41), Borgarholt eða Borgarkot (nr. 50), Búrfellskot (nr. 69) og Búrfell (nr. 73).

Loks má nefna að sögulegur viðburður átti sér stað í Efri-Djúpadal í landareign Miðdals, við konungsheimsóknina árið 1907, og segir Tryggvi Einarsson bóndi frá því í Örnefnalýsingu: „...sá faðir minn Einar Guðmundsson í Miðdal að öllu leyti um aðbúnað og móttöku Friðriks VIII, Danakonungs á leið sinni til Þingvalla. Var dalurinn allur flöggum prýddur, byggður var eldhússkúr en matarveisla í tjaldbúðum. Fékk faðir minn lof fyrir stundvísi og aðbúnað allan“ (Tryggvi Einarsson).

Náttúrufar og jarðabætur

Í Örnefnalýsingu má finna margs konar upplýsingar um búskap og landshætti í Miðdal. Austur af Dýjadalshnúk er t.d. svo kallaður Áarfoss í Seljadalsá sem hefur það sérkenni að þegar niður hans heyrir heim að bænum „...bregst ekki að heypurrkur verður í Miðdal innan tveggja til þriggja daga“ (Tryggvi Einarsson). Stundum gefa örnefnið sjálf vísbendingar. Í Fífukrók, sem

var skammt norður af Sólheimakoti, móts við Sauðhúshvamm, hafa Sólheimamenn kannski sótt fífur í ljósakveiki sína og úr Hríshöfða, stóru hæðinni norðan Borgarholts, og Hríshöfðabrekku, vestan í hæðinni, hefur e.t.v. fengist hris í byrði tróðþaka. Norðan Hríshöfða er einnig mýrin Hríshöfðavík en austan hennar svokallaður Rjúpnáas og gæti nafnið bent til rjúpnaveiða. Þá virðist líklegt að silungaveiði hafi verið góð í Silungatjörn, sem er austur upp með Seljadalsá, enda mörg örnefni dregin af nafni tjarnarinnar: Silungatjarnarhæð, Silungatjarnarurð, Silungatjarnarlækur, Silungatjarnarmýri og Silungatjarnarbrúnir. Sjálfsagt hafa selsetumenn við Selvatn stundað veiðar af Bleikjunefi og Urriðanefi sem skaga út í vatnið sitt hvoru megin við Selvíkina en þar var svonefnt Litla-sel (nr. 48). Þá má nefna að greint er frá sérstaklega mörgum tófugrenum í Miðdal. Á Gildrudalsás, ofan Gildrudals, voru refagildrur (nr. 63), sunnan við Vörðhóla (nr. 56) er greni með skotbyrgi (nr. 57), á Tjarnhólasvæðinu, allhátt austur af Tjarnhólum, eru sex greni og sunnan í Hrossadalsás, sem er drjúgan spöl frá norður- eða norðausturhorni hólanna, eru tvö greni. Greni eru einnig sunnan í Seljadal (nr. 61), í stórgrýtisurð neðan Seljadalshamars, og uppi á austurbrún dalsins (Tryggvi Einarsson).

Skv. Landamerkjaskrá frá 1890 liggja landamerki kringum jörðina svona: „1. Milli Miðdals og Ølvesafrettar, úr vörðunni á Stóra Borgarhól beina línu í sýsluþúfu sem stendur í hásuður á heiðinni; frá sýsluþúfu beina línu í árfarveg, sem liggur við Bolöldu enda, og eptir því árfari undir landsuðurshorn á Lyklafellsenda eystri. 2. Milli Miðdals og Elliðakots, úr fyrnefndu árfari í vörðuna á há Lyklafelli, og þaðan beina línu í Selvatnsenda þar sem svonefndur Sellækur rennur í vatnið, (með rjettindum til helmings af rjettunum) og svo eptir fyrnefndu Selvatni, og Gudduás niður á móts við Markholt. 3. Milli Vilborgarkots og Miðdals, úr ósnum í þúfuna á Markholti og þaðan í augnalæk og eptir honum í Sólheimatjörn, sem hann rennur úr, og úr miðri Sólheimatjörn í vörðuna á

Stóraskyggni. 4. Milli Miðdals og Reynisvatns, bein lína úr Stóraskyggni í Langavatn, eptir stefnu í nefndan Skjóna í Óskotslandi. 5. Milli Óskots og Miðdals, eptir Langavatni og úr landnorðurhorni þess beint í þúfu á Dýjadalshnúkum og þaðan beint í Seljadalsá. 6. Milli Þormódsdals og Miðdals, eptir Seljadalsá sem hún ræður uppí Hrafnagil, úr Hrafnagili eptir árfarveg uppí efri Seljadalsbotn og þaðan eptir lægstu laut í Leirdal. 7. Milli Miðdals og Mosfells, eptir beinni línu úr Stórhól á Grímannsfellsenda, í fyrstnefnda vörðu á stóra-Borgarhól.“

Heimildir

- Fasteignabók I.* Mat fasteigna í sýslum samkv. lögum nr. 33 frá 1955. Öðlast gildi 1. maí 1957. Reykjavík 1956-1957.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III.* Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.
- Jarðaskrár 1958-1979.* Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.
- J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu.* Kaupmannahöfn 1847.
- Landamerkjaskrá* Miðdals í Mosfellssveit frá 1890.
- Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals.* Örnefnastofnun Íslands.

Fornleifaskrá - Miðdalur

Miðdalur 123713-255-1 Bústaður

Sérheiti: Miðdalur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 má sjá gamla bæjarstæðið í Miðdal, suðaustan megin í túninu, og liggur heimreiðin (nr. 7) að því úr suðaustri. Þegar komið er að stæðinu eru kál-garðar norðvestan megin en bæjarhús norðaustan megin og snúa suðvestur að heimreiðinni. Þetta eru fimm byggingar (nr. 1-5) tengdar saman með gördum og girðingum, þrjár næst heimreiðinni og mynda framgaflarnir beina línu.

Fremsta byggingin skiptist í tvennt, frammar eða sunnar er stærra herbergi, aflangt, norðan megin við það annað minna. Af Túnakortinu að dæma eru suðurlangveggur, milliveggur og vesturgafnar byggðir

úr timbri en hlaðið úr torfi og grjóti norðan og austan megin. Stefnan er nokkurn veginn V-A. Girt er á milli þessarar byggingar og þeirrar næstu (nr. 2).

Heimildaskrá

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-2 Bústaður

Sérheiti: Miðdalur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Beint út frá norðvesturhorni fremstu byggingarinnar (nr. 1), í beinni línu með framgöflunum, liggur girðing að suðausturhorni næsta húss (Túnakort).

Húsið er úr torfi og grjóti, með standpili, jafnt gólfi, eða því nær á hlöðum. Það liggur samhliða fremsta húsinu, stefnan nokkurn veginn V-A. Girt er á milli þessa miðjuhúss yfir að því næsta (nr. 3) (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-3 Bústaður

Sérheiti: Miðdalur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Beint út frá norðvesturhorni miðbyggingarinnar (nr. 2), í beinni línu með framgöflum þess og fremsta hússins (nr. 1), liggur girðing að suðausturhorni næstu byggingar, sem er yst í bæjarstæðinu (Túnakort).

Byggingin skiptist í tvö aflöng hús, samliggjandi og samföst og hólfast hið nyrðra í tvennt. Þau eru hlaðin úr torfi og grjóti, með standpili, jafnt gólfi, eða því nær á hlöðum, samhliða syðri húsunum (nr. 1 og 2) og mynda framgaflar beina línu með framgöflum þeirra. Stefnan er nokkurn veginn V-A. Aftur úr norðurhorni byggingarinnar gengur garður í A að bakhúsi (nr. 4) (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-4 Garður, Útihús

Sérheiti: Miðdalur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Beint út frá norðurhorni byggingarinnar í nr. 3, í beinni línu með norðurlangvegg hennar, liggur garður í A, og beygir hornrétt í S inn að norðurhorni byggingar sem staðsett er bak við fremri húsin (nr. 1-3), fjær heimreiðinni (nr 7) (Túnakort).

Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti eða öðru hvoru. Húsið er heldur stærra en fremri húsin og skiptist í tvö jafnstór aflöng hólf. Það er líka hlaðið úr torfi og grjóti, með standpili, jafnt gólfi, eða því nær á hlöðum. Milliveggur er úr timbri. Stefnan er hin sama og hjá hinum húsunum, nokkurn veginn V-A og snúa framgaflar í V.

Heimildaskrá

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-5 Útihús, Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Bak við aftari húsin (nr. 4) er skv. Túnakortinu eittthvert útihús.

Húsið er aflangt, hlaðið úr torfi og grjóti og e.t.v. með hálfpil á stafni eða stöfnum. Það hefur nokkurn veginn stefnuna N-S. Út úr suðurhorni þess gengur garður í suður, í beinni línu með vesturlangveggnum, beygir síðan í vestur og endar hjá fremsta húsinu í bæjarstæðinu (nr. 1) (Túnakort). Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti eða öðru hvoru.

Heimildaskrá

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-6 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá frá 1890 liggja merki Miðdals gagnvart Ölvesafrétt „...úr vörðunni á Stóra Borgarhól...“ beint í sýsluþúfu á heiðinni.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Miðdals í Mosfellssveit frá 1890.

Miðdalur 123713-255-7 Heimreið**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Gamla heimreiðin liggur skv. Túnakortinu frá Bæjarlæk norðvestur að bæjarstæðinu. Auk þess liggur önnur aðkeyrsla að því úr norðaustri. Heimreiðin og hin aðkeyrslan eru sýndar sem hlaðnir, malarbornir vegir, heimreiðin e.t.v. með tröðum.

Heimildaskrá

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-8 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Í túninu norðaustan gamla bæjarstæðisins (nr. 1-5) má á Túnakortinu sjá tóft. Þetta er rofið torfhús, líklega eitthvert útihús sem hefur stefnuna NV-SA.

Heimildaskrá

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-9 Landamerki**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Landamerki Miðdals gagnvart Elliðakoti liggja úr árfari við Boldölduenda „...í vörðuna á há Lyklafelli...“, þaðan í Selvatnsenda og svo eftir því og Gudduús (Landamerkjaskrá 1890).

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Miðdals í Mosfellssveit frá 1890.

Miðdalur 123713-255-10 Landamerki**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Skv. Landamerkjaskrá 1890 liggja merki Miðdals gagnvart Reynisvatni í beinni línu úr vörðunni á Stóra Skyggni í Langavatn, eftir stefnu í Skjóna í Óskotslandi. Nánari umfjöllun um landamerki er í kaflanum Náttúrfar og jarðarbætur í jarðarskjali. Í Örnefnalýsingu segir að Stóri Skyggnir sé „...áberandi hæð sem eru suð-vestur mörk Miðdals...“ en „...ofan við Stóra Skyggnir er Skyggnislaut“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Miðdals í Mosfellssveit frá 1890. Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-11 Garður**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Norðarlega í túninu, norðvestan gamla bæjarstæðisins, er á Túnakortinu gamalt garðbrot. Um er að ræða garð sem hætt hefur verið að halda við þegar kortið var gert. Stefnan er NA-SV.

Heimildaskrá

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-12 Mógröf**Sérheiti: Grafarblettur****Tegund: Hola 465****Staðhættir og lýsing**

Skv. Örnefnalýsingu eru gamlar mógrafir SV gamla Miðdalstúnsins eða eins og þar segir: „Austur af Steinatjörn er Steinatjarnarmelur. Suð-austur af Steinatjarnarmelur er mýrarblettur sem Grafarblettur heitir. Sést þar vel fyrir mógröfum. Norð-austur af Grafarbletti er Grafarmelur, norður af Grafarmelur er Stöðulmýri sem nær að Bæjarlæk að austan“ (Tryggvi Einarsson). Þetta eru líklega sömu mógrafir og skoðaðar voru við fornleifaskráningu árið 1982, í úthaga, í botni dalverpis, um 320 m SA rafmagnslínu (Bjarni F. Einarsson). Skv. skrásetjara eru mógrafirnar um fimm talsins, 8-10 m í þvermál, og ná yfir um 50 x 100 m spildu með stefnuna VSV-ANA (Bjarni F. Einarsson).



Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-13 Stöðull**Sérheiti: Stöðulmýri****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Norðan Grafarbletts og austan Bæjarlækjar er skv. Örnefnalýsingu svo kölluð Stöðulmýri: „Norð-austur af Grafarbletti er Grafarmelur, norður af Grafarmelur er Stöðulmýri sem nær að Bæjarlæk að austan. Holtin fyrir norðan Stöðulmýri heita Bæjarholt, þau liggja að Bæjarlæk sem er rétt sunnan við Miðdalsbæinn“ (Tryggvi Einarsson).



Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur - 123713-255-14 Garður

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakortinu frá 1916 má sjá hvar Bæjarlækur rennur austan og sunnan við gamla bæjarstaðið. Neðst í hlíð í túninu, um 7 m frá læknum, fannst kartöflugarður við fornleifaskráningu árið 1982. Garðurinn er á

svipuðum slóðum og kálgarðar sem merktir eru inn á Túnakortið 1916, á móti húsunum (nr. 1-5) í bæjarstaðinu, vestan megin heimreiðarinnar (Bjarni F. Einarsson).

Garðurinn nær yfir um 8 x 26 m láréttan flöt. Vesturveggurinn er hlaðinn úr torfi, um 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð, en á aðrar hliðar er garðurinn stunginn niður í halla hlíðarinnar. Stefnan er N-S (Bjarni F. Einarsson).

Garðarnir á Túnakortinu liggja hlið við hlið, ferhyrmdir, girt á milli þeirra og að framan eða austan, við heimreiðina. Girðinging er úr tré eða járn en að norðan, vestan og sunnan eru veggir hlaðnir úr grjóti og torfi eða öðru hvoru.

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-15 Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakortinu eru tveir kálgarðar sunnan gamla bæjarstaðisins, rétt austan við Bæjarlæk, þ.e. á svipuðum slóðum og kartöflugarðurinn sem skráður var 1982 (nr. 14). Lögunin er þó ekki hin sama. Skv. kortinu er grýtt holt þarna megin lækjarins, líklega það sem í Örnefnalýsingu kallast Bæjarholt (Tryggvi Einarsson). Um er að ræða tvo samfasta garða með veggi hlaðna úr torfi og grjóti eða öðru hvoru.

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-16 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing


Vestan megin í syðri garðinum (nr. 15), næst Bæjarlæk, er eitthvert útihús. Húsið er aflangt og hólfast í tvennt og snýr minna herbergið að garðinum en hið stærra að læknum. Byggingarefnið er torf og grjót og e.t.v. hálfpil á gaffli eða göflum. Stefnan er NV-SA (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Miðdalur 123713-255-17 Jarðhús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Neðarlega í hlíð í túninu, austur frá Bæjarlæk og vestur frá núverandi bæjarhúsi, fannst jarðhús við fornleifaskráningu árið 1982 (Bjarni F. Einarsson).


Jarðhúsið er um 5 x 5 m að stærð, veggir hlaðnir úr torfi, um 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Dyr eru SV megin. Gólfíð er grafið niður og inn í hlíðina og eru á því þakleifar, bárujárn, fúin sprek og olíutunna. Stefnan er NA-SV (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Miðdalur 123713-255-18 Refabú

Tegund: Hleðsla 465



Staðhættir og lýsing

Neðarlega í hallandi haga, um 8 m vestur af Bæjarlæk, fannst refabú við fornleifaskráningu árið 1982. Búið nær yfir um 28 x 40 m stórt svæði og sést móta fyrir nokkrum húsum, garðar hlaðnir í kring að hluta. Stefnan er N-S. Suðurhelmingur búsins er vaxinn greni, birki og fleiri trjategundum sem gróðursett voru eftir að búið var lagt niður. Steinunn húsfreyja í Miðdal sagðist hafa rekið refabúið ásamt manni sínum en það var lagt niður um 1950 (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Miðdalur 123713-255-19 Stífla

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Við fornleifaskráningu árið 1982 var teiknaður upp stíflugarður eða mylla sem liggur við Bæjarlæk, rétt við gömlu heimreiðina (nr. 7) og um 70 m vestur af núverandi bæjarhúsum (Bjarni F. Einarsson).


Stíflugarðurinn er grasi vaxinn og nokkuð hruninn, um 3 x 16 m að stærð, hlaðinn úr 0,3-0,7 m stórum steinum. Hann skiptist í tvær þrær og er sú eystri heillegri. Stefnan er A-V. Myllusteinninn, um 1 m í þvermál, er geymdur um 100 m ofar við lækinn (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Miðdalur 123713-255-20 Hesthús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Ofarlega í hlíð í túninu, um 30 m NV af veg og 15 m NV rafmagnslínu fannst tóft af hesthúsi við fornleifaskráningu árið 1982 (Bjarni F. Einarsson).

Tóftin er mjög vaxin burkna. Hún er nánast hringlaga og um 6 m í þvermál. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, um 2 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Inngangur er norðvestan megin (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Miðdalur 123713-255-21 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá 1890 liggja merki Miðdals gagnvart Ölvesafrétt frá Stóra Borgarhól (nr. 6) í Sýsluþúfu, í árfar við Bolöldu enda og eftir því „...undir landsuðurshorn á Lyklafellsenda eystri.“ Þaðan eru merki gagnvart Elliðakoti í vörðu á Há-Lyklafelli (nr. 9). Í Örnefnalýsingu eru auk þess nefndar tvær vörður á þessari leið, þ.e. milli Borgarhóls og Bolöldu: „Að austan eru mörk Miðdals úr eystri enda Bolöldu í 2 vörður á klöpp við Búrfellslínu. Eiga vörður þessar að sýna stefnu úr eystri Bolöldu í Borgarhól“ (Tryggvi Einarsson). Í Landamerkjaskrá eru merki rakin úr norðri í suður en í Örnefnalýsingu úr suðri í norður.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Miðdals í Mosfellssveit frá 1890. Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-22 Mógröf

Sérheiti: Mómýri

Tegund: Hóla 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Norðan við gamla Miðdalstúnið var mýri sem Mómýri hét (nú ræktað tún) mótak var þar gott mórinn svartur og harður. Ruðningur 4 til 6 stungu mórinn 6 til 9 stungur niður. Ofan við Mómýri er Móholt“ (Tryggvi Einarsson). Skv. Fornleifaskráningu 1980-1982 er mýrin NV undir Móholti, um 20 m NV vegar (Bjarni F. Einarsson).

Parna eru um 10 mógrafir, 4 x 4 - 6 x 6 m að stærð, og ná yfir um 45 x 50 m spildu. Í

suðvesturhluta spildunnar er vatnsfull gröf, trúlega sú yngsta (Bjarni F. Einarsson).


Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-23 Hrutakofi

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Í hæð í túninu NV undir Móholti, um 5 m vestan vegar, fannst hrútakofi við fornleifaskráningu árið 1982 (Bjarni F. Einarsson).

Tóftin er um 4 x 9 m að stærð, veggir hlaðnir úr torfi og grjóti, 1-1,5 m á breidd og 0,3-1,4 m á hæð. Garðlög eru greinileg, sérstaklega í vesturhluta. Dyr eru vestan megin á suðurlangvegg. Austurendinn er grafinn inn í hæðina og í honum er jafnframt þverveggur sem hólfa tóftina í tvennt, 0,7-1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Í tóftinni má sjá bárujárn og fúin sprek á gólfi og girðing liggur þvert yfir millivegginn. Stefnan er A-V (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá


Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Miðdalur 123713-255-24 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í túninu vestur undir Móholti, um 15 m vestan vegar fannst tóft við fornleifaskráningu árið 1980, sennilega eftir eitthvert útihús (Bjarni F. Einarsson).




Tóftin er mjög ógreinileg, um 6 x 12,5 m að stærð, veggir hlaðnir úr torfi, um 1,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Norðan megin hefur húsið verið grafið inn í hlíðina en sunnan megin virðast vera óljósar dyr. Við þá hlíð hefur steinum verið raðað í hring. Tóftin hefur stefnuna ASA-VNV (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Miðdalur 123713-255-25 Fjárhús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Á Túnakortinu eru útihús í túninu norðan gamla bæjarstæðisins (nr. 1-5). Þetta er líklega sama rúst og skráð er sem fjárhús-rúst við fornleifaskráningu árið 1982. Þar er staðsetningunni lýst svo: „Í túninu vestur undir Móholti, um 30 m vestan vegar og 60 m norðaustan við núverandi bæjarhús“ (Bjarni F. Einarsson).

Samkvæmt Túnakorti er hér um að ræða þrjú samföst hús, hlaðin úr torfi og grjóti, með hálfþili á stafni eða stöfnum: Aflangt hús A, með stefnuna SV-NA, aflangt hús B sem liggur þvert á norðausturgafli A, með stefnuna NV-SA, og minna ferningslaga hús C, sem liggur upp við norðvesturlangvegg A.

Samkvæmt skrásetjara fornleifaskráningar árið 1982 er rústin um 16 x 16 m að stærð, veggir hlaðnir úr torfi, 1-2 m á breidd og 0,2-1,7 m á hæð. Hún skiptist í fernt. Hús A og B eru aflöng og samsíða, með dyr á vesturgöflum og stefnuna VNV-ASA. Hús C, einnig aflangt, liggur þvert á suðausturenda hinna tveggja, og hefur verið tekið úr túninu og jafnað að suðausturvegg þess. Hús D er ferningslaga, austan megin upp við norðurlangvegg húss B. Dyr eru á vesturgafli en suðausturendinn grafinn inn í hlíðina. Garðlög eru sérlega greinileg sunnan megin í D (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands. Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.


Miðdalur 123713-255-26 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á lítilli hæð í túninu, um 110 m vestan vegar, er tóft skv. Fornleifaskráningu 1980-1982 (Bjarni F. Einarsson).

Tóftin er um 6 x 11,5, veggir hlaðnir úr torfi, 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hún skiptist í þrjú hólf, vestasta húsið A með inngang á vesturgafli, miðhúsið B og



austasta húsið C sem er minna og nokkuð óljóst. Gólfín eru niðurgrafín, sérstaklega í A og B. Tóftin hefur stefnuna V-A (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Miðdalur 123713-255-27 Fjánhús

Sérheiti: Hólshús

Tegund: Tóft 465


Staðhættir og lýsing

Á allgrónum mel, um 320 m vestur af núverandi bæjarhúsum í Miðdal, eru skv. Fornleifaskráningu 1982 sauðhús sem heita Hólshús (Bjarni F. Einarsson).

Tóft þeirra er um 11 x 19 m að stærð, veggir hlaðnir úr torfi og grjóti, 1-1,5 m á breidd og 0,3-1 m á hæð. Hún skiptist í þrennt. Suðvestan megin er aflangt hól A og aftur úr því gengur minna hól B í SA. Milli þeirra er ógreinilegur veggur. Meðfram langveggjum A eru stallar, e.t.v. jötur, 0,4 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð, en í B er gólfið niðurgrafið. Sjá má þakleifar með jární, stoðum og sperrum á gólum þessara tveggja hólfa. Samsíða við A er svo annað aflangt hól C. Inngangar eru á norðvesturgöflum A og C. Stefnan er NV-SA (Bjarni F. Einarsson).


Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.



Miðdalur 123713-255-28 Lambhús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Neðan við hæðarbrún mels, um 400 m vestur af núverandi bæjarhúsi fannst tóft af lambhúsi við fornleifaskráningu árið 1982 (Bjarni F. Einarsson).

Tóftin er um 7,5 x 7,5 m að stærð, veggir byggðir úr steinhellum og torfi, um 2 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð. Inngangur er á norðurgafli. Stefnan er nokkurn veginn N-S (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Miðdalur 123713-255-29 Garður

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Um 11 m í SSV frá lambhúsinu er brot af garði (Bjarni F. Einarsson).

Garðurinn er 0,5-1 m á breidd, um 0,3 m á hæð og 6 m á lengd, byggður úr 0,2-0,4 m stórum steinum, með stefnu VSV-ANA (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.


Miðdalur 123713-255-30 Hjáleiga

Sérheiti: Miðdalskot

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabókinni frá 1704 er getið um Mýdals-hjáleigu með einn ábúanda og er það sennilega hið svo kallaða Miðdalskot sem var hjáleiga frá Miðdal. Hún hefur hins vegar



lagst í eyði þegar getið er um hana í síðari heimildum. Hvorki er minnst á hana í Jarðatali J. Johnsen frá 1847 né í Nýrri jarðabók 1861 enda hafði kotið skv. Lýsingu Mosfells- og Gufunessókna frá 1855 verið „... lagt í eyði fyrir tæpum 20 árum...“, þ.e. um 1835 (Stefán Þorvaldsson, bls. 238). Árið 1938 segir Björn Bjarnason að Mýdalskot hafi fyrir löngu verið lagt undir heimajörðina Miðdal (bls. 108). Næst er svo kotið nefnt í Örnefnalýsingu og fylgir ýtarleg upptalning tengdra Örnefna: „Í Seljadalsá er foss er Áarfoss heitir... Suður af Áarfossi er kvos er Kotadalur heitir. Nokkru ofar við Seljadalsá er allstór bergdrangur er Krummaborg heitir.... Við Krummaborg rennur lækur út í Seljadalsá er Bæjarlækur heitir. Milli Bæjarlækjar og Seljadalsár er mjór tangi er Lækjartangi heitir. Spölkorn upp með Bæjarlæknum að vestan er Miðdalskot sem var hjáleiga frá Miðdal. Sést þar vel til allra húsa, þarna er fallegur grasi vaxinn hóll er Kotahóll heitir. Fyrir sunnan Miðdalskot er allstór mýri er Kotamýri heitir, aðskilur Bæjarlækur Kotamýri frá túninu í Miðdal. Vestur úr Kotamýri er mjó Kelda er Kotakelda heitir, en nokkru vestar er hringlaga mýri er Kotakrökur heitir. Fyrir sunnan Kotakrök og Keldu er Kotamýrarurð...“ (Tryggvi Einarsson). Rústirnar fundust SA í Kotahól við fornleifaskráningu árið 1982, nánar tiltekið í haga, um 240 m SV Hafravatnsleiðar og um 70 m sunnan minni vegar (Bjarni F. Einarsson).

Bæjartóftin er um 14 x 16 m að stærð, veggir úr torfi og grjóti, 1-2 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Hún skiptist í fjögur hólf. Vestara hólf A er stærst. Inn úr norðurvegg þess, nálægt miðju, liggur hellulögn, um 1-1,2 m á breidd og 5 m á lengd. Hellurnar sjálfar eru 0,2-0,5 m stórar. Austan við A eru minni hólf B, C og D og eru gólf þeirra lögð steinum, einkum í nyrsta hólfinu B og miðhólfinu C en þar sjást garðlög og mótur fyrir bálkum. Veggurinn milli þess og syðsta hólfins D er eingöngu hlaðinn úr hellum. Dyr eru á suðurenda D. Steinar sunnarlega við austurvegg hólf A, þ.e. millivegg þess og hinna hólfanna, benda til að þar hafi verið líka verið dyr. Stefna tóftarinnar er VNV-ASA (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.
- Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II. 3. Reykjavík 1938.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.
- J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólks-tölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðar-töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.
- Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27, maí-mánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.
- Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.
- Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-31 Fjárhús

Sérheiti: Miðdalskot

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 19 m SA af bæjartóftinni (nr. 31) í Kotahól er rúst af fjárhúsi skv. Fornleifaskráningu 1980-1982 (Bjarni F. Einarsson).

Fjárhúsið er aflangt, um 6,5 x 16,5 m að stærð, veggir úr torfi og grjóti, 1,5-2 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Í norðurhlutanum eru veggir og gólf í sömu hæð en í suðurhlutanum er nokkuð af steinum. Dyr eru á suðurgafli og stefnan er N-S (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Miðdalur 123713-255-32 Óþekkt

Sérheiti: Miðdalskot

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 11 m VNV af bæjartóftinni (nr. 31) er tóft af einhverju óþekktu mannvirki (Bjarni F. Einarsson).

Tóftin, ásamt umhverfi, er grasi gróin og töluvert löskuð, líklega vegna ágangs kvikfjár. Hún er nánast hringlaga, 8-9 m í þvermál, veggir úr torfi, 0,5-1,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Miðdalur 123713-255-33 Kvíar

Sérheiti: Kvíaból

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Fyrir sunnan Miðdalskot er allstór mýri er Kotamýri heitir... Vestur úr Kotamýri er mjó Kelda er Kotakelda heitir... Sunnan við Kotakeldu voru Kvíaærnar bældar, þar er gróður og þurrhent og heitir Bólin. Skammt austan við Bólin er bleytudrag uppi í mýrarblett er Háavík heitir“ (Tryggvi Einarsson). Þessi Kvíaból fundust ekki við fornleifaskráningu árið 1982 en skrásetjari staðsetur þau með hjálp húsfreyju í Miðdal í dalverpi nokkru (NNA-SSV) með þýfi (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-34

Startekja

Sérheiti: Startjarnir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing
Af Örnefnalýsingu að dæma eru svo kallaðar Startjarnir skammt frá Kvíabólum (nr. 33) en um þær segir: „Skammt austur af Langavatni er mýrardrag með tveimur smá tjörnum er Startjarnir heita. Fengust þar allt að 10 hestburðir af störr. Skammt norður af Startjörnum er lítil graslaut er Gjótulág heitir. Norður af Gjótulág er Dýjadalshnúkur sem áður er nefndur“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-35 Sel

Sérheiti: Keldnasel

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing



Í Örnefnalýsingu segir: „Suður af austur-enda Langavatns er Keldnaselshæð. Vestanundir háhæðinni er Keldnasel, sést vel móta fyrir selstóftum. Milli Höfða og Keldnaselshæðar eru vallendis lágur er Keldnasel-lágur heita“ (Tryggvi Einarsson). Keldnasel fannst ekki við fornleifaskráningu árið 1982.

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-36 Óþekkt

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Á grasi gróinni spildu undir Keldnaselshæð, um 32 m SSA af Langavatni, fundust grunnar einhverra óþekkra mannvirkja við fornleifaskráningu árið 1982 (Bjarni F. Einarsson).

Minni grunnurinn er um 5,5 x 8 m að stærð, með steinsteyptum veggjum, 0,2-0,3 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Hann er fylltur steinum. Á norðurvegg virðist vera bíslag. Inngangur er sunnan megin á austurvegg. Mannvirkið hefur stefnuna A-V (Bjarni F. Einarsson).

Aðrar upplýsingar

Skrásetjari telur þetta varla geta verið hermannavirki (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Miðdalur 123713-255-37 Óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Rétt norðan minni grunnsins, er annar nokkuð stærri (Bjarni F. Einarsson).

Þessi grunnur er um 8,5 x 13, með veggi úr torfi og grjóti, 0,2-1 m á breidd og 0,1-0,8 m á hæð. Sýnilegir eru veggirnir austan og sunnan megin og hluti vesturveggjar en mótar fyrir norðurhlutanum sem líklega hefur verið grafinn eitthvað niður. Mannvirkið hefur stefnuna A-V (Bjarni F. Einarsson).

Aðrar upplýsingar

Skrásetjari telur þetta varla geta verið hermannavirki (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Miðdalur 123713-255-38 Eyktarmark

Sérheiti: Miðaftanshæð

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

N eða NA við Keldnaselshæð er skv. Örnefnalýsingu svo kölluð Miðaftanshæð og Miðaftansmói: „Skammt austur af Keldnaselshæð er fallegur dalur sem heitir Neðri-Djúpidalur. Norður úr Djúpadal er Klauf er Djúpadalsklauf heitir og endar við lítinn mýrarblett sem Kringlumýri heitir. Vestur af Kringlumýri er lyngmói sem Miðaftansmói heitir, sunnan við Miðaftansmóa er Miðaftanshæð“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-39 Eyktarmark

Sérheiti: Hádegisholt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Vestan við vegamót Hafravatns og gamla-Þingvallavegar er Hádegisholt norður af Hádegisholti er grýtt láglandi er Grjótin heita“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-40 Óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „...austur af Háamel eru Höfðálagar. Upp af Höfðálágum er áberandi hæð sem Höfði heitir“ (Tryggvi Einarsson). Við fornleifaskráningu árið 1982 fannst tóft af einhverju óþekktu mannvirki í landareign Höfða, í túni VNV frá bæjarhúsi þar (Bjarni F. Einarsson).

Tóftin er um 6,5 x 10 m að stærð, veggir út torfi og grjóti. Óljós inngangur virðist vera á vesturvegg. Á gólfi tóftarinnar er bárujárn, aðrar leifar úr járni og þakplötur úr asbesti. Norðurhornið er afgirt og hefur það sennilega verið gert eftir að þakið féll. Stefnan er SSV-NNA (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-41 Hjáleiga

Sérheiti: Sólheimakot

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Sólheimakots er hvorki getið í Jarðabók Árna og Páls árið 1704 og ekki heldur í síðari tíma jarðabókum en í Lýsingu Mosfells- og Gufunessókna frá 1855 segir: „Enn eru nefnd 2 eyðikot í Miðdalsheiði, nl. Sólheimakot og Búrfellskot, en ekki vita menn hve nær þau hafa lagzt í eyði, enda er mjög langt síðan“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 238). Á árunum 1932-8 varð hins vegar til nýbýlið Sólheimar en um það segir í Fasteignabók 1938: „Járnvarið timburhús, engin hlaða, nautgripir 2, sauðfé 10, hross 2“. Sama ár

segir Björn Bjarnason: „Áður hjáleiga frá Miðdal, en nú endurreist nýbýli“. Virðist líklegt að hann sé að vísa til hins forna Sólheimakots og að Sólheimar hafi verið reistir í landi þess. Þeir voru þó án ábúðar a.m.k. frá 1958 og aldrei hefur verið þar mikill búskapur. Eigendur 1979 voru erfingjar Guðmundar Gíslasonar læknis að Keldum og nú er þar sumarbústaður (Fasteignabók, Jarðaskrár). Tryggvi Einarsson í Miðdal getur um rústir kotsins í Örnefnalýsingu: „Austan við Augnlæk er Sólheimamýri. Upp af norðurenda Sólheimamýrar er Háabrekka ofan við Háubrekku eru Brekkubrúnir sunnan við Brekkubrúnir er fallegur hvammur er Sauðhúsahvammur heitir. Ofan við Sauðhúsahvamm eru sauðhús er afi minn byggði. Móts við Sauðhúsahvamm er kriki er Fífukrókur heitir. Skammt suður af Fífukrók er Sólheimakot hjáleiga frá Miðdal sést þar vel fyrir veggjum. Ofan við Sólheimakot er Sólheimamelur, sunnan við Sólheimamel er mýri er Dugguósmýri heitir. Ofan við Sólheimabrúnir“.

Heimildaskrá

- Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 3. Reykjavík 1938.
- Fasteignabók*. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.
- Jarðaskrár 1958-1979*. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.
- Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.
- Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.


Miðdalur 123713-255-42 Fjánhús

Sérheiti: Sólheimakot

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir Tryggvi Einarsson: „Upp af norðurenda Sólheimamýrar er Háabrekka ofan við Háubrekku eru Brekkubrúnir sunnan við Brekkubrúnir er fallegur hvammur er Sauðhúsahvammur heitir. Ofan við Sauðhúsahvamm eru sauðhús er afi minn byggði“. Þetta eru væntanlega sauðhúsin sem skv. Fornleifaskráningu



1980-1982 eru fram við grýtta hæðarbrún, í austsuðaustur frá sumarbústað, í landi nýbýlisins Sólheima (Bjarni F. Einarsson).

Tóftin er aflöng, 9,5 x 16 m að stærð, veggir 1,5-2 m á breidd og 0,4-0,7 m á hæð, hlaðnir úr torfi og grjóti og sjást garðlög úr grjóti. Fyrirferðarmest eru tvö samsíða hús eða hólfi A og C með stefnuna A-V. Aftan við C er auk þess lítið hólfi B og inngangar eru á austurgöflum húsa A og C yfir í aflangt hús D sem liggur þvert á þau. Aðrar dyr eru ekki sjáanlegar (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.
- Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-43 Fjánhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Norður af Selvatns-enda er mýrarfláki er Sauðhúsamýri heitir. Úr norð-vestur horni Sauðhúsamýrar liggur lægðardrag niður að Sauðhúsahvammum er Gíslalág heitir úr Sauðhúsamýri rennur lækur í vestanvert Selvatn er Sauðhúsamýrarlækur heitir“ (Tryggvi Einarsson). Vera má að mýrin sé kennd við sömu sauðhús og hvammurinn (nr. 42) en það þarf þó ekki að vera.

Heimildaskrá

- Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-44 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá 1890 liggja merki Miðdals gagnvart Ölvesafrétt frá Stóra Borgarhól (nr. 6) í Sýslubúfu, í árfar við Bolöldu enda og eftir því „...undir landsuðurshorn á Lyklafellsenda eystri“. Þaðan eru merki gagnvart Elliðakoti í vörðu á Há-Lyklafelli (nr. 9). Í Örnefnalýsingu eru auk þess nefndar tvær vörður (sbr. nr. 21) á þessari leið, þ.e. milli Borgarhóls og Bolöldu: „Að austan eru mörk Miðdals úr eystri enda Bolöldu í 2 vörður á klöpp við Búrfellslínu. Eiga vörður þessar að sýna stefnu úr eystri Bolöldu í Borgarhól“ (Tryggvi Einarsson). Í Landamerkjaskrá eru merki rakin úr norðri í suður en í Örnefnalýsingu úr suðri í norður.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Miðdals í Mosfellssveit frá 1890. Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-45 Hjáleiga

Sérheiti: Geitháls

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á Nýrri jarðabók 1861 og Fasteignabók 1922 má sjá að býlið Geitháls varð til á árunum 1861-1922 og skv. Fasteignabók er þar eftirfarandi til staðar árið 1938: „...timburhús, tún 1,7 ha. algirt, matjurtagarður?, hlaða 100 hestb., engar skepnur.“ Jörðin hefur hins vegar ekki verið í ábúð a.m.k. frá 1958. Skv. Eyðijarðaskrá 1963 hefur hún ekki verið notuð til búrekstrar síðan gestgjafi hætti að búa þar en þá var gripahald byggt á aðfengnum heyskap. Þar eru ekki talin skilyrði til búrekstrar eða nægilegrar ræktunar, engin hús voru lengur á jörðinni á þessum tíma, hún hafði ekki verið nytjuð um fjölda ára og þau fáu tún sem þar höfðu verið voru komin í órækt (Skýrsla um eyðijarðir). Í heimild frá 1966 segir um Geitháls: „...áður býli við Suðurlandsveg ca. 10 km fyrir austan Reykjavík, nú veitingastaður og sælgætis- og tóbaksverzlun.“ (Þorsteinn Jósepsson, bls. 99). Rústir af bænum Geitháls fundust við fornleifaskráningu árið 1982, í hallandi að Hólmsá, um 25 m suður af veginum (Bjarni F. Einarsson).

Grunnurinn sem fannst var um 15 x 16 m að stærð. Veggir voru aðeins sýnilegir vestan megin, úr tilhöggnu grjóti, 1,4-1,8 m á hæð. Við norðvesturhornið eru steintröppur með sjö þrepum, 1,1 m á breidd og 1,6 m á hæð. Vestan grunnsins er útsléttuð flöt sem endar í kanti með grjóthleðslu, 1-2 steinaröðum. Stefnan er N-S (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. *Fasteignabók*. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921. *Ný jarðabók fyrir Ísland*, samin eptir tilskipun 27, maí-mánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn. *Skýrsla um eyðijarðir* skv. fyrirmælum 53. gr. laga nr. 75 frá 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. – Ópr. 31.12.1963.

Þorsteinn Jósepsson. *Landið þitt. Saga og sérkenni nær 2000 einstakra bæja og staða*. Reykjavík 1966.

Miðdalur 123713-255-46 Læknisráð

Sérheiti: Rauðólfur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Norður af Sauðhúsamýri er allstór heiði sem Heytjarnarheiði heitir. Í norð-austur horni Heytjarnarheiðar er Heytjörn lítil tjörn í henni vex hávaxinn gróður sem kallaður var Rauðólfur. Gras þetta er mjóvaxið og var oft slegið, þótti það hafa lækningamátt við búfjárvillum. Austan við Heytjörn er smá klettaborg með grasþúfu sem Heytjarnarþúfa heitir“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-47 Þjóðvegur


Sérheiti: Gamli Þingvallavegurinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabók 1704 er minnst á þjóðgötu í tengslum við hjáleiguna Búrfell: „Lagðist þetta kot mest í eyði fyrir óbærilegum átroðningi þjóðgötu, sem liggur í gegnum túnið...“ (Jarðabók Árna og Páls, 292).

Heimild frá 1855 hefur þetta að segja um vegi: „Þrír liggja þjóðvegir um sóknirnar: 1. Vegur sá, er liggur norðan yfir Svínaskarð, sem er stuttur fjallvegur milli Kjósar og Kjal-



arness- og Mosfellssveitar. - 2. Sá, er liggur austan yfir Mosfellsheiði og fram Seljadal, niður hjá bæjunum Þormóðsdal, Miðdal og Reynisvatni og Árbæ, og 3. vegurinn liggur suðaustan yfir Hellisheiði, fyrir sunnan Helliskot og norðan Klapparholt og Árbæ" (Stefán Þorvaldsson, bls. 238).

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Miðdalur 123713-255-48 Sel

Sérheiti: Litla-Sel

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Austan við Hrútslæk skagar grýtt holt út í Selvatnið sem Bleikjunef heitir. Nokkru austar við Selvatn skagar annað holt út í vatnið, það heitir Urriðanef. Milli Bleikjunefs og Urriðanefs er vík er Litla-Selsvík heitir. Norður af Litlu-Selsvík er Litla-Sel sést aðeins móta fyrir rústum þar. Ofan við Litla-Sel er Litla-selshæð“ (Tryggvi Einarsson). Þar kemur einnig fram að Urðarlágarlækur „...rennur í austurenda Selvatns...“ og „...nokkru norðar rennur Sellækur í Selvatn...“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-49 Sel

Sérheiti: Víkursel

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Austur af Selvatns-enda er Víkursel talið vera frá Vík á Seltjarnarnesi, sést þar fyrir selstöftum. Norður af Víkurseli eru Selbrúinir“ (Tryggvi Einarsson). Þetta sel er skv. Fornleifaskráningu staðsett á örtiltum mosa og grasi grónum hól, í mýrarkvos, um 50 m austur af vatninu (Bjarni F. Einarsson).

Hóllinn sem selið stendur á er stórpýfður, ólíkt nánasta umhverfi sínu, og er selið ógreinilegt vegna mosaþúfna. Það er þó aflangt, um 4,5 x 9 m að stærð, veggir úr torfi, um 1,5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Selíð skiptist í tvennt, fremra hólf A með dyrum í norður og aftara hólf B en á því sjást engar dyr. Stefnan er N-S (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-50 Hjáleiga

Sérheiti: Borgarkot

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Fyrst er minnst á „Borgar Kot“ í Jarðabók árið 1704 en skv. henni var það „Hjáleiga af Miðdal, nú í auðn og hefur nú yfir ár um kring í eyði legið, en var í fyrstu bygð í fornu fjárborgarstæði fyrir vel tuttugu árum... Fóðrast kunnu í þessari hjáleigu, fyrir utan það er af heimatúninu var lagt, ii kýr naumlega... Meina menn ei aftur byggjast kunni með sömu kostum, nema því meir að af heimajörðunni væri til lagt“ (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 291). Borgarkot hefur miðað við þetta verið í eyði frá 1703 enda hvorki getið í Jarðatali J. Johnsens frá 1847 né Jarðabók 1861. Í Örnefnalýsingu er hins vegar nefnt Borgarholt: „Norðrafupptökum Hrútslækjar er Langabrekka. Milli Löngubrekku og Langamels er Langamýri. Norður af Löngumýri er Borgarholt þar var hjáleiga frá Miðdal. Austan við Borgarholt er mýrarkriki er Borgarholtsmýri heitir. Suð-vestan við

Borgarholt er mýrarsund er Borgarholtskelda heitir. Suð-vestan við Borgarholt er jarðfastur bergdrangur sem Borgarholt dregur nafn sitt af og heitir Borgin“ (Tryggvi Einarsson). Líklegt má teljast að Borgarholt sé hið sama og kallað er Borgarkot í eldri heimildum.


Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-51 Fjánhús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Norðan við Borgarholt er stór hæð sem Hríshöfði heitir. Vestan í Hríshöfða er Hríshöfðabrekka. Vestur af norð-vestur horni Hríshöfða er hringlaga holt sem Holtið-Eina heitir, þar er nú nýbýlið Dalland“ (Tryggvi Einarsson). Við fornleifaskráningu árið 1982 fundust sauðhús í landareign þess, efst á grýttum hól, um 240 m í SSV frá bæjarhúsum (Bjarni F. Einarsson).

Tóftin og umhverfi hennar eru grasi gróin. Hún er um 11 x 19 m að stærð, með veggum úr grjóti og torfi, 1,5-2 m á breidd og 0,3-1 m á hæð, og skiptist í þrennt. Fremst eða norðvestast eru tvö aflöng og samhliða hús, hið stærra A og hið minna B nokkru aftar við suðvesturhlið A. Garðar, e.t.v.

jötur, liggja eftir þeim endilöngum og eru dyr á norðvesturgöflum, dálítið öljósar þó á B. Stefan er NV-SA. Þvert á suðausturgöfla þessara húsa liggur þriðja húsið C, einnig aflangt, með niðurgrafið gólf. Garðhleðslur sem eru mjög greinilegar í tóftinni eru sérstaklega heillegar í C. Steinar liggja á gölfum í allri tóftinni (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-52 Stekkur


Sérheiti: Gamli-Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Norðan við Holtið-Eina og Hríshöfða er mýri sem Hríshöfðavík heitir. Austan við Hríshöfðavík undir smáhæð er Gamli-Stekkur sést þar vel fyrir Stekkjartóftum. Austur af Gamla-Stekk er lágur ás norður að gamla-Þingvallavegi er Rjúpnaás heitir“ (Tryggvi Einarsson). Skv. Fornleifaskráningu er stekkurinn „...í grasi gróinni hlíð undir ás...“, suður af vegi og austur af bæjarhúsi Dallands (Bjarni F. Einarsson).

Tóftin er sporöskjulaga, um 6 x 15 m að stærð. Veggir eru úr torfi og grjóti, 0,4-1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Á köflum eru eingöngu stórir grjóthnullunga, 0,4-0,8 m að stærð. Tóftin skiptist í tvennt, lengra hól A með dyr í SV og minna hól B sem kemur aftan við norðvesturhlið A og virðist einnig vera með dyr í SV. Halli er á tóftinni í sömu átt (Bjarni F. Einarsson).



Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-53 Kvíar

Tegund: Tóft 465


Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnalýsingu er Efri-Djúpidalur „... austur af Rjúpnáás...“ sem er „...austur af Gamla-Stekk“ (Tryggvi Einarsson).

Líklega er þetta sá Djúpidalur sem stöðull fannst í við fornleifaskráningu árið 1982, n.t.t. í úthaga, undir brekku, um 300 m suður af rafmagnslínu. Tóftin er um 6 x 12 m að stærð, veggir úr torfi, 1,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Hún skiptist í tvennt: minna hólfi B, suðvestan megin, og stærra hólfi A, norðaustan megin. Suðurhorn tóftarinnar er ógreinilegt. Á norðvesturlangveggnum er inngangur, upp við norðurhornið, og mótár fyrir garði sem gengur 4 m norður úr því, um 1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Um 3 m norður af stöðlinum er hola, um 1,3 m í þvermál og 0,3 m á dýpt. Við holuna er jafnstór þúst (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.



Miðdalur 123713-255-54 Sel

Sérheiti: Selás

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Austan við Víkurselbrúin er allstór ás, er Selás heitir norðvesturundir Selás er Seldalur“ (Tryggvi Einarsson). Ásinn og dalurinn eru e.t.v. kennd við Víkursel (nr. 49) en það þarf þó ekki að vera.

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-55 Áningarstaður

Sérheiti: Tjaldstaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Lengra niður með Seljadalsá „...norðan í Búrfelli eru grónir hjallar er Tjaldstaður heitir“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-56 Örnefni

Sérheiti: Vörðhólar

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Sunnanundir Selás eru Vallendislagar er Urðarlágar heita þar eru upptök Urðarlágarlækjar sem rennur í austurenda Selvatns... Suðaustur af Urðarlágarbotninum eru Vörðhólar. Vestanundir Vörðhólum er allstór dalur er Vörðhóladalur heitir“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-57 Skotbyrgi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Sunnan við Vörðhóla er greni með fallegu skotbyrgi“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-58 Startekja**Sérheiti:** Blástör**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

„All hátt austur af Vörðhólum er allstórt hólsvæði er Tjarnhólar heita og eru þar smá tjarnir. Austast í Tjarnhólum eru tvær allstórar tjarnir voru oft slegin þar hávaxin Blástör og fengust þar venjulega um 40 hestburðir af stór“ (Tryggvi Einarsson).

HeimildaskráTryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.**Miðdalur 123713-255-60 Örnefni****Sérheiti:** Eiríkshóll**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

„Sunnan gamla Pingvallavegar suður af Silungatjarnarmýri er Rótardalur skammt austur af Rótardal er Efri-Rótardalur. Rétt ofan við Efri-Rótardal er klapparhóll er Eiríkshóll heitir“ (Tryggvi Einarsson).

HeimildaskráTryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.**Miðdalur 123713-255-61 Sel****Sérheiti:** Seljadalur**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

„Austan við Silungatjarnarmýri er áberandi hóll er Moshóll heitir. Nokkru innar með Seljadalsá þrengist verulega að Seljadalsá þar heitir Þrengsli. Austan við Þrengsli er Seljadalur. Rennur Seljadalsáin næstum eftir miðjum dalnum. Er allbreið mýri sunnan við ána er Seljadalsmýri heitir. Dalbrúnirnar að sunnan heita Seljadalsbrúnir. Í Seljadalsbrúnum miðjum er snarbrattur hamraveggur sem Seljadalsshamar heitir. [...] Upptök Seljadalsár eru innst í Seljadal úr mörgum uppsprettum. Inn úr norðaustur horni Seljadals er djúpt hamragil sem Hrafnagil heitir... Við austurenda Hrafnagils er Innri-Seljadalur sem tilheyrir Miðdal að árfari“ (Tryggvi Einarsson).

HeimildaskráTryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.**Miðdalur 123713-255-62 Álfabyggð****Sérheiti:** Álfaborg**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Suðvestan við Silungatjörn, „...skammt suð-austur af Myrkurtjörn er Krókatjörn. Austan við Krókatjörn er klettahóll sem Álfaborg heitir. Var talið að íbúar þar héldu verndarhendi yfir öllu lífi þar í grennd.“ Svo farast Tryggva Einarssyni orð í Örnefnalýsingu og heldur áfram: „Afi minn féll niður um ís á Myrkurtjörn, sem er rétt við Álfaborg taldi hann að sér hefði verið bjargað á yfirnáttúrulegan hátt“.

HeimildaskráTryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.**Miðdalur 123713-255-63 Refagildra****Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**


Skv. Örnefnalýsingu voru refagildir vestur af Myrkurtjörn eða eins og þar segir: „Ofan við Grjótin eru Hamrabrekkur. Ofan við Hamrabrekkur eru Hamrabrekkubrúnir, austur af Hamrabrekkubrúnum er Gildrudalur ofan við dalinn er Gildrudalsás þar á sléttri klöpp voru refasteinagildir. Enskir hermenn stálu þeim í skotbyrgi. Austur af Gildrudalsás er lítil tjörn er Myrkurtjörn heitir“ (Tryggvi Einarsson).

HeimildaskráTryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.**Miðdalur 123713-255-64 Skotbyrgi****Tegund:** Heimild 465**Staðhættir og lýsing**

Í Örnefnalýsingu kemur fram að refasteinagildir á Gildrudalsás voru notaðar í skotbyrgi: „...austur af Hamrabrekkubrúnum er Gildrudalur ofan við dalinn er Gildrudalsás þar á sléttri klöpp voru refasteinagildir. Enskir hermenn stálu þeim í skotbyrgi“ (Tryggvi Einarsson).

HeimildaskráTryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-65 Stekkur, Rétt
Tegund: Hleðsla 465



Staðhættir og lýsing

Norðan við Gildrudal er rétt og stekkur eða eins og segir í Örnefnalýsingu: „Sunnan við Leirtjarnarmela er Leirtjörn. Sunnan við Leirtjörn er Leirtjarnarurð, þar er fjárrétt og Stekkur“ (Tryggvi Einarsson). Skv. Fornleifaskráningu 1980-1982 er þetta í grýttu umhverfi, norður undir brattri hamrahlið, um 20 m suður af Leirtjörn (Bjarni F. Einarsson).

Rústin er um 8 x 11 m, veggir 0,3-0,8 m á breidd og 0,4-1,3 m á hæð. Þeir eru hlaðnir úr grjóti og suðvestan megin að nokkru leyti myndaðir af stórgrýti sem er á sínum náttúrulega stað. Rústin skiptist í tvennt, innra og minna hól A og ytra og stærra hól B. Inngangur er norðvestan megin á B og þaðan yfir í A. Stefnan er NV-SA (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-69 Hjáleiga


Sérheiti: Búrfellskot

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Búrfellskots er hvorki getið í Jarðabókinni frá 1704, Jarðatali J. Johnsens 1847 né Jarða-

bók 1861. Í Lýsingu Mosfells- og Gufunes-sókna frá 1855 segir að Búrfellskot sé eyðikot á Miðdalsheiði, ekki sé vitað hvenær það lagðist í eyði en það hafi verið fyrir löngu síðan (Stefán Þorvaldsson, bls. 238). Síðar er minnst á rústir kotsins í Örnefnalýsingu: „Norðan við Mómýri og upp með Seljadalsá er Búrfellsmýri... Norðan við Búrfellsmýri er Búrfell, sunnan við Búrfell er kargaþýfður mói þar var Búrfellskot. Sést vel fyrir bæjarrústum þar. Búrfellskot var hjáleiga frá Miðdal. Sunnan í Búrfellstind er Búrfellsbrekka. Vestan í Búrfelli neðarlega eru grastorfur sem Búrfellstorfur heita... Inn með Búrfelli að norðan er Búrfellsfoss í Seljadalsá“ (Tryggvi Einarsson). Þessar rústir voru skoðaðar við fornleifaskráningu árið 1982 en þar segir að þær séu í þýflendi, neðarlega suðvestan megin í fjallshlíð, um 270 m A af suðausturhorni haga og um 420 m NA af vegi (Bjarni F. Einarsson).



Bæjarhúsið sjálft er um 7 x 7 m að stærð, veggir úr torfi og grjóti, 1-2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Það skiptist í tvö hús. Hið suðaustara A er stærra, 3,5 x 6 m að stærð, veggjahæð 0,3-0,4 m og mótur fyrir dyrum á suðvesturenda norðvesturlangveggis. Norðvestara húsið virðist minna, um 2,5 x 3,5 m að stærð, veggjahæð 0,2-0,3 m og dyr á suðvesturgafli. Óljóst mótur fyrir veggjum í framhaldi af B í suðvestur og gætu þeir bent til að húsið hafi verið stærra. Öll gólf eru niðurgrafin. Stefnan er NA-SV (Bjarni F. Einarsson).

Aðrar upplýsingar

Búrfellskot virðist ekki vera sama hjáleiga og Búrfell (nr. 73).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-70 Garður

Sérheiti: Búrfellskot

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Við norðausturhorn bæjarhúsarústarinnar er garður (Bjarni F. Einarsson).

Þetta er ferhyrndur garður, veggir úr torfi, 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Innan garðsins er smábýft og lægra en fyrir utan. Enginn veggur er vestan megin þar sem bæjarhúsið er og er garðurinn opin á þá átt (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Miðdalur 123713-255-71 Jarðhús

Sérheiti: Búrfellskot

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 2 m ASA af suðausturhorni garðsins er jarðhús (Bjarni F. Einarsson).

Tóftin er hálfmánalaga, 5,5 m í þvermál, veggir úr torfi, um 2 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hún stendur í halla og er hæð frá gólfi upp á efri brún veggjar um 1 m. Gólfið er slétt. Rústin er opin til austurs (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Miðdalur 123713-255-72 Rista

Sérheiti: Búrfellstorfur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Vestan í Búrfelli neðarlega eru grastorfur sem Búrfellstorfur heita“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.

Miðdalur 123713-255-73 Hjáleiga

Sérheiti: Búrfell

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Fyrst er greint frá Búrfelli í Jarðabók 1704: „Búrfell, önnur hjáleiga frá sömu jörð [Miðdal] og hefur í eyði legið hjer um 8 ár... Fóðrast kunna ii kýr og ekki meira... Þessi hjáleiga var fyrst það menn til vita uppbyggð fyrir vel 20 árum, þar sem menn meina að fyrir lángri æfi muni býli verið hafa, og veit þó enginn til þess annað, en hvað fornar girðingar og húsabrotsleifar, sem þar voru fyr en nú að nýju var uppbyggt, sýna fornrar bygðar merki. Lagðist þetta kot mest í eyði fyrir óbærilegum átroðningi þjóðgötu, sem liggur í gegnum túnið, og er þetta kot ekki þess erfiðis vert, sem kosta vildi að gjöra þar bygð að nýju, sá er ágangi ferðamanna gæti af hrundið, og þykir því ei aftur byggjandi“ (bls. 291-2). Búrfells er hvorki getið í Jarðatali J. Johnsens frá 1847 né í Jarðabók 1861 og hefur líklega legið í eyði frá því um 1696. Á árunum 1938-57 var skv. Fasteignabók 1957 stofnað nýbýlið Búrfell, hugsanlega á svipuðum slóðum og hið forna Búrfell. Jörðin hefur þó verið auð síðan þá en úr Eyðijarðaskrá 1963 fást eftirfarandi upplýsingar: Íbúðarhús „...ekkert og hefir aldrei neinn átt þar lögheimili. Býlið byggt og notað af eigendum til fjárgeymslu að vetrum“. Útihús: „Fjánhús og heygeymsla fyrir ca. 100 fjár“. Beitiland mjög takmarkað, býlið allt 30 ha. Líklega hefur aldrei verið stundaður búskapur á nýbýlinu (Skýrsla um eyðijarðir). Eigandi árið 1979 er Sigfús Thorarensen verkfræðingur (Jarðaskrár).

Heimildaskrá

Fasteignabók I. Mat fasteigna í sýslum samkv. lögum nr. 33 frá 1955. Öðlast gildi 1. maí 1957. Reykjavík 1956-1957.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

Skýrsla um eyðijarðir skv. fyrirmælum 53. gr. laga nr. 75 frá 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. – Öpr. 31.12.1963.

Minna-Mosfell

123716-240

Saga

Mosfells er fyrst getið í Landnámabók, en einnig í fleiri fornritum svo sem Egilssögu og Gunnlaugssögu. Elsta heimild um Minna-Mosfell eru Fógetareikningar frá árunum 1547-1552. Þá er jörðin komin í eigu konungs og er í reikningunum nefnd „Mijndemossefeldt“ (sbr. Dipl. Isl. XII).

Árið 1703 er Minna-Mosfell enn konungsjörð. Ábúandi er einn (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 323-324).

Jörðin er komin í bændaeygu árið 1847 og er einn leiguliði ábúandi (Jarðatal J. Johnsen).

Minna-Mosfell er enn í ábúð (Ágúst Ó. Georgsson/Guðmundur Ólafsson).

Náttúrufar og jarðabætur

Landamerki jarðarinnar árið 1884 voru:

„Úr túngarðinum í Markakeldu við ána upp með ánni í Laxneslæk þar sem hann fellur í ána eptir læknum uppí oddann á Þrætumóa úr oddanum beint í Hestbrekkna-skyggjur úr Hestbrekkna-skyggjur beint í Markastein úr Markasteini beint í Háleytisvörðu úr vörðunni beint norður í á í stefnu á klettabelti á Þverákotshálsi niður með Leirvogsa þangan til í beina stefnu á vörðu austast á selásnum úr þeirri vörðu beint í vörðu sem stendur vestan til við Mosaklett þaðan í vörðu á Skolladalshólum þaðan beint austan á Disk úr Diski í túngarðsendann“ (Landamerkjabók).

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson/Guðmundur Ólafsson. *Skrá um menningarmínjar í Mosfellssveit*. Handrit á Þjms.

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, em hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með braudalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Fornleifaskrá Minna-Mosfell

Minna-Mosfell 123716-240-1 Bústaður

Sérheiti: Minna-Mosfell

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Gamla bæjarstaðið var þar sem hlaðið er núna. Sá bær var byggður 1912. Síðan var fjós og hlaða byggð fast upp við (Túnakort; Skúli Skarphéðinsson).

Heimildaskrá

Túnakort Minna-Mosfells. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Skúli Skarphéðinsson, Röðli í Mosfellsdal.

Minna-Mosfell 123716-240-2 Hesthús

Tegund: Frásögn

Staðhættir og lýsing


Hesthúsrúst var um 100 m austan bæjarins, í túninu neðan vegarins. Er nú horfin, nema hvað lítil dæld sést mjög óljóst. Guðmundur Skarphéðinsson, bóndi Minna-Mosfelli, segir að hesthúsrústin hafi verið gömul og gróin er hann fyrst vissi til (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Minna-Mosfell 123716-240-3 Útihús

Tegund: Tóft 465



0m

12m

Staðhættir og lýsing

Um 5 m norðan við hæsnahús, eða um 80 m NV frá íbúðarhúsinu sem nú er. Aflið-

andi túbrekka, sem hallar til suðurs, nokkuð þýfð. Hæsnahús er um 5 m neðan (sunnan) rústarinnar. Túnið endar um 10 m norðan við rústina og taka þá við grýttar hlíðar Mosfells (Ágúst Ó. Georgsson).


Rúst þessi, sem er leifar einhvers konar húss, er um 10 m á lengd og um 8 m á breidd að utanmáli. Að innanmáli er hún um 8 m löng og um 4 m breið. Tóftin er greinilegust í norðurendanum en hún liggur því sem næst í N-S. Veggirnir eru ca 2 m breiðir og útflattir. Mótar mjög óljóst fyrir útlínunum veggja í mið- og suðurhlutanum. Um veggjahæð er varla hægt að tala, svo sokkin er tóftin. Nær er að segja að grunn laut sé eftir miðju tóftarinnar. Guðmundur Skarphéðinsson, bóndi Minna-Mosfelli, segir að tóftin hafi verið gróin þegar hann kom fyrst þangað (milli 1940 og 1941). Engar sögur eða sagnir hefur hann heyrt um tóft þessa. Telur Guðmundur að vegna staðsetningar tóftarinnar sé örugglega um útihús að ræða, líklega gripahús (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-62.

Minna-Mosfell 123716-240-4 Útihús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Í túninu, efst við girðinguna, um 100 m NNA við bæinn á Mosfelli.

Efst í túbrekkanum. Hallar allbratt til suðurs neðan rústarinnar. Túnið endar um 2 m neðan rústarinnar og ofan við hana eru

grýttar hlíðar Mosfells. Túnið hallar mót suðri (Ágúst Ó. Georgsson).

Hústóft þessi samanstendur af þrem hlutum:

A: Tóft þessi er um 6 m löng og 3 m breið að innanmáli. Má greina útlínur hennar nokkuð vel. Veggirnir eru um 1,4 m á breidd og fremur lágir eða um 30 cm. Dyr hafa verið á miðjum framgaflinum, sem snýr í suður, niður brekkuna.

B: Aftan við A mótar, fremur ógreinilega þó, fyrir einhverri tóft. Innanmál hennar er um 2 x 4 m. Veggjahæðin er óveruleg, 10-20 cm. Um breidd veggjanna er sumstaðar nokkuð erfitt að dæma en líklega hefur hún verið um 1 m eða rúmlega það. Ólíklegt er að þak hafi verið á tóftinni, heldur um opna hústóft að ræða. A og B mynda eina heild og snúa þau í N-S.

C: Fast við suðvesturhlið A mótar fyrir ferningslaga tóft. Er hún því sem næst 2 x 2 að innanmáli. Óljóst sér fyrir útlínunum ytri brúnar veggjanna. Líklega hafa þeir verið 80-100 cm breiðir. Ekki er að sjá að dyr eða inngangur hafi verið á tóftinni. Gæti hér verið um aðra hústóft að ræða.

Hér er greinilega um einhver útihús að ræða, gripahús eða fjárhús.

Guðmundur Skarphéðinsson, bóndi Minna-Mosfelli, segir að þarna hafi verið gróin tóft er hann leit hana fyrst (1930-1940). Telur hann líklegt að um gripahús eða fjárhús sé að ræða. Veit hann ekki aldur tóftarinnar (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-63.

Minna-Mosfell 123716-240-5 Tóft


Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing


Um 680 m NA Minna-Mosfells og um 1,2 km norðan Lundar. Við ofanvert Kýrgil á nyrðri bakka þess.

Um 200 m eftir að Kýrgil beygir til vesturs er grasi gróin brekka eða laut á norðurbrún gilsins. Þarna er gilið fremur grunnt. Sunnan gilsins sér á mela, að hluta til mosa-gróna (Ágúst Ó. Georgsson).

Tóft þessi liggur í því sem næst N-S og er hún um 5 m á lengd og 4 á breidd að utan-



máli. Er hún gróin og fremur gamalleg að sjá. Suðurhluti tóftarinnar er skýrastur. Þar eru veggirnir um 40 cm háir. Norðausturhornið er næstum af, í sömu hæð og graslendið umhverfis. Samt má greina útlínur nokkurn veginn. Inngangur hefur verið í suðurgafli tóftarinnar. Ekki er gott að segja til um hlutverk rústar þessarar. Þetta gæti e.t.v. hafa verið lítil rétt eða kró fyrir lömb. – Rústin er án efa frá fráfarutímabilinu. Umhverfið er mjög grasi gróið, gott til beitar og skjólsælt. Tóftin er of lítil til að vera stekkur eða kvíar. Stendur hún á sléttum bala á norðurbrún Kýrgils. Fast að baki er brekka.



Stekkarúst er um 50 m austar, á brún gilsins. Er sennilegt að tóft þessi hafi verið notuð sem lambabyrgi eða kró.

Guðmundur Skarphéðinsson, bóndi á Minna-Mosfelli vísaði á rúst þessa 23/7 1980 (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-64.

Minna-Mosfell 123716-240-6 Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á norðurbarmi Kýrgils um 150 m austar en það beygir til vesturs. Um 550 m NA Minna-Mosfells. Grasi gróin, slétt að mestu, flöt eða kvos á norðurbrún Kýrgils. Svæði þetta er skjólsælt og grasmikið. Neðan og sunnan þess taka við melar, meira og minna gróðurlausir (Ágúst Ó. Georgsson).

Tóftin, sem sennilega hefur verið stekkur er ca. 3 x 5 m að utanmáli. Veggirnir eru um 70 cm háir alls staðar, nema suðurveggurinn, sem bara undirstöðusteinar eru eftir af. Snýr stekkurinn í S-N, eða því sem næst. Er hann alveg á blábrún gilsins, sem hallar bratt í suður. Þessi brún gilsins (norðurbrún) er öll grasi vaxin en klettur eru að sunnanverðu. Inngangur í stekkin er á eystri langhlið, eilítið norðan við hana miðja. Er tóft þessi gerð úr torfi og grjóti. Frá suðausturhorni stekksins og meðfram gilbrúninni er um 5 m langur hlaðinn grjótgarður. Að norðaustanverðu eru leifar annars grjótgarðs, sem hefur náð frá barði, þar ofan við, og að innganginum. Hin náttúrulegu skilyrði eru þarna ákjósanleg: Barðið, gilið og hinir tveir grjótgarðar hafa stýrt fénu rétta leið, þ.e. inn í stekkin (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Guðmundur Skarphéðinsson segir að faðir sinn hafi skoðað þennan stað árið 1937 og voru þar þá rústir einar. Töldu þeir feðgar að um stekk hafi verið að ræða.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-65.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Skarphéðinsson bóndi á Minna-Mosfelli.

Minna-Mosfell 123716-240-7 Fjánhús


Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 600 m NV frá bænum í Laxnesi og um 50 m austan við gömul fjánhús, sem samanstanda af bragga og bárujárnhúsi. Á hæðunum 600 m A við Minna-Mosfell. Gamalt tún sem hallar lítillega til norðurs. Strax austan rústarinnar taka við grýttir melar. Í N eru einnig grýttir melar. Túnblettur þessi er lítill um sig. (Ágúst Ó. Georgsson).

Aflöng rúst um 22 m löng. Samanstendur af þrem hýsum, hvar af einu er skipt í tvo hluta. Liggur rúst þessi í N-S og hallar lítillega móti suðri. Er hér um húslengju að ræða, þrjú hús, sem hafa staðið hvert á eftir öðru, í röð, tengd saman á göflum. Nyrsta húsið (A) hefur verið stærst en er nú mjög illa farið. Líkast til hefur verið sléttað úr rústum þess. Þó má greina austurvegg og brot af suður- og norðurvegg. Sjást leifar steinhleðslu beggja vegna við NA hornið. Ekki er hægt að tala um veggjahæð, svo óveruleg er hún, nema SA hornið og hluti af N gafli. Er hæðin um 30-40 cm. Vesturhluti húss þessa er verst farinn, má þó giska á stærð þess. Hefur það verið um 6 m á lengd og 4-5 m á breidd. Ekki var unnt að sjá inngang neins staðar. Neðan við, þ.e. sunnan við A, tekur við lítið hús B. Hefur það verið tæpir 4 m á lengd og um 2 m á breidd. Dyr eru á vesturhlið við N-endann. Er tóft þessi mun heillegri en A og hefur greinilega fengið að falla og gróa í friði. Veggjahæð er um 30-40 cm, breidd ca 1,5-2 m. Þriðja og síðasta húsið er um 6 m á lengd og 2 m á breidd að innanmáli. Er því skipt í tvo hluta. Sá innri (C) og nyrðri er meiri, um 1,5 x 2 m að innanmáli. Dyr eru á miðjum suðurgafli og snúa þær niður brekkuna, móti fjöllunum hinum megin í dalnum. C er nokkuð ógreinileg, en má þó sjá, að þar hefur verið afhýsi innaf, D. Veggjahæð D er 30-40 cm. C líkist mest dæld að sjá, að baki (neðan) D. Veggjapykkt rúmlega 1,5 m (Ágúst Ó. Georgsson).

Um 40 m í NV frá rúst 66 eru gömul fjánhús. Þarna blandast saman gamalt og nýtt: Fjánhúsið er braggi og er hlaðið upp að langhliðum hans, vegg úr torfi og grjóti.



Snýr hann í N-S eins og gamla fjárhústóftin. Að baki braggans er hlaða úr timbri, klædd tjörupappa og bárujárni. Snýr hún þvert á braggann. Allt svæði þetta, gamla túnið, er nú afgirt (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Guðmundur Skarphéðinsson, bóndi á Minna-Mosfelli, segir að um fjárhúsrúst sé að ræða. Var hún algróin er hann sá hana fyrst, löngu fyrir 1940. Neðan þeirra stóðu önnur fjánhús um 1940, en þau stóðu mjög stutt. Þar er nú slétt tún. Á svæði þessu hafa verið a.m.k. fjögur fjánhús: Nr. 66 og 67, þau gömlu sem enn standa og þau síðasttöldu, þar sem nú er slétt tún.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-66.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Skarphéðinsson bóndi á Minna-Mosfelli.

Minna-Mosfell 123716-240-8 Vegur

Tegund: Gata 465

Staðhættir og lýsing

Um 600 m NV frá bænum í Laxnesi og um 50 m austan við gömul fjárhús, sem samanstanda af bragga og bárujárnhúsi. Á hæðunum um 600 m A við Minna-Mosfell. Gamalt tún sem hallar lítillega til norðurs. Strax austan rústarinnar taka við grýttir melar. Í norður eru einnig grýttir melar. Túnblettur þessi er lítill um sig (Ágúst Ó. Georgsson).

Að baki rústarinnar [1604-66], þ.e. norðan við A, sjást grónar leifar gamals vegar. Liggur hann í hlykkjum austur melana og í vestur meðfram brekkubrúninni í átt að Mosfelli. Vegur þessi er það breiður að um bílveg er trúlega að ræða. Um 10-15 m vestan við rúst 66 er ferningslaga gróp eða hola. Er hún yfir þveran áður nefndan veg. Stærð hennar er um 4 x 4 m. Ekki er líklegt að hola sé tóft eða rúst byggingar. Nú er hola þessi full af allskyns drasli (Ágúst Ó. Georgsson).

Samkvæmt Skúla Skarphéðinssyni sem ólst upp á Minna-Mosfelli er þetta bílvegur upp að Skeggjastöðum. Voru þrjú vegir þessa leið og er þessi sá yngsti. Það mótar fyrir hinum tveimur neðar í brekkunni og eru um 100 m á milli hvers fyrir sig. Búið er að bera efni í yngsta veginn og er hann bílfær.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-66.

Munnlegar heimildir:

Skúli Skarphéðinsson, Röðli, Mosfellsdal.


Minna-Mosfell 123716-240-9 Fjárhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 600 m NV frá bænum í Laxnesi og um 550 m austan við Minna-Mosfell. Gamalt tún, nokkuð þýft og sumstaðar lítið eitt grýtt, einkum vestantil, hallar til suðurs. Grýttir melar og hæðir austan og norðan við. Sumarbústaður um 100 m vestar og gömul fjárhús, uppistandandi, um 7 m austar (Ágúst Ó. Georgsson).

Hugsanlega er um tvær rústir að ræða, en önnur þeirra er mjög óviss:



A: Mjög óljóst sér móta fyrir útlínunum einhvers mannvirkis. Er þarna dáltilit dæld, afar grunn, um 4 x 8 m að stærð. Ekki sér til veggja, aðeins er um óskýrar útlínur einhvers mannvirkis að ræða. Hafi eitthvað einhvern tíma staðið þarna, hefur það án efa verið hús og þá í tengslum við rústina neðan við (B, C og D). A liggur í A-V.

B, C og D: Neðan við, sunnan við, A mótar fyrir aflangri rúst, sem snúið hefur N-S. Minnir hún nokkuð á tóft nr. 66, hér framan við. Rústin virðist vera aflangt hús eða lengja með þremur hólfum eða hýsum. Hefur hún verið um 16 m löng og um 7 m breið. Tvennar dyr hafa verið á vesturhlið, inn í sitt hvort hýsið, og ein á suðurhlið inn í D. B er nyrst og er sá hluti rústarinnar ógleggstur. Þó má ætla, að þar hafi verið hús um 4 x 6 m að innanmáli. Dyr nálægt enda, á V-langhlið. C hefur N-gafl sinn sam-eiginlegan með B, er um 2 x 4 m að innanmáli með dyr á miðjum skammvegg. Í hús-lengju þessari liggja húsinn eða hýsin í

Þessari röð frá N-S: B, C og D. Liggja þau hvert niður af öðru með sameiginlega gafla. D er neðsta eða syðsta húsið í röðinni með dyr í suður og um 2 x 3 m að stærð. Sennilega eru þetta gömul fjárhús og þau elstu á þessum stað. Hafa þau síðan verið flutt lítið eitt austar, þar sem nr. 66 er nú, og loks spölkorn í vestur og standa fjárhús nú mitt á milli nr. 66 og 67. Þau eru enn uppistandandi en hætt er að nota þau. Greina má útlínur kofa, ekki gamals, ca. 3 x 6 m, um 10 m S við rúst 67. Þetta hefur verið timburhús (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-67.

Minna-Mosfell -123716-240-10 Laug

Sérheiti: Guddulaug

Tegund: Brunnur 465

Staðhættir og lýsing

Um 350 m NV frá bænum í Laxnesi og um 650 m beint norður af gamla afleggjaranum heim að Laxnesi. Tún í nýrækt, strax vestan við gengur framræstur skurður eftir því endilöngu frá NA til SV. Norðan við skorningar og síðan brekka. Laugin er undir allháum bakka. Þar er graslendi í A (Ágúst Ó. Georgsson).

Upptök Guddulaugarlækjar eru í Guddulaug, rennslið er samt sem áður ekki mjög mikið. Laugin er norðvestanundir moldar- eða grasbakka. Í þvermál er hún um 2,5-3 m. Hefur steinum verið hlaðið umhverfis hana að hluta, þ.e. að vestanverðu. Laugin er nokkurn veginn hringlaga. Takmarkast hluti þessa hring af moldar eða grasbakk- anum á bakvið (að austanverðu). Virðist vatnið spretta upp úr lauginni þarna undir bakkanum. Steinhleðslan, sem að hluta umlykur Guddulaug, er lág og flæðir vatnið yfir hana. Halldór Laxness, skáld á Gljúfra- steini, segir að í daglegu tali hafi lind þessi kallast Guddulaug. Þó mun hún einnig hafa gengið undir nafninu Góðalaug eða jafnvel Goðalaug. Halldór sagði að ein- hverntíma hafi verið gerðar athuganir á vatninu úr Guddulaug og reyndist það innihalda of mikið járn til þess að hægt væri að gera það sér að féþúfu. Guðmundur Skarp- héðinsson, bóndi Minna-Mosfelli, segir að

Mosfellshreppur muni innan skamms ætla að taka vatn úr lauginni en það var hann sem vísaði á hana (Ágúst Ó. Georgsson).

Mosfellsbær er búinn að byggja yfir laugina.

Munnmæli

Helg lind. Vígt vatn í henni og það talið gott til heilsubótar.

Heimildaskrá


Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-77.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Skarphéðinsson bóndi á Minna-Mos- felli.

Minna-Mosfell 123716-240-11 Sel

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

„Stóra- og Litla-Sveinamýri eru neðarlega við Leirvogsá. Þar er allmikið flæmi öðru nafni nefnt Selflatir. Selás er við Sveina- mýrar“ (Ari Gíslason).

Gróðurlítill ás á syðri bakka Leirvogsár, sem liggur ca í A-V. Norðurhluti hans er allgrýttur og vaxinn mosa. Svæðið milli ássins og fjallsins er þýft mýrlendi (Ágúst Ó. Georgsson).

(I) Rústin stendur á lágum hól, sem sker sig nokkuð úr umhverfinu. Hóllinn er tals- vert þýfður og grasi vaxinn. Norðan hans rennur Leirvogsá um 30-40 m í þá átt.

Hóllinn er á mörkum graslendis og grýtt mosavaxins svæðis. Tóftin er um 2,5 x 4,5 m að innanmáli. Veggjaþykkt er 1-1,5 m. Hæð veggja er víðast um 0,4 m, nema NV-veggur, sem er um 0,7 m. Við NV-gafl á suðurlangvegg eru dyr en tóftin skiptist í tvo hluta.

Magnús Grímsson, prestur á Mosfelli (d. 1865), segir að á þessum ás hafi staðið selrúst. Skrásetjari gekk um allan ásinn og víðar þarna í nágrenninu. Var þetta eina rústin, sem fannst á eða við ásinn. Kemur lýsing Magnúsar, hvað staðsetningu varðar, vel heim og saman. Hús þetta hefur byggt verið úr torfi og grjóti (Ágúst Ó. Georgsson).

Einar Björnsson, Litla-Landi og Guðmundur Þorláksson, Seljabrekku, vissu um þessar rústir. Telja þeir, að um selrústir sé að ræða. Eru þær beint niður undan s.k. Gatkletti, sem er austan í Mosfelli og sést greinilega frá veginum sem liggur norðan við Leirvogsa. Ekki hafa þeir heyrt sagnir um, hvaða sel þetta hafi átt að vera.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Minna-Mosfell*. Örnefnastofnun Íslands. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-86.

Munnlegar heimildir:

Einar Björnsson, bóndi Litla-Landi.
Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku.



Minna-Mosfell 123716-240-12 Sel Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

„Stóra- og Litla-Sveinamýri eru neðarlega við Leirvogsa. Þar er allmikið flæmi öðru nafni nefnt Selflatir. Selás er við Sveinamýrar“ (Ari Gíslason).

Gróðurlítill ás á syðri bakka Leirvogsa, sem liggur ca í A-V. Norðurhluti hans er allgrýttur og mosavaxinn. Svæðið milli ássins og fjallsins er þýft mýrlendi (Ágúst Ó. Georgsson).

(II) Um 100 m SA við [123716-240-16] er annar hóll og á honum eru tvær rústir. Önnur rústin er án efa af kvíum. Er hún grafin niður í hólinn en veggir eru úr grjóti. Innanmál eru um 2 x 5 m. Fast við er hústóft og er hún staðsett þannig að bakgafl (suðurgafli) hefur þjónað sem aðrekstrarveggur. Innanmál eru um 2 x 3 m. Veggjaþykkt er



ca 1 m og veggjahæð um 0,5 m og hæð ca. 0,7 m (dýpt). Má láta sér detta í hug að húsið, sem fjær er, hafi verið íveruhús eða svefnskáli (Ágúst Ó. Georgsson).

Rúst I [123716-240-16] og II virðast álíka gamlar að sjá. Þó svo langt sé á milli þeirra (um 100 m) má vel ætla að þær eigi saman. Um 100 m norðan við þessar rústir rennur Leirvogsa. Ekki skal fullyrt frá hvaða bæ sel þetta var notað, en líklega hefur það verið Mosfell (Ágúst Ó. Georgsson).

Einar Björnsson, Litla-Landi og Guðmundur Þorláksson, Seljabrekku, vissu um þessar rústir. Telja þeir, að um selrústir sé að ræða. Eru þær beint niður undan s.k. Gatkletti, sem er austan í Mosfelli og sést greinilega frá veginum, sem liggur norðan við Leirvogsa. Ekki hafa þeir heyrt sagnir um, hvaða sel þetta hafi átt að vera.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Minna-Mosfell*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604.

Munnlegar heimildir:

Einar Björnsson, bóndi Litla-Landi.
Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku.

Minna-Mosfell 123716-240-13

Landamerki

Sérheiti: Háleytisvarða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki jarðarinnar árið 1884 voru:

„...Markasteini beint í Háleytisvörðu úr vörðunni beint norður...“ (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Minna-Mosfell 123716-240-14

Landamerki

Sérheiti: Markasteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki jarðarinnar árið 1884 voru:

„...úr Hestbrekkna-skyggjir beint í Markastein úr Markasteini beint í Háleytisvörðu...“ (Landamerkjabók).

Samkvæmt Skúla Skarphéðinssyni er þetta náttúrulegt grjót og ekkert klappað í það svo hann viti til.

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Munnlegar heimildir:

Skúli Skarphéðinsson, Röðli, Mosfellsdal.

Minna-Mosfell 123716-240-15

Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki jarðarinnar árið 1884 voru:

„...niður með Leirvogsa þangað til í beina stefnu á vörðu austast á selásnum...“ (Landamerkjabók).

Skv. Guðmundi Skarphéðinssyni, bónda Minna-Mosfelli, er þessi varða nú hrinin (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Minna-Mosfell 123716-240-16

Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki jarðarinnar árið 1884 voru:

„...úr þeirri vörðu beint í vörðu sem stendur vestan til við Mosaklett...“ (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Minna-Mosfell 123716-240-17 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki jarðarinnar árið 1884 voru:

„...þaðan í vörðu á Skolladalshólum þaðan beint austan á Disk úr Diski í túngarðsendann“ (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Mosfell 123731-238

Saga

Mosfells er fyrst getið í Landnámu og oftlega í Egilssögu en einnig í fleiri fornritum svo sem Gunnlaugssögu.

Um 1200 er Mosfells getið í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar (Dipl. Isl. XII, bls. 9).

Um miðja 15. öld er Mosfell komið í eigu Skarðverja. Greinir frá því í skiptabréfi, eftir Björn ríka Þorleifsson, frá 1467, að Mosfell komi í hlut ekkju hans, Ólafar Loftsdóttur, að Skarði á Skarðsströnd (Dipl. Isl. V, bls. 503).

Ekki var Mosfell lengi í eigu Ólafar, því í kaupbréfi frá 1470 segir, að Ólöf Loftsdóttir fái Sigurði Jónssyni Mosfell í skiptum fyrir Hraungerði í Flóa (Dipl. Isl. V, bls. 503).

Á 16. öld kemst Mosfell undir Skálholt er Ögmundur biskup Pálsson kaupir jörðina. Við siðaskiptin er Mosfell, ásamt fleiri kirkjujörðum, tekið undir konung. Til vitnisburðar um það eru Fógetareikningar 1547-1552 (sbr. Dipl. Isl. XII).

Árið 1704 er Mosfell „Beneficium og kirkjustaður“. Ábúandi er staðarhaldarinn, séra Þórður Konráðsson (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 324).

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Mosfells getið sem kirkjujarðar. Ábúandinn er prestur.

Mosfell er enn í ábúð (1980) og er kallað Mosfell I í Jarðaskrá Landnáms ríkisins. Eigandi er ríkissjóður (J. Johnsen).

Egilssaga getur um kirkju á Mosfelli og er það staðfest í áður nefndri kirknaskrá Páls biskups. Svo virðist sem kirkja hafi verið lögð niður á Mosfelli einhvern tíma fyrir miðja 14. öld. Næsta kirkja á Mosfelli er reist á fyrri hluta 16. aldar og er kirkja að Mosfelli til ársins 1888, en er þá flutt að Lágafelli. Kirkjan, sem nú stendur að Mosfelli var vígð árið 1965 (sjá nánar um kirkju að Mosfelli nr. 2).

Silfur Egils

Magnús Grímsson skrifar talsvert um líklega felustaði. Segir hann á einum stað: „En þegar skammt er komið suður fyrir Köldukvísl á Víðinn, á að geta 100 faðma,

verða þar fyrir jarðholur miklar, einar þrjár eða fjórar. Eru þær víðar um sig og djúpar, með leireðju í botninum. Eru þær jafnan fullar af vatni, og sést lítill munur á því, þó þerrar gáangi“. Ætlar Magnús, að þar séu komnar jarðholur þær er nefndar eru í Egilssögu.

Þrælapyttur er á barði nálægt Kýrgili „... býsna stór og furðu djúpr, með forarleðju í botninum. ...er mælt að þar hafi seinna fundist í þrælarnir, sem Egill drap, eður bein þeirra. En ekki hefir söguritarinn vitað af því að segja. ... Neðan undir hólbrekkunni á Mosfelli, sem fyr er getið, er dý eitt fullt af grjóti, eigi stórt um sig, en furðulega djúpt. Þar halda sumir að fé Egils sé niðri í“. Ekki telur Magnús þetta vera líklegan stað. Telur hann líklegast að Egill hafi fólgið silfur sitt í einhverjum pyttinum á Víðinum, fyrir sunnan ána Köldukvísl. Þó segir hann þetta ekki verða sagt með vissu. „Sagan segir og, að þángað [í jarðholunum] sé opt sénn haugeldr, og styðr það þessa ætlun, jafnvel þó eg ímynda mér slíka elda af öðrum rötum runna en fé, og því harðla marklitla í þessu efni. En slíkar sjónir sýna opt trú manna, og hygg eg, að menn hafi snemma orðið á sömu ætlan um þetta og eg er, af því líkurnar hafa þótt svo sterkar til hennar. Einn manna hefi eg talað við, sem enn er lifandi, sem þykist hafa séð slíka elda, nálægt því svæði sem hér um ræðir, fyrir hérumbil 15 eður 16 árum“. Endar Magnús vangaveltur sínar um hvar silfur Egils sé að finna með því að ítreka að pyttirnir, nálægt hinum forna vegi yfir Víðinn, séu líklegastir (Magnús Grímsson, bls. 266-270).

Eina sögu kveðst Magnús hafa heyrt um að silfur Egils hafi fundist: Einn góðan veðurdag var bóndinn í Þverárkoti á leið til kirkju að Mosfelli. Þegar hann kom að Kýrgili veik hann sér lítillaga upp með því „að gegna nauðsynjum sínum“. Þarna átti bóndi að hafa fundið peninga en leyndi fundi sínum vel. Er sagt að hann hafi orðið ríkur á fáum árum. Silfrinu átti bóndi að hafa skipt hjá Jóni Ólafssyni ríka í Síðumúla (Magnús Grímsson, bls. 271). Í athgr. 5 í sömu heimild stendur að árið 1722 hafi fundist enskir peningar nálægt Mosfelli. Höfðu þeir skolast fram í vatnagangi. Frá-

sögnin um peningana er í ritgerð eftir Jón Ólafsson frá Grunnavík um íslenskar sögur. Segir Magnús, að sér þyki líklegast „að Grunnavíkr-Jón hafi eitthvað orðið áskynja um peningafund Þverárkotsbóndans, og haldið að gilið mundi hafa spýtt fram fénu.“ Ekki telur Magnús miklar líkur á, að saga þessi sé sönn. Bóndi hefði eins getað efnast í Þverárkoti án þess að hafa fundið peningana (Magnús Grímsson, bls. 276).

Náttúrufar og jarðabætur

Samkvæmt landamerkbók eru landamerki kringum jörðina Stóra-Mosfell í Mosfellssveit í Kjósarsýslu þessi:

„1. Milli Mosfells og Hrisbrúar beint úr Brendarhver á milli tóptanna á Borgarhólnum norðast á Víðinum þaðan beint í Hangandiklett sem er í gili uppí fjallinu á milli bæjanna, þaðan beint í Bláskriðugil sem er norðan í Mosfellsfjalli og þaðan beint í Leirvogsa.

2. Milli Mosfells og Norður-Grafar, eptir Leirvogsa uppá móts við vörðu austast á Selás.

3. Milli Stóra-Mosfells og Minna-Mosfells, beint úr vörðu á Selás, í vörðu vestan til við Mosaklett þaðan í vörðu á Skolladalshól, þaðan beint austast í Disk þaðan beint í túngarðsbrot sem er í túninu á milli bæjanna og það í Markakeldu niður við Köldukvísl, eptir Köldukvísl á móts við Laxnestungu lækjarmynni.

4. Milli Mosfells og Hraðastaða úr Lækjarmynninu beint yfir Víðirinn í Hraðaleiði.

5. Milli Mosfells og Æsustaða og Norðurreykja, frá Hraðaleiði eptir ánni í fyrnefndan Brendarhver.

Mörk í kringum Stóra-Mosfells „heiðarland“:

1. Milli Hrafnhóla og Stardals og Mosfells, eptir Leirvogsa (frá Skeggjastadamörkum í Ríp) uppí Leirvogsvatn og úr Leirvogsvatni eptir Bugðu uppá Rjúpnagilsenda.

2. Milli Mosfells og Þingvalla, úr Rjúpnagilsenda beint í Sýslusteina austan í Sauðafelli, úr þeim beint í Þrívörður á Moldbrekkum, þaðan beint í vörðuna á Stóra-Borgarhól.

3. Milli Mosfells og Miðdals og Þormóðsdals og Helgadals, úr vörðunni á Borgarhól

beint um Leirdalsenda í Stórhól austast á Grímmansfelli.

4. Milli Hraðastaða og Mosfells úr Stórhól beint í Helgufoss, eptir ánni niður á móts við Markavörðu.

5. Milli Mosfells og Laxness, beint úr Markavörðu í Markastein og Markaflak neðan til við Jónssel. Þaðan í Sýlingastein austan til á Skógarbringum og er hann hornamark milli Laxness og Skeggjastaða.

6. Milli Skeggjastaða og Mosfells, beint úr Sýlingasteini í Ríp norðan til við fyrnefnda Leirvogsa.

Skráð á Mosfelli 29. maí 1890.”

Aðrar upplýsingar

Seljabrekka var kölluð Jónssel upphaflega. Nafninu var breytt í Seljabrekku á árunum 1932-1938. Jónssel er nýbýli, frá 1922-1932, úr landi Mosfells. Eigandi 1979 var ríkissjóður. Leiguliði Guðmundur Þorláksson (Fasteignabækur, Jarðaskrár).

Heimildir

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Egils saga Skalla-Grímssonar. Sigurður Nordal gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík 1933

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með braudalýsingum, fólks-tölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðar-töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkbók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Fornleifaskrá - Mosfell

Mosfell 123731-238-1 Bústaður

Sérheiti: Mosfell

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Magnús Grímsson segir í Athugasemdum við Egilssögu: „Bærinn á Mosfelli stendr á

austrhala hól þess, sem kirkjan stendr á. Hóll þessi er hæstr að vestan, næst Merkrvallargili, og að sunnan, sem fram veit að Köldukvísl; þar er brekka framan í honum, há og allfögur tilsýndar. Fellsmeigin við hól þenna er landslag nokkru lægra. Hæstr er hóllinn þar, sem kirkjan nú stendr á honum, og þar norðan undir er lægðin milli hans og fjallsins mest, þar sem kirkjan stóð áður. Austr af hólnum er jafn-aflíðandi, og þar er nú bærinn; ætla eg að hann hafi þar staðið síðan hann var fluttur af Hrísbú, því engar rústir eru þær þar nærlendis, sem bendi á annað, enda eru og hér öskuhaugar miklir og fornir. eru þeir hér, eins og á Hrísbú, beint fram undan bæjardyrum og skammt frá þeim, svo stórir, eins og smáhólar. En að Minna-Mosfell sé laungu síðar byggt, byggi eg meðal annars á þí, að þar eru engir fornir öskuhaugar að sjá. En það bregzt sjaldan að þeir sé til, jafnvel grasi vaxnir hólar, á fornum stórbæjum á Íslandi, og eins við fornar bæjarrústir, optast nær beint framundan bænum. Gæti þeir opt verið til góðs leiðarvísis, ef upp skyldi grafa slíkar rústir, sem á mörgum stöðum væri án efa vel gjörandi. Eitt það, sem eg byggi á ætlan mína um það er þegar sagt er, um bæjarflutninginn frá Hrísbú að Mosfelli ...“ (Magnús Grímsson, bls. 261).

Sigurður Vigfússon segir svo um öskuhauga: „...enn á Mosfelli veit eg að það hefir prófamt við húsbyggingar og umrót; þar fannst mikil aska, bæði undir bænum og í kálgörðunum fram undan bænum“ (Sigurður Vigfússon, bls. 65).

Í Lýsingu Mosfells- og Gufunessókna segir svo: „Mosfell (Stóra Mosfell) stendr á hæð lítilli, sunnan undir Mosfelli (Mosfellsfjalli), norðanvert í Mosfellsdal“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 229-230).

Seinna var bærinn fluttur: „Mosfell, prestsetrið, var sunnan í fellinu, en nú er bærinn fluttur suður yfir Köldukvísl á Víðinn, til að geta hitað húsinn með hveravatni frá Norður-Reykjum...“ (Björn Bjarnason, bls. 103).

Á Túnakorti frá 1916 sést bærinn rétt austan við grafreitinn. Bæjarhúsin samanstanda af íbúðarhúsi úr timbri, eldhúsi úr torfi og skemmu úr torfi með timburpili. Þessi bæjarhús eru nú líklega að einhverju

leyti horfin undir núverandi kirkju og kirkjugarð.

Heimildaskrá

Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 3. Reykjavík 1938.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Borgarfirði 1884“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1884-1885*. Reykjavík.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Túnakort Mosfells. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-2 Kirkja

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Nokkur orð um Mosfellsprestakall: Kirkja var fyrst reist að Hrísbú þegar kristni var lögtekin á Íslandi. Sú kirkja var seinna flutt að Mosfelli. Getið er kirkna að Varmá, í Þerney, talað var um bænhús að Lágafelli fyrir 1700, kirkja var að Suður-Reykjum og var hún lögð niður 1765. Kirkjan að Varmá er með vissu niðurlögð fyrir 1600 (sbr. síðar). Með konungsbréfi 6/1 1774 var skipað að setja kirkju á Lágafelli og leggja þangað Mosfells- og Gufunessóknir, en það var afturkallað með kgbr. 7/6 1776. Viðey var lögð til Mosfells 1847. Árið 1880 er Brautarholtssókn lögð undir Mosfell. Með landshöfðingjabréfi 21/9 1886 eru Mosfells- og Gufunessóknir sameinaðar og ákveðið að reisa eina kirkju fyrir báðar að Lágafelli. Árið 1901 er Mosfellsprestakall lagt niður og Lágafells- og Viðeyjarsóknir lagðar undir Reykjavík en Brautarholtssókn til Reynivalla. Þetta kom þó aldrei til framkvæmda og 1927 er Mosfellsprestakall tekið upp á ný, óbreytt (Sveinn Níelsson, bls. 111-112).

Í Egilssögu er getið um að kirkja sem reist var á Hrísbú, er kristni var lögtekin, hafi verið flutt að Mosfelli. Segir dr. Jón Þorkelsson að kirkjuflutningurinn hafi líklega verið á árunum 1130-1160. Segir Sigurður Vigfússon það eftir honum í grein sinni „Rannsókn í Borgarfirði 1884“ (bls. 62-77). Sama kemur fram í Prestatali og prófasta (Sveinn Níelsson, bls. 112) og er líklega einnig haft eftir Jóni Þorkelssyni. Nokkrar

umræður urðu um staðsetningu hinnar fyrstu kirkju og bæjarins að Mosfelli. Vildu sumir meina að bæði kirkja og bær hafi verið flutt frá Hrísbú og að Mosfelli. Jafnframt hafi nafnið flust (þ.e. Hrísbú hafi upphaflega heitið Mosfell). Helstu talsmenn þessarar kenningar voru Magnús Grímsson (bls. 251-276) og Kálund (bls. 50 o.áfr.). Á annarri skoðun eru t.d. Sigurður Vigfússon í grein sem hann birti í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884-1885* og Sigurður Nordal í útgáfu sinni að Egilssögu 1933, þ. e. að einungis hafi verið að ræða um flutning kirkjunnar.

Í Prestatali og prófasta (Sveinn Nielsson, bls. 112) eru taldir upp allir prestar á Mosfelli frá upphafi. Skafti Þórarinsson er fyrsti prestur þar, sem heimildir geta um. Hann var prestur að Mosfelli fyrir 1121 og til um 1143 en þá tekur næsti prestur við og þjónaði hann til um 1180. Kirkju er getið að Mosfelli í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200 yfir kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, sem presta vantaði að (Dipl. Isl. XII, bls. 9).

Af heimildum að dæma leggst kirkjan á Mosfelli niður snemma á miðöldum og er jörðin komin í eigu leikmanna á 15. öld (sbr. Dipl. Isl. V, bls. 500). Næst er kirkja reist að Mosfelli á fyrri hluta 16. aldar, ef marka má heimildir, og er prests getið þar um 1536 (Prestatal og prófasta, bls. 112). Er nú kirkja samfelld að Mosfelli fram til ársins 1888 að hún er rifin og ný kirkja reist að Lágafelli (sbr. Halldór Laxness, bls. 78-79, Morgunblaðið 4. nóvember 1962). Kirkja var vígð að Mosfelli 4. apríl 1965 og stendur sú kirkja enn (Halldór Laxness, bls. 177, Morgunblaðið 18. maí 1980).

Úttekt var gerð á Mosfellskirkju árið 1887 að skipan prófastsins í Görðum og er úttektarskjalið til enn. Segir í því (skv. Halldóri Laxness, bls. 72), að kirkjan hafi verið 11 álnir og 11 þumlungar að lengd innan gaffla, en það mun vera um 7 metrar. Breiddin var 9 álnir og 12 þumlungar, innan veggja, en það er um 5,7 metrar. Kirkjan hefur því verið rétt tæpir 40 fermetrar.

Um staðsetningu kirkjunnar segir Magnús Grímsson: „Kirkjan stendr enn í dag á Mosfelli, en ekki er hún þar nú í sama stað og

hún hefir fyrst verið sett á. Kirkjan stendr nú á háum hól fyrir vestan bæinn. Áðr hefir hún staðið norðanvert við hól þenna, eðr í norðrjaðri hans. Norðanvert við kirkjugarðinn, sem nú er á Mosfelli, sér enn til kirkjugarðsrústarinnar fornu... Kirkjan sjálf hefir staðið austast í garðinum, og verðr ekkert ráðið í um stærð hennar, því rúst hennar er, eins og garðsins alls, og öllu fremr, gjörfallin og grasi vaxin... Hafi bærinn á Mosfelli staðið þar, sem nú er hann, sem ekki er ólíklegt, þegar kirkjan var hingað flutt, þá hefir kirkjan verið sett viðlíka langt frá bænum og öldungis í sömu átt frá honum, eins og kirkja Gríms áðr á Hrísbú, og er það ekki með öllu óeptirtektanvert... Enga veit eg ástæðu til þess, hví kirkjan og kirkjugarðurinn hafa hér verið færð úr stað, né heldr nær það hefir verið gjört. En rústin sýnir að langt muni vera síðan... Vera má hið forna kirkjustæði ekki þótt fagrt, því það liggir heldr lágt, og miklu hrósar kirkjan sér betr uppi á hólum þar sem nú er hún“ (Magnús Grímsson, bls. 256-258).

Um staðsetningu kirkjunnar segir Kálund: „Nu står kirken - som sædvanligt midt i kirkegården - på en høj, der falder temmelig brat af mod mosen, men tidligere har kirken og kirkegården, af hvilken endnu lævningerses, været lidtnordligere umiddelbart nord for den nuværende“ (Kálund, bls. 50).

Í Örnefnalýsingu Mosfells segir: „Stór hóll var þar sem kirkjan var, og heitir hann Kirkjuhóll“ (Kristinn Guðmundsson).

Heimildaskrá

- Egils saga Skalla-Grímssonar*. Sigurður Nordal gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík 1933.
- Halldór Laxness. *Innansveitarkronika*. Reykjavík 1970.
- Kristinn Guðmundsson. *Örnefnalýsing Mosfells*. Örnefnastofnun Íslands.
- Kálund, Kristian. *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island*. I. Syd- og Vest- Fjærdingerne. Kjöbenhavn 1877.
- Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.
- Morgunblaðið*. „Góður orðstír er manningum auði tryggari“. 4. nóv. 1962, bls. 10.
- Morgunblaðið*. „Afmælisgrein um séra Bjarna Sigurðsson fyrrum prest á Mosfelli“. 18. maí 1980.
- Sigurður Vigfússon. *Rannsókn í Borgarfirði 1884*. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884-1885*. Reykjavík.
- Sveinn Nielsson. *Prestatal og prófasta*. Önnur útg. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1950.

Mosfell 123731-238-3 Kirkjugarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Norðanvert við kirkjugarðinn, sem nú er á Mosfelli, sér enn til kirkjugarðsrústarinnar fornu; er hún auðséð að vestan, norðan og austanverðu, en að sunnanverðu hefir garðrinn gengið að eða inn í kirkjugarðinn, sem nú er, og sést því ekki til hans þar; ætla ég, að þessi kirkjugarður hafi verið ferskeyttr, hérumbil 18 eður 20 faðmar á lengd austr og vestr, en 12 eður 14 faðma breiðr norðr og suðr. Kirkjan sjálf hefir staðið austast í garðinum, og verðr ekkert ráðið í um stærð hennar, því rúst hennar er, eins og garðsins alls, og öllu fremr, gjörfallin og grasi vaxin. Í þessum garði sjást enn glögg merki til leiða, sem snúa í austr og vestr, sumstaðar í skipulegum röðum. Enginn steinn sést hér neinstaðar, nema einn eða tveir hleðslusteinar norðanvert í garðsrústinum. Gata vestr úr túninu á Mosfelli liggur nú sunnan til um garð þenna, norðan undir hinum nýja kirkjugarði... Enga veit eg ástæðu til þess, hví kirkjan og kirkjugarðurinn hafa hér verið færð úr stað, né heldr nær það hefir verið gjört. En rústin sýnir, að langt muni vera síðan. Mjög eru og bæði leiði og gróptur forn orðinn í þeim kirkjugarði, sem nú er, og sá garður mjög útgrafinn; er hann þó allstór (hérumbil 72 faðmar umhverfis í átthyrningsmynd). Vera má hið forna kirkjustæði ekki þótt fagrt, því það liggur heldr lágt, og miklu hrósar kirkjan sér betr uppi á hólnum þar sem nú er hún. Svo lítr og út, sem hinn forni kirkjugarður hafi verið mjög útgrafinn orðinn, og má vera, að hann hafi verið fluttr af því, að þar hafi ekki orðið jarðsett lengr“ (Magnús Grímsson, bls. 256-258).

Magnús ræðir nokkuð hvar bein Egils Skalla-Grímssonar hafi verið lögð niður eftir að þau voru tekin úr haugi hans. Munnmæli um að þau séu í kirkjugarðinum „sem nú er“ telur hann ósennileg.

Síðar segir hann: „Þó er ekki svo vel, að munnmæli þessi sé öldungis viss í, hvar helzt á hólnum leiði Egils muni vera, hvort heldr undir kirkjunni, sem nú er, eður skammt suðr frá henni. Er þar og ekkert að sjá, sem á þetta bendi með vissu, hvorki í

hinum forna kirkjugarði, né hinum nýja; því hin fornu leiði eru hvort öðru lík, en engir eru steinar neinstaðar ofanjarðar, sem neina upplýsing gefi“ (Magnús Grímsson, bls. 258).

Í Mosfellskirkjugarði eru þrír legsteinar frá 17. öld, legsteinn Jarþrúðar Þórólfsdóttur, dáin 1606 og legsteinn bróður hennar Þorvarðar Þórólfssonar, auk legsteins Arnórs Jónssonar (Matthías Þórðarson, bls. 48-54). Þar er einnig legsteinn Magnúsar Grímssonar, dáinn 1860 (Morgunblaðið, 4. nóvember 1962, einnig er steinsins getið í Innansveitarkroniku Halldórs Laxness).

Í sömu grein í Morgunblaðinu, og áðan var vitnað til, er einnig getið um, að á Mosfelli hafi fundist steinkola árið 1962. Ekki er sagt neitt frá kringumstæðum, nema að kolan hafi verið grafin úr jörðu.

Heimildaskrá

Halldór Laxness. *Innansveitarkronika*. Reykjavík 1970.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Matthías Þórðarson. „Gamlir legsteinar“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1909*. Reykjavík.

Morgunblaðið. „Góður orðstír er manninum auði tryggari.“ 4. nóvember 1962, bls. 10.

Mosfell 123731-238-4 Mógröf

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Mýrarræma er fyrir neðan bæ á Mosfelli. Um hana segir Magnús Grímsson: „Innangarðs fram undan bænum á Mosfelli er þó blettikorn af mýri þessari, og er hann fullur af æfargömlum, grasivöxnum mógröfum. Þessi mýrablettr er fyrir austan Merkrvallargilið, neðan undir brekku þeirri, sem fyr gat eg um, sem er sunnan í hól þeim, er kirkjan og bærinn standa á“ (Magnús Grímsson, bls. 262).

Munnmæli

Skv. Guðmundi Skarphéðinssyni, bónda á Minna-Mosfelli, sjást mógrafirnar enn á sama stað (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Mosfell 123731-238-5 Heygarður**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Svo segir Magnús Grímsson: „...stakkgarðs-rústir eina eða tvær á Víðinum skammt fyrir neðan Hraðastaði. Er önnur þeirra, sem nær er bænum, lítil og ómerkileg, en hin, sem stendr fjær bænum, nær því í landamerkjum Mosfells og Hraðastaða, er miklu stærri. Báðar eru rústir þessar krínglóttar, og svo heyri eg sagt, að stakkgarðar fornanna hafi ætíð verið“ (Magnús Grímsson, bls. 273).

Svipast var um eftir þessum stað en án árangurs. Telur Bjarni Bjarnason á Hraðastöðum að þetta geti verið komið undir þjóðveginn (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Mosfell 123731-238-6 Stöðull**Sérheiti: Stöðlar****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

„Ofan við götu þar upp af efst er nefnt Stöðlar“ (Kristinn Guðmundsson). Engar rústir þar.

Heimildaskrá

Kristinn Guðmundsson. *Örnefnalýsing Mosfells*. Örnefnastofnun Íslands.

Mosfell 123731-238-7 Vegur**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

„Þvert yfir Víðirinn, sem kallaðr er, fyrir sunnan Köldukvísl, hefir legið brú í fornöld; hún sýnist þráðbein, og er í stefnu frá Mosfelli til að sjá austanhalt frá kirkjunni, milli hennar og bæjarins. Sést glögt móta fyrir henni, þegar maðr stendr þar og sér ofan yfir, enn óglöggvari verðr hún að sjá, þegar maðr kemr á Víðirinn; þar er flatlendi og smáþýft, og fellr þá þetta alt meira út í eitt; brúin liggir vestan til við laugina, sem er fyrir neðan Æsustaði ...“ (Sigurður Vigfússon, bls. 71).

„...frá Mosfelli sér til rústar yfir þveran

Víðinn, sem varla getr hafa verið annað en brú eða vegr. Stefnir hún mjög nærri hver þessum /Æsustaðahver/ , en þó ekki beint á hann. Rúst þessi er þráðbein, hérumbil 3 álna breið ofan, og 2 til 3 hundruð faðma laung; nær hún frá Köldukvísl suðr yfir meir en helmíng Víðisins, en hann er hér hvað breiðastr, hérumbil 5 til 6 hundruð faðma milli ána. Rúst þessi er enn í dag auðsjáanleg, helzt þegar staðið er undir gaflri kirkjunnar á Mosfelli; þaðan sést hún bezt. Stenst hún öldungis á við veginn, sem fyr gat eg um, að heim hefði legið að Mosfelli. Nálægt og eptir rúst þessari er enn gjarnast farið yfir Víðirinn“ (Magnús Grímsson, bls. 262-263). Veg þennan eða brú setur Magnús í samband við, að farið hafi verið til lauga, frá Mosfelli, í Æsustaðahver. Er og talað um laugar í Egilssögu, nálægt Mosfelli, þær er Egill lést ætla til er hann faldi silfur sitt. Það er getgáta, að laugar hafi verið þarna (Sigurður Vigfússon, bls. 71).

Heimildaskrá

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.
Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Borgarfirði 1884“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884-1885*. Reykjavík.

Mosfell 123731-238-8 Vegur**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

„Vegurinn heim að Mosfelli að sunnan hefir áðr fyr legið upp með Merkrvallagilinu, og sunnanhalt við kirkjugarðinn heim hólbrekkuna á hlaðið. Þann veg lagði séra Stefán Þorvaldsson niðr, og gjörði annan austar með mikilli fyrirhöfn“ (Magnús Grímsson, bls. 262-263).

Heimildaskrá

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Mosfell 123731-238-9 Hjáleiga**Sérheiti: Merkurvöllur****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Merkurvallar er ekki getið í Jarðabók 1704, ekki í Jarðatali 1847 eða í Jarðabók 1861. Heimild frá 1938 getur um þessa „jörð“ en

þær upplýsingar eru harla sparsamar. Segir þar að Merkurvöllur sé hjáleiga frá Mosfelli og hafi lengi í auðn legið. Liggja tún Merkurvallar og Mosfells saman (Björn Bjarnason, bls. 107).

Í Örnefnalýsingu Mosfells segir: „Utan við bæinn er gil, sem heitir Kirkjugil. Vestan við það gil var lítið gamalt kot, sem hét Hitta, en austan við gilið er stykki, sem heitir Merkurvöllur“ (Kristinn Guðmundsson).

Á þessum stað eru engar rústir sjáanlegar.

Aðrar upplýsingar

Árni Magnússon, prestssonur frá Mosfelli, er þar mjög vel kunnugur en segir að engar rústir hafi verið á Merkurvelli. Hið eina sem þar stóð var fjárhúskofi, sem nú er horfinn og ekkert sér eftir af. Árni þessi á hús þar sem Víðihóll heitir, er það S eða SV frá Mosfelli (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Björn Bjarnason. Kjósarsýsla. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 3. Reykjavík 1938.

Kristinn Guðmundsson. *Örnefnalýsing Mosfells*. Örnefnastofnun Íslands.

Mosfell 123731-238-10 Öskuhaugur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„...enda eru og hér öskuhaugar miklir og fornir. Eru þeir hér, eins og á Hrísrú, beint fram undan bæjardyrum og skammt frá þeim, svo stórir, eins og smáhólar. En að Minna-Mosfell sé laungu síðar byggt, byggi eg meðal annars á þí, að þar eru engir fornir öskuhaugar að sjá. En það bregzt sjaldan að þeir sé til, jafnvel grasi vaxnir hólar, á fornum stórbæjum á Íslandi, og eins við fornar bæjarrústir, optast nær beint framundan bænum“ (Magnús Grímsson, bls. 261).

Sigurður Vigfússon segir svo um öskuhauga: „...enn á Mosfelli veit eg að það hefir prófapt við húsbyggingar og umrót; þar fannst mikil aska, bæði undir bænum og í kálgörðunum fram undan bænum“ (Sigurður Vigfússon, bls. 65).

Heimildaskrá

Magnús Grímsson. Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Sigurður Vigfússon. Rannsókn í Borgarfirði 1884. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884-1885*. Reykjavík.

Mosfell 123731-238-11 Hjáleiga

Sérheiti: Bakkakot

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Bakkakot eða „Bakkakot“ var hjáleiga frá Mosfelli árið 1704. Ábúandinn, sem var einn bjó á hálfri jörðinni, hinn helmingurinn var nýttur frá Mosfelli. Bústofn: 2 kýr, 1 mylk kvíga, 4 ær með lömbum, 2 veturgamlar gimbrar, 1 hross. Fóðrast geta á jörðinni allri 4 kýr og 2 „úngneyti“. Heimilismenn samtals 3 (Jarðabók Árna og Páls).

Bakkakot lagðist í auðn einhvern tíma á árabílinu 1704-1847 (sbr. J. Johnsen og Nýja jarðabók).

Aðrar upplýsingar

Enginn, sem spurður hefur verið, veit hvar kot þetta stóð né hefur heyrt um það talað. Bjarni Bjarnason, Hraðastöðum, stingur upp á, eða telur líklegt, að það hafi staðið á túninu sem nú er vestan við Guddulaug (nú er þetta tún í eigu Minna-Mosfells), nálægt lækjarbökkunum sem þar eru (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólks-tölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðar-töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maí-mánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.

Mosfell 123731-238-12 Heygarður

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 850 m ANA við Seljabrekku og um 450 m SA við Þjóðveginn. Stórt tún, sem hallar lítilliga til SV-V. Áveituskurðir umhverfis, sá næsti um 20 m í S. Tilheyrir nú Seljabrekku (Ágúst Ó. Georgsson).

Dálítill upphækkun um 8 x 9 m, nokkurn

vegin ferningslaga. Upphækkun þessi er stórbýfð og ekki hægt að sjá að þarna hafi nokkurn tíma verið hús. Staður þessi hefur án efa verið blautkenndur áður en landið þarna var ræst fram. Af þeim orsökum er þetta ekki líklegur staður til húsbygginga. Betra selstæði væri uppi í ásbrekkunni til SA. Ekki eru neinar tóftir þar að sjá skv. frásögn Guðmundar Þorlákssonar, bónda Seljabrekku, en hann hefur verið kunnugur þessu landi í um 50 ár (Ágúst Ó. Georgsson).

Trúlegast er að hér sé um heystæði eða geymslu að ræða, eins og Guðmundur bóndi álitur. Grunnur skurður hefur verið grafinn umhverfis hluta af rúst þessari. Hefur efnið sem þá kom upp trúlega verið notað í heypallinn (skv. Guðm). Vatnið hefur líka sigið fremur frá upphækkuninni við þetta. Greinileg mannaverk eru á upphækkuninni og er hún lítið eitt grænni en túnið umhverfis (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Þetta er tóft sú sem talað er um í Örnefnalýsingu Bringna, skv. frásögn Guðmundar Þorlákssonar.

Munnmæli

Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku, segir þetta sé heygeymsla. Stungið hafi verið upp torf og búin til upphækkun svo ekki flæddi undir heyið. Telur hann þetta frá því fyrir aldamótin 1900, því rústina sá hann fyrst árið 1911. Var hún þá ekki eins áberandi og í dag.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku.

Mosfell 123731-238-13 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Neðst í túninu á Mosfelli, SV frá kirkju eru tvær kofarústir. Önnur er enn uppistandandi. Kofi þessi er niðurgrafinn. Veggirnir eru úr steinsteypu en þakið bárujárnklætt. Stærð um 4 x 6 m að utanmáli, hæð um 2,5 m (upp í mæniás). Kofi þessi hefur verið byggður ofan í gamla tóft og sér vel fyrir útveggjum hennar. Stærð tóftar þessarar er

svipuð og kofans. Hinn kofinn er um 20 m vestar og lítið eitt neðar í túninu, niðri við á (ca. 30 m N við ána). Hann er fallinn saman en hefur verið úr torfi og grjóti með bárujárnklæddu þaki og torf ofan á því. Þakið er fallið. Stærð um 4 x 5 m. Húsið stendur utan í brekku. Dyr snúa í S, að ánni (Ágúst Ó. Georgsson).


Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-14 Bústaður

Sérheiti: Bringur

Tegund: Heimild 465



Staðhættir og lýsing

Bringna er ekki getið í Jarðabók 1861 en Magnús Grímsson segir „...að vorið 1856 var reistur bær í fjallinu, skammt frá Helguseli, móts við Helgufoss. Það heitir í Gullbringum, og er nú efsti bærinn í Mosfellsdalnum“ (bls. 272).

Skv. Fasteignabók 1938 var bærinn á Bringum að hluta byggður úr torfi og grjóti. Bærinn var áður dálítið austar í túninu en faðir Jórunnar Halldórsdóttur flutti hann árið 1911. Jórunn nefnir bæinn Gullbringur en svo nefndi séra Magnús Grímsson á Mosfelli hann er hann byggði Jóhannesi Lund bæinn. Gamall maður sagði Jórinni fyrir nokkrum árum að staðurinn þar sem bærinn var fyrst reistur hefði heitið Gullbringur frá ómunatíð. Gullbringurnar eru vestan í hæð, sem er norðan undir Grímmannsfelli (Jórunn Halldórsdóttir).

Eins og fram hefur komið, hér fyrir ofan, kallaði Magnús Grímsson bæinn Gullbringur og staðfestir það frásögn heimildarmanna, sem Örnefnalýsing Bringna byggist á. Bringur fóru í eyði árið 1966 og nú (1980) er jörðin nýtt frá tilraunastöðinni á Keldum (Jarðaskrár).

Eigandi 1979 er ríkissjóður (Jarðaskrár).

Bæjarstæði Bringnabæjarins er nú útflatt með öllu. Mun bærinn fyrst hafa verið brenndur en síðan farið yfir með jarðýtu og jafnað út. Sést þó enn að bærinn hefur verið hlaðinn úr tilhöggnu grjóti. Framan við bæinn (vestan við), í brekkunni neðan hans er grjóthleðsla. Hefur þar verið hlaðinn pallur, þannig hefur myndast slétt flöt framan við bæ, í staðinn fyrir bratta brekku (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Þar sem Bringur eru ekki í Jarðatali Johnsens er hann skráður undir jörðinni sem bærinn er byggður úr, þ.e. Mosfelli.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

Jórunn Halldórsdóttir. *Gullbringur*. Athugasemdir og viðbætur við lýsingu Bringna eftir Jón Halldórsson. Örnefnastofnun Íslands 1974.

Magnús Grímsson. Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Mosfell 123731-238-15 Álfabyggð

Sérheiti: Huldufólksrani

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Tilheyrir landi Bringna.

„Milli Eystri-og Vestri-Hvamms er Huldufólksrani“ (Jón Halldórsson). Jórunn Halldórsdóttir telur að Jón bróðir sinn hafi búið þetta örnefni til í athugasemdum sínum við Örnefnalýsingu hans. Hún segir jafnframt að mikil huldufólksstrú hafi verið í sveitinni og jafnvel draugatrú en ekki hjá sínu fólki.

Athugasemd: Gæti verið átt við „Helguhvamm“ og hvamminn, sem er þar vestan við. Á milli þeirra er einskonar rani.

Heimildaskrá

Jón Halldórsson. *Bringur*. Örnefni í landi býlisins Bringur í Mosfellsveit. Örnefnastofnun Íslands Jórunn Halldórsdóttir. *Gullbringur*. Athugasemdir og viðbætur við lýsingu Bringna eftir Jón Halldórsson. Örnefnastofnun Íslands 1974.

Mosfell 123731-238-16 Áningarstaður

Sérheiti: Lestarófur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Lítið holt er á merkjum Laxness og Bringna. Það heitir Lestarófur. Á því er Markavarða. Beggja vegna holtsins eru múrateygingar. Ferðamenn áðu forðum á Lestarófum (Jón Halldórsson).

Heimildaskrá

Jón Halldórsson. *Bringur*. Örnefni í landi býlisins Bringur í Mosfellsveit. Örnefnastofnun Íslands.

Mosfell 123731-238-17 Brunnur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í landi Bringna.

„Mitt á milli bæjarins og gamla bæjarstæðisins er svo góður brunnur, sem aldrei þvekkur og eftir því er vatnið gott“. Hvergi í landareigninni er eins gott vatn og í þessum brunni. Faðir Jórunnar og Jón bróðir hennar hlóðu brunninn upp, því að hann hafði týnst í norðanbyl eitt sinn að vetrarlagi. Nú sést varla fyrir honum, hann er eins og djávvæta. Ekkert nafn var á þessum brunni, hann var bara kallaður „brunnurinn“ (Jón Halldórsson).

Aðrar upplýsingar

Sigurður Narfi Jakobsson, Reykjadal 2, Mosfellsdal, man vel eftir þessum brunni. Hann er nú horfinn.

Heimildaskrá

Jón Halldórsson. *Bringur*. Örnefni í landi býlisins Bringur í Mosfellsveit. Örnefnastofnun Íslands.

Munnlegar heimildir:

Sigurður Narfi Jakobsson, Reykjadal 2, Mosfellsdal.

Mosfell 123731-238-18 Fjánhús


Sérheiti: Fjánhúsmýri

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í landi Bringna.

„Upp á brún hvammanna /Eystri- og Vestri-Hvamms/ er Fjánhúsmýri, sem nú er orðin að túni“ (Jón Halldórsson). Um 10 m



NA við gilbrúnina. Túnið í Bringum (Ágúst Ó. Georgsson).

Hér er um að ræða sambyggð fjárhús og hlöðu. Rústin liggur í NV-SA. Dyr eru á SV langvegg, við NV gafli. Mikið er enn eftir af húsum þessum en þó er rústin sé talsvert skemmd, einkum NA langveggur. Hæð veggja er frá ca. 0,5 m til um 1,7 m, þar sem þeir eru hæstir. Veggjaþykkt er um 1,4 m. Að innanmáli eru fjárhúsin um 3,5 x 10 m. Eftir endilöngu fjárhúsinu liggur garði, sem hlaðinn er úr torfi og grjóti. Við austurenda fjárhússins er hlaða, sem er beint framhald af því. Stærð hennar, að innan, er um 5 x 5,8 m. Ekki eru fleiri dyr sjáanlegar á byggingunni en talsvert stór skemmd er í NA langvegg. Byggingarefni er torf og grjót. Þakið hefur sennilega verið úr timbri, klætt bárujárn og síðar tyrft yfir.

Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku, segir þetta hafa verið fjárhús (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Slegið var yfir rúst þessa vegna töku myndarinnar Lénharður Fógeti samkvæmt Sigurði Narfa Jakobssyni, Reykjadal.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Jón Halldórsson. *Bringur*. Örnefni í landi býlisins Bringur í Mosfellssveit. Örnefnastofnun Íslands.

Munnlegar heimildir:

Sigurður Narfi Jakobsson, Reykjadal 2, Mosfellsdal.

Mosfell 123731-238-19 Kvíar

Sérheiti: Kvíaflöt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í landi Bringna.

„...Kvíaföt var nær bænum“ (Jón Halldórsson).

Heimildaskrá

Jón Halldórsson. *Bringur*. Örnefni í landi býlisins Bringur í Mosfellssveit. Örnefnastofnun Íslands.

Mosfell 123731-238-20 Smalakofi

Sérheiti: Smalaskáli

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í landi Bringna.

Suðvestanvert við Austurmýri er hóll, er nefnist Smalaskáli. V af honum er móholt nokkuð, Smalaskálamói. A Suðurmýrar er hóll, Efri-Smalaskáli. SA af honum er mýrar-sund, Smalaskálsund (Jón Halldórsson).

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Sigurði Narfa Jakobssyni, Reykjadal, er þarna enginn kofi og hann man ekki til að svo hafi nokkurn tíma verið.

Heimildaskrá

Jón Halldórsson. *Bringur*. Örnefni í landi býlisins Bringur í Mosfellssveit. Örnefnastofnun Íslands.

Munnlegar heimildir:

Sigurður Narfi Jakobsson, Reykjadal 2, Mosfellsdal.

Mosfell 123731-238-21 Stekkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing


Í landi Bringna.

„Stekkur var fyrir ofan Ólafsvelli...“ (Jón Halldórsson).

Heimildaskrá

Jón Halldórsson. *Bringur*. Örnefni í landi býlisins Bringur í Mosfellssveit. Örnefnastofnun Íslands.

Mosfell 123731-238-22 Grjóthaugur
Tegund: Dys 465



Staðhættir og lýsing

Um 40 m vestan túnhliðsins. Í túninu í Bringum. Þýfi umhverfis og dý N við. Um 1,5 m hár bakki í sömu átt (Ágúst Ó. Georgsson).

Grjóthrúga um 2 m á lengd og um 1,5 m á breidd, þar sem hún er breiðust. Er aflöng, en breiðari í vesturendann. Grjóthrúga þessi er um 20-30 cm há þar sem hún er hæst. Hugsanlega gæti verið hér um einhverja dys að ræða. E.t.v. er þetta grjót sem borið hefur verið úr túninu. Staðsetning er þó ekki til að taka af allan vafa. Dý er fast N við „dysina“ en stórþýfi umhverfis í hinar áttirnar (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell - 123731-238-23 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 40 m vestan túnhliðsins. Í túninu á Bringum. Þýfi umhverfis og dý N við. Um 1,5 m hár bakki í sömu átt (Ágúst Ó. Georgsson).

Um 5-6 m N við grjóthrúguna (nr. 22) er tóft. Stærð hennar er 3 x 4 m. Veggjahæð ca. 0,5 m og veggjaþykkt ca. 1 m. Inngangur hefur verið á N enda. Tóftin liggur í N-S og er ferningslaga. Við hlið þessarar tóftar mótar fyrir annarri. Er hún vestan við hana og hafa þær einn vegg sameiginlegan. Stærðin er um 3 x 4 m og er hún einnig ferningslaga. Ekki er hægt að sjá hvar inngangurinn hefur verið. Vestari tóftin er talsvert ógreinilegri. NA veggur, sá sameiginlegi, er hæstur. Annars er veggahæðin um 0,4 m. Líklega hafa tóftir þessar átt saman og verið notaðar samtímis, þótt sú vestari sé verr farin. N-endi vestari tóftar er dálítið niðurgrafinn að því er virðist. Byggingarefnið er torf og grjót, þótt lítið sjáist af grjótinu. Á svæði því sem tóftin er, en nokkru vestar (ca. 15 m), er afar grænt og þýft svæði. Ekki stafar grænkan þó af öðru en að þar hefur verið mykjuhaugur eða álíka. (Ágúst Ó. Georgsson).

Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku, segir að þarna hafi staðið fjárhús. Ekki sér nú nein ummerki eftir þau en nokkuð er þar af bárujárnsbraki, sem vel gæti hafa fokið þangað. Bendir græna svæðið til að útihús hafi staðið þarna þótt ekki sjái til neinna rústa (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Munnlegar heimildir

Guðmundur Þorláksson, Seljabrekku, Mosfellsdal.


Mosfell 123731-238-24 Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Túnið í Bringum NV vert. Rústin er við girðinguna. Utan hennar (NV) eru skorningar og nokkuð grýtt brekka (Ágúst Ó. Georgsson).

Rúst þessi er um 5,5 x 14,3 m á breidd þar sem hún er breiðust. Liggur hún í brekku sem hallar til SV. Veggjahæð er víðast á milli 30-50 cm. Veggjaþykkt um 1 m, þar sem hún er mest. Líklega er hér um gamla rétt eða stekk að ræða. Rústin er orðin allgróin og gamalleg. Má því ætla að hún sé frá því á síðustu öld a.m.k. [þ.e. 19. öld.]



Lögun verður best lýst með teikningu hér til hliðar. Byggingarefni virðist einungis hafa verið torf (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.


Mosfell 123731-238-25 Tóftir

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Túnið í Bringum NV vert. Rústin er við girðinguna, utan hennar (NV) eru skorningar og nokkuð grýtt brekka (Ágúst Ó. Georgsson).

Tóft. Um 20 m SV við réttina (eða stekkin) númer 24 er önnur rúst, rúmlega



2 x 3 m. Veggir eru um 0,7 m breiðir og um 0,4 m háir þar sem þeir eru hæstir. Tóftin er ferningslaga og hefur inngangur verið á SA enda. Ekki skal sagt um hvort þetta sé rúst einhvers kofa eða hvort hún hafi verið þaklaus, þ.e. byrgi eða kró. Tóftin er allgamalleg til að sjá og gróin. Er hún sennilega frá síðustu öld [þ.e. 19. öld.]. Byggingarefni er torf og grjót (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.


Mosfell 123731-238-26 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Túnið í Bringum, um 10-15 m frá gilbrúnni (N við).

Rúst þessi er að innanmáli um 4 x 12 m. Veggjahæð er um 1,2 m, þykkt veggja um 1,6 m. Tóftin er ferningslaga, liggur í V-A, með dyr á V gafl. Inni í rústinni sjást enn leifar bárujárnsþaksins, sem verið hefur á húsi þessu. Einföld steinaröð nær þvert yfir V endann við gafl. Hefur það verið undirstaða tréveggjar. Byggingarefni rústarinnar




Upp brekkuna í austurátt (ofan við brú nr 27) sér leifar götu en hún hverfur í miðri brekku. Hefur grjóti verið rutt þarna til beggja hliða svo að myndast allbreið braut, sennilega nógu breið fyrir hestvagn. Þetta er líklega framhald götunnar, sem er ofan við (NA og A) við Bringnabæ (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-29 Útihús

Tegund: Tóft 465



er torf og grjót en þak hefur verið úr timbri (ásamt V-gaflri) og klætt bárujárni, sennilega tyrft þar ofan á (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-27 Brú

Tegund: Brú 465

Staðhættir og lýsing

Túnið í Bringum, um 10-15 m frá gilbrúnni (N við).

Um 40 m N við útihúsin (nr. 26) eru leifar gamallar brúar, sem legið hefur yfir grunnan skorning og áfram í austur upp brekkuna (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-28 Vegur

Tegund: Gata 465

Staðhættir og lýsing

Túnið í Bringum, um 10-15 m frá gilbrúnni (N við).

Staðhættir og lýsing

Í landi Bringna.

Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku, segir að þetta hafi ýmist verið notað sem hrútakofi eða hesthús. Rúst þessa kofa eða húss er um 4 x 6 m að innanmáli. Hæð veggja er um 1,2 m. Veggjaþykkt er um 1,5 m neðst og dragast þeir að sér að utanverðu. Eftir tóftinni endilangri liggur garði. Kofi þessi er hlaðinn úr torfi og grjóti. Það sem eftir stendur er úr því efni. Þakið hefur verið bárujárnsklætt en líklega tyrft. Má enn sjá bárujárnsleifar. Austurgafllinn er skemmdur og vantar þar í talsvert stykki (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.


Mosfell 123731-238-30 Rétt

Tegund: Gerði 465;

Staðhættir og lýsing

Í landi Bringna.

SV við útihúsið (nr. 29) er stórt gerði eða rétt. Er hún ferningslaga með inngangi á miðjum NV vegg. Stærðin er um 26 x 40 m. Mannvirkið er að mestu hlaðið úr torfi og



grjóti. Er mestur hlutinn grasi vaxinn, þ.e. grjótundirstaðan þar sem tyrft er ofan á. Nokkur hluti er einungis hlaðinn úr grjóti en það er að N og NV verðu. Gæti þessi hluti e.t.v. verið eitthvað yngri. Líklega er hér um rétt að ræða. Ekki skal þó útiloka, að gamli bærinn hafi staðið inni í miðju þessu gerði.

Bjarni Bjarnason, Hraðastöðum, sem man vel eftir Bringum í byggð, segir að hinn stóri garður hafi verið notaður sem kartöflugarður en áður e.t.v. verið til annarra nota. Ennfremur segir Bjarni að elsti bærinn hafi staðið vestan garðsins (sbr. teikn. bls. 24) (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-31 Bústaður

Sérheiti: Bringur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í landi Bringna.

Um 10 m SA við réttina/gerðið (nr. 30) mótur ógreinilega fyrir tóftum. Þarna gæti

e.t.v. verið um gamla bæjarstæðið að ræða (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-32 Túngarður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Í landi Bringna.

Um 20-30 m SSV við þessa síðasttöldu rúst (nr 31) er brot af túngarði, sem hlaðinn er úr grjóti einvörðungu. Túngarður þessi er um 20-30 m langt (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-33 Garður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Í landi Bringna.

Norðan við bæjarstæðið er grjótgarður, sem liggur í hálfum boga (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-34 Þjóðvegur

Tegund: Gata 465

Staðhættir og lýsing

Í landi Bringna.

Svo segir Sveinn Pálsson: „Yfir Mosfellsheiði eru þrjár leiðir. Nyrst er Stardalsvegur, Bringuvegur í miðið og er hann greiðfærastur, en syðstur er Seljadalsvegur“ (bls. 103).

„Frá Borgarhólum liggja götutroðningar, sæmilega glöggir, niður með Grímmansfelli (Grímarsfelli (39)) austanverðu, niður hjá Bringum og niður í Mosfellsdal“ (Hjörtur Björnsson, bls. 166).

NA og A við Bringnabæ er gata, sem sveigir upp á melana og í A. Hefur þetta verið alfaraleið, þjóðvegur. Gata þessi ásamt fleiri rústum er merkt inn á kort danska herforingjaráðsins nr. 1613 III/45 (1:50000). Einnig sér fyrir leifum þessarar götu á melnum milli Gljúfrasteins og Bringna, um 200 m sunnar (svæði þetta er

kallað Lestarófur, sjá nr. 16, Ágúst Ólafur Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.


Hjörtur Björnsson. „Örnefni á Mosfellsheiði“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1937-1939*. Reykjavík.

Sveinn Pálsson. *Ferðabækur Sveins Pálssonar*. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Reykjavík 1945.

Mosfell 123731-238-35 Sel

Sérheiti: Helgusel

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Magnús Grímsson segir svo um sel á Mosfelli: „...víða finnast gamlar seljarústir uppi í heiðarlandi Mosfells, sem nú er. Þó eru engar þeirra eins gamlar, og rústir hins svo kallaða Helgusels. Það hefir staðið norðan undir miðju Grímmannsfelli, undir hárrí og fagurri brekku niður við Köldukvísl, á norðr-bakka hennar. Eru það seljarústir miklar til og frá í hvamminum, og er auðséð, að þar hefir verið mikið umleikis. Segja sumir, að Helga, dóttir Bárðar Snæfellsáss, hafi hafzt hér við um hríð, og við hana sé selið kennt. Foss er þar í ánni skammt fyrir ofan selið, hár og fagr, sem heitir Helgufoss, og blasir hann við selinu. Fram undan selinu er hamrahóll allmikill, hérumbil þriggja til fjögurra faðma hár, toppmyndaður. Stendur hann einstakur á sléttu fram við ána sjálfa.

Hann heitir Helguhóll, og á Helga að hafa gengið í hann í elli sinni, og aldrei komið út aptr. Hvammurinn allr, sem selið hefir verið í, er kallað Helguhvamur. Hefir hann nú mist mikið af fegurð sinni, því bæði hefir runnið á hann grjót og sandr, og víða er svörðrinn einnig blásinn í burtu. Á seinni tímum hefir sel þetta verið byggt uppi á bakkanum fyrir ofan hvamminn. [þar standa nú gömul fjárhús] Hin önnur sel, sem eg veit til í heiðarlandinu, eru öll miklu yngri, og ómerkileg“ (bls. 272). Bærinn Bringur var reistur skammt frá Helguseli, til móts við Helgufoss. Bringur kallar Magnús reyndar Gullbringur (Magnús Grímsson).

Í Lýsingu Mosfells- og Gufunessókna segir: „Í austur fram af Mosfellsdal liggur graslendi mikið og víðlent; eru það lágar hæðir og mýrlendar, með stargresisfláum og vallendis börðum, víða greiðfærum eða sléttum. Hæðir þessar eru nefndar „Bringur“ eða „Mosfellsbringur“ og liggja undir Mosfell til selstöðu og slægna, og eru þær allgott sumarbeitarland, en örðugt að sækja þangað heyskap og enn torveldara að verja þær fyrir afréttarfénaði og stóðhrossum“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 236).

Árið 1877 segir Kálund: „Nu er sætevæs- endet en undtagelse på Island ... Mosfell er dog en av de gårde, hvor det jævnlig er bleven brugt, men i de senere tider har sæterlandet været oppe i Mosfellshedens skráningar ned mod Mosfellsdalen, de såkalde Guldbringer (Gullbringur)“ (bls. 53).

Grasi vaxinn hvammur, s.k. Helguhvamur, norðan Köldukvíslar, í gilinu eða dalskorningnum, sem er á milli Grímmannsfells og Bringnatúns, neðan við Helgufoss.

Hvammurinn er sérlega gróðursæll og er þarna skjól í flestum áttum. Niður dalskorninginn rennur Kaldakvísl. Undirlendi er þarna svo lítið að rústirnar standa svo gott sem á árbakkanum. Stór og mikill klettur, nokkurn veginn kúpulaga, stendur vestarlega í skorningnum og setur mikinn svip á umhverfið. Magnús Grímsson segir að hann sé kallaður Helguklettur. Halldór Laxness, skáld á Gljúfrasteini, telur að Bringnafólkið hafi aldrei kallað klettinn

annað en Hrafnaklett og hafi huldufólk búið í honum. Í hvammi þessum, sem Magnús Grímsson kallar Helguhvamm, eru tvö rústasvæði. Annað austan við klettinn, hitt nánast á bak við hann (þ.e. norðan megin við hann). Magnús kallar rústir þessar Helgusel (Ágúst Ó. Georgsson).

Á bakka Köldukvíslar standa fjórar rústir eða rústahópar, öllu heldur. Virðast hópar þessir vera misgamlir og á sumt saman en annað ekki. Hér er byrjað á austustu rústinni eða rústunum. Þetta eru miklar tóftir og þær sem mest ber á. Rústirnar eru orðnar það grónar, að erfitt er að segja til með fullri vissu hvernig þær hafa lítið út en þó skal reynt að segja til um hugsanlega lögun þeirra. Á þetta við allt eystra svæðið, nema tvær rústir. Austasta rústin samanstendur af þremur herbergjum. Dyr eru á miðjum suðurlangvegg. Strax þegar inn er komið greinast leiðir í þrjár áttir og inn í herbergin þrjú. Rúst þessi (I) er að utanmáli um 6 x 8 m. Veggjahæð, þar sem hún er mest, er um 60-70 cm. Þykkt veggja um 1 m. Tóftin er allfornleg að sjá. Líklega er hér um selsrúst að ræða og er hún ásamt rústum III og IV þær elstu í eystra svæðinu (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Kålund, Kristian. *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island. I. Syd- og Vest- Fjærdingerne*. Kjöbenhavn 1877.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Mosfell 123731-238-36 Stekkur

Sérheiti: Helgusel

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Grasi vaxinn hvammur, s.k. Helguhvammur, norðan Köldukvíslar, í gilinu eða dalskórningnum, sem er á milli Grímmannsfells og Bringnatúns, neðan Helgufoss.

Hvammurinn er sérlega gróðursæll og er þarna skjól í flestum áttum. Niður dalskorn-

inginn rennur Kaldakvísl. Undirlendi er þarna svo lítið að rústirnar standa svo gott sem á árbakkanum. Stór og mikill klettur, nokkurn veginn kúpulaga, stendur vestarlega í skorningnum og setur mikinn svip á umhverfið. Magnús Grímsson segir að hann sé kallaður Helguklettur. Halldór Laxness, skáld á Gljúfrasteini, telur að Bringnafólkið hafi aldrei kallað klettinn annað en Hrafnaklett og hafi huldufólk búið í honum. Í hvammi þessum, sem Magnús Grímsson kallar Helguhvamm, eru tvö rústasvæði. Annað austan við klettinn, hitt nánast á bak við hann (þ.e. norðan megin við hann). Magnús kallar rústir þessar Helgusel (Ágúst Ó. Georgsson).

Aftan við rúst I (nr. 35) (N-við) og III (nr. 37) hefur verið grafið niður í hina lágu upphækkun, sem allar þessar rústir standa á. Rúst II er um 3 x 7 m, dýptin er um 1 m. Þetta gæti hafa verið stekkur eftir stærð og lögun að dæma (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-37 Tóftir

Sérheiti: Helgusel

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Grasi vaxinn hvammur, s.k. Helguhvammur, norðan Köldukvíslar, í gilinu eða dalskórningnum, sem er á milli Grímmannsfells og Bringnatúns, neðan Helgufoss.

Hvammurinn er sérlega gróðursæll og er þarna skjól í flestum áttum. Niður dalskórninginn rennur Kaldakvísl. Undirlendi er þarna svo lítið að rústirnar standa svo gott sem á árbakkanum. Stór og mikill klettur, nokkurn veginn kúpulaga, stendur vestarlega í skorningnum og setur mikinn svip á umhverfið. Magnús Grímsson segir að hann sé kallaður Helguklettur. Halldór Laxness, skáld á Gljúfrasteini, telur að Bringnafólkið hafi aldrei kallað klettinn annað en Hrafnaklett og hafi huldufólk búið í honum. Í hvammi þessum, sem Magnús Grímsson kallar Helguhvamm, eru tvö rústasvæði. Annað austan við klett-

inn, hitt nánast á bak við hann (þ.e. norðan megin við hann). Magnús kallar rústir þessar Helgusel (Ágúst Ó. Georgsson).

NV við I (nr 35) og SV við II (nr 36) er aflöng rúst (III) sem ásamt V (nr 39) virðast yngstar af öllum rústunum í hvamminum. Rústir V og III gætu e.t.v. hafa verið notaðar samtímis.

Rúst III er um 3 x 5 m að innanmáli. Veggir eru nokkuð heillegir og er hæsta brot þeirra um 1,2 m. Þykkt veggja er líklega um 1,5-2 m. Á miðjum SV langvegg eru dyr, sem snúa niður að ánni. Í NV enda hússins er hella reist á rönd. Virðist helst sem um einhvers konar bás sé hér að ræða eða stíu (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-38 Sel

Sérheiti: Helgusel

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Grasi vaxinn hvammur, s.k. Helguhvammur, norðan Köldukvíslar, í gílinu eða dalskorningnum, sem er á milli Grímmansfells og Bringnatúns, neðan Helgufoss.

Hvammurinn er sérlega gróðursæll og er þarna skjól í flestum áttum. Niður dalskorninginn rennur Kaldakvísl. Undirlendi er þarna svo lítið, að rústirnar standa svo gott sem á árbakkanum. Stór og mikill klettur, nokkurn veginn kúpulaga, stendur vestarlega í skorningnum og setur mikinn svip á umhverfið. Magnús Grímsson segir að hann sé kallaður Helguklettur. Halldór Laxness, skáld á Gljúfrasteini, telur að Bringnafólkið hafi aldrei kallað klettinn annað en Hrafnaklett og hafi huldufólk búið í honum. Í hvammi þessum, sem Magnús Grímsson kallar Helguhvamm, eru tvö rústasvæði. Annað austan við klettinn, hitt nánast á bak við hann (þ.e. norðan megin við hann). Magnús kallar rústir þessar Helgusel (Ágúst Ó. Georgsson).

Norðvestan við þessa síðasttöldu rúst (þ.e. nr 37) er rúst IV og er þar líklega um selrúst að ræða. E.t.v. er hún eitthvað eldri en selrúst I (nr 35). Rúst þessi samanstendur

af þremur hýsum sem öll hafa verið svipuð að stærð. Innangengt hefur verið á milli tveggja þessara hýsa, útidyr inn í tvö. Stærð austasta hýsisins er 3 x 3 en hin tvö um 2 x 3 m. Veggjahæð er um 0,5 m, þykkt 1-2 m. Þessi rúst ásamt nr. 35 eru líklega elstar á austursvæðinu (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-39 Rétt

Sérheiti: Helgusel

Tegund: Gerði 465

Staðhættir og lýsing

Grasi vaxinn hvammur, s.k. Helguhvammur, norðan Köldukvíslar, í gílinu eða dalskorningnum, sem er á milli Grímmansfells og Bringnatúns, neðan Helgufoss.

Hvammurinn er sérlega gróðursæll og er þarna skjól í flestum áttum. Niður dalskorninginn rennur Kaldakvísl. Undirlendi er þarna svo lítið, að rústirnar standa svo gott sem á árbakkanum. Stór og mikill klettur, nokkurn veginn kúpulaga, stendur vestarlega í skorningnum og setur mikinn svip á umhverfið. Magnús Grímsson segir að hann sé kallaður Helguklettur. Halldór Laxness, skáld á Gljúfrasteini, telur að Bringnafólkið hafi aldrei kallað klettinn annað en Hrafnaklett og hafi huldufólk búið í honum. Í hvammi þessum, sem Magnús Grímsson kallar Helguhvamm, eru tvö rústasvæði. Annað austan við klettinn, hitt nánast á bak við hann (þ.e. norðan megin við hann). Magnús kallar rústir þessar Helgusel (Ágúst Ó. Georgsson).

Alveg á bakka Köldukvíslar stendur rúst V, sem mikið sér eftir af. Gæti hún e.t.v. verið allra yngst en hugsanlega álíka gömul III (nr 37). Að utanmáli er hún um 6 x 6 m. Veggir eru ca. 2 m þykkir og hæð þeirra er 1-1,2 m. Dyr eða inngangur hefur verið á NV hlið. Sennilega er hér um rétt, e.t.v. hrossarétt, eða fjárgeymslu að ræða (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-40 Óþekkt

Sérheiti: Helgusel

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Grasi vaxinn hvammur, s.k. Helguhvammur, norðan Köldukvíslar, í gilinu eða dalskorningnum, sem er á milli Grímmannsfells og Bringnatúns, neðan Helgufoss.

Hvammurinn er sérlega gróðursæll og er þarna skjól í flestum áttum. Niður dalskorninginn rennur Kaldakvísl. Undirlendi er þarna svo lítið, að rústirnar standa svo gott sem á árbakkanum. Stór og mikill klettur, nokkurn veginn kúpulaga, stendur vestarlega í skorningnum og setur mikinn svip á umhverfið. Magnús Grímsson segir að hann sé kallaður Helguklettur. Halldór Laxness, skáld á Gljúfrasteini, telur að Bringnafólkið hafi aldrei kallað klettinn annað en Hrafnaklett og hafi huldufólk búið í honum. Í hvammi þessum, sem Magnús Grímsson kallar Helguhvamm, eru tvö rústasvæði. Annað austan við klettinn, hitt nánast á bak við hann (þ.e. norðan megin við hann). Magnús kallar rústir þessar Helgusel (Ágúst Ó. Georgsson).

Um 15 m norðan við eystra rústasvæðið, nokkurn veginn mitt á milli eystra og vestra rústasvæðis, mótar fyrir leifum grjóthleðslu. Virðist þarna hafa staðið ferningslaga bygging (VI) um 2,5 x 3 m að stærð. Eftir eru nú einungis fáeinir steinar, sem standa upp úr grassverðinum. Dyr eða inngangur hefur e.t.v. verið á NV hlið. Hlutverk er óvíst. (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hættu

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-41 Stekkur

Sérheiti: Helgusel

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Grasi vaxinn hvammur, s.k. Helguhvammur, norðan Köldukvíslar, í gilinu eða dalskorningnum, sem er á milli Grímmannsfells og Bringnatúns, neðan Helgufoss.

Hvammurinn er sérlega gróðursæll og er þarna skjól í flestum áttum. Niður dalskorn-

inginn rennur Kaldakvísl. Undirlendi er þarna svo lítið, að rústirnar standa svo gott sem á árbakkanum. Stór og mikill klettur, nokkurn veginn kúpulaga, stendur vestarlega í skorningnum og setur mikinn svip á umhverfið. Magnús Grímsson segir að hann sé kallaður Helguklettur. Halldór Laxness, skáld á Gljúfrasteini, telur að Bringnafólkið hafi aldrei kallað klettinn annað en Hrafnaklett og hafi huldufólk búið í honum. Í hvammi þessum, sem Magnús Grímsson kallar Helguhvamm, eru tvö rústasvæði. Annað austan við klettinn, hitt nánast á bak við hann (þ.e. norðan megin við hann). Magnús kallar rústir þessar Helgusel (Ágúst Ó. Georgsson).

Um 20 m NA Helgukletts (Hrafnakletts) er ferhyrnd rúst, sem ekki sér mikið eftir af. Sennilega er hér um stekk að ræða. Að stærð er hann um 4 x 7 m. Rústinni (VII) hallar lítillaga móti suðri og er hún alveg við brekkurótina, sem tekur við ofan við (N-við) (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hættu

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-42 Stekkur

Sérheiti: Helgusel

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Grasi vaxinn hvammur, s.k. Helguhvammur, norðan Köldukvíslar, í gilinu eða dalskorningnum, sem er á milli Grímmannsfells og Bringnatúns, neðan Helgufoss.

Hvammurinn er sérlega gróðursæll og er þarna skjól í flestum áttum. Niður dalskorninginn rennur Kaldakvísl. Undirlendi er þarna svo lítið, að rústirnar standa svo gott sem á árbakkanum. Stór og mikill klettur, nokkurn veginn kúpulaga, stendur vestarlega í skorningnum og setur mikinn svip á umhverfið. Magnús Grímsson segir að hann sé kallaður Helguklettur. Halldór Laxness, skáld á Gljúfrasteini, telur að Bringnafólkið hafi aldrei kallað klettinn annað en Hrafnaklett og hafi huldufólk búið í honum. Í hvammi þessum, sem Magnús Grímsson kallar Helguhvamm,

eru tvö rústasvæði. Annað austan við klettinn, hitt nánast á bak við hann (þ.e. norðan megin við hann). Magnús kallar rústir þessar Helgusel (Ágúst Ó. Georgsson).

Við Helguklett norðanverðan hefur verið hlaðinn (stekkur) – kvíar (VIII). Er þarna ákjósanlegur staður til slíks og kletturinn verið notaður sem einn veggur. Stekkurinn (VIII) er um 4 x 7 m að stærð og hefur verið hlaðinn úr grjóti. Er hann mjög gamallegur að sjá og líklega með elstu rústunum á svæðinu (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta


Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-43 Kvíar

Sérheiti: Helgusel

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Grasi vaxinn hvammur, s.k. Helguhvammur, norðan Köldukvíslar, í gilinu eða dalskorningnum, sem er á milli Grímmannsfells og Bringnatúns, neðan Helgufoss.

Hvammurinn er sérlega gróðursæll og er þarna skjól í flestum áttum. Niður dalskorninginn rennur Kaldakvísl. Undirlendi er þarna svo lítið, að rústirnar standa svo gott sem á árbakkanum. Stór og mikill klettur,

nokkurn veginn kúpulaga, stendur vestarlega í skorningnum og setur mikinn svip á umhverfið. Magnús Grímsson segir að hann sé kallaður Helguklettur. Halldór Laxness, skáld á Gljúfrasteini, telur að Bringnafólkið hafi aldrei kallað klettinn annað en Hrafnaklett og hafi huldufólk búið í honum. Í hvammi þessum, sem Magnús Grímsson kallar Helguhvamm, eru tvö rústasvæði. Annað austan við klettinn, hitt nánast á bak við hann (þ.e. norðan megin við hann). Magnús kallar rústir þessar Helgusel (Ágúst Ó. Georgsson).

Um 12 m norðan við Helguklett eru þrjár rústir. Verða þær taldar hér frá austri til vesturs. Sameiginlegt með þeim er að þær eru niðurgrafnar, aflangar og snúa allar í sömu átt (S-N, nokkurn veginn).

Rúst nr. IX er tvískipt (í tvö hólfa eða herbergi), þótt ekki sé fullvíst með fremra hýsið (það syðra). Dýpt nyrðri rústarinnar er um 80 cm, breidd um 2 m. Hlaðnir grjótveggir. Fremra hýsið er nokkuð grynna, um 2 m á breidd og 2-3 m á lengd. Dyr eru á suðurgafli.

Rúst nr. X er um 2 x 3 m, dýpt um 80 cm, veggir hlaðnir úr grjóti. Dyr á S-enda.

Rúst nr. XI er um 2 x 11 m, dýpt um 80 cm. Dyr líklega á S-enda. Einhver skil virðast vera í miðri rúst og nokkru aftan við „skilin“ er upphækkun.

Rústir IX-XI hafa allar svipaða lögun og virðast álíka gamlar. Hafa þær án efa verið samtímis notaðar. Líklega eru IX og X, e.t.v. XI líka kvíar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-44 Sel


Sérheiti: Selflá

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í Lýsingu Mosfells- og Gufunessókna segir: „Selstöður eru hvergi hafðar nema frá Mosfelli, við Leirvogsvatn undir Illaklifi; er þangað langur vegur og slitróttur yfirferðar“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 237).

„Örnefni benda til fleiri selja. T.d. í Mosfellskirkjulandi er mýrarfláki sem heitir



Selflá. Þar voru ær hafðar í seli inni í Klifi [Þetta mun vera Illaklif við Leirvogsvatn]. Selmatráðskona var þar Ragnhildur Þórðardóttir“ (Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976).

Við sunnanvert Leirvogsvatn, norðan undir Illaklifi, þar sem það byrjar austanmegin, um 30-40 m ofan við vatnið, er dálítil kvos eða hvammur. Frá náttúrunnar hendi er þetta ákjósanlegur staður fyrir sel. Vestan við eru skriður og lítið undirlendi neðan þeirra. Austan við eru mýrarflákar sem halla niður að vatninu. Staður þessi er greinilega ekki valinn af neinu handahófi, heldur sá besti og líklega sá eini nothæfi þarna megin við vatnið. Þarna er selrúst, sem samanstendur af tveimur húsum, og tvær kvíar (Ágúst Ó. Georgsson).

Selrústir. Samanstanda af þremur húsum, sem öll snúa dyrum í N. V húsið er um 3 x 4 m, að innanmáli. Veggjaþykkt um 1 m. Hús þetta snýr framgafla í N, móti vatninu. Sjást grjóthleðslurnar í veggjunum vel. Miðhúsið er aflangt og eru dyr á miðri N-langhlið. Stærð þess er um 3 x 6 m að innanmáli. Hæð veggja er um 1 m, þykkt veggja um 1 m. Hér sjást grjóthleðslurnar í veggjum sérlega vel. Þessi tvö hús (mið- og vesturhús) eru að hluta grafin inn í brekkuna, sem er á bakvið.

Austasta húsið er skemmt að hluta en þó má vel sjá lögun þess. Stærð þess er um 2 x 3 m. Veggjaþykkt um 1 m. Hús þetta snýr framgafla í N, niður að vatninu eins og hin tvö, og á honum eru dyr. Þessi hús, sem mynda selið, standa samsíða. Dálítið bil er á milli miðhúss og austurhúss. Mætti e.t.v. giska á að þar hafi eldaskáli eða hús verið.

Miðhúsið svefn- eða íveruhús og það vestra mjólkurhús. Svæði þetta var í Mosfellskirkjueign til 1934 en er nú í eigu Mosfellsahrepps (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Séra Birgir Ásgeirsson, pr. á Mosfelli, veitti uppl. um landareign.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Mosfell 123731-238-45 Kvíar

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Við sunnanvert Leirvogsvatn, norðan undir Illaklifi, þar sem það byrjar austanmegin, um 30-40 m ofan við vatnið, er dálítil kvos eða hvammur. Frá náttúrunnar hendi er þetta ákjósanlegur staður fyrir sel. Vestan við eru skriður og lítið undirlendi neðan þeirra. Austan við eru mýrarflákar sem halla niður að vatninu. Staður þessi er greinilega ekki valinn af neinu handahófi, heldur sá besti og líklega sá eini nothæfi þarna megin við vatnið. Þarna er selrúst, sem samanstendur af tveimur húsum, og tvær kvíar (Ágúst Ó. Georgsson).

Aftan við selið (nr 44) er kvíarúst (N-við). Garðar hafa verið hlaðnir þar við stóra steina og myndar umhverfið þannig verulegan hluta kvíanna. Ofan við kvíarnar er brott og grýtt hlið (Illaklif). Kvíunum er skipt í tvo hluta með garði og framan við innganginn er aðrekstrargarður til að auðvelda innrekstur ána. Að innanmáli eru kvíarnar um 5 x 6 m. eru þær að mestu eða öllu leyti hlaðnar úr grjóti. Veggjahæð er 0,5 – 1,2 m. Selið er allt hlaðið úr torfi og grjóti, en grjót er þó mest áberandi í innri veggjahleðslum (Ágúst Ó. Georgsson).

Um 12-13 m austan við kvíarnar eru aðrar kvíar sem eru all frábrugðnar að lögun. Þessar kvíar eru aflangar, um 2 x 14 m, með

inngang á miðjum N-langvegg. Veggjaþykkt er ca 1 m og veggjahæð 0,5 m ca. Svæði þetta var í Mosfellskirkjueign til 1934 en er nú í eigu Mosfellshrepps (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns.

Mosfell 123731-238-46 Landamerki

Sérheiti: Blásteinsvarða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki milli Bringna og Seljabrekku. „Á merkjum móti Bringum er Blásteinsvarða, sem er neðst í Blásteinsbringum, en það eru hæðir austur frá Jónsseli beint í Jakkavörðu og svo í Markastein móti Laxnesi... Blásteinsvarða er ekki til, hvorki varðan né nafnið, og er nú girt þarna á merkjum. Engar seltóftir eru hér“ (Guðmundur Þorláksson).

Heimildaskrá

Guðmundur Þorláksson. *Örnefnalýsing Seljabrekku*. Örnefnastofnun Íslands 23.8.1968.

Mosfell 123731-238-47 Sel

Sérheiti: Jónssel

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Lægðin sem bærinn stendur í hét upphaflega Jónssel, þó ekki öll. Um hana rennur lækur, sem heitir Jónsselslækur og fellur í Köldukvísl... ..í Jónsseli er örlítill rúst, þar er örlítill kofi ofan við veg og utan Markúsarsels...“ (Guðmundur Þorláksson).

Heimildaskrá

Guðmundur Þorláksson. *Örnefnalýsing Seljabrekku*. Örnefnastofnun Íslands 23.8.1968.

Mosfell 123731-238-48 Sel

Sérheiti: Markúsarsel

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Norðaustur frá Leirtjörn er Markúsarsel. Þar eru miklar tættur... Graslendið sunnan Langahryggjar og upp af Leirtjörn heitir Markúsarsel, og eru þar gamlar húsatættur. Sagnir eru um að þar hafi verið búið á fyrri hluta síðustu aldar“ (Guðmundur Þorláksson).

Um 800 m. NA við Selvog, við NA enda Leirtjarnar. Sumarbústaður um 150 m sunnar. Grasgefin mýri við NA enda vatnsins. Myndast þarna aflíðandi kvos niður að vatninu. Rústin er á graslendi milli tveggja lækjarskorninga (Ágúst Ó. Georgsson).


Rúst þessi liggur í SV-NA. Samanstendur af tveimur samsíða húsum, hvaraf öðru er skipt í tvö herbergi eða hýsi. Framgaflarnir hafa vitað í SV og var útgangur á báðum.

A og B mynda saman eitt hús, sem skipt er í tvennt. Er A um 4 x 4 m og B um 3 x 3 m. Veggjaþykktin er um 1,5 m og hæð þeirra um 80 cm í A, en um 30 – 50 cm í B. Inngangur hefur verið í B aftanvert að norðvestanverðu. E.t.v. hefur verið inngangur á norðausturvegg. Sést gerla að rústin öll hefur fengið að falla í friði. Er niðurfallið þakið, sem fyllir víða upp í tóttirnar, til vitnis um það.

C er samsíða A og B og veit framgaflinn í SV eins og A og inngangur þar á. Stærð um 3 x 4 m. Veggjaþykkt og veggjahæð svipuð og í A.

E.t.v. hefur verið eitthvað smáhýsi (E) við hlið C. Mótar mun óljósar fyrir því en A, B og C. Telur skrásetjari því rúst þessa samanstanda af því hýsum en setur punktalínu á teikningu til öryggis við hlið C.

Selrúst þessi er allheilleg en greinilega nokkuð gömul. Líklega frá síðustu öld. Er selrúst þessi á ákjósanlegum stað: Lækir á



báða vegu, grasi gróin kvos umhverfis og stutt í Leirtjörn sem blasir við til SV og V.

D: við hlið B og aftan við C gæti hugsanlega hafa verið fjórða húsið. Allt er þar mun ógleggra en í A-C og gefur það líklega vísbendingu um að húsin hafa bara verið þrjú. D og E sem svo óljós eru miðað við A-C, gætu þá e.t.v. verið leifar eldri húsa (Ágúst Ó. Gerorgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Guðmundur Þorláksson. *Örnefnalýsing Seljabrekku*. Örnefnastofnun Íslands 23.8.1968.

Mosfell 123731-238-49 Stekkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í landi Seljabrekku.

„Stekkur var notaður. Það var rétt sem rekið var inn í. Út úr stekknunum var smá kró sem reft var yfir og þar voru lömbin látin inn, og látin vera þar yfir nóttina. Stekkurinn var hlaðinn úr grjóti neðst og mýrarnhausar settir ofan á. Ferkantaðir í laginu. Hann var um 100 m frá bænum. Stekkjargil kannaðist Guðmundur Þorláksson, bóndi Seljabrekku, f. 1894 ekki við. En það var kallaður stöðull, þar sem mjólkað var. Stekkurinn var bara notaður meðan verið var að stía. Ræktað tún var ekki kringum stekkin, hann stóð á uppgrónum mel sem aldrei var sleginn. Engar rústir eru til eftir stekkin. Litla króin, sem lömbin voru höfð í, var ekki kölluð neitt sérstakt. Hún tilheyrði stekknunum og litla króin og réttin voru kölluð einu nafni stekkur. Litlar dyr voru á milli réttar og króar og var þeim lokað með hurð. Þessi stekkur var aldrei notaður sem kvíar“ (Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976).

Heimildaskrá

Þjóðháttarannsókn stúdenta 1976.

Mosfell 123731-238-50 Landamerki

Sérheiti: Markavarða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Lítið holt er á merkjum Laxness og Bringna. Það heitir Lestarófur. Á því er Markavarða (Jón Halldórsson).

Heimildaskrá

Jón Halldórsson. *Bringur*. Örnefni í landi býlisins Bringur í Mosfellssveit. Örnefnastofnun Íslands.

Mosfell 123731-238-51 Hlaða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austan við bæjarhúsin á Mosfelli (nr. 1) er á Túnakorti merkt hlaða úr torfi og grjóti með timburþili sem snýr fram á hlað.

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-52 Hesthús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austan við hlöðuna (nr. 51) er á Túnakorti hesthús úr torfi og grjóti með timburþili sem snýr fram á hlað.

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-53 Fjós

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austan við hesthúsið (nr. 52) er á Túnakorti fjós úr torfi og grjóti.

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-54 Matjurtagarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Framan við bæjarhúsin (nr.1) er á Túnakorti matjurtagarður með garði úr torfi, grjóti eða hvoru tveggja á þrjá vegu (vestur, austur og suðurhlið).

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-55 Vegur

Tegund: Gata 465

Staðhættir og lýsing

Þvert yfir túnin frá vestri til austurs, ofan við (norðan við) bæjarhúsin, er á Túnakortið merktur vegur. Vegur þessi er enn greinilegur í gílinu vestan við kirkjuna og hægt er að greina hann langleiðina að Hrísbú.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-56 Hesthús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Ofan við veginn (nr. 55) og vestan við gilið er á Túnakorti stykki kallað Merkurvöllur. Aðeins norðan við mitt túnið er á kortinu hesthús úr torfi.

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-57 Fjánhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Ofan við veginn (nr. 55) og vestan við gilið er á Túnakorti stykki kallað Merkurvöllur. Á gilbrúninni, austast í túninu, er á kortinu fjánhús úr torfi.

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-58 Túngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Ofan við veginn (nr. 55) og vestan við gilið er á Túnakorti stykki kallað Merkurvöllur. Vestast í túninu er samkvæmt kortinu gamalt garðlag. Þetta eru líklega leifar túngarðsins. Tveir aðrir bútar eru teiknaðir inn á Túnakortið. Einn á vesturhlið túnstykksins sunnan við Merkurvöll sem nefnst er eftir býlinu Hittu. Þriðji búturinn er á suðurhlið túnstykksins, austan við bæjarhúsin.

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-59 Fjós

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Sunnan við Merkurvöll er túnstykki nefnt Hitta. Neðst í Hittutúni er á Túnakorti merkt inn tóft sem kölluð er sumarfjóstótt.

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-60 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Sunnan við Merkurvöll er túnstykki nefnt Hitta. Vestarlega í Hittutúni er á Túnakorti merkt inn timburskýli mjaltafólks.

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-61 Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Sunnan við Merkurvöll er túnstykki nefnt Hitta. Vestarlega í Hittutúni er á Túnakorti merkt inn timburskýli mjaltafólks. Utan um það er gamalt garðlag, sem skiptist í tvö hólf.

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Mosfell 123731-238-62 Matjurtagarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Neðst (syðst) í Merkurvallatúni er á Túnakorti teiknaður matjurtagarður.

Heimildaskrá

Túnakort Mosfells frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.



Mosfell – 123731-238-63 Tóft

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 750 m NA við Selvang, við NA enda Leirtjarnar, og um 900 m NNA við Seljabrekku. Sumarbústaður er 150 m sunnan við. Grasi gróin mýri, nú framræst, við NA enda vatnsins. Afliðandi brekkur mynda kvos eða dæld niður að vatninu. Lækjarfarvegur er um 7 m sunnan við rústirnar (Ágúst Ó. Georgsson).

Rúst þessi er um 3 x 8 að innanmáli. Liggur hún í A-V og hefur tvær dyr á norð-



urgafli. Veggjapýkkt er nokkuð misjöfn en víðast hvar um 1 m. Hæð veggja er líka misjöfn en er hæst að norðanverðu um 40 cm. Ekki er hægt að greina herbergjaskipan í rústinni en e.t.v. er um einhverja húsarúst að ræða. Tóft þessi hefur staðið á lækjarbakka í um 6-7 m fjarlægð, að meðaltali, frá læknum. Landið umhverfis hefur verið mýrkennt en nú er að mestu búið að ræsa það fram. Framræsluskurður er um 7 m V við. Rústin stendur á dálítilli upphækkun á lækjarbakkanum, svo umhverfi hennar hefur verið þurrt. E.t.v. á þessi rúst saman við nr. 48, sem er sel og er um 50 m austar. Ekki er gott að segja hvaða hlutverki hún hefur gegnt, e.t.v. kvíar (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Mosfell 123731-238-64 Kvíar

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing


Um 800 m NA við Selvang, við NA enda Leirtjarnar. Sumarbústaður um 150 m sunnan við. Grasi vaxinn slakki, sem hallar niður að vatninu og myndar dálitla kvos. Nú framræst mýri nokkuð vestan við, nær vatninu. Lækjarkvíslingar beggja vegna rústarinnar (Ágúst Ó. Georgsson).

Rúst þessi liggur því sem næst í A-V. Er hún um 3 x 9 m að innanmáli. Veggjahæð er um 1,3 m að meðaltali. Inngangur er á S-langvegg við V-gafl. Veggjapýkkt er um 1

m. Rúst þessi er afar heilleg að sjá. Er hún að helmingi grafin inn í barð, sem hún stendur utan í. Hefur torfi og grjóti síðan verið hlaðið á barma holunnar, sem myndaðist við gröftinn inn í barðið og hún framlengd, með sama efni, um nokkra metra. Vesturgafli er einkum hlaðinn úr torfi. Um 10 m vestar er selrúst (74). Eiga þessar tvær rústir saman. Án efa eru rústir þessar gamlar kvíarústir frá síðustu öld. Guðmundur Þorláksson í Seljabrekkum segir að tóftirnar í Markúsarseli hafi litið eins út um 1920 og í dag (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.



Norður-Reykir 123736-246

Saga

Hafi Norður-Reykir verið í byggð á 16. öld hafa þeir verið í bændu eigu því þeirra er ekki getið í skráum yfir konungsjarðir frá því um 1550 (Fógetareikningar, sbr. Dipl. Isl. XII). Þeir eru hins vegar komnir á blað í Jarðabók 1695 (Björn Lárusson, bls. 130-31) og 1704 segir að jörðin öll sé 30 hundruð en skipt eignarskiptum í þrjá staði: Norður-Reyki, Hlaðgerðarkot og Æsustaði. Eigendur Norður-Reykja voru þá tveir bændur en ábúandi á jörðinni einn (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 317-19). Árið 1847 var hún enn bændaeign og ábúandi einn leiguliði (J. Johnsen, bls. 95). Þegar Landamerkjaskrá Norður-Reykja var gerð 1888 voru þeir í eigu Þorleifs Þórðarsonar bónda í Hækingsdal í Kjósarhreppi. Árið 1979 voru þeir hins vegar komnir í eigu Mosfellshrepps og leiguliði Jakob Einarsson. Jörðin er enn í ábúð.

Náttúrufar og jarðabætur

Landamerki Norður-Reykja eru á móts við Suður-Reyki að sunnan, Hlaðgerðarkot að vestan og norðan og Æsustaði að austan en í Landamerkjabók jarðarinnar frá 1888 er eftirfarandi lýsing: „Hornmark“ milli Norður-Reykja, Æsustaða og Suður-Reykja er í stórru vörðu „sem stendur suður á miðjum Forarhálsi“. Þaðan liggja landamerki Norður-Reykja gagnvart Suður-Reykjum í „...beina stefnú niður í Skammadalslækjar upptök; þaðan eptir aðal keldudraginu niður í lækjar-jarðfallið; en svo ræður nefndur lækur að... ..stórúm steini norðan megin við Skammadalslæk“. Þaðan liggja vesturmörk jarðarinnar „á móts við Hlaðgerðarkot... ..beina línu í vörðu vestanhalt á Öxlinni, þaðan í læk þann sem rennur á milli bæjanna norður í ána...“ og ræður hún norðurmörkum landsins, „...upp á móts við Æsustaðaland, í torfvörðu sunnan megin árinna, á móts við eyrarodda norðan megin“. Úr torfvörðunni liggja merkin „...í dý sem næst í miðju mýra sundi sem er á milli Norður-Reykja og Æsustaða; úr tjeðú dýi beina stefnú í vörðu uppá há-fjallsbrúninni, sem sjest frá Norður-

Reykjum, þaðan í aðra vörðu sunnan á melnum; úr þeirri vörðu, beina stefnú...“ aftur í hornmarksvörðuna á Forarhálsi, og er „...hjermeð lýst austurhlið landsins“.

Í Landamerkjabókinni segir auk þess: „Jörð þessari hefir fylgt frá ómúna tíð slægna-ítak, í Æsustaða engjum, með þeim merkjum, er hjer skal greina þannig: úr þúfú á Melholti í Trönuholt; þaðan í Valendis nef niður á árbakkanum, sem er torfvarða á; þaðan ræður áin uppá móts við Hraðaborg, í torfvörðu á vestri árbakkanum; og svo þaðan beina stefnú í áðurnefnda þúfú á tjeðu „Melholti““.

Heimildir

Björn Lárusson. *The old icelandic land registers*. Lund 1967.

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólks-tölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðar-töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálábók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fornleifaskrá -Norður-Reykir

Norður-Reykir I 123736-246-1 Bústaður

Sérheiti: Norður-Reykir

Tegund: Bæjarstaði 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 má sjá húsapýrpingu ásamt kálgarði í miðju túni þar sem væntanlega er gamla bæjarstaðið á Norður-Reykjum. Liggur heimreiðin úr suðri gegnum túnið og að húsunum vestan megin.

Mest hefur farið fyrir fimm samliggjandi húsum þar sem framgaflar fjögurra hinna vestari mynduðu beina línu og snéru suður inn í garðinn. Annað húsið talið frá vestri var nokkuð lengra og mjórri en hin. Fimmta og austasta húsið var hins vegar nokkru styttra, stóð aftar og utan garðsins. Virðist það hafa snúið í norður að bakhúsum og inngangurinn hafa skagað út frá gaflinum þeim megin. Öll voru húsin hlaðin úr torfi

og grjóti, þau sem snéru suður með standþili jafnt gólfu eða því nær á hlöðum en hitt hugsanlega með hálfþil á stafni eða stöfnum (Túnakort).

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Túnakort Norður-Reykja 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-2 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á bæjarstæðinu voru tvær byggingar norðan og bak við stóru fimm húsa lengjuna, hin minni beint á móti austasta húsinu og stóð ein sér (Túnakort).

Þetta var ferningslaga hús með alla veggir nokkurn veginn jafn langa og byggt úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti (Túnakort).

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Túnakort Norður-Reykja 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-3 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Vestan við ferningslaga húsið, bak við fimm húsa bygginguna, voru tvö samliggjandi hús og lá syðri langhliðin meðfram afturgöflum annars, þriðja og fjórða húss lengjunnar (Túnakort).

Húsin voru aflöng og jöfn að stærð en af Túnakortinu má ráða að stafnar og norðurveggur hafi verið úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti en suðurveggur og milliveggur húsanna úr timbri.

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Túnakort Norður-Reykja 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-4

Kálgarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Sunnan og framan við fimm húsa bygginguna var kálgarður með hlöðnum vegg (Túnakort).

Garðurinn gekk út frá ysta framhorni vestasta hússins, lá spölkorn í suður meðfram heimreiðinni, beygði síðan hornrétt í austur með stefnu skáhallt frá húsalínunni, síðan aftur í norður og svo strax í vestur inn að ysta framhorni fjórða húss lengjunnar talið frá vestri. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti og torfi eða öðru hvoru (Túnakort).

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Túnakort Norður-Reykja 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-5 Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Suðvestur af garðinum við bæjarhúsin og vestan heimreiðarinnar var annar kálgarður með hlöðnum vegg tveimur megin (Túnakort).

Garðurinn hefur verið úr grjóti og torfi eða öðru hvoru, lá meðfram heimreiðinni í suðurátt og beygði síðan hornrétt í vestur að útjaðri túnsins (Túnakort).

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Túnakort Norður-Reykja 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-6 Traðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Heimreiðin að bænum er á Túnakorti 1916 sýnd sem gata eða óhlaðinn og ógirtur vegur og liggur úr suðri um túnið, milli og meðfram kálgörðunum, að vestasta bæjarhúsinu. Þaðan liggja svo traðir í vestur á móts við Hlaðgerðarkot.

Aðrar upplýsingar

Hætt var að nota traðirnar fyrir 1930 (Guðjóna Benediktsdóttir og Einar Jakobs-son 1980).

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Túnakort Norður-Reykja 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Guðjóna Benediktsdóttir og Einar Jakobsson á Norður-Reykjum, viðtal 1980.

Norður-Reykir I 123736-246-7

Hver, Laug

Sérheiti: Norður-Reykjahver

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Örnefnalýsingu 1968 er svo kallaður Norður-Reykjahver „...undir túbrenkku, norðan við bæinn...“ (Ólafur Þórðarson) en á Túnakorti 1916 eru laugar merktar inn rétt utan túnjaðarins norðan megin.

Allir hverir á svæðinu eru nú uppþornaðir eftir að farið var að bora djúpt eftir vatninu.

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Norður-Reykja*. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort Norður-Reykja 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-8

Álagablettur

Sérheiti: Lukkupollur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Norður-Reykjaá, í daglegu tali nefnd Suðurá, rennur norðan bæjarins. Við hana er sléttur grasbakki sem heitir Harðibakki „...og í mýrarsundi þar upp af, neðan við túnið, var lítil seftjörn, er hét Lukkupollur. Sú mýri og tjörnin er nú framræst og ræktað tún“ (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Norður-Reykja*. Örnefnastofnun Íslands.


Norður-Reykir I 123736-246-9 Fjárhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 má sjá tvö samsíða hús utarlega á túninu suðvestan megin en af lýsingu við fornleifaskráningu árið 1980 má ráða að rústir þeirra hafi fundist í lágum grasi vöxnum hól, neðan malarvegar, neðst í hlíðum Æsustaðafjalls. Eru þær sagðar vera um 180 m SSAvið Hlaðgerðarkot og 250 m SSVvið bæinn á Æsustöðum (Túnakort, Ágúst Ó. Georgsson).

Samkvæmt loftmynd er áttin á Túnakortinu rétt, þ.e. húsin eru suðvestan megin á túninu. Samkvæmt því voru húsin úr torfi og grjóti og gafhlöð ef til vill með hálfpili á stafni eða stöfnum. Var norðaustara húsið



heldur stærra. Þegar húsin voru skráð voru þau allheilleg en þó víða hrunið inn í þau. Uppistandandi veggir voru fremur lágir, að meðaltali um 50 cm. Útveggir voru um 2 m á breidd og sameiginlegur veggur húsanna um 1,5 m breiddur. Stærra húsið var að innanmáli um 8 m á lengd og um 4 m á breidd. Það skiptist í tvennt með steinsteyptum garði sem lá eftir því endilöngu, um 70 cm hár fremst við dyrnar og hækkaði þegar innar dró í samræmi við halla á húsunum. Í steingarðinum hefur verið jata og á enda hans um 1,5 m löng og 50 cm breið þró. Að sögn Guðjónu Benediktsdóttur á Norður-Reykjum og sonar hennar, Einars Jakobs-sonar, var þetta fjárhús og þróin notuð til að baða féð. Minna húsið var að innanmáli um 3,5 m á lengd og 1,5 m á breidd, líklega heygeymsla eða hlaða en samkvæmt þeim mæðginum var hey geymt við fjárhúsið. Undirstaða húsanna hefur verið úr torfi og grjóti en þakið úr timbri, klætt bárujárn og líklega torf ofan á því. Sáust enn nokkrar leifar af timbri og bárujárn við húsin. Loks sást móta ógreinilega fyrir stétt eða palli, um 1,5 m á breidd og hefur líklega aðallega verið hlaðin úr steinum. Húsin snéru norð-vestur út í Mosfellsdal með örlitlum halla í þá átt (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Að sögn Guðjónu og Einars var hætt að nota fjárhúsin um 1950 er fé var skorið niður og hefur ekki verið fjárbúskapur á Norður-Reykjum eftir það (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Lítil hætta**Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir****Heimildaskrá**

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Túnakort Norður-Reykja 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-10 Beitarhús, Heygarður**Tegund: Tóft 465****Staðhættir og lýsing**

Í grasi vaxinni dæld í suðvesturhlíð Æsustaðafjalls eru rústir af beitar- eða fjárhúsum og e.t.v. rétt eða stekk. Þetta er um 1,8 km NA Reykjalandar og um 600 m SSV við meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot, 150-170 m yfir sjávarmáli. Fjallið er gróðurlaust til norðurs en til suðurs sér á áveituskurði í hlíðum Reykjafells. Í vestri sjást þök hælisinga á Reykjalandi (Ágúst Ó. Georgsson).

Rústirnar eru af tveimur samliggjandi húsum með 2ja m breiðum veggjum. Veggirnir voru víðast hvar mjög heillegir þegar rústin var skráð 1980, þótt sums staðar hefði hrunið inn í hana. Annað húsið var helmingi lengra að innanmáli um 13 m á lengd og 2 m á breidd. Það var mestmegnis hlaðið úr grjóti en milli hleðsna mátti þó greina torfur til bindingar. Um tveimur m inn frá innganginum var einföld steinaröð milli langveggjanna og hefur þar hugsanlega verið dyraumbúnaður. Húsið sjálft skiptist í tvo hluta, ytra herbergi sem var rúmlega 7 m langt og innra herbergi, um 4 m langt. Inngangurinn að því var næstum alveg fallinn saman en sást þó móta fyrir honum. Herbergið hefur líklega verið notað undir hey. Í þessum innri hluta voru veggirnir hvað hæstir eða um 1,4 m og sá vel í steinhleðslurnar. Í húsinu mótaði fyrir bárujárnsbita og trébita úr þekjunni. Minna húsið hefur verið um 4 m langt og 2 m breitt en tóftir þess voru ógreinilegri og mörk afturstafns óglögg. Það hefur hugsanlega verið heygarður eða heytóft. Þetta hús virtist eldra en hið stærra en sennilega hafa verið þarna hús áður en það var byggt og gæti minna húsið verið frá þeim tíma. Vel má þó vera að húsin tvö hafi einhvern tíma verið notuð samtímis en hið minna hefur þó verið rífið alllönngu áður en hætt var að

nota hið stærra. Húsin snéru í SV að Helgafelli og Skammaskarði. Um 3-4 m sunnan þeirra sáust leifar vírgirðingar (Ágúst Ó. Georgsson).


Að sögn Jóels Jóelssonar, bónda í Reykja-hlíð, er rústin af beitarhúsi frá Norður-Reykjum og hætt var að nota það laust fyrir 1940. Samkvæmt Hlíf Gunnarsdóttur á Æsustöðum færði Jakob Einarsson fjárhúsin þá nær Norður-Reykjum (nr. 9). Þar eð stærra húsið er greinilega ekki mjög gamalt gæti þetta vel staðist. Að sögn Guðjónu Benediktsdóttur á Norður-Reykjum heyjaði tengdafaðir hennar túnblett þarna og lét í tóft eða hlöðu (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Stutt hefur verið að sækja hleðslugrjót á melinn skammt norðan rústanna.

Hættumat: Lítil hætta**Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir****Heimildaskrá**

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Norður-Reykir I 123736-246-11**Stekkur, Rétt****Tegund: Tóft 465****Staðhættir og lýsing**

Um 40 m frá beitarhúsarústinni (sbr. nr. 10) í aflíðandi brekku er önnur rúst og blasa hlíðar Reykjafells við þegar horft er í SV. Skammt neðan rústarinnar tekur við smáþýfður mói og síðan byrjar flatneskjan

milli Æsustaðafjalls og Reykjafells. Hlíðar Reykjafells blasa við frá rústinni þegar horft er í SV. Svæðið er mjög grasgefið og hefur verið girt af (Ágúst Ó. Georgsson).

Þegar tóftin var skráð árið 1980 var hún mjög gróin, veggir sums staðar útflattir og óljósir. Virtist sá endi sem að hlíðinni snéri að hluta grafinn inn í hana. Mannvirkið hefur verið ferhyrningslaga, að innanmáli 9 m á lengd og tæplega 4 m á breidd, mestmegnis úr torfi en undirstaðan þó líklega úr grjóti. Ekki var að sjá að það hefði haft neinn framgöfl og giskaði skrásetjari á að þetta hefði verið stekkur eða rétt. Tóftin hafði stefnuna NA-SV. Enn sér móta fyrir girðingarleifum á svæðinu (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Norður-Reykir I 123736-246-12 Örnefni

Sérheiti: Kúahóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Suðaustan við bæinn er hæð, sem heitir Kúahóll, og enn ofar er Leynhóll“ (Ólafur Þórðarson).

Aðrar upplýsingar

Ekki mun hafa verið fjós við Kúahól.

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Norður-Reykja*. Örnefnastofnun Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-13 Vegur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Suðaustan bæjarins, ofan við Kúahól, er svo kallaður Leynhóll eða Leynihóll. Bak við hann lá þjóðgata meðfram Æsustaðafjalli og milli þess og Helgafells um Skamma-skarð. Þar skiptust götur „...til Reykja-hverfis og út með Helgafelli sunnanverðu, áleiðis í niðursveit og til Reykjavíkur“. Upp af Leynhól eru skörð í Æsustaðafjalli, Stóra-skarð og vestan þess Litlaskarð (Ólafur Þórðarson).

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Norður-Reykja*. Örnefnastofnun Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-14

Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Vestast á Æsustaðafjalli heitir Skammadals-öxl en sunnan fjallsins er Skammidalur. Innst í honum er blaut mýri, Forarkrókur, og lokar Forarháls dalnum að austan. Á þeim hálsi miðjum er stór varða, sem er „...hornmark milli Norður-Reykja, Suður-Reykja og Æsustaða. Þaðan liggja suðurmörk jarðarinnar eftir Skammadalslæk“ (Ólafur Þórðarson; Landamerkjabók).

Aðrar upplýsingar

Norður af Forarhálsi er svo kallaður Gildruás með rústum og vörðu. Í Örnefnalýsingu 1968 er hann talinn í landi Æsustaða en Ágúst Ó. Georgsson sem skráði rústirnar árið 1980 var þó ekki viss um í hvaða landareign þær væru. Sögðu Guðjóna Benediktsdóttir og Einar Jakobsson á Norður-Reykjum honum að þetta væri landamerkjavarða á ásnum. Það kemur hins vegar hvergi annars staðar fram og varðan er ekki nefnd með landamerkjum milli Æsustaða og Norður-Reykja í Landamerkjabók 1890. Hugsanlega er því mis-skilningur á ferðinni. Fornleifarar á Gildruás eru hér skráðar undir Æsustöðum og vísast þangað um nánari upplýsingar.

Hættumat: Engin hættu

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalýsingu fyrir Gull-bringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Norður-Reykja*. Örnefnastofnun Íslands.

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands.

Munnlegar heimildir:

Guðjóna Benediktsdóttir og Einar Jakobsson á Norður-Reykjum, viðtal 1980.

Norður-Reykir I 123736-246-15

Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Norður-Reykja gagnvart

Suður-Reykjum að sunnan liggja úr vörðunni á Forarhálsi beint niður í upptök Skammadalslækjar og eftir honum í stóran stein norðan hans. Þaðan liggja vesturmörk jarðarinnar í vörðu á Öxlinni (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-16 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Norður-Reykja gagnvart Hlaðgerðarkoti að vestan liggja úr stórum steini norðan Skammadalslækjar í „...vörðu vestanhalt á Öxlinni...“ og þaðan í læk sem rennur milli bæjanna norður í Suðurá eða Norður-Reykjaá (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-17

Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Norður-Reykja gagnvart Hlaðgerðarkoti að norðan liggja eftir Norður-Reykjaá, í torfvörðu sunnan megin hennar, á móts við eyrarodda norðan megin, og þaðan í dý í mýrasundi á milli Norður-Reykja og Æsustaða (Landamerkjabók).

Aðrar upplýsingar

Af lýsingunni að dæma hefur þessi torfvarða verið staðsett á svipuðum slóðum og önnur varða sem byggð var úr torfi og markaði slægnaítök Norður-Reykja í Æsustaðalandi (sbr. nr. 20). Ekkert er þó sagt í Landamerkjabók um að þetta sé sama varða.

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-18 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Norður-Reykja gagnvart Æsustöðum að austan liggja úr dýi milli jarðanna beint í „...vörðu uppi á há-fjallsbrúninni...“ sem sést frá Norður-Reykjum og þaðan í aðra vörðu sunnan á melnum (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-19 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Landamerki Norður-Reykja að austan liggja úr vörðu á há-fjallsbrúninni í „...vörðu sunnan á melnum...“ og þaðan beint í hornmarksvörðuna á Forarhálsi (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-20

Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Landamerkjaskrá fylgdi Norður-Reykjum frá fornu fari slægnaítak í engjum Æsustaða og lágu merki þeirra frá þúfu á Melholti í Trönuholt, þaðan um torfvörðu á Vallendisnefi á bakka Norður-Reykjaár og áfram austur eftir ánni (Landamerkjabók).

Aðrar upplýsingar

Af lýsingunni að dæma hefur þessi torfvarða verið staðsett á svipuðum slóðum og önnur varða sem byggð var úr torfi á landamerkjum Norður-Reykja og Æsustaða (sbr. nr. 17). Ekkert er þó sagt í Landamerkjabók um að þetta sé sama varða.

Melholt og Vallendisnef eru skrifuð með stórum stöfum í skránni eins og um örnefni sé að ræða. Í athugasemdum við Örnefnalýsingu Æsustaða 1983 er einnig minnst á Melholt sem var á landamerkjum jarðanna

en er samkvæmt nýrri mörkum ekki í Æsu-
staðalandi (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gull-
bringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn
Íslands.

Ólafur Þórðarson. *Athugasemdir og viðbætur við Örn-
nefnalýsingu Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands.

Norður-Reykir I 123736-246-21 Landa- merki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Merki slægnaítaka Norður-Reykja í Æsu-
staðaengjum lágu eftir Norður-Reykjaá upp
á móts við Hraðaborg, í torfvörðu á vestri
bakkanum og þaðan beint í þúfu á Melholti
(Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gull-
bringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn
Íslands.

Óskot 123738

Saga

Í skrá um kvikfé og leigumála jarða Viðeyj-
arklausturs er Óskots fyrst getið en nefnist
þá Ós: „...at Osi. ij. merkr“ (Dipl. Isl. III,
bls. 598). Af því má trúlega álykta, að Óskot
hefur verið lögbýli áður fyrr (sbr. Ólaf Lár-
usson).

Jarðabók frá 1704 hefur eftirfarandi að
segja um Óskot: „Oskot, forn eyðijörð og
veit enginn maður hvað lengi hún hefur í
auðn verið. Nú brúka ábúendur á Reynis-
vatni það land til beitar og líka fyr meir til
torfskurðar, sem nú er apr eyddur. Vita
menn þó ekki hvör eigandi þeirrar jarðar
hafi til forna verið, og meina þó flestir
kóngseign vera. Silúngsveiði sýnist þar til
forna verið hafa, og enn nú vera kunna með
stóru erfiði. Sýnist valla mögulegt aftur að
byggja, og óvíst að jafnmikill ávinníngur
sem kostnaður yrði“ (Jarðabók Árna og
Páls, bls. 292).

„Óskot, suðvestanvert við Hafravatn, í
vestur útnorður frá Miðdal, lagt í eyði fyrir
mörgum árum, en hvað mörgum, vita
menn ekki gjörla, og er landi þess skipt upp
meðal nærliggjandi jarða, Þormóðsdals og
Miðdals, Reynisvatns og Kálfakots“ (Stefán
Þorvaldsson, bls. 238).

Óskots er ekki getið í Jarðatali J. Johnsens
frá 1847, né í Jarðabók 1861.

Nýbýlið Óskot var stofnað árið 1889. Í
dag er jörðin notuð til slægna og beitar.
Eigandi 1979 er Magnús Vigfússon múrara-
meistari (Jarðaskrár).

Náttúrufar og jarðabætur

Í Nýbyggjarabréfi fyrir Óskot frá amt-
manninum yfir Suðuramti og Vesturamti
dagsettu 24. september 1889 segir:

„...þareð Guðmundur Kláusson frá Blika-
stöðum, samkvæmt tilsk. 15. Apr. 1776,
hefur, með skoðunargjörð, er framkvæmd
var af sýslumanninum í Gullbringu- og
Kjósarsýslu, með tilkvöddum 4 mönnum
óvilhóllum, 23. augúst mán. þ.á., fengið
útvísað land til nýbýlis í svo nefndu Óskots-
landi í Mosfellssveit, með þessum landa-
merkjum: að norðan Hafravatn og Úlfarsá,
sjónhending yfir svo nefndan „Skjóna“ og

Þverbrekkur upp að Langavatni í stefnu á Stóra Skygni, að sunnan Langavatn og úr nyrsta vikinu á austurenda þess sjónhend- ing yfir hæstu þúfu á sunnanverðum Dýja- dalshólum beina stefnu að Seljadalsá, er svo ræður merkjum að austan til Hafrav- vatns, þá veitist nefndum Guðmundi Kláus- syni hjer með nýbyggjararjettur yfir hinu tilgreinda landi með þeim skyldum og rjett- indum og undanþágum, sem í ofangreindri tilskipun eru heimilaðar, þó að óskertum betri rjetti sérhvers annars manns, ef sann- aður verður“ (Dipl. Isl).

Heimildir

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt forn- bréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenzka fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólks- tölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðar- töflum 1835-19445, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maí- mánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með til- skipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.

Ólafur Lárusson. „Nokkur byggðanöfn“. *Byggð og saga*. Reykjavík 1944.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes- sökna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs*. Safn til sögu þess III. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Fornleifaskrá - Óskot

Óskot 123738 -1 Bústaður

Sérheiti: Óskot

Tegund: Bæjarstæði 465

Staðhættir og lýsing


Um 400 m V af Hafravatni og um 500 m S af brúnni. Lágur aflíðandi hóll, sem hallar til SV í túninu að Óskoti (Ágúst Ó. Georgs- son).

Skv. Fasteignabók 1938 var bærinn í Óskoti byggður úr torfi, grjóti og timbri.

Frambærinn er 20 m langur. Nálægt miðju er gengið inn í bæinn í um 2 m breiðan og 10 m langan gang (A). Úr honum er gengið niður 3-4 tröppur til hægri í kjallarann (B)

sem er grafinn niður um 1 m. Innanmál B eru um 3 x 8 m. Veggirnir sem eru hlaðnir úr stórum tilhöggnum steinum eru um 1,8 m á hæð. Fyrir miðjum kjallarannum eru leifar af skorsteini tæpum m í þvermál. Innangengt er í (B) af hlaði á miðjum gafl. Austan við innganginn er torfi og grjóti hlaðið upp að veggnum í 30-40 cm hæð. Þetta er framhald af undirstöðu (C) sem er austasta herbergið á bænum. Það er um 2 x 5 m að innanmáli, undirstöður með veggjum steyptar, leifar af tréstockum og timbur- gólfi. Lágur torfveggur er umhverfis, ca m á hæð. Ekki er hægt að sjá hvar inngangur hefur verið.

D er stærsta herbergið í húsinu, um 5 x 8,5 m að innanmáli og grafið niður um 1,5 m. Veggir eru hlaðnir úr tilhöggnum grjóti og eru um 2,5-3 m á hæð á þrjár hliðar en S- gaflinn er tæpir 2 m á hæð. Meðfram S-gafla að innan hefur verið gangur milli A og E, úr tréplönkum og 2 tröppum niður í hlöðuna. Innkeyrsla fyrir hey á N-gafla. Nú er þetta herbergi hálfullt af spýtnabraki og báru- járn. Þykkur torfveggur er að N-gaflinum utanverðum.



E er vestasta húsið í frambænum 3 x 9 m að innanmáli. V-langhliðin er jafnframt útveggur og er um 2 m á þykkt neðst en dregst að sér upp að utanverðu, og lítið eitt að innanverðu. Veggjahæð er frá 1-1,8 m.

Húsið er nú fullt af braki úr þakinu og rusli en á einum bletti þar sem sést í gólfið virðist vera flór um 1 m frá V-langhlið. Hér var fjós fyrir 4 kýr og framan við var hesthús fyrir 3 hesta. Mykju var hent í haughúsið, sem er grafið um _ m niður. N-veggurinn er um 1 m á hæð og um 1 m á þykkt, og hefur hrunið nokkuð út. Þakinu hefur hallað frá S-N. Innanmál hússins eru um 2 x 5 m.

Framan við innganginn á fjárhúsinu er tæplega 3 m löng grjóthleðsla og um 0,5 m á hæð.

G er lítil gryfja vestan við bæinn um 1 m á dýpt og 3 x 3 m í þvermál. Umhverfis hana er lág torfhleðsla um 0,5 m á þykkt og um 0,3-0,5 m á hæð. Hér var hlandfor.

Kamar úr timbri er við V-enda bæjarins um 1 m í þvermál.

(B) Eldhús fyrir aftan skorstein. Baðstofa fyrir framan (innan).

(C) Herbergi sem Janus byggði við húsið, gengið í það úr baðstofu.

Innsti hluti gangsins (A) var hlóðaeldhús. Þil með skellihurð var sunnan við tröppurnar.

Umhverfis túnið er hlaðinn túngarður. Greinilegastur er hann að austanverðu. Þar er hann hlaðinn úr grjóti og er hlið þar og vegur heim að bænum. Að NA sést móta fyrir garðinum austast en hann verður ógreinilegri eftir því sem norðar dregur. NV hliðin er mjög óljós og vantar á köflum, en V-hornið er greinilegt. Þar er mikið stórgrýti og leiksvæði barnanna á bænum (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-47.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.



Munnlegar heimildir:

Janus Björgvin Eiríksson, verkstjóri Reykjalundi. Janus er fæddur og uppalinn í Óskoti og bjó þar sjálfur.

Óskot 123738 -2 Bústaður

Sérheiti: Óskot

Tegund: Bæjarstaði 465



Staðhættir og lýsing

30 m NNV af Óskoti nr. 47 í skráningarbók (1 hér að ofan). Í túni Óskots.

Sunnan við SV-horn garðsins er tóft um 3 x 4 m að innanmáli. Veggjabreidd virðist mismunandi frá um 1 m til 2 m. Veggjahæð er um 0,5-1,0 m. Inngangur á V-gafla.

Ummerki SA við tóftina gætu bent til að þar hafi verið fleiri rústir.

Janus Eiríksson sýndi skráningarmanni Þjóðminjasafns rústina þann 27.09.1980. Hann sagði að þarna hefði bær Guðmundar Kláussonar, frá 1889, staðið. Hefðu rústir hans verið vel greinilegar í æsku Janusar. Bær Guðmundar hafði eftirfarandi húsa-skipan:

A) baðstofa, B) eldhús og C) fjós.

A) baðstofan segir Janus að hafi verið þrjú stafgólf. Rúm meðfram veggjum.

Gluggi á S-hlið. Einkenni á bænum var það hversu veggir voru þykkir og vel hlaðnir. Inn af baðstofu var gangur inn í eldhúsið og fjósið. B) eldhúsið er að baki baðstofu og fjóss.

Uppdrátturinn af bænum er í aðalatriðum gerður eftir minni Janusar. Hlutföll hans eru nokkuð rétt. Myndarlega hlaðin stétt var fyrir framan bæinn, sem var rifin þegar túnið var sléttað.

Utanvið fjósið var heygarður. Síðar voru gerðir kálgarðar þarna í kring. Þeir tilheyra því yngsta bænum að Óskoti (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-48.

Munnlegar heimildir:

Janus Björgvin Eiríksson, verkstjóri Reykjalundi. Janus er fæddur og uppalinn í Óskoti og bjó þar sjálfur.

Óskot 123738 -3 Kálgarður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

30 m NNV af Óskoti nr 47. Í túni Óskots (Ágúst Ó. Georgsson).

Ferhyrndur garður sem snýr frá NV-SA. SA-hliðin er um 17 m löng en NV-hliðin aðeins um 12 m. Langhliðarnar dragast því aðeins að sér til NV. A-langhlið er með grjótstreng í miðju og mold eða torfi beggja vegna á um 17 m kafla og um 0,5 m á hæð, en þar fyrir norðan hverfur steinaröðin og garðurinn lækkar og virðist hverfa og beygja á 26 m. NV-gaflinn er mjög ógreinilegur og getur verið álitamál hvar hann liggur (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-48.

Óskot 123738 -4 Álfabyggð

Sérheiti: Hulduhólar

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Vörðuholtsmýri er niður af Hafravatni og upp að holti og efst í henni eru tvö lítil holt, sem nefnd eru Hulduhólar (Ari Gíslason).

Hulduhólar eru tveir lágir hólar NA af fjárhúsunum. Þar sáust ljós á stundum og boðaði þá óveður (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Óskot*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-129.

Óskot 123738 -5 Álfabyggð

Sérheiti: Stóri steinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Vestast í túni er Stóri steinn, huldufólkssteinn“ (Ari Gíslason).


Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Óskot*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Óskot 123738 - 6 Fjárhús

Sérheiti: Fjárhúsmelur

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

„Efri-Þverbekkur, grasflatir, sem liggja frá Langavatni suður í heiðina (Óskotsheiði). Þá er smábunga (melbunga), sem heitir Fjárhúsmelur, liggur þvert á Þverbekkur, svo eru Gömluhús“ (Ari Gíslason).

Um 500 m SV af Hafravatni og um 530 m S af Óskoti. Lág uppblásin melbunga með

grasgeirum umhverfis (Ágúst Ó. Georgsson).

Rústin er allvel varðveitt og veggirnir, sem eru aðallega úr grjóti, ná um 1 m hæð. Þykkt veggja er um 1 m. Þakið hefur verið klætt bárujárni og torfi. Innanmál fjárhússins eru um 3 x 8 m. Inngangur er fyrir miðju á NV-gafl. SA gaflinn er aðeins lág grjót-hleðsla og hinum megin við hana er um 1 m djúp gryfja. Innanmál þessarar gryfju eru um 3 x 4 m. Hliðar hennar eru hlaðnar úr grjóti. Þetta er heygryfja. Janus segir að þessi fjárhús hafi faðir sinn látið reisa (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Óskot*. Örnefnastofnun Íslands. ópr. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-129.

Óskot 12373 -7 Beitarhús

Sérheiti: Gömluhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Þá er smábunga (melbunga), sem heitir Fjárhúsmelur, liggur þvert á Þverbrekku-urnar, svo eru Gömluhús, þar voru beitarhús áður fyrr í heiðarbrúninni“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Óskot*. Örnefnastofnun Íslands.

Óskot 123738 -8 Beitarhús

Sérheiti: Tóft

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„...þar austur af er svo Heybandsflöt, slétt valllendisflöt. Þá eru nafnlausar mýrar; milli þess og túns er framhald af Vörðuhólmsmýri; svo er niður með heiðinni Tóft, ævagömul beitarhús“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Óskot*. Örnefnastofnun Íslands.

Óskot 123738 -9 Mógrof

Sérheiti: Mómýri

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„...svo er mýri inn með vatninu sem heitir Mómýri, og stórt, ávalt holt milli hennar og bæjarins heitir Holt“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Óskot*. Örnefnastofnun Íslands.

Óskot 123738 -10 Varða

Sérheiti: Vörðuholt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„...þar austur af heitir Vörðuholtsmýri niður í Hafravatn (svo) og upp að holti... ..austur af mýrinni er svo Vörðuholt, bungumyndað, hátt holt“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Óskot*. Örnefnastofnun Íslands.

Óskot 123738 -11 Þjóðsaga > Sögn

Sérheiti: Þórðargjóta

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Þá er næst Dýjadalshryggur, efst á honum miðjum er Þúfa, stór þúfa, stundum nefnd Dýjadalsþúfa. Svo er suðvestur af henni Þórðargjóta, smádæld grasi vaxin. Þar varð úti smalamaður frá Miðdal“ (Ari Gíslason).

Ekki langt frá steininum Skjóna, í SV, á smali frá Reynisvatni að hafa orðið úti. Gekk hann aftur og hélt þá til í Gömlu-fjárhúsum. Sást hann þar oft í dyragættum og var hann talinn fyrirboði óveðra (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Óskot*. Örnefnastofnun Íslands. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-128.

Óskot 123738 -12 Landamerki

Sérheiti: Skjóni

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„...svo er aðeins neðar stór steinn á merkjum, sem heitir Skjóni“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Óskot*. Örnefnastofnun Íslands.


Óskot 123738 -13 Kálgarður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Lágur hóll í túni (Ágúst Ó. Georgsson)

Óreglulega lagaður garður um 16 x 18 m að innanmáli. Þykkt garðhleðslu, sem er úr torfi og grjóti, er um 2 m neðst og dregst að sér upp. Veggjahæð er um 0,5-1.0 m. Grjót úr hleðslunni hefur hrunið inn í garðinn. S-hliðin er bein, um 14 m löng, en liggur svo í stórum boga að NA hliðinni.



Sunnan við NA hliðina eru tvær til þrjár raðir af trjám, um 10 talsins í hverri þeirra. Við NA hliðina ganga fjórir litlir garðar til SSV um 20 cm á hæð og þykkt og 1-2 m langir. Það er skjól fyrir hríslurnar. Ekkert sjáanlegt hlið er á þessum garði en skarð er brotið í S-horn hans.

SV-hlið garðsins er aðeins lægri en aðrir hlutar garðsins og sveigmynduð. Við enda hennar, í N horni garðsins eru tvær rústir utan garðs (sjá nr. 14). Garðurinn myndar SA-gafl þeirra og A-hlið (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-49.

Óskot 123738 -14 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Lágur hóll í túni (Ágúst Ó. Georgsson).

SV-hlið garðsins (nr. 13) er aðeins lægri en aðrir hlutar garðsins og sveigmynduð. Við enda hennar, í N horni garðsins, eru tvær rústir utan garðs. Garðurinn myndar SA-gafl þeirra og A-hlið. Rústirnar eru 2 og 3 m á breidd og báðar um 4 m á lengd að

innanmáli. Tveggja m breiður veggur greinir þær að. Veggjahæð um 0,5 – 1,0 m. Sú syðri er hesthús og sú nyrðri er lambhús með jötum meðfram veggjum (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-49.

Óskot 123738 -15 Vegur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Janus Eiríksson segir að suður af hólnum, sem kálgarðurinn (nr. 13) stendur á, hafi lengi sést móta fyrir hlöðnum upphækk-uðum vegi yfir mýrina en að jafnað hafi verið yfir hann þegar mýrin var þurrkuð (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-49.

Óskot 123738 -16 Bústaður?

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í sambandi við veginn (nr. 15) hafði Janus heyrt sagt að bænhús hefði verið áður fyrr sunnan í hólnum. Ekki eru neinar heimildir fyrir því að bænhús hafi verið að Óskoti áður fyrr. Líklegra er að þarna hafi staðið elsti Óskotsbærinn sem getið er um í leigumála jarða Viðeyjarklausturs (Dipl. Isl. III, bls. 598) og var alveg týndur.

Ef ortokortið er skoðað grannt má greina útlínur af einhverju umhverfis hólinn en það gæti verið leifar af túngarðinum umhverfis þann bæ (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-49.


Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Óskot 123738 -17 Útihús

Tegund: Tóft + Gerði 465

Staðhættir og lýsing

Á lágum hól sunnarlega í túni, umgirt skurðum á þrjá vegu (Ágúst Ó. Georgsson).



Hænsnakofi og lambakofi. Útihús þessi hafa að miklu leyti verið hlaðin úr timbri. Hluti af hænsnakofanum stendur enn, mjög illa farinn. Hitt er allt hrunið og er spýtnabrakið allt í kring. Sums staðar má sjá undirstöður úr grjóti og er það skissað inn á teikningu í skráningarbók. Aðalhúsið hefur verið um 10 m að innanmáli og tví- til þrískipt. Veggir úr timbri, nema SA-gaflinn úr torfi. Samsíða aðalhúsinu, N-við það, er lágur torfveggur sem gæti verið annað hús, eða garður, um 3 x 6 m að innanmáli. SV við þessi hús eru lágir garðar, um 20-30 cm á hæð og þykkt og eru fremur slitróttir. Óvíst hvaða tilgangi þeir hafa þjónað. Við SV-horn aðalhússins eru grjótundirstöður undir vegg hús, sem hefur stefnt í NA-SV og virðist hafa tilheyrt aðalhúsinu. E.t.v. eru einhverjar fleiri garðleifar þarna en landið þarna í kring hefur hlaupið í þýfi og erfitt er að greina hvað eru garðar og hvað er þúfnamyndanir (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-50.

Óskot 123738 -18 Fjánhús

Sérheiti: Gömlufjánhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 450 m VSV af Óskoti og um 100 m A við landamerki Óskots og Reynisstaða. Í


allgrýttum móum sem halla nokkuð til N (Ágúst Ó. Georgsson).

Þrjár samsíða rústir. Tvær þær syðri eru hlaðnar úr torfi og grjóti. Veggir eru allvel uppistandandi, um 1 m á hæð. Veggjaþykkt er um 1,2-1,5 m. Stærsta rústin er í miðið um 3 x 7 m að innanmáli. Inngangur er á miðjum NV-gafl. Nokkuð minni rúst liggur með V-langhliðinni, um 2 x 6 m að innanmáli. Inngangur er á NV-gafl, upp við V-langhlið.

Austan við stærstu rústina er lág grjót-hleðsla, um 30-40 cm á hæð og um 1 m á þykkt. Innanmál garðsins er um 2 x 8 m. Þetta hefur e.t.v. verið heygardur. Janus sagði Gömlufjánhús hafa verið notuð fyrir búskap föður hans (Ágúst Ó. Georgsson).

Munnmæli

Skjóni heitir stór steinn um 100 m V við Gömlufjánhús og er landamerkjasteinn. Ekki langt frá steininum Skjóna, í SV, á smali frá Reynisvatni að hafa orðið úti. Gekk hann aftur og hélt þá til í Gömlufjánhúsum. Sást hann þar oft í dýragættum og var hann talinn fyrirboði óveðra (Janus Björgvin Eiríksson).



Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Munnlegar heimildir:

Janus Björgvin Eiríksson, verkstjóri Reykjalundi.
Janus er fæddur og uppalinn í Óskoti og bjó þar sjálfur.

Óskot 123738 -19 Fjánhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 300 m vestur af Hafravatni og um 200 m SA af Óskoti. Á grýttum mel.

Timburhús, klætt asbestplötum. Húsin eru tvö. Annað snýr í SV-NA með inngang á SV gaffli. Það er um 3 x 6 m að utanmáli. Hitt snýr í sem næst NNV-SSA og er um 2,5 x 4 m að utanmáli. Þetta eru síðustu fjárhúsin sem byggð voru að Óskoti. Janus byggði þau á árunum 1940-1950.

Þar hjá, rétt sunnan við fjárhúsin, sér merki þess að byrjað hafi verið á stórum grunni húss. Þar átti að setja á stofn heykögglaferksmiðju en það varð aldrei neitt úr því fyrirtæki. Grunnurinn er u.þ.b. 8 x 22 m að flatarmáli (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Reykjakot 181173-251

Saga

Reykjahvoll hét áður Reykjakot og varð nafnbreytingin um árið 1893. Um þetta segir Hannes Þorsteinsson: „Reykjahvoll (Reykjakot). Reykjahvoll er nýnefni, tekið upp fyrir nál. 30 árum, auðvitað án stjórnarleyfis; mun nú hafa fengið nokkra hefð, og því réttast að láta það standa sem aðalnafn“ (bls. 32).

Reykjakots getur fyrst í Jarðabókinni frá 1704. Segir þar að jörðin sé ekki minna en 100 ára gömul. Reykjakot var þá hjáleiga frá Suður-Reykjum og var ábúandi einn (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 311-312).

Árið 1874 bjó eigandi sjálfur í Reykjakoti (J. Johnsen 1874).

Í Örnefnalýsingu Varmár frá 1976 segir að Reykjakot hafi verið í byggð árið 1890 (Guðlaugur R Guðmundsson).

Í Eyðijarðaskrá 1963 segir: „Úr jörðinni er búið að leggja 3 nýbýli (Efri-Hvol, Akra og Sólvelli), eftir er lítið tún og sameign í beiti-landi. Búrekstur enginn nú“ (Skýrsla um eyðijarðir).

Eigendur árið 1979 eru Helgi Ól. og Sig-ríður Helgadóttir. Jörðin er komin í eyði talsvert fyrir 1958. G.J. skráður fyrir 50 rollum á jörðinni 1979 (Jarðaskrár).

Jarðirnar Reykjakot og Stekkjarkot voru hjáleigur frá Reykjum. Finnbogi Árnason, afi Oddnýjar Helgadóttur á Ökrum, keypti Suður-Reyki fyrir 7.000 kr. árið 1877. Hann hætti þar búskap um 1900 og byggði hús í Reykjavík. Björn Bjarnason hreppstjóri Mosfellshrepps og alþingismaður bjó í Reykjakoti og byggði sér þriggja herbergja hús með kjallara um 50 metra frá og nefndi Reykjahvol (Magnús Guðmundsson, bls. 5).

Á 20. öld. breyttist búskapur mikið á Reykjahvoli. Fyrr á öldum voru allir grasblettir nýttir. Áður var slegið í Hvömmunum, við Stekkjarkot, í Krókunum, Flóðunum, Uxamýri og öllum blettum heima við húsin. Slegið var annað hvert ár og beitt hitt. Um 1945 kom frá Bandaríkjunum fyrsta dráttarvélin að Ökrum. Oddný telur að það hafi verið tólfta dráttarvélin sem kom til landsins (Magnús Guðmundsson, bls. 5).

Helgi Finnbogason faðir Oddnýjar kom að Reykjahvoli skömmu eftir aldamót, eftir

að Björn Bjarnason fluttist að Gröf í Mosfellssveit. Jörðin skiptist svo eftir 1930 í nýbýlin Sólsvelli, Akra og Efri-hvol. Garðyrkjubýlið Blómvangur var einnig úr landi Reykjavols. Fyrsti bóndi þar var Jóhannes Boeskov og að honum látnum tók bróðir hans Laurits við (Magnús Guðmundsson, bls. 5).

Hér á eftir er greint frá skiptingu jarðarinnar, u.þ.b. hvenær hún fór fram og hverjir voru fyrstu ábúendur á jarðarpörtunum: 1925 - Blómvangur- Jóhannes Boeskov; 1930 - Sólsvelli - Finnbogi Helgason og Ingibjörg Bjarnadóttir; 1934 - Efri-hvoll - Ingveldur Árnadóttir og Vígmundur Pálsson; 1937 - Akrar - Oddný Helgadóttir og Ólafur Pétursson; Reykjahvoll - Sigríður Helgadóttir og Páll Helgason (Magnús Guðmundsson, bls. 5).

Náttúrufar og jarðabætur

Hinn 4. júní 1890 var lesin og undirrituð á manntalsþingi fyrir Mosfellshreppsvohljóðandi Landamerkjaskrá fyrir jörðina Reykjakot með eyðijörðinni Stekkjarkoti í Mosfells- hreppi:

1. Milli Reykjakots og Varmárlands: Frá Merkjavossi yfir Merkjakeldu í Svartaklett.
2. Milli Reykjakots og Lágafellslands: Frá Svartakletti í hærri Skarhól, þaðan í Merkjaholt.
3. Milli Reykjakots og Úlfarsfellslands: Frá Merkjaholti í Uxamýrarlæk, eftir línu dreginni milli Há-Stórhjúks og Lala.
4. Milli Reykjakots og Þormóðsdalslands: Frá Uxamýrarlæk í Lalapúfu (sömu línu og tölulið 3) þaðan í litla Leirtjörn vestanvert á Þverfell, eftir línu dreginni milli Lalapúfu og Grettistaks á Þverfelli.
5. Milli Reykjakots og Suðurreykjalands: Frá litlu Leirtjörninni (tölulið 4) í Þúfuna á Þverfellsbrún (vestanverðri), þaðan eftir sömu línu niður í ána við Þverfellskróka (ofanverða) þaðan eftir ánni ofan að Merkjavossi (tölul. 1).

Jörðin Reykjakot (með Stekkjarkoti) á í landi Suðurreykja í Mosfellssveit: Mótak og torfskurð í Skammadal og engjablett sem nefnist Káraleynir í oddanum milli Vörmuár og Skömmuár.

Jörðin Suðurreykir í Mosfellssveit á innan framangreindra ummerkja í Reykjakotslandi: Túnblett er nefnist Akrar við

ána, og engjablett við norðurenda Uxamýrar (Landamerkjabók, nr. 105).

Um Skarhólamáryri eru merki á móti Lágafelli í svonefndan Svartaklett, í hærri Skarhól þaðan í Merkjaholt eða Markatorfu og Markakeldu en úr henni rennur Markalækur. Þetta má sjá þegar ekið er Reykjaveg og beygt upp að Reykjalandi. Þá er Markafoss eða Merkjafoss í ánni (Magnús Guðmundsson, bls. 4).

Heimildir

- Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Varmár*. Örnefnastofnun Íslands 1976.
- Hannes Þorsteinsson. „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík 1923.
- J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólks- tölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðar- töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.
- Jarðaskrár 1958-1979*. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til á Landnámi ríkisins.
- Landamerkjabók* í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.
- Magnús Guðmundsson. *Reykjavoll og Sólsvelli*. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjahvols og Sólvala í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1992.
- Skýrsla um eyðijarðir* skv. fyrirmælum 53. gr. laga nr. 75 frá 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. – Ópr. 31.12.1963.

Fornleifaskrá - Reykjakot

Reykjakot 181173-251-1 Bústaður

Sérheiti: Reykjakot

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Björn Bjarnason hreppstjóri Mosfellshrepps og alþingismaður bjó í Reykjakoti fyrir aldamót og fram yfir þau. Hann flutti úr torfbæ í Reykjakoti og byggði sér í lok síðustu aldar þriggja herbergja hús með kjallara um 50 m frá og nefndi Reykjahvol. Þá mun hann hafa ort: „Nýtt er hús á nýjum stað og nefnist Reykjahvoll“ (Magnús Guðmundsson, bls. 1 og 5).


Í Eyðijarðaskrá frá 1963 stendur: „Gamalt íbúðarhús úr steini, mjög lélegt. Peningshúsin eru gömul og ónothæf“ (Skýrsla um eyðijarðir).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvöll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjahvols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.
Skýrsla um eyðingarðir skv. fyrirmælum 53. gr. laga nr. 75 frá 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. – Ópr. 31.12.1963.

Reykjakot 181173-251-2 Fjánhús

Tegund: Heimild 465



Staðhættir og lýsing

Borgardalsklauf er græn brekka í Borgardalsbrúnum. Tóftir af fjárhúsum standa rétt hjá Borgardalsklaufum (Magnús Guðmundsson, bls. 3).

Um 1,2 km NNA af Hafravatni og um 450 m A við veginn milli Úlfarsfells og Reykjahverfis. Austast í túninu neðan við fjallsræturnar neðan við Borgardal (Ágúst Ó. Georgsson).

Tóftin er grafin að hluta inn í lága brekku. Hún er um 7 x 15 m að innanmáli. Veggir eru hlaðnir úr grjóti. Þeir eru um 1,20 m á þykkt og um 1,5 m á hæð. Innsti hluti tóftarinnar er grafinn niður um 1 m og þar er veggjahæð um 2,5 m. Þetta niðurgrafna svæði er um 5 m breitt. E.t.v. hefur þarna verið heyhlaða Stefnan er í SSA-NNV. N-gaflinn er opinn en steinaröð er þvert yfir hann fremst. Tveim metrum innar virðist

hafa verið einhvers konar þil sem nær að stoð um 2 m frá A-langhlið. Þar hefur verið inngangur. Að utanverðu er aflíðandi halli á A-langhlið og er hún um 4 m þykk neðst. Grjóthleðslur eru farnar að bila á stöku stað og hrynja inn. Fjánhúsin munu hafa verið aflögð eitthvað fyrir 1930 samkvæmt Jóni Guðmundssyni bónda á S-Reykjum (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbók 1604-40.
Magnús Guðmundsson. *Reykjahvöll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjahvols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Reykjakot 181173-251-3 Tóft

Sérheiti: Uxatættur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Uxatættur voru við Borgardalslæk þar sem hann rennur í Uxamýri (Magnús Guðmundsson, bls. 3).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvöll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjahvols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Reykjakot 181173-251-4 Túnrækt

Sérheiti: Beðasléttur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Beðasléttur voru heima í Austurtúni en Björn Bjarnason ræktaði þær upp um aldamótin 1900 (Magnús Guðmundsson, bls. 3).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvöll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjahvols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Reykjakot 181173-251-5 Vatnsból

Sérheiti: Vatnshola

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Suður af bænum voru vatnsból. Önnur holan var nefnd Vatnshola en þangað var sótt heitt vatn (Magnús Guðmundsson, bls. 4).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvöll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjahvols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Reykjakot 181173-251-6 Vatnsból**Sérheiti: Suðuhola****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Suður af bænum voru vatnsból. Önnur holan var nefnd Suðuhola. Þar var soðinn saltfiskur og þveginn þvottur. Fólk kom frá nágranna-bæjunum, Úlfarsfelli, Varmá, Helgafelli og Miðdal og fékk að þvo þvott í Suðuholu. Þar var stór steinn hvar fötin voru klöppuð og eftir það skoluð í Suðuholu. Þá kom fólk heim í kaffi. Þetta lagðist af um 1930. Um tólf ára gömul stúlka, Ragnheiður Bjarnadóttir, féll í Suðuholuna í myrkri og lést hún skömmu síðar af brunasárum sem hún fékk í hvernum (Magnús Guðmundsson, bls. 4).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvoll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjavols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Reykjakot 181173-251-7 Mógröf**Sérheiti: Mómýri****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Mómýri er lítil mýri fyrir S og A Skarhóla. Oddný Helgadóttir á Ökrum segist muna vel eftir því þegar tekinn var mór í Mómýri en því var hætt um 1920 (Magnús Guðmundsson, bls. 4).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvoll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjavols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Reykjakot 181173-251-8 Torfskurður**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Jörðin Reykjakot (með Stekkjarkoti) á mótak og torfskurð í Skammadal sem er í landi Suðurreykja í Mosfellssveit (Magnús Guðmundsson, bls. 2).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvoll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjavols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Reykjakot 181173-251-9 Fjánhús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Norðan við Reykjaborg eru vallendisbrekkur sem heita Gíslengi. Oddný telur að nafnið sé komið af Gísla nokkrum sem bjó í Reykjakoti. Þar voru fjánhús áður fyrir og

líklega var hætt að nota þau um aldamótin 1900 (Magnús Guðmundsson, bls. 3).

Fjánhúsrústir voru í Gíslengi og sjást enn. Þær voru lagðar af í tíð fósturu Ingveldar fyrir um 70 árum. Mikill átrúnaður var á Gíslengi (Guðmundur Ólafsson hafði þetta eftir Ingveldi Árnadóttur 12. júní 1980).

Hættumat: Engin hætta**Heimildaskrá**

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvoll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjavols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Ólafsson, fagstjóri fornleifa á Þjóðminjasafni Íslands.

Reykjakot 181173-251-10 Mógröf**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Jörðin Reykjakot (með Stekkjarkoti) á mótak og torfskurð í Skammadal sem er í landi Suðurreykja í Mosfellssveit (Magnús Guðmundsson, bls. 2).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvoll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjavols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Reykjakot 181173-251-11 Stekkur**Sérheiti: Stekkjargil****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Úr Stekkjargili kemur Stekkjargilslækur og fellur niður í Varmá. Niður af Stekkjargili til NA, skammt frá læknum, stóð býlið Stekkjarkot. Tættur þess hafa sést fram að þessu (Magnús Guðmundsson, bls. 4). Stekkurinn er inni í gilinu u.þ.b. 5-10 m frá mynninu, austan við lækinn.

Hættumat: Lítil hætta**Hættuorsök: Vegagerð****Heimildaskrá**

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvoll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjavols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Reykjakot 181173-251-12 Herbúðir**Tegund: Stríðsminjar 465****Staðhættir og lýsing**

Rétt við veginn upp að Hafravatni. Við fyrstu beygju Mosfellsbæjarmegin. Í grasi vöxnum halla rétt ofan (sunnan) við ræktað tún.

Á svæðinu er einn uppistandandi braggi og sunnan við hann bílagryfja eða rampur.

Vestan við braggann eru grunnar fjögurra húsa eða eins húss með fjórum hólfum. Innanmál er 4 x 10 m á hverju rými. Enn vestar og nær veginum eru fleiri grunnar. Taldir voru milli 20 og 30 og eru mögulega enn fleiri.

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Reykjakot 181173-251-13 Skotgröf

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðhættir og lýsing

Um 1300 m NNV af Hafravatni og um 400 m austan vegarins milli Úlfarsfells og Reykjahverfis (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Reykjakot 181173-251-14 Stígur

Sérheiti: Ferðamannagata

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Ferðamannagata lá milli hæðanna sunnan við Efra-Hvol að Hafravatni, til Miðdals og áfram (Guðmundur Ólafsson - minnisblað um Efra-Hvol).

Reykjakot 181173-251-15

Hernaðarmannvirki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Um 320 m NA af afleggjaranum að Hafravatni. 100 m austan við veginn. Grýtt aflíðandi melbrekka, víða mosa- og lyngvaxin. Þetta er aflangt mannvirki, líkt og bugðótt göng. Um 1 m á þykkt, milli tveggja grjótveggja sem eru um 2 m á þykkt og um 1 m á hæð. Göngin enda í hringlaga garði, þar sem þau liggja í hálfhring og enda þar við grjótvegg. Grjótveggirnir virðast ekki vera hlaðnir heldur hrúgað upp. Steinarnir eru af ýmsum stærðum allt frá 15 cm -60 cm í þvermál. Engar heimildir eru um þetta mannvirki en líklegast er hér um að ræða herminjar sem Bretar hafa hannað. Stefna ganganna er sem næst A-V. Inngangur er að norðan og gengið inn til austurs í 2-3 metra. Þá þverbeygja göngin til vesturs og liggja í s-laga bugðu inn í hálfhringinn sem er vestast. Göngin eru um 18 m löng en lengsta utanmál er um 22 m. Mesta breidd hringins er um 12 m. Utanmál ganganna er 5-6 m (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá:

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Skeggjastaðir 123764-241

Saga

Skeggjastaða er fyrst getið í Landnámabók. Þar bjó Þórður skeggi sem land nam í landnámi Ingólfs milli Leirvogssár og Úlfarsár (Korpúlfsstaðarár). Skeggjastaðir voru meðal jarða sem komust í eigu Viðeyjarklausturs í tíð Páls Magnússonar ábóta (1378-1403) og eru nefndir í skrá yfir þessar jarðir frá 1395: „Skeggiastader zij. c.“ (Dipl. Isl. III, bls. 598). Ekki er á þá minnst í upptalningu konungsjarða í Mosfellssveit í Fógetareikningum frá 1547-1552 (Dipl. Isl. XII) en í Jarðabókinni 1704 segir hins vegar: „Skeggiastader, forn jörð byggð úr auðn fyrir 16 árum... Eigandinn kóngl. Majestat. Ábúandinn Guðmundur Guðmundsson“ (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 322-3). Af þessum heimildum má ráða að Skeggjastaðir hafi farið í eyði á 15. öld eða fyrri hluta 16. aldar en byggst að nýju um 1688. Síðan hefur þar verið samfelld byggð. Árið 1847 býr eigandinn sjálfur á jörðinni (J. Johnsen). Eigandi 1979 er Eiríkur Ormsson. Hús og landspilda: Eigandi: Pólarmink hf (Jarðaskrár).

Náttúrufar og jarðabætur

Skv. Landamerkbók frá 1889 liggja mörk jarðarinnar Skeggjastaða gagnvart Minna-Mosfelli frá stórum steini „...útá Skeggjastaðamóum...“ beint „...til norðurs vestan til yfir háa-leiti og norður að Leirvogsa svo til suðurs frá fyrrnefndum steini og að Hestbrekknaskignir og svo í þúfu sem er vestan til á bringnabrúninni svo úr þúfunni og í svonefnda Skógarvörðu sem stendur á mörkum milli Laxness og Skeggjastaða og er jarðarmark og svo til austurs að steini sem gjörður var að hornmarki árið 1889 milli Laxness og Skeggjastaða við Stóra Mosfells land svo er stefnan til norðurs að Leirtjörn og yfir um hana í skurð sem liggur til norðurs og suðurs sunnan undir langahrygg og úr þeim skurði í stein með tveimur klofningum sem stendur á langahrygg og svo beina stefnu úr honum til norðurs í hól einstakan sem stendur á eyrunum norðan Leirvogss og kallaður er Rýnir“.

Heimildir

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólks-tölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðar-töflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkbók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fornleifaskrá - Skeggjastaðir

Skeggjastaðir 123764-241-1 Bústaður

Sérheiti: Skeggjastaðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Fasteignabók frá 1932 er ennþá torfbær á Skeggjastöðum en þegar Fasteignabók var gerð fyrir árið 1938 er hann annað hvort horfinn eða ekki lengur í notkun og í staðinn komið steinhús. Síðasti torfbærinn hefur því lagst af einhvern tíma á þessu tímabili. Ekki hafa fundist neinar rústir eftir hann en vitað er hvar hann stóð. Á Túnakorti Skeggjastaða frá 1916 má norðan við enda heimreiðar sjá tvær byggingar og garða, rétt suðaustan við miðju túnsins. Sú vestari sem fyrst er komið að er stærri, líklega bærinn sjálfur.

Miðað við kortið samanstendur byggingin af fjórum húsum og einni tóft. Fyrst eða suðvestast eru tvö samföst og samsíða hús eða herbergi, síðan kemur rofin tóft samliggjandi þeim, loks þriðja húsið, einnig samliggjandi. Þessi hús og tóftin eru aflöng með stefnuna SA-NV og snúa framgöflum í SA. Bak við fyrsta húsið, samfast afturgafli þess, er auk þess minna ferningslaga hús. Veggir húsanna eru hlaðnir úr torfi og grjóti en standþil á göflum og sennilega millivegg fyrstnefndu húsanna tveggja.

Heimildaskrá

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík 1932.

Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-2 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Rétt norðaustan við stærstu bygginguna (nr. 1) er önnur bygging ásamt garðlagi.

Fyrst eru a.m.k. tvö samföst aflöng hús með sömu stefnu og suðvestari húsinn, þ.e. SA-NV. Skáhallt út frá norðurhorni byggingarinnar gengur garður í V og virðist enda við norðurhorn minna húss sem hefur sömu stefnu. N við garðinn og minna húsið er annað mannvirki, annað hvort garðlag sem liggur frá garðinum fyrst í N en síðan V, eða rofin tóft eftir torfhús. Veggir húsanna eru úr torfi og grjóti en hugsanlega hálfþil á stafni eða stöfnum. Garðurinn er einnig úr samskonar jarðefnum (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-3 Kálgarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Framan við húsinn (nr. 1-2) eru tveir kálgarðar.

Garðarnir liggja hlið við hlið, ferhyrndir og með sameiginlegan millivegg. Hlaðnir veggir virðast vera a.m.k. SV og NA megin, auk þess á milli þeirra og fyrir þeirri hlið norðaustari garðsins, sem snýr að húsunum. Ekkert er fyrir þeirri hlið suðvestari garðsins, sem er nær heimreiðinni, en líklega einhver girðing fyrir suðausturhlið garðanna, sem snýr frá húsunum (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-4 Heimreið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing


Heimreiðin liggur NA yfir túnið að bæjarstæðinu (nr. 1-3). Skv. Túnakortinu er þetta hlaðinn og malarborinn vegur.

Heimildaskrá

Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-5 Útihús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Nokkru N eða NNA bæjarhúsanna (nr. 1-2) sýnir Túnakortið 1916 hústóft, hugsanlega þá sömu og teiknuð var upp við fornleifaskráningu árið 1980. Sú tóft stendur um 50 m NA frá núverandi bæ, á brún hóls eða aflíðandi brekku sem nær yfir 40-50 m svæði (Ágúst Ó. Georgsson).

Skv. skrásetjara er tóftin aflöng, 2 x 6 m að innanmáli, veggir um 1 m á breidd. Veggjahæð er óveruleg, í raun er þetta frekar eins og grunn laut í túninu, um 0,2 m djúp. Tóftin er hluti túnsins, hefur samlagast því og virðist allgömul, a.m.k. frá 19. öld. Til þess gæti kortið líka bent því það sýnir ekki hús heldur tóft af torfhúsi sem hætt hefur verið að nota. Tóftin hefur skv. skrásetjara stefnuna N-S en skv. kortinu NNV-SSA. Inngangur er í norðurenda austurlangveggjar. Hóllinn sem tóftin er í gæti verið gamall bæjarhóll (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-6 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Nokkru austan hústöftarinnar (nr. 5) er á Túnakorti minni tóft. Þetta virðist vera eftir rofið torfhús með stefnuna NV-SA.

Heimildaskrá

Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-7 Brunnur**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Hjá bæjarlæknum, rétt A við litlu tóftina (nr. 6) og skammt V túnjaðarins, er lítil hringur, e.t.v. brunnur eða vatnsból (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-8 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

N litlu tóftarinnar (nr. 6) og brunnsins (nr. 7), norðarlega í túninu, er útihús. Um er að ræða aflangt hús með stefnuna N-S, byggt úr torfi og grjóti en e.t.v. með hálfþili á gafli, og rofna torfhústóft, líka aflanga, sem liggur þvert á norðurgafli hússins (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-9 Túngarður**Tegund: Garðlag 465****Staðhættir og lýsing**

Skv. Túnakortinu frá 1916 var túnið á Skeggjastöðum girt garði úr A frá bæjarlæknum, umhverfis það í V og S, og aftur NA að bæjarlæknum. Við fornleifaskráningu árið 1980 náði túngarður í víðum boga frá NA til V og var bæði innan og utan þáverandi túngirðingar (Ágúst Ó. Georgsson).

Garðurinn er skv. skrásetjara 200-250 m langur. Hann er um 0,4 m á hæð og nokkuð sokkinn, líklega gamall, en sést þó skýrt og greinilega í útjaðri túnsins. Hann er hlaðinn úr grjóti og líka sýndur þannig á kortinu.

Hlið hefur verið á honum norðanverðum, þar sem styst er í Leirvogsa (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Að sögn Einars Björnssonar, Litla-Landi, sem bjó á Skeggjastöðum í þrjú ár fyrir 1930 var þessi grjótgarður til þegar hann var drengur. Einar var 93 ára þegar skrásetjari var á ferð og er garðurinn skv. því frá því fyrir aldamótin 1900. Vitað er að Vilhjálmur Ásmundarson, bóndi á Skeggjastöðum, notaði grjót úr garðinum við hlöðubýggingu (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta**Heimildaskrá**

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnlegar heimildir:

Einar Björnsson, Litla-Landi (f. 1887).

Skeggjastaðir 123764-241-10 Útihús**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Á túnbletti skammt vestan bæjarlækjarins eru útihús.

Um er að ræða tvö svolítið aflöng hús, bæði hlaðin úr torfi og grjóti, e.t.v. með hálfþili á göflum. Hefur annað stefnuna NNA-SSV en hitt liggur þvert á gafli þess með stefnuna VNV-ASA (Túnakort). Þetta gæti verið sama hús og nr. 16.


Heimildaskrá

Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-11 Fjánhús**Tegund: Tóft 465****Staðhættir og lýsing**

Á austanverðu túninu, nálægt bæjarlæknum, eru skv. fornleifaskráningu árið 1980 rústir af fjárhúsi, byrgi og stekk eða kvíum (Ágúst Ó. Georgsson).

Fjárhúsið var ennþá vel uppstandandi, 4 x 8 m að innanmáli, veggir um 1,5 m á breidd og 1 m á hæð. Það er að mestu hlaðið úr grjóti og liggur grjótgerði eftir því endilöngu. Þakið hefur verið tekið niður og timbrið að líkindum notað í annað. Stefnan er NA-SV, innangangur á norðausturgafli. Trúlega er húsið frá byrjun 20. aldar. Mannvirki, sem á Túnakorti frá 1916 eru á svip-



uðum slóðum, eru varla þau sömu og þessi. Annað er orðið að tóft (nr. 6) þegar 1916 og hitt lítur ekki út fyrir að vera hús (nr. 7) (Ágúst Ó. Georgsson).


Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Túnakort Skeggjastaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-12 Byrgi

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Á bakka lækjarins, um 15 m NV við fjárhúsið, er rúst sem líklega er af byrgi (Ágúst Ó. Georgsson).

Tóftin er hringlaga, um 1 x 1 m að innanmáli, og úr torfi og grjóti (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Skeggjastaðir 123764-241-13 Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Neðarlega í alldjúpum skorningi sem myndast hefur við bæjarlækinn er dálítið slétt svæði en þar við norðanverða brún gamla lækjarfarvegarins, er rúst af kvíum eða stekk. Þar eð hún er innan túns sem ekki virtist vera í rækt árið 1980 taldi skrásetjari hana ekki tengda Stöðli sem nefndur er í Örnefnalýsingu og sagður austan túns (sbr. nr. 14) (Ágúst Ó. Georgsson).

Rústin er um 2 x 6 m að stærð, veggir um 1 m á breidd og 0,4 á hæð. Brún lækjarfarvegarins myndar einn norðurvegginn en annars er byggingarefnið torf og grjót. Inngangur er á vesturgafli og stefnan er nokkurn veginn V-A (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Skeggjastaðir 123764-241-14 Kvíar

Sérheiti: Stöðull

Tegund: Heimild 465


Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Austan við túnið á Skeggjastöðum er Bæjarlækur sem kemur úr bæjargili, en vatnið úr því kom úr Leirtjörn. Skyggirnir endar eins og hamranípa austan við túnið, og austan túns er svo Stöðull“.

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skeggjastaða. Örnefnastofnun Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-15 Rétt
Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Á grasi vaxinni eyri við sunnanverða Leirvogsá, um 15 m S árinna og um 7-8 m A núverandi túngirðingar og lækjar sem rennur meðfram túnbrekkunni, er tóft (Ágúst Ó. Georgsson).

Tóftin er um 2 x 3 m að innanmáli, veggir um 0,5-1 m á breidd, 0,3-0,6 m á hæð. Byggingarefnið virðist vera torf. Norðurlanghlið er að nokkru grafin inn í hólinn en innangur er á miðri suðurlanghlið. Sennilega hefur þetta verið lítil rétt eða stekkur (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá


Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Skeggjastaðir 123764-241-16 Beitarhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á lágum hól á suðurbakka Leirvogsár um 10-15 m sunnan árinna er rúst af fjárhúsi



eða beitarhúsi. Fleiri lágir hólar eða melöldur eru S og A við (Ágúst Ó. Georgsson).

Rústin er um 3 x 6 m að innanmáli, veggir um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Inngangur er á suðurgafli. Byggingarefnið er torf og grjót. Húsið hefur skipst í tvennt, nyrðri hlutinn um 2 x 3 m en sá syðri um 3 x 3 m. Dyr eru á milliveggnum. Tóftin er allgróin. Mál og teikning er því áætluð en telja má lögun örugga (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Húsinu hefur hugsanlega verið valinn staður þarna vegna þess að þar er snjóléttara en annars staðar. E.t.v. hefur einnig verið styttra að sækja byggingarefnið (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Skeggjastaðir 123764-241-17 Bústaður

Sérheiti: Ketilsstaðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Norðan landsins er Leirvogsá. Austan við bæinn eru Ketilsstaðir. Þetta er gamalt bæjarstæði og þar af dregið Ketilhylur í ánni. Þar rétt hjá eru

Fornugrafir...“ (Örnefnalýsing Skeggjastaða).

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skeggjastaða. Örnefnastofnun Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-18 Mógröf

Sérheiti: Fornugrafir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Ketilhlýtur er í Leirvogsá. „Þar rétt hjá eru Fornugrafir, sem eru gamlar mógrafir. Þá er... ..Tröllafoss“ (Örnefnalýsing Skeggjastaða).

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skeggjastaða. Örnefnastofnun Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-19 Rafstöð

Tegund: Mannvirki 465

Staðhættir og lýsing

Við Ketilhyl er rúst af rafstöð og nær stíflugarður frá henni þvert yfir ána ofan hylsins. Mannvirkin standa í botni gilsins en á brún þess ofan þeirra er rafmagnsstaur, sá eini sem þarna er (Ágúst Ó. Georgsson).

Rafstöðin og stíflan eru úr steinsteypu en rafmagnsstaurinn úr stáli (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Guðmundur Þorláksson, bóndi á Seljabrekku, taldi Eirík Ormsson hafa reist rafstöðina um eða eftir 1930 (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hættu

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Skeggjastaðir 123764-241-20 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá Skeggjastaða liggja mörk jarðarinnar „...til norðurs að Leirtjörn og yfir um hana í skurð sem liggur til norðurs og suðurs sunnan undir langahrygg og úr þeim skurði í stein með tveimur klofningum sem stendur á langahrygg...“ (sbr. landamerkjalyýsingu í kaflanum „Náttúrufar og jarðarbætur“ í jarðarskjali Skeggjastaða. Fyrir utan þennan stein og steininn í nr. 22 eru Skógarvarða og Sýlingarsteinn landamerki á mörkum Skeggjastaða en skráð undir Laxnesi).

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Skeggjastaða í Mosfellssveit frá 1889. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-21 Eyktarmark

Sérheiti: Miðmundaholt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Sé haldið „...vestur með Leirvogsá, er þar holtsás mikill, sem heitir Háaleiti. Vestan hennar er mýri, sem heitir Sveinsmýri. Nokkuð af henni er í landi Skeggjastaða. Svo er Skeggjastaðamýri. Syðst í henni er strýtumyndaður hóll, Miðmundaholt“ (Örnefnalýsing Skeggjastaða).

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skeggjastaða. Örnefnastofnun Íslands.

Skeggjastaðir 123764-241-22 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Landamerkjaskrá Skeggjastaða frá 1889 segir: „Fyrst nefni jeg stóran stein útá Skeggjastaðamóum sem er landamerksteinn milli Skeggjastaða og minna Mosfells og tekin bein stefna úr honum til norðurs vestan til yfir háa-leiti og norður að Leirvogsá“ (sbr. landamerkjalyýsingu í kaflanum „Náttúrufar og jarðarbætur“ í jarðarskjali Skeggjastaða. Fyrir utan þennan stein og steininn í nr. 23 eru Skógarvarða og Sýlingarsteinn landamerki á mörkum Skeggjastaða en skráð undir Laxnesi).

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá Skeggjastaða í Mosfellssveit frá 1889. Þjóðskjalasafn Íslands.

Stekkjarkot 181174-252

Saga

Sólvellir hétu áður Stekkjarkot (Björn Bjarnason, bls. 108). Fyrsta heimild um Stekkjarkot eða „Steckiar kot“ er frá 1704. Jörðin var þá hjáleiga frá Suður-Reykjum og segir að hún sé ekki minna en 100 ára gömul. Ábúandi var einn (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 312).

Í Lýsingu Mosfells- og Gufunessókna frá 1855 segir um Stekkjarkot að það sé í byggð og teljist sjö og hálf hundrað (Stefán Þorvaldsson, bls. 230). Í Jarðabók 1861 heitir hjáleigan enn Stekkjarkot (Ný jarðabók).

Nýbýlið Sólvellir var stofnað á árunum 1922-1923. Eigandi 1979 er Finnbogi Helgason (Fasteignabækur, Jarðaskrár).

Af ofanefndum heimildum má ráða að Stekkjarkot hefur lagst í eyði á árabílinu 1861-1922 og ef heimildin frá 1938 er traust, nýbýli verið reist á landi þessu á árunum 1922-1923.

Örnefnalýsing Reykjahvols getur um gamalt býli er Stekkjargil hét. Hugsanlega gæti verið um nafnarugling að ræða og Stekkjargil sé sama og Stekkjarkot. Þar segir: „Niður af Stekkjargili við lækinn, Stekkjargilslæk, var fyrrum býli, er hét Stekkjargil, hafa tættur þess sést fram að þessu“ (Magnús Guðmundsson).

Í Örnefnalýsingu Varmár segir um Stekkjarkot: „Hér austar er að lokum komið að hinum fornu merkjum móti Stekkjarkoti, en þau voru Markarfoss, sem var niður við ána“.

„Niður af Stekkjargili til norðurausturs skammt frá læknum stóð býlið Stekkjarkot. (52a) Tættur þess hafa sést fram að þessu“ (Magnús Guðmundsson, bls. 4).

Heimildir

Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess* II. 3. Reykjavík 1938.

Fasteignabók. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík 1932.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Fasteignabók I. Mat fasteigna í sýslum samkv. lögum nr. 33 frá 1955. Öðlast gildi 1. maí 1957. Reykjavík 1956-1957.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvoll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efra-hvols, Reykjahvols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess* III. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Fornleifaskrá - Stekkjarkot

Stekkjarkot 181174-252-1 Bústaður

Sérheiti: Stekkjarkot

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Niður af Stekkjargili til NA skammt frá læknum stóð býlið Stekkjarkot. (52a) Tættur þess hafa sést fram að þessu“ (Magnús Guðmundsson, bls. 4).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Reykjahvoll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efra-hvols, Reykjahvols og Sólvalla í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1992.

Suður-Reykir 123789-250

Saga

Elsta heimild um Suður-Reyki er máldagi kirkjunnar þar, er Þorlákur biskup Þórhalls-son setti árið 1180 (Dipl. Isl. I, bls. 268). Í Hítardalsbók, frá 1367 er getið um Þorlák-kirkju að Reykjum (Dipl. Isl. III, bls. 220). Vilchinsmáldagi frá 1397 getur einnig um Þorlákskirkju á Reykjum (Dipl. Isl. IV, bls. 112). Máldagar Gísla biskups Jónssonar geta kirkju að Reykjum (sbr. Dipl. Isl. I, bls. 268). Í sömu heimild segir að jörðin hafi alltaf verið bænda eign. Í Jarðabókinni 1704 eru Suður-Reykir taldir kirkjustaður. Eigandinn bjó sjálfur á jörðinni. Segir að þar sé „Heimamanna gröftur“. Árið 1847 er jörðin bændaeygn en ábúendur eru tveir leiguliðar (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 311, J. Johnsen, bls. 96). Af öllu að dæma hefur jörðin verið í ábúð frá því snemma á miðöldum og er það enn. Nú á dögum er talað um Suður-Reyki I, II og III.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að hjáleigur Suður-Reykja hafi verið þrjár, Reykiakot, Steckiar kot og Amsturdam (síðar í Jarðabókinni ritað Stekkjarkot, bls. 313). Þar er jörðin nefnd „Sudurreyker“ og jarðardýrleiki sagður xl hundruð. Í sóknarlýsingu Mosfellssóknar frá 1855 segir svo um þessa bæ: „Þessir 4 bæir... ..nefnast Reykjahverfi. Það var fyrrum sameign og Suður-Reykir þá höfuðból eitt með 3 hjáleigum; nú er sú sameign sundruð og margir eigendur“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 230-231). Í þessari lýsingu hétu hjáleigurnar Reykjarkot, Stekkjarkot, hvor um sig metin á 7 1/2 hndr., og Amsturdammur 5 hndr (Stefán var prestur á Mosfelli frá 1843 til um 1855). Í Jarðatali Johnsens frá 1847 eru Sudurreykir (Reykir) einnig taldir 40 hundruð, landskuld 2,1 hundrað, 8 kúgildi og tveir ábúendur sem voru leiguliðar (J. Johnsen, bls. 96). Björn Bjarnason bjó í Reykjakoti fyrir aldamótin síðustu. Um 1895 byggði hann upp bæjarhúsin og færði bæinn vestar og skírði Reykjahvol, er það jafnan nefnt svo síðan. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er jörðin nefnd Reykjakot (bls. 96). Fór það orð af Birni að hann hafi breytt örnefnum og gefið stöðum

nöfn sem þeir ekki höfðu fyrir. Arnaldur Þór sagði það Guðmundi Ólafssyni um 1983. Björn settist síðar að í Gröf (Suður-Gröf) í sömu sveit. Þegar hann breytti bæjarstæðinu þar skírði hann bæinn Grafarholt. Björn segir eftirfarandi í lýsingu sinni á Mosfellssveit árið 1937: „Í Syðri-Reykjahverfi voru: Reykir (2 býli), Reykjakot (nú Reykjahvoll), Stekkjakot (nú Sólvellir) og Amsturdam (Amsturdammur) lagt undir Reyki“ (Björn Bjarnason, bls. 108.). Ekki kannast heimildarmenn við að jörðin hafi verið nefnd Syðri-Reykir, ef frá er talið kort Magnúsar Arasonar frá 1721-1722, eða að talað hafi verið um Syðri-Reykjahverfið, nema sem mismæli. Rétt áður hafði Björn talað um Norður-Reykjahverfið, sem heimildarmenn kannast reyndar heldur ekki við nema sem partabæina, Hlaðgerðarkot, Norður-Reykir og Æsustaðir, en þar er þó beygingin á Norður-Reykjum samkvæmt venju. Í þessari sömu lýsingu Björns talar hann um Varmárdal, sem Jón M. Guðmundsson kannast við sem svæðið norðan ár: „Þá er Varmárdalur. Í honum er (Suður-) Reykjahverfið efst, verksmiðjuhverfið við Álafoss neðar, tvær aðrar bújarðir og fimm nýbýli“ (Björn Bjarnason, bls. 103. - Oddný Helgadóttir á Ökrum kannast ekki við örnefnið Varmárdal). Venju samkvæmt má ætla að hjáleigan Stekkjarkot hafi dregið nafn sitt af því að þar hafi verið stekkur. Menn kannast einnig við gamlar tóftir þar sem Stekkjarkot stóð. Á síðari árum er fremur talað um Amsterdam en Amsturdam Elsta heimild sem fundist hefur um orðmyndina Amsterdam er í Jarðatali Johnsens frá 1847, bls. 96.

Aðrar upplýsingar

Suður-Reykir I. Getið sem no. I frá 1968. Eigandi 1979 er Jón M. Guðmundsson (Jarðaskrár).

Suður-Reykir II. Garðyrkjubýli frá 1968-1969. Eigandi 1979 er Ásgeir Bjarnason (Jarðaskrár).

Suður-Reykir III. Garðyrkjubýli frá 1968-1969. Eigandi 1979 er Jón V. Bjarnason (Jarðaskrár).

Efri-Hvoll. Býlið er stofnað á árunum 1932-1938 (sbr. Fasteignabækur). Hefur

ekki verið í ábúð frá a.m.k. 1958. Eigandi árið 1979 er Ingveldur Árnadóttir (Jarðaskrár). Upplýsingar um jörðina 1938, skv. Fasteignabók: Járnvarið timburhús; túngirðing; hlöðurými 125 rúmm.; áhöfn: Nautgr. 4, sauðfé 10, hross 2, 10 tunnur garðávextir.

Heimildir

- Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 3. Reykjavík 1938.
- Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.
- Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.
- J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með braudalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.
- Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.
- Þorsteinn Jósepsson. *Landið þitt. Saga og sérkenni nær 2000 einstakra bæja og staða*. Reykjavík 1966.

Fornleifaskrá - Suður-Reykir

Suður-Reykir 123789-250-1 Kirkja

Sérheiti: Þorlákskirkja

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Kirkju að Suður-Reykjum er fyrst getið í máldaga, er Þorlákur biskup Þórhallsson setti um 1180. Máldagi þessi er prentaður í Fornbréfasafni og segir í formála að honum: „Reykir þeir sem hér eru nefndir eru Suður-Reykir í Mosfellssveit. Þar stóð kirkja og heyrði undir Mosfell. Er hún talin í máldögum Wilchins (1397) og Gísla biskups Jónssonar (1557) og kölluð hálfkirkja, en átti ekkert í heimalandi því jörðin hefir ávallt verið bóndaeign. Úlfarsfell var kirkjujörð þaðan. Kirkjan að Reykjum var ein af þeim, sem var felld af með konungsbréfi 17. Maí 1765“ (Lagasafn handa Íslandi III, bls. 525)“ (Dipl. Isl. I, bls. 268).

Í Hítardalsbók frá 1367 stendur að „... þorlaks Kirkia að reykium a land að vlarsfelle. iij. kyr“ (Dipl. Isl. III, bls. 220).

Svo segir í Lýsingu Mosfells- og Gufunes-sókna frá 1855: „Mælt er, að bænhús hafi áður verið til forna á Suður-Reykjum“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 238). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1704 segir að Suður-Reykir séu kirkjujörð og að þar sé „...heimamanna gröftur og embættað þá fólk er til altaris“ (bls 311). Ætla má að bænhúsið hafi verið fallið tæpri öld eftir að það var lagt niður. Ekki er vitað hvar kirkjan stóð en talið að hún hafi verið A og S við núverandi íbúðarhús Jóns M. Guðmundssonar (Magnús Guðmundsson).

Kirkja, kirkjugarður, rétt sunnan við íbúðarhús Jóns Guðmundssonar. Ekkert sýnilegt. Grafreitir og kirkja var á Reykjum, austur og uppi á hól frá húsi Jóns Guðmundssonar (Guðmundur Ólafsson hefur þetta eftir Ingveldi Árnadóttur, 12. júní 1980).

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verklegr framkvæmdir

Heimildaskrá

- Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannhöfn og Reykjavík 1857 og áfr.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.
- Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.
- Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Suður-Reykir 123789-250-2 Hlökkur

Sérheiti: Potthóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

NA af bæjarhúsunum á Reykjum eru Austurflatar eða Austurtún, áður kallaðar Austurmýrar. Þær voru ræktaðar upp á árunum 1920-1930. Í austurhluta þessa svæðis var melhóll sem kallaður var Potthóll, nú í ræktuðu túni. Það tún var nefnt Sigurðarteigur. Nafnið er dregið af því að þar léku börn sér með potta og pönnur en auk þess var gríðarstór pottur úr jární grafinn niður í hólinn. Jóhanna Hafliðadóttir, föðursystir Ingibjargar Pétursdóttur á Reykjum, stundaði nokkuð verkun á hval og sauð þá rengi

á útihlóðum í þessum stóra potti (Magnús Guðmundsson, bls. 7).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-3 Kornrækt

Sérheiti: Akratún

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

S og V við Niðurtúnið, handan Varmár, er Akratún og í austurhluta þess er Akragarður. Í Landamerkjaskrá fyrir jörðina Reykjakot stendur: „Aftur á móti eiga Suðurreykir í landi jarðarinnar Reykjakots... ..túnblett er nefnist Akrar sunnan árinna“ (Landamerkjabók). Sigurður Þórarinsson telur að Akranafnið bendi til þess að þar hafi verið ræktað korn (Sigurður Þórarinsson, bls 39). Máldagi kirkjunnar á Reykjum frá árinu 1180 bendir einnig til akuryrkju á Reykjum því þar segir að bóndinn mætti greiða prestinum hálf laun hans í mjöli. Kirkjan átti þá allstórt akurland (nítján mæla akurlönd í görðum úti, og helminginn af því átti að afhenda sáið) (Dipl.Isl. I, bls. 268). Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið að greitt hafi verið í innfluttu mjöli, þó það sé ósennilegt. Hugsanlega mætti ráða fram úr þessu með infrarauðum ljósmyndum (Magnús Guðmundsson, bls. 7).

Heimildaskrá

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells- sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálábók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Sigurður Þórarinsson. „Sambúð lands og lýðs í ellefu aldir“. *Saga Íslands I*. Reykjavík 1974.

Suður-Reykir 123789-250-4 Vatnsgeymir

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðhættir og lýsing

Næst SA við bæjarhúsin er Upptúnið. Liggur það í kringum og aftan við litla hæð en efst á henni er kaldavatnsgeymir og lítill kofi úr múrsteinum, hvort tveggja reist af

setuliðinu í síðari heimsstyrjöldinni (Magnús Guðmundsson, bls. 7).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-5 Álfabyggð

Sérheiti: Hólakóngur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Suðvestan í lítilli hæð, næst SA við bæjarhúsin að Reykjum, skagar klettur út yfir láglendið og kallast Hólakóngur. Hólakóngur var einnig nefndur Dísuklettur (er nefnt eftir Akra-Dísu?). Þórður Guðmundsson f. 1926 telur að þetta hafi verið tveir aðskildir klettur. Hólakóngur er sagður huldufólksklettur (Oddný Helgadóttir viðtal í október 1989) (Magnús Guðmundsson, bls. 7-8).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-6 Traðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

A yfir Upptúnið lágu Traðir en þær eru nú að mestu horfnar (Magnús Guðmundsson, bls. 8). Nú í ræktuðu túni.

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-7 Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 er bærinn á sama eða mjög svipuðum stað og núna. Hann samanstendur af bæði timbur og torfbyggingum.

Heimildaskrá

Túnakort Suður-Reykja frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Suður-Reykir 123789-250-8 Fjánhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Upptúninu hafa staðið útihús fyrr á öldum og sér fyrir þeim enn (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

A við hólinn sem bærinn stendur á voru fjárhús, sem rúmuðu 80-100 fjár. Þau voru rifin um 1955. Veggir voru hlaðnir úr torfi og grjóti. Í þeim var steipt fjárbað sem notað var fram til 1978-1979 (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Samkvæmt Guðmundi Jónssyni á Reykjum er fjárhús þetta nú hálf horfið. Það liggur á lóðamörkum og hefur verið grafið yfir þann helming sem ekki tilheyrir Reykjum lengur. Reykja-megin við lóðamörkin er fjárhúsið heilt og ekki í neinni hættu.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Jónsson, Suður-Reykjum.

Suður-Reykir 123789-250-9 Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austan við hólinn, sem bærinn stendur á, litlu sunnan við fjárhús sem þar stóðu, var lítið fjárhús, hlaðið úr torfi og grjóti, sennilega fyrir lömb og hrúta. Var það uppistandandi að nokkru fram eftir 7. áratugnum en hvarf þegar Ásta og Ragnar hófu byggingu síns húss (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Suður-Reykir 123789-250-10 Rétt

Sérheiti: Nátthagi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

NA við Upptúnið og handan við veginn A með Reykjafjalli er Nátthagi. Nátthagi eru brekkur sem hafa eins og nafnið bendir til lengst af verið bithagar. Þar var lítil rétt, suðaustast í stykkinu við tröðina og tóftarbot. Árið 1985 reisti Jón M. Guðmundsson þar einangrunar- og útungunarstöð fyrir alifugla (Magnús Guðmundsson, bls. 8).

Samkvæmt Guðmundi Jónssyni er réttin enn til staðar. Húsið sem Jón faðir hans reisti er þó nokkuð frá henni.

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Jónsson, Suður-Reykjum.

Suður-Reykir 123789-250-11 Varða

Sérheiti: Skólavarða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Rani nefnast brekkur í norður frá Stöplinum í stefnu á bæinn Helgafell. Fyrir neðan og norðan Ranann, á svonefndri Öxl, er Skólavarða, stundum aðeins nefnd Varðan. Hún dregur nafn sitt af því að það voru skóladrengir sem endurhlóðu vörðuna um 1928 eða 1929 og lagði heimiliskennari á Reykjum, Jón Kristgeirsson til að hún yrði kölluð Skólavarða. Jón Kristgeirsson lét skólakrakka ganga um sveitina og m.a. laga vörður sem þessa. (Magnús Guðmundsson, bls. 10).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Suður-Reykir 123789-250-12 Skotbyrgi

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðhættir og lýsing

Á svonefndri Öxl í Reykjafjalli er skotbyrgi sem Bretar hlóðu úr grjóti á stríðsárunum (Magnús Guðmundsson, bls. 10).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Suður-Reykir 123789-250-13 Leikvöllur

Sérheiti: Potthóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

NA af bæjarhúsunum á Reykjum eru Austurflatir eða Austurtún, áður kallaðar Austurmýrar. Þær voru ræktaðar upp á árunum 1920-1930. Í austurhluta þess svæðis, nú í ræktuðu túni, var melhóll sem kallaður var Potthóll. Túnið var nefnt Sigurðarteigur. Nafnið er dregið af því að þar léku börn sér með potta og pönnur en auk þess var gríðarstór pottur úr jární grafinn niður í hólinn (Magnús Guðmundsson, bls. 7).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-14 Mógrof

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Fremri-Skammadal voru mógrafir og um 1945-1955 voru ræktaðar upp mýrar vestast í dalnum og kallaðar Nýræktin. Í mógrofunum var tekin mór fram á fjórða áratuginn og þótti gott mótak þar (Magnús Guðmundsson, bls. 12). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1704 segir að eldiviðartak sé erfitt. Í Landsmerkjaskrá fyrir jörðina Reykjakot segir: „Auk þess á Reykjakot í landi jarðarinnar Suðurreykja mótak og torfskurð í Skammadal og...“ (Landamerkjabók).

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-15 Stífla

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðhættir og lýsing

Í mynni Skammadals er stífla sem stíflar vatnið í Skammadalslæk. Hún var gerð af hernum um 1942 og var til vatnsöflunar fyrir „Álafosshospital“ sem var bragga-sjúkrahús setuliðsins, þ.e. þar sem endurhæfingarmiðstöð Reykjalundar stendur nú (Magnús Guðmundsson, bls. 12).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-16 Sjúkrahúsbygging

Sérheiti: Álafosshospital

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í mynni Skammadals er stífla sem stíflar vatnið í Skammadalslæk. Hún var gerð af hernum um 1942 og var til vatnsöflunar fyrir „Álafosshospital“ sem var bragga-

sjúkrahús setuliðsins, þ.e. þar sem endurhæfingarmiðstöð Reykjalundar stendur nú (Magnús Guðmundsson, bls. 12).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-17 Skotgröf

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Hlaðin skotgröf eftir Breta, líklega frá um 1940, skammt frá veginum inn með Reykjafjalli (Magnús Guðmundsson, bls. 12).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-18 Vegur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Raufir er skarð í Skammadalsbríukum. Þar lá áður vegur upp í Innri-Skammadal (Magnús Guðmundsson, bls. 12).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-19 Varða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Varða er eitt af kennileitum í Vetrarmýrinni. Varðan á hálsinum er landamerki milli þriggja jarða, Suður-Reykja, Norður-Reykja og Æsustaða (Magnús Guðmundsson, bls. 13).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-20 Beitarhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Sunnan við Reykjafell í átt að Torfdalshrygg. Mögulega gamalt beitarhús, aflagt um 1900. Talsvert mannvirki (Andrés Arnalds).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Munnlegar heimildir:

Andrés Arnalds, Helgafelli.

Suður-Reykir 123789-250-21 Varða**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Á Torfdalshrygg er varða sem er hornmark milli þriggja jarða, Suður-Reykja, Helgadals og Þormóðsdals (Magnús Guðmundsson, bls. 13-14).

Hættumat: Engin hætta**Heimildaskrá**

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Suður-Reykir 123789-250-22 Stífla**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Vestur af Torfdalshryggnum er Bjarnavatn en þar á Varmá upptök sín. Við upptökin er dálítill stífla sem Sigurjón Pétursson á Álafossi lét reisa árið 1926 eða 1927 til vatnsmiðlunar (Magnús Guðmundsson, bls. 14). Samkvæmt Guðmundi Jónssyni stendur stífla þessi enn að hluta.

Hættumat: Engin hætta**Heimildaskrá**

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Jónsson, Suður-Reykjum.

Suður-Reykir 123789-250-23 Vatnsafl**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Björn í Grafarholti segir að á fjórða áratugnum hafi verið a.m.k. þrír virkjunarstaðir í Varmá, þ.e. við Reyki, Álafoss og bæinn Varmá. Ekki muna Reykjabændur hvar þessi virkjun hefur verið hjá Reykjum (Magnús Guðmundsson, bls. 14).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Suður-Reykir 123789-250-24 Þjóðsaga**Sérheiti: Nykurhóll****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

Vestur af Torfdalshryggnum er Bjarnavatn en þar á Varmá upptök sín. Þjóðsaga um nykur er tengd Bjarnavatni (Magnús Guðmundsson, bls. 14).

Skammt austan og ofan við húsin í Húsa-

túni er Nykurhóll (Magnús Guðmundsson bls. 15). Meðfylgjandi þjóðsaga tengist þessum hól.

Aðrar upplýsingar

„Á árunum um og fyrir 1930 var rekið stórbú á Reykjum í Mosfellssveit og því fylgdi allmikið mannahald, bæði konur og karlar. Þá var tvíbýli á jörðinni og félagsbú sem rekið var með ráðsfólki en bændurnir höfðu sín heimili sér. Á hvoru heimili voru börn á ýmsum aldri frá fermingu og niður í 4-5 ára aldur þau yngstu. Heimilisfólkið var stundum um 30-40 manns. Í tómstundum sagði eldra fólkið börnunum oft sögur og ævintýri. Þar á meðal voru þjóðsögur og draugasögur, sem var vinsælt og æsandi efni fyrir börnin. Ein slík þjóðsaga er talin hafa gerst þar og fjallaði um nykur í Bjarnavatni.

Þannig háttar til að austast í landi Reykja er stöðuvatn allstórt sem Bjarnavatn heitir. Eldri börnin áttu stundum leið hjá vatninu í smalamennsku eða við leit að brúkunarhrossum er sloppið höfðu úr heimahögunum. Heimafólk bar nokkra virðingu fyrir þessu fallega fjallavatni, en ekki var í því neitt kvíkt nema hornsíli. Börnunum þótti vatnið fjarlægt og dulafullt og virðing þeirra fyrir því var óttablandin. Ekki síst vegna orðróms um að nykur hefði aðsetur í því. Í þjóðtrúnni er til fyrirbærið nykur sem var mönnum óvinveittur og jafnvel hættulegur. Nykur er talinn vera skepna af öðrum heimi og líkjast hesti, steingráum. Þessa skepnu mátti vart þekkja frá hesti nema á hófunum sem snéru öfugt.

Á þessum árum var sauðamaður á Reykjum er Jón hét Þorvarðarson og hafði auknefnið „súgandi“. Hann var að vestfirskum kominn og jafnvel galdramönnum af Hornströndum að talið var. Jón „súgandi“ var fljúgandi mælskur og honum lét vel að flytja mál sitt með viðeigandi áherslum. Hann var fluggáfaður og greindur vel en hafði ekki notið skólagöngu. Hann var nokkuð mislyndur og sérvitur en umgengnisgóður daglega. Mestum tíma eyddi hann með fénu og hélt því stíft til beitar hvernig sem viðraði. Beitarsvæðið var í Reykjarfjallinu; í Einbúasundi, Selbrekkum og Forarmýri en er leið á veturinn sótti féð all-

mikið í svokallaðar „Sukkur“, en það landsvæði lá í suðurhallandi brekkum sunnan Reykjaborgar. Þar voru fjárhús og hlaða 1924 fyrir 120 fjár og tilheyrandi hrútakofi. Þá var ræktað þar tún sem var 2 dagsláttur að stærð, afgirt og heyjað á hverju sumri. Fjárhús fyrir fullorðna féð var í svonefndum Húsadal sem er dalverpi suðaustur af bænum.

Það þóttu hin verstu tíðindi er Jón fór að gefa í skyn að hann hefði orðið var við eitthvað í fjallinu austur af beitarrhúsunum. Jón var þögull og þungbúinn og varðist allra fréttu en þetta vakti mikla spennu, einkum hjá börnunum. Þar kom að Jón sauðamaður féllst á að skýra frá því sem hann hafði séð a.m.k. tvisvar eða þrisvar og var Jón M. Guðmundsson á Reykjum eitt þeirra barna sem hlustaði á frásögnina. Sagðist honum svo frá:

Komið var fram í mars og snjóa hafði leyst eftir mildan vetur. Féð rann sem leið liggur austur holtin í Selbrekkum en vildi ekki stöðvast þar, enda orðið nokkuð bitið eftir veturinn. Var því haldið áfram suður yfir ána og í Sukkurnar og þar var beit. Stóð nú féð allt til kvölds og Jón farinn að lýjast og ekki þorandi að líta mikið af fénu, svo fjarri húsunum. Dimmviðri var og farið að skyggja er lagt var af stað heimleiðis. „Er ég var kominn,“ segir Jón, „í hallann vestur af Þverfelli í átt að Selbrekkum, finnst mér ég sjá einhverja skepnu í fjárhópnum stærri en kindurnar“. Bjarnavatnið sem áður er nefnt er einmitt upp á Þverfelliinu og var því ekki allfjarri þeim stað sem Jón var staddur með fjárhópin. „Við nánari skoðun sá ég ekki betur en einn heimahestanna væri kominn á vettvang en það virtist vera hann „Svarti Gráni“. „Svarti Gráni“ var steingrár að lit en hafði verið fæddur svartur og bar það nafn sem trippi en varð seinna grár. Þótti mér nú bera vel í veiði og taldi klárinn hefði hlaupið til fjalls er brúkunarhestar voru hýstir. Tók ég snærishönk uppúr vasa mínum og hugðist ná hestinum strax en það vafðist eitthvað fyrir mér og barst leikurinn heim undir fjárhús. Lagði ég nú allt kapp á að ná Grána og tókst það og bjó ég mig undir að bregða bandinu upp í hestinn en fékk þá nokkra bakþanka.

Skoðaði ég hestinn nánar, og sá þá að hófarnir snéru öfugt. Hafði ég nú snögg viðbrögð; slepti tókum og forðaði mér, því nykrar hafa þá ónáttúru að ef maður sest á bak límist maður við bakið og skepnan stormar beint í vatnið sitt og heimkynni með manninn á baki og eru það hans endalok.“

Hafði Jón mörg orð um það hvernig hefði getað farið fyrir sér ef hann hefði sest á bak svo lúinn og syfjaður sem hann var orðinn. Jón varð ekki gamall maður en dó um aldur fram í átthögum sínum Sógandafirði en taldi sig hafa sloppið mjög naumlega frá drukknun í Bjarnavatni sem áður segir“ (Magnús Guðmundsson, bls. 31-33).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Suður-Reykir 123789-250-25 Landamerki

Sérheiti: Grettistak

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Vestan við Bjarnavatn er stór steinn sem kallast Grettistak og markar hann landamerki (Magnús Guðmundsson, bls. 14).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Suður-Reykir 123789-250-26 Áveita

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Forarmýri sést móta fyrir áveitumannvirkjum sem einhver bóndi sem var á Reykjum skömmu eftir aldamótin 1900 lét gera (Guðmundur Jónsson, viðtal 2. febrúar 1991. Kjartan Magnússon á Hraðarstöðum sagði honum) (Magnús Guðmundsson, bls. 14).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Suður-Reykir 123789-250-27 Sel

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Selbrekkur eru undir Forarmýrarhálsi. Neðst í Selbrekkum var sel og sjást rústir þess enn (Magnús Guðmundsson, bls 14).

Í Jarðabókinni frá 1704 segir: „Selstaða góð“ (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 311).


Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Suður-Reykir 123789-250-28 Sauðahús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

N til við Selbrekku er Fuglapúfa á mældragi og skammt í A frá henni eru tóftir af sauðahúsi. Hætt var að nota sauðahúsin að Suður-Reykjum um aldamótin 1900 og mun Finnbogi Árnason síðastur hafa notað þau, samkvæmt viðtali við Oddnýju Helgadóttur í október 1989 (Magnús Guðmundsson, bls. 14).

Blásinn melur norður af mýrarfláka NA af Þverfelli, þar sem fer að halla niður til Helgadal.

Tvö samhliða hús sem snúa NV-SA. Heystæði að baki. Bæði húsin eru jafnlöng, um

8 m að innanmáli, en það nyrðra er aðeins breiðara, um 3,5 m að innanmáli. Hitt húsið er um 2,5 m að innanmáli. Inngangur beggja er á NV-gafl. Veggir eru um 1,5-2 m á þykkt neðst en dragast að sér upp. Hæð þeirra er um 80 cm á breiðara húsinu en V langhliðin á mjórri húsinu er mikið blásin og hæð um 30-60 cm. Að baki húsanna við SA-gafl er heystæði um 2 x 6 m að innanmáli. Stór grjóthrúga er nú í V-hluta heystæðisins, vafalaust nýlega tilborinn (Guðmundur Ólafsson). Veggir heystæðisins eru alveg eyddir og sér aðeins móta fyrir undirstöðuhleðslum við ytri og innri veggjabrún. Veggir eru allir hlaðnir úr grjóti, mól og torfi. Hér voru sauðahús frá Reykjum áður fyrr, síðast nýtt frá Reykjahvoli. Þau voru lögð af um 1910-1915. Afi Finnboga á Sólvöllum hafði sauðhús í Torfdal. Hann hét Finnbogi (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Formleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.*

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.


Suður-Reykir 123789-250-30 Stekkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Sumarbústaðurinn Hlíð við Stóragil, sem Varmá rennur um, var reistur á fjórða áratug 20. aldar. Þar hét áður Stekkjarlaut og þar var stekkur. Tóftir sáust á þeim tíma sem landið var látið af hendi (Magnús Guðmundsson, bls. 16).

Grashóll í Stekkjarlaut um 20 m suður og niður af sumarbústaðnum Hlíð. Stekkurinn (og fjárhús) er þrískiptur. Syðst eru tvær samhliða tættur sem snúa í N-S. Báðar með inngang á S-gafl. Sú minni er um 2 x 4 m að innanmáli. Sú stærri um 3 x 6 m að innanmáli. Norðurendi hennar er sveigður til NNA og fylgir NV hliðin þar hólbrúninni. N af þessari stærri tóft er innangengt í aðra tóft sem er þar að baki og snýr í NNA-SSV eða svolítið skakkt við hinum fremri tóftunum. Þessi tóft er um 2 x 4 m að innanmáli. Veggir hennar eru um 1 m á þykkt og um 1 m á hæð. Brött há brekkubrún er að N og V. Veggir fremri (syðri) tóftanna eru



mun lægri eða um 50 cm á hæð en jafnþykkir um 1 m. Þeir hafa færst eitthvað út. Ekki er gott að sjá nákvæmlega innganginn fyrir hvönnum sem breiða sig út yfir hann. Tré, lerki o.fl. hafa verið gróðursett vestan og norðan stekkjans. Búið er að slétta í kringum stekkin en hann fékk að halda sér (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-31 Laug

Sérheiti: Reykjalaug

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Ein sögufrægasta heitavatnssuppsprettan var Reykjalaug. Skúli Magnússon landfógeti segir: „...þar er (Suður-Reykjum)... ..laug, sem notuð er til baða“ (Skúli Magnússon, bls. 134). Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá 1774-1775 er Reykjalaugar getið. Á korti sem fylgir bókinni er hún kölluð „Reikia Laug“. Á korti Jóns Eiríkssonar og Ólafs Olavíus, *Nyt Carte over Island* frá 1780 er Reikjalaug

einnig nefnd (Haraldur Sigurðsson, myndblað 29, og sjá einnig myndblað 37). Í Ferðabók Eggerts og Bjarna segir enn fremur: Reykjalaug heitir lítil, heit uppspretta í austanverðri Mosfellssveit. Vatnið í henni er léttara en í köldum uppsprettum. Það er tært og bragðlaust. Ekki er það heitara en svo, að hægt er að halda hendi niðri í því. Samt er því svo háttað, að steinar, sem það leikur um, en þorna þess á milli, fá utan á sig þunna, hvíta skorpu, sem saltpéturssýra vinnur ekki á (Eggert Ólafsson, bls. 3.)

Sýslulýsing frá miðri 18. öld segir enn fremur um hið notalega baðvatn að Reykjum: „Mineralia er ingen at finde i dette Syssel men paa 2de Stæder udj Varmaae Tinglav ved 2 de Bondegaarde findes der varme mineraliske Bade, hvor Folk bade sig udj, besynderlig ved den Gaard Syder Reyker hvor der er meget skiönt varmt Bad tett ved Gaarden“ (Haraldur Sigurðsson, bls. 105).

Reykjalaug er nú horfin af yfirborðinu og mun hafa lent undir vegi milli bæjanna Reykja og Reykjahvols en hann var breikkadur árið 1940. Reykjalaug lá í suðausturhorni Akragarðs sunnan Akratúns. Hús þeirra Guðmundar Jónssonar og Puríðar Yngvadóttur byggt 1983 er í horninu þar sem vegurinn beygir í átt að Reykjum og í þeirri vegbeygju var laugin. Laugin var hlaðin úr grjóti um 3 1/2 metri í þvermál og dýpst 2 - 2 1/2 metri en vatnshæð rúmlega 1 metri. Hlaðnar tröppur niður og hlaðinn stuttur bekkur þar. Reykjalaug var ekki notuð til baða á þessari öld svo vitað sé en þangað var sótt vatn að bænum á Reykjahvoli til þvotta. Einnig var dælt vatni í fjósið á Reykjahvoli úr lauginni (Oddný Helgadóttir, viðtal í október 1989).

Í ferðalýsingu Kálunds, *Bidrag til historisk-topografisk Beskrivelse af Island* frá 1877, er Suður-Reykjasvæðinu lýst svo: „Af småbyggðunum er einkum eftirtektarvert Reykjahverfið litla suðaustan við Helgafell vegna hveranna; Langt að má sjá gufuský mörg stíga til himins. Heita vatnið ólgar að nokkru upp úr læk, sem fram hjá rennur, og að nokkru fær hann aðstreymi frá mörgum litlum rásam, og hefst hver þeirra með hver, eða réttara sagt við upphaf allra

sítlar heitt vatnið upp úr jörðinni. Jarðhitinn er þarna notaður í þágu landbúnaðarins“ (Kálund, bls. 33).

Þorvaldur Thoroddsen getur þess í Lýsing Íslands að á suðvesturlandi fyrir sunnan Esju séu kunnastar laugar hjá Reykjum í Mosfellssveit og Laugarneslaug sem Reykvíkingar nota til þvotta (Þorvaldur Thoroddsen, bls. 221). Í Ferðabók sinni segir Þorvaldur Thoroddsen eftirfarandi um laugar á Reykjum: „Meðal annars skoðaði ég laugar hjá Reykjum og Reykjakoti. Þar eru heitir lækir í mörgum kvíslum. Kemur vatnið upp um smágöt. Undir bökkunum er hitinn víðast 40-70°, mestur var hann 30. ágúst 1883 82°. Þessir heitu lækir renna um mól, og er hún víða orðin saman bökuð í hellu af hverahrúðri. Við kálgarð á Reykjum er Reykjalaug (68°C) og önnur eldri neðar, hlaðin upp, 3 m að þvermáli, en mjög kólnuð. Hiti var það aðeins 18°, en lofthiti samtímis 11°. Alls staðar er hér jarðhiti, og sprettur því ágætlega í kálgörðum. Jurtagröði er hér mikill og margbreyttur við þessa heitu læk. Þar vaxa stórar græðisúrur, blöðin hálft fet að þvermáli, prúella, tvær sjaldséðar blöðkujurtir (*Polygonum persicaria* og *P. lapathifolium*) o.m.fl. Hinar mörgu laugar í Mosfellssveit standa eflaust í sambandi við sprungur í jörðu, fjöllin hafa þar til forna öll kubbazt í sundur og sigið, og eru takmörk blágrýtis- og móbergsfjalla eimitt á þessu svæði“ (Þorvaldur Thoroddsen, bls. 195).

„Þegar boranir eftir heitu vatni hófust að Suður-Reykjum árið 1933 er talið að þar hafi verið 24 laugar og hverir. Talið er að þá hafi verið um 100 l/sek sjálfrennandi vatn úr hverunum og jókst það í um 300 l/sek við boranirnar. Jafnframt kólnuðu þau svæði sem hæst stóðu en minnkaði þó lítið á láglandi. Samningar um kaup á hitaréttindum voru gerðir 1936 milli bænda á Reykjasvæðinu og bæjarstjórnar Reykjavíkur. Á árunum 1936-1955 boraði Hitaveita Reykjavíkur fjörutíu og þrjár 300-700 metra djúpar borholur á Reykjasvæðinu. Þegar Hitaveita Reykjavíkur fór eftir 1970 að bora svonefndar djúpholur, sem eru um 1.800 metra djúpar, má segja að mörg örnefni sveitarinnar s.s. Varmá og nöfn

með forliðnum Reykja- hafi misst merkingarlega skírskotun sína. Ylur í jarðveginum og Varmánni hvarf, grunnvatn minnkaði og það stigu ekki lengur til himins heitar gufur frá hverum og laugum“ (Magnús Guðmundsson, bls. 21-22).

Baðlaug: SV frá húsi Jóns Guðmundssonar, í NV frá húsi Ásgeirs. Eyðilögð þegar farið var að bora eftir heitu vatni. Reykjalaug í beygjunni á veginum. Nú undir vegi. Var fyllt upp af hernum (Guðmundur Ólafsson-minnisblað).

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Heimildaskrá

Eggert Ólafsson. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. I. bindi. Útg. Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfðánarson. Þýðandi Steindór Steindórsson. Reykjavík 1943.

Guðmundur Ólafsson. Minnisblað með viðtali við Jón Guðmundsson, SuðurReykjum.

Haraldur Sigurðsson. *Kortasaga Íslands frá lokum 16. aldar til 1848*. Reykjavík 1978.

„Kjósarsýsla. Sýslulýsingar 1744-1749“. *Sögurit XXVIII*. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1957.

Kálund, P.E. Kristian. *Íslenskir sögustaðir*. Þýð. Haraldur Matthíasson. Reykjavík 1984.

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.

Skúli Magnússon. „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Verðlaunaritgerð eftir Skúla Magnússon landfógeta“. *Landnám Ingólfs*. Safn til sögu þess I.1. Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. *Ferðabók*. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898. I. Kaupmannahöfn 1913.

Suður-Reykir 123789-250-32 Hver

Sérheiti: Tunnuhver

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Talið er víst að árið 1910 hafi nýtt íbúðarhús á Suður-Reykjum verið hitað upp með hveravatni. Þá byggði bóndinn þar, Stefán Jónsson frá Dunkárbakka í Dölum, íbúðarhús úr steinsteypu og leiddi í það sjálfrennandi vatn úr svonefndum Tunnuhver um 500 metra vegalengd. Auk þess rann vatnið í fjósið og þaðan í vermireiti. Tunnuhver, sem nú er löngu þornaður, var efst í brekkunni neðan og SV Skammadalshliðs og er nú kominn undir Skammadalveg. Á korti eftir Tom Barth er hann nefndur Aðalhver (Barth, Tom F. W.). Oddný Helgadóttir á Ökrum segir að aðalhverirnir hafi verið þar

sem gróðurhúsin eru við Bjarg“ (Magnús Guðmundsson, bls. 19).

Heimildaskrá

Barth, Tom F. W. *Volcanic Geologi, Hot springs and Geysirs of Iceland*. Carnegie Institution of Washington 1950.

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-33 Hver

Sérheiti: Amsturdamhver

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í virðingargjörð sem fram fór að Álafossi 1916 kemur fram að verksmiðjuhús klæða- verksmiðjunnar voru hituð upp með vatni frá Amsturdamhver í landi Suður-Reykja (Álafossfréttir). Sjá einnig um bæinn Amsturdam sem var hjáleiga frá Suður-Reykjum en hann stóð langt frá samnefndum hver. Jón M. Guðmundsson segir að hjáleigan og hverinn hafi hvort um sig kallast Amsturdam. Einnig nefnd Amsturdamlaug (Brath, Tom F. W.). Amsturdamhver stóð þar sem elsti hluti aðalhúss Reykjalandar reis síðar, eða alllangt frá bæjarhúsum á hjáleigunni Amsturdam (Magnús Guðmundsson, bls. 20-21).

Heimildaskrá

Álafossfréttir „Saga Álafoss fyrstu árin“, 5. árg. 1. tbl. 1981, bls. 9-10

Barth, Tom F. W. *Volcanic Geologi, Hot springs and Geysirs of Iceland*. Carnegie Institution of Washington 1950.

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-34

Hver, Hitaveita

Sérheiti: Krókahver

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Fyrir 1930 var leitt heitt vatn úr hver í Krókunum, svonefndum Krókahver skammt neðan við býlið Blómvang í hinn nýja barnaskóla að Brúarlandi“ (Magnús Guðmundsson, bls. 21).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-35

Hver, Brauðbakstur

Sérheiti: Brauðhver

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Brauðhver var austast í landi garðyrkju- býlisins Bjargs (Reykir IV) við Skammadalsveg, og eins og nafnið ber með sér var bakað í honum brauð. Hann er löngu horfinn“ (Magnús Guðmundsson, bls. 21).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-36

Hermannvirki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Næst SA við bæjarhúsin er Upptúnið. Liggur það í kringum og aftan við litla hæð en efst á henni er kaldavatnsgeymir og lítill kofi úr múrsteinum, hvort tveggja reist af setuliðinu í síðari heimsstyrjöldinni (Magnús Guðmundsson, bls. 7).

Heimildaskrá

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands* 1991. ópr.

Suður-Reykir 123789-250-37 Kvíar

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Þar sem kvíarnar voru, var eldhús hersins byggt. Síðan (nýlega) byggði dóttir Ingveldar hús þar sem kvíarnar höfðu verið (rautt hús rétt vestan við Efra-Hvol) (Guðmundur Ólafsson hafði þetta eftir Ingveldi Árnadóttur, 16. júní 1980).

Suður-Reykir 123789-250-38 Eyktar- mark

Sérheiti: Dagmálavarða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Guðmundur Ólafsson hafði eftirfarandi eftir Ingveldi Árnadóttur: „Inn með fyrir ofan hjá mér...“ á hæðunum fyrir ofan Efra-Hvol voru eyktamörk, Dagmálavarða og Hádegisvarða.

Upp af og norðan í Hádegisfjalli er Dagmálavarða. Hún var eyktarmark frá Suður-

Reykjum. Þegar sólin var þar kl. 9 átti að koma með féð á Reykjum til mjalta (Magnús Guðmundsson, bls. 3).

Heimildaskrá


Magnús Guðmundsson. *Reykjavoll og Sólvellir. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjavols og Sólvalla í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1992.*

Suður-Reykir 123789-250-39 Eyktarmark Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Guðmundur Ólafsson hafði eftirfarandi eftir Jóni M. Guðmundssyni á Syðri-Reykjum: Kristján Skagfjörð hlóð mikið ofan við Reyki í suður vörður sem notaðar voru sem eyktamörk.

Suður-Reykir 123789-250-40 Fjánhús Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

NV við Selbrekkur tekur við svolitill ræktaður túnblettur, Húsatún. Það var talið tvær dagsláttur. Norðan við Húsatún eru fjánhús- og hlöðurústir en þar var reist fjánhús um 1924 og það notað til 1944 (Guðmundur Ólafsson). Fjánhúsin með áföstum hrútakofa tóku stórt hundrað og var þeim skipt í fjórar krær í tveimur samliggjandi

húsum. Húsatúnið var slegið til ársins 1955 og var heyið flutt á hestvögnum niður í heimahlöðu eftir að húsin voru rifin árið 1950. Dalverpið vestan Þverfells heitir Húsadalur (Fjánhúsadalur) (Magnús Guðmundsson, bls. 15).

Um 750 m frá sumarbústaðnum Hlíð í SA upp með Varmá. Um 40 m N við ána. Afliðandi fjallshlíð, sæmilega gróin.

Fjánhúsin eru um 7 x 13 m að innanmáli og grafin að aftan inn í fjallshlíðina. Veggir eru úr grjóti og torfi um 2 m þykkir og um 1 m að hæð. N-gaflinn sem er grafinn inn í hlíðina er um 1,5 m á hæð og jafnhár hleðslunni að utanverðu. Grjótið úr veggjunum hefur hrunið allmikið inn í rústina. S-gaflinn er opinn en lág steinaröð er þar þvert yfir gaflinn. Fjánhúsunum hefur trúlega verið skipt að endilöngu eftir miðju inn að dálitilli þúst, sem er rúma 2 m frá N-gaflni, um 1,5 m í þvermál og um 40 cm há. Við V-hlíðina miðja að utanverðu er byggður lítill kofi um 2 x 3 m að innanmáli. Inngangurinn snýr gegn S og N-gaflinn er grafinn inn í hlíðina. Veggir eru um 1 m á hæð og þykkt. Þakið hefur verið bárujárnsþak og hefur fallið inn í húsið. Fjánhúsin eru frá um 1922-25. Afí Ásgeirs og alnafni var með í að endurbyggja fjánhúsið. Þar stóðu e.t.v. eldri hús fyrir (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Formleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.*

Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.*

Suður-Reykir 123789-250-41



Hermannvirki

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 800 m upp með Varmá, frá sumarbústaðnum Hlíð, um 120 m sunnan við ána. Neðst í mosa- og lyngvaxinni hlíð NNA af Reykjaborg.

Rúst þessi er um 2 x 13 m að innanmáli. Innsti hlutinn er mun breiðari og snýr þvert á framhúsið. Hann er um 4 x 5 m að innanmáli og skiptist að endilöngu með grjótgarði, um 1 m á þykkt og 50 cm háum.



Útveggir eru að mestu leyti hlaðnir úr grjóti um 2 m á þykkt og um 1-1,5 m á hæð. Rústin snýr í NV-SA. Inngangur er á N-gafli, tæpur 1 m í þvermál og gengur í boga til N en fyrir framan rústina er bogadreginn garður. Þetta er ansi mikið mannvirki og virðist hafa verið byggt ofan í eldri rústir sem sjást beggja vegna utan við þá yngri. Heimildamenn, Jón Guðmundsson og Ásgeir Bjarnason, segja að þarna hafi verið kvíar. Yngri rústin virðist þó geta verið einhverskonar hermanna virki og sú eldri fjárhús (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Suður-Reykir 123789-250-42 Kvíar

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 800 m upp með Varmá, frá sumarbústaðnum Hlíð, um 120 m sunnan við ána. Neðst í mosa- og lyngvaxinni hlíð NNA af Reykjaborg.

Kvíar eða fjárhús? Eldri rústirnar (undir nr. 41) eru miklu lægri eða um 40 cm. Veggja-

þykkt rústarinnar sem er N við er um 1,5-2 m. Innanmál hennar er um 4 x 13 m. Inngangur á N-gafli. Heimildamenn, Jón Guðmundsson og Ásgeir Bjarnason, segja að þarna hafi verið kvíar. Yngri rústin virðist þó geta verið einhverskonar hermanna virki og sú eldri fjárhús (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Suður-Reykir 123789-250-43 Kvíar

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 800 m upp með Varmá, frá sumarbústaðnum Hlíð, um 120 m sunnan við ána. Neðst í mosa- og lyngvaxinni hlíð NNA af Reykjaborg.

Önnur rúst er við S-hlíð yngri rústarinnar (nr. 41). Hún er um 3 x 8 m að innanmáli. Veggjaþykkt er um 1 m en veggurinn hefur klofnað og blásið upp. Inngangur á N-gafli (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Suður-Reykir 123789-250-44 Garður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Flatar mýrar NA undir Þverfelli þar sem Varmá rennur úr Bjarnavatni. Um 200-300 m norður af Þverfelli efst í Reykjadalnum.

Torfgarður um 0,5 m að þykkt og um 0,3-0,4 m á hæð. Um 300-400 m langur e.t.v. lengri. Garðinum var ekki fylgt alla leið. Þess vegna er lengd hans ekki alveg nákvæm. Garðurinn liggur í NV frá Þverfelli austast. Yfir mýrarfláka ca. 200-300 m breiða en beygir þá í NNV og fer þar upp á meltungu. Þar hverfur garðurinn á um 50 m kafla en byrjar svo aftur beint norður af melunum (Guðmundur Ólafsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258

Saga

Úlfarsá hét Kálfakot fram til ársins 1927 þegar núverandi nafn var tekið upp. Elsta heimild um Kálfakot er Jarðabókin frá 1584 þar sem hún er nefnd Kálfaðaakot (Kálvestaedtkaedt) (Ólafur Lárusson bls. 83-84). Í Jarðabók frá 1590 er jörðin nefnd Kálfakot. Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls III er hún í konungseign árið 1704 og ábúendur eru tveir (bls. 293-294). Í Jarðatali J. Johnsens frá 1847 er hún komin í bændaeign og ábúandi er einn leiguliði (bls. 96).

Úlfarsá var í ábúð fram á miðja 20. öld en er nú í eigu ríkisins. Þar hefur verið meðferðarheimili frá Kleppsspítala (Jarðaskrár).

Náttúrufar og jarðabætur

„Landamerkjaskrá yfir jörðinni Kálfakoti innan Kjósarsýslu, sem er eign háyfirdómara Jóns Pjeturssonar og læknaskólakennara Tómasar Hallgrímssonar í Reykjavík. Samkvæmt konunglegu lagaboði eru landamerki á jörðinni, dags. 17. marz 1882 eptir 1. gr. skráset og undirskrifaðar lýsingu landamerkja á jörðinni Kálfakoti í Mosfellsveit innan Kjósar- og Gullbringusýslu, á móts við jarðirnar: Lambhaga, Lágafell, Úlfmannsfell og Reynisvatn, eru merkin eptir skýrslum, sem fyr ábúendur hafa ljáð frá ómuna tíð, þau er hjer skal greina. Vesturhlið landsins er þannig: Úr Tjörn í miðjum Þrætumóa; úr þeirri Tjörn í þúfu uppá holtinu þar beint uppaf; úr nefndri þúfu vestan til í Leirtjörn; úr nefndri Leirtjörn í Djúpadalsbrún (eystri); úr nefndri brún í fjallsbrekku vestast í Hákin; úr Hákin í þúfu uppá Há fjallinu (norðan til við mýrarsund). Norðurhlið landsins er úr síðastnefndri þúfu, austur í Stórahnjúk; úr þeim hnjúk í Litlahnjúk. Austurhlið landsins er úr Litlahnjúk og í Mýrdal, úr nefndum dal í fjárborgarbrót niður við ána (skammt fyrir austan fossana). Suðurhlið landsins ræður Korpúlfsstaðaá niður í fyrnefnda Tjörn í Þrætumóa. Ennfremur hefur fylgt þessari ábýlisjörð minni frá ómunatíð 1/4 hluti úr eyðijörðinni Óskoti á móts við jarðirnar Þor-

módsdal, Miðdal og Reynisvatn og hafa fyr ábúendur á minni ábýlisjörð haft þar fjenaðarhús sín, óátalið af öllum samyrkingamönnum og hefur mjer verið leigt þetta nefnda ítak ásamt aðaljarðarlandinu, og lýsi jeg hjer einungis vesturhlið landsins (Óskots). Úr skógarvaði í stein beina leið í Litla-skyggvir fyrir sunnan Langavatn. Kálfakoti 30. september 1886, Guðmundur Jónsson“ (Landamerkjabók).

Aðrar upplýsingar

Nokkuð hefur verið ritað um nafnið Kálfakot. Um það segir Hannes Þorsteinsson árið 1923: „Kálfakot. Matsbókin nefnir Kálfá og Kálfarkot, en hvorugt finst annarsstaðar. Kálfaðaakot nefnist jörðin í JB. Jens Söffrenssonar 1639 og í JB. 1696, og getur vel verið, að það sé upphaflega heitið, kennt við einhverja Kálfa(r)staði (eða Kálfsstaði), en nafnið horfið fyrir ævalöngu og Kálfakot komið í staðinn, sem heiti jarðarinnar“ (bls. 33).

Um þetta atriði hefur Ólafur Lárusson einnig farið nokkrum orðum: „Nafnið Kálfaðaakot er tilkomið fyrir nafnbreytingu þannig, að orðið kot hefir tengzt við eldra nafn Kálfaða, en Kálfaða er aftur afbökun úr eldra nafni Kálfarsstaðir, dregið af mannsnafninu Kálfarr... Manns-nafnið Kálfarr finnst nú eigi frá fornöld eða miðöldum hér á landi, en hefir hins vegar tíðkast lítilsháttar á síðari öldum“ (bls. 8).

Heimildir

Hannes Þorsteinsson. „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi“. *Árbók Hins Íslenska Fornleifafjelags*. Reykjavík 1923.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til á Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Ólafur Lárusson. „Árland“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 2. Reykjavík 1937.

Fornleifaskrá - Úlfarsá

Úlfarsá 123799-258-1 Dys

Sérheiti: Rikkudys

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Hóll einn eða dys er fyrir norðan bæ, þar sem sumarbústaðir eru í brekkunni. Var dysið nefnt Rikkudys (hk.) af krökkunum í Lambhaga, er Guðríður [Káradóttir] var að alast þar upp. Var það dregið af kerlingu einni er stundum fór þangað til að reykja“ (Ari Gíslason; Aths. Guðrúnar K. og Guðmundar S. Guðmundssonar við handrit Ara Gíslas.).

Við vettvangskönnun árið 1980 reyndist staðurinn ekki vera þekktur. Hann hefur e.t.v. verið þar sem nr. 22 eða kannski fremur nr. 25 eru merkt á kort. (Guðmundur Ólafsson)

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsá og Lambhagi*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Aths. Guðrúnar K. og Guðmundar S. Guðmundssonar við handrit Ara Gíslasonar. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-2 Landamerki

Sérheiti: Tvísteinar

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Leirtjörn er ofan Lambhagamela. Sunnan við Leirtjörn er hryggur og á honum eru Tvísteinar, sem eru á merkjum móti Lambhaga (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsá og Lambhagi*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Úlfarsá 123799-258-3 Landamerki

Tegund: Örnefni 465

Staðhættir og lýsing

„Merkin móti Úlfarsfelli eru úr Úlfarsá (1) beint í vörðu á svonefndri Mýrdalshæð...“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsá og Lambhagi*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Úlfarsá 123799-258-4 Álagablettur

Sérheiti: Álagabrekka

Tegund: Frásögn

Staðhættir og lýsing

Álagabrekka er grösug brekka skammt norðan við bæinn. Hóll sem er um 10 m fyrir vestan bæinn.

Aðrar upplýsingar

Þau álög voru á brekkunni að ekki mátti slá hana, því þá átti besta kýrin að drepast og hjónin á bænum líka.

Þetta þótti ganga eftir árið 1918. Þá bjó Jón Kristjánsson lagaprófessor á Úlfarsá og sló brekkuna. Þá fékk kýrin nagla í vélindað og drapst. Svo kom spænska veikin og þau hjónin dóu bæði. Að sögn mun lítill flatur hóll um 10 m vestan við inngang íbúðarhússins á Úlfarsá vera til kominn þannig að þar hafi verið grafin öll föt einhvers sem látist hafi úr spænsku veikinni.

Um 1975 voru vistmenn að slá hólinn þegar kona fótbrotnaði á tröppunum á Úlfarsá. Ári síðar endurtók sagan sig. Þá datt lítill drengur í tröppunum og hjó sundur á sér vörina (munnleg frásögn starfsmanns vistheimilis 1980 við Guðmund Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-5 Bústaður

Sérheiti: Kálfakot

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 100 m NNA við núverandi íbúðarhús á Úlfarsá. Í miðri grösugri brekku sem veit mót suðri.

(a) Þar sem gamla bæjarstæðið var er nú kartöflugarður og lítið sýnilegt á yfirborði jarðar. Bærinn nær þó sennilega dálítið út fyrir kartöflugarðinn. Svæðið verður ekki afmarkað með vissu.

(b) Um 20 m NV við bæjarstæðið er dálítill hola 2 x 2 m í þvermál og hlaðnir torfveggir í kring. Holan er rúmur hálfur m á dýpt. Hún er upp af svonefndum eiturbrekkum eða álagabrekkum sem bannhelgi hvílir á og ekki má slá. Sennilega er þetta gömul kartöflugeymsla.

(c) Önnur rúst er efst uppi á hólnum um 50 m N af gamla bæjarstæðinu Stærð hennar er hin sama og holunnar (b) eða um 2 x 2 m að innanmáli. Veggirnir eru um 1 m að þykkt og um 40 cm háir úr torfi og grjóti (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-6 Túngarður

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Frá lækjargili 200 m N frá bænum í SA að fjárhúsum (18) og þaðan í stórum boga til suðurs niður að ánni. Lækjargil, blásinn melur.

Túngarðurinn er heill á um 20 m kafla í lækjargilinu og er þar rúmur m á hæð en á melnum og niður að fjárhúsum eru aðeins grjótundirstöður eftir, 15-20 cm háar. Garðurinn er um 1 m á breidd. Grjótið er að mestu leyti smátt hellugrjót. Niður frá fjárhúsum er garðurinn ógreinilegur á köflum en víða glyttir í hleðslur sem sýna stefnuna. Um 10 m S af fjárhúsum endar garðurinn við tvær litlar tóftir (19) og verður aftur sýnilegur um 10 m austar. Er helst að ætla að garðurinn hafi beygt þvert til A við tóftirnar en þessa 10 m kafla sér engin merki nú (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-7 Fjárhús, Hlaða


Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 200 m NA af bænum Úlfarsá. Í tónbrekku N við mel.

Tvær samsíða rústir eftir fjárhús og hlöðu. Innanmál beggja eru hin sömu um 4 x 15 m. Veggir eru enn uppistandandi rúmlega 1 m á hæð og um 2 m breiðir. Stefna húsanna er NNV-SSA. Inngangur var móti S. Fyrir framan innganginn er um 2 m breiður gróinn pallur.

V við fjárhúsin er um 20 m löng náttúruleg kvos og virðist sem að framan við hana hafi verið hlaðinn garður á ská fram fyrir fjárhúsin til að loka kvosinni. V af fjárhús-



unum gengur túngarðurinn (17) í stórum boga (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-8 Óþekkt


Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 180 m NA af Úlfarsá. Um 25 m SA af fjárhúsum (18). Efst í tónbrekku norðaustan af bænum Úlfarsá.

Ferhyrnd tóft um 4 x 6 m að innanmáli. Veggirnir eru um 0,5 m að þykkt og um 20 cm á hæð. Tóftin liggur upp að túngarðinum (17) vestanmegin (innan garðs) og stefnir í A-V. Inngangur virðist hafa verið inn í tóftina sunnanmegin upp við túngarðinn.

Hinum megin við túngarðinn (að austan) er laut, um 40 cm djúp og um 4 x 4 m að innanmáli. Hér virðast vera leifar af annarri svipaðri tóft og hinum megin er við garðinn. Inngangurinn hefur verið á S-hlið, austast.



Tóftirnar eru fremur ógreinilegar (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.


Úlfarsá 123799-258-9 Útihús?

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 150 m NA við íbúðarhúsið á Úlfarsá. Fremst á grasi vöxnum melrana, S og V megin.

a) Húsarúst um 3 x 5 m að innanmáli.



Veggir um 1 m á þykkt, hæstir við N-gafl um 80 cm háir en um 20-40 cm í suðurhalm- ingi hússins. Inngangur sennilega á S-gafl. E.t.v. er önnur rúst samhliða þessari að austan.

Túngarðurinn er 4-6 m N við húsið.

b) Örgrunn laut sem gæti bent til þess að þar hafi verið mannvirki.

c, d og e) misdjúpar lautir sem e.t.v. gætu verið leifar af mannvirkjum (húsum).


f) Þúfnamyndun niður af c) til suðurs. E. t.v. leifar af garðlagi (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-10 Útihús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Um 100 m NA við bæinn að Úlfarsá. Í túninu SV undir melrana.

Rúst í túninu, um 3 x 5 m að innanmáli. Veggir eru hlaðnir á þrjá vegu en brekkann sem rústin er við myndar eina hlið. Veggirnir eru rúmur m á þykkt. Inngangur hefur að líkindum verið á V-gafl. Utan við rústina vestanmegin er dálítill kvos inn í brekkuna en ekki er hægt að sjá nein mannvirki þar á.

Þar fyrir ofan eru þúfur sem einnig gætu verið leifar af mannvirki en um það er ekki hægt að dæma af yfirborðinu (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-11 Sumarbústaður

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 100 m V við bæinn, u.þ.b. 60 m yfir sjó. Aflíðandi brekka neðan við veginn heim að bænum.

Garður, um 15 x 30 m að innanmáli. Garðurinn snýr frá SSV-NNA. Veggjahleðslur eru milli 20-80 cm háar. Þykktin er um 60-80 cm. Efst og nyrst í garðinum er stallur um 2 m á breidd og um 30 cm hár. Í NA horninu er lítið garðlag um 4 m langt, 20 cm hátt og um 40 cm breitt. Um 20 m A við garðinn eru tvær ferningslaga lautir, um 2 x 2 og 5 x 5 m að innanmáli. Umhverfis þá minni er um 20 cm hár og 30 cm breiður veggur. Óvíst er hvað þetta hefur verið. Þess má geta að á Úlfarsá voru stundaðar ræktunartilraunir snemma á öldinni og eru hér ýmsir reitir sem minna á þær framkvæmdir (Guðmundur Ólafsson).

Munnmæli


Leifar af sumarbústað eins vistmanna, Óla, sem var á Úlfarsá.

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-12 Útihús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Um 200 m NV við bæinn Úlfarsá og um 70 m V við veginn. U.þ.b. 70 m.y.s. Aflíðandi hálfupplásinn malarás, sem hallar til suðurs.

Rústin er rúmir 2 x 7 m að innanmáli. Veggir eru heillegir, um 1,5 m á þykkt og um 1 m á hæð. Inngangur hefur verið á SA-gaflí. Þar mun hafa verið timburgafl. Um 1 m breiður stallur er fyrir framan SA-gaflinn. Við austurhliðina er að sjá sem annað hús, nokkru minna, hafi staðið samhliða. Innanmál þess eru 1,5 x 3,5 m (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-13 Garður

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

150-200 m NV við bæinn að Úlfarsá. U.þ.b. 70 m.y.s. aflíðandi holt eða melur, sem hallar til SV.

Leifar af grjótgardi sem sennilega hefur afmarkað gróðurreit á fyrri hluta þessarar aldar. Garðurinn hefur þrjár hliðar sýnilegar og nær að veginum sem liggur heim að bænum. Langhliðin sem liggur frá NNV-SSA er um 70 m löng. Efri skammhliðin er um 15 m löng og endar í hringlaga grjóthrúgu. Sú neðri er um 30 m og endar við veginn. Leifar af girðingarstaurum voru með um meters millibili í garðinum. Innan garðsins er sléttalur jarðvegur og grösugri en utan garðsins (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-14 Sumarbústaður

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 400 m NV af bænum Úlfarsá og um 120 m frá afleggjara niður að bænum. U.þ.b. 85-90 m.y.s., neðan undir og sunnan við hól í aflíðandi brekku.

S undir hólnum er djúp laut grafin inn í hann, um 4 x 8 m að innanmáli. Þar var sumarbústaður. Þessu svæði hélt eigandi Úlfarsár eftir undir sumarbústað þegar

jörðin var seld ríkinu. Þarna í kring eru leifar af nokkrum gördum. Sumir þeirra geta hafa tilheyrt sumarbústaðnum en aðrir garðar eru sennilega gróðurreitir frá tilraunaræktuninni. Svæðið innan þessara garða er að mestu blásið upp (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-15 Brunnur?

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðhættir og lýsing

Um 450 m VSV af bænum Úlfarsá, niðri við ána, norðan megin. Smáþýfður mói við bakka Úlfarsár.

Ferhyrnd hola 2 x 2,5 m að innanmáli. Dýpt ca 60-80 cm. Holan er timburklædd að innan með um 15 cm breiðum og 4 cm þykkum borðum, sem eru rekin niður í jarðveginn. Utan við holuna er um 1 m breið grjóttuppfylling, upp að viðarklæðningunni. Engar heimildir eru fyrir því til hvers þessi hola var notuð og heimamenn kannast ekki við það heldur. E.t.v. er hér um að ræða mannvirki frá stríðsárunum sem breskir hermenn hafa gert en þeir voru með miklar búðir á melunum fyrir norðan Úlfarsá (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsá 123799-258-16 Stífla

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir og lýsing

Um 650-750 m V af bænum Úlfarsá og þar yfir ána. Flatlendismóar, smáþýfðir og fremur blautur jarðvegur.

Stíflugarðurinn er um 150 m langur. Stefnan er NNA-SSV. Hlykkur er á miðri leið. Nyrst er garðurinn fremur lágur eða um 0,5 m á hæð og þykktin er um 4 m neðst en hann dregst að sér upp. Beggja vegna árinna sjást leifar af staurum sem reknir hafa verið niður í jörðina til að mynda stífluna yfir ána. Talið er að stíflugarður þessi hafi verið hlaðinn í sambandi við áveituframkvæmdir í byrjun aldarinnar en þær mistókust algerlega (Haraldur Norðdahl).

Upp af stíflunni, þar sem hlykkurinn kemur á garðinn, er annar garður um 3 m breiður og um 1 m á hæð, þar sem hann er hæstur. Sennilega er hann einnig hluti af stíflugarðinum og mynda garðarnir tveir saman eins konar gaffal upp að hliðinni (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Haraldur Norðdahl. *Athugasemdir við Örnefnalýsingu Úlfarsfells*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Úlfarsá 123799-258-17 Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing


700 m SA af bænum Úlfarsá. Um 700 m SV af bænum Fellsmúla. Um 40 m N við ána Úlfarsá. Mýraflöt neðan undir melbrekku, vaxinni villigróðri.

Stekkurinn er um 3 x 7 m að innanmáli. Veggirnir um 1-1,5 m á þykkt og um 60-80 cm á hæð. Stefnan er frá NV-SA. Inngangur er á NV gafli. Að baki SA-gaflsins er lítil kró, um 2 x 3,5 m að innanmáli sem snýr í NA-SV. Inngangur er í SV. Fyrir framan hann er dálítill stallur sem erfitt er að segja til um hvort hefur verið hlaðinn upp þar eða hvort um er að ræða hrun úr veggjum.

Stekkurinn er staðsettur um 40 m frá ánni Úlfarsá og neðan og sunnan undir melrana. Norðaustur langhliðin liggur upp að melbrekkunni (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.



Úlfarsfell 123805-253

Saga

Úlfarsfells er fyrst getið í máldaga kirkjunnar á Suður-Reykjum árið 1367: „Porlaks-kirkia ad reykium a land ad vlfarsfelle. iij. kyr“ (Dipl. Isl. III, bls. 220) og síðan í máldögum sömu kirkju frá 1397 og 1557 (Dipl. Isl. I, bls. 268). Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1704 segir um Úlfarsfell: „Kirkjueign bóndajarðar Suðurreykja. Ábúandinn Einar Ísleifsson, sem heldur hjer fjelagsbú sitt og systra sinna, og er hann eignarmaður til jarðarinnar Suðurreykja, sem þessi jörð, Úlfarsfell fylgir,“ (bls. 310). Jörðin var bænda-eign árið 1847 og bjó á henni einn leiguliði (J. Johnsen, bls. 96). Hún var í ábúð fram á 20. öld og skv. Fasteignabók er hún enn í fullri ábúð árið 1938 en hefur verið án ábúðar a.m.k. frá 1958. Síðar var jörðinni skipt í tvennt og stofnað nýbýlið Úlfarsfell 2 árin 1972-1973. Árið 1979 var Ragnar Guðlaugsson eigandi að Úlfarsfelli 1 en Grímur Norðdahl að nýbýlinu (Jarðaskrár).

Náttúrufar og jarðabætur

Árið 1938 segir um Úlfarsfell í Fasteignabók: „Steinhús; tún girt; hlaða 330 rúmm. þurrhey, 36 rúmm. vothey; garðrækt (garðávextir, ársmeðaltal 19 tunnur); nautgripir 10; sauðfé 70; hross 4“.

Samkvæmt Landamerkjaskrá Úlfarsfells eða Úlfmannsfells, eins og jörðin er þar kölluð, liggja norðurmörk jarðarinnar gagnvart Lágafelli „beina línú frá... ..þúfú norð-austan á Stóra Hnúk norður á brún... ..í Markholtsþúfú í miðjum hvömmum“. Gagnvart Reykjum og Reyjakoti liggja mörk Úlfarsfells að norðaustan úr þeirri þúfu „...beina línú í þúfuna á hala á Hafrahlið að Uxalæk...“ og síðan gagnvart Þormóðsdal að austan „...eptir fyrrnefndum Uxalæk í Hafravatn“. Mörk Úlfarsfells gagnvart Óskoti að suðaustan liggja síðan „...eptir vatninu í vatnsós og svo eptir ánni í Skógarvað...“ áfram gagnvart Reynisvatni að sunnan „...úr Skógarvaði eptir ánni í flúðir efst í fossinum í Úlfmannsá...“ og gagnvart Kálfakoti „...efst úr fossaflúðinni... ..beina línú milli frammýrar og flóans í Vörðu á Mýrdalshæð og beina línú

úr vörðunni...“ aftur í þúfuna á Stóra Hnúk (tilvitnanir úr Landamerkjabók).

Heimildir

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Fornleifaskrá - Úlfarsfell

Úlfarsfell 123805-253-1 Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 má sjá byggingu í miðju túni, fyrir enda heimreiðarinnar, og er það líklega bærinn í Úlfarsfelli. Um er að ræða fjögur samföst hús, aflöng, sem snúa í SSA. Eitt þeirra, annað húsið vestan megin, er heldur lengra og mjórri en hitt og hólfast í tvennt. Skv. kortinu eru þetta hús úr grjóti og torfi með standpili jafnt gólfi eða því nær á hlöðum. Í Fasteignabók 1938 er hins vegar talað um „steinhús“.

Heimildaskrá

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Túnakort Úlfarsfells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfarsfell 123805-253-2 Garður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skáhallt framan og sunnan við bæjarhúsin (nr. 1) er kálgarður merktur inn á Túnakortið 1916.

Garðurinn er ferhyrndur og girt í kringum hann á alla vegu, að A og N og að nokkru leyti að V með vegg hlöðnum úr torfi og

grjóti eða öðru hvoru efninu. S megin og syðst austan megin er hins vegar girðing, skv. kortinu úr járni eða tré, sennilega með gaddavír á tréstólpum. Í Fasteignabók 1938 eru eftirfarandi upplýsingar um garðrækt í Úlfarsfelli: „...garðávextir, ársmeðaltal 19 tunnur“.

Heimildaskrá

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Túnakort Úlfarsfells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfarsfell 123805-253-3 Brunnur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Við suðvesturhorn garðsins (nr. 2), sunnarlega í túninu, eru teiknaðir inn tveir litlir hringar á Túnakortin, tengdir saman með striki. Ekki er ljóst hvað þetta er en kannski hefur þarna verið brunnur eða vatnsból.

Heimildaskrá

Túnakort Úlfarsfells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfarsfell 123805-253-4 Heimreið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Heimreiðin að Úlfarsfelli liggur úr NA inn á mitt tún að bæjarhúsunum. Túnakortið frá 1916 sýnir heimreiðina sem hlaðinn og malarborinn veg.

Heimildaskrá

Túnakort Úlfarsfells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.


Úlfarsfell 123805-253-5 Fjánhús, Hlaða

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakortinu frá 1916 má NA heimreiðarinnar, yst við túnjaðarinn, sjást þrjú samföst mannvirki, hugsanlega fjánhús og hlöðu sem teiknuð voru við fornleifaskráningu árið 1980. Skv. skrásetjara eru þau efst í túbrekku sem hallar aflíðandi til suðurs, um 150 m austan við íbúðarhúsin á Úlfarsfelli.

Fjánhúsið segir skrásetjari vera uppistandandi og enn í notkun. Það er aflangt, um 3,5 x 10 m að innanmáli, hæð veggja um 1,20. Veggirnir eru úr grjóti og torfi, 1,5 m á þykkt. Húsið snýr í NV og er inngangur



þeim megin. A því gengur steypur veggur inn úr norðurveggnum, um 1 m á lengd. Á veggjum hvíla sjö þaksperrur og er á húsinu bárujárnsþak. Við hlið fjárhússins hefur staðið annað hús, svipað að stærð, en var búið að rífa þegar rústirnar voru skrásettar (Guðmundur Ólafsson). Á Túnakortinu má glögg sjá bæði þessi hús og er fjárhúsið ögn stærra. Segir kortið þau vera úr torfi og grjóti og með standþili. Bak við fjárhúsið og samfast því er svo hlaða sem snýr í NA-SV. Innanmál hennar er um 4 x 11 m. Vesturveggurinn sem snýr að fjárhúsinu er hlaðinn úr grjóti og torfi upp í 1-1,5 m hæð en þar ofan á byggt úr timbri upp í um 4 m hæð og klætt bárujárni að hluta. Austurveggurinn er hins vegar hlaðinn úr tilhöggnu ferhyrndu grjóti í um 3 m hæð og timbur þar fyrir ofan. Á suðurgafli hlöðunnar er inngangur, 3 m á breidd, og uppi á miðjum norðurgafli hlöðunnar er op, um 3 m á breidd og 2 m á hæð. Niðurgrafin innkeyrsla er að suðurgaflinum en hlaðið hefur verið upp að gatinu utan á norðurgafli. Borin hefur verið steypa á grjótið á austurlangvegg og gafli (Guðmundur Ólafsson). Þetta má bera saman við Túnakortið sem

sýnir hlaðna vegg á langhliðum hlöðunnar en standpíl fyrir göflum.

Aðrar upplýsingar

Skúli Norðdahl, faðir Gríms Norðdahl, hjó til allt grjótið í hlöðuna, sennilega skömmu eftir aldamót (Guðmundur Ólafsson). Í Fasteignabók 1938 segir við Úlfarsfell: „...hlaða 330 rúmm. þurrhey, 36 rúmm. vothey...“. Hætt var þó að nota hlöðuna undir hey þegar skráning hennar fór fram en ýmislegt geymt í henni, s.s. bárujárn, hurðir, timbur o.fl. (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Túnakort Úlfarsfells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfarsfell 123805-253-6 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Upp við heimreiðina N megin, í jaðrinum þar sem hún liggur inn í túnið, má á Túnakortinu frá 1916 sjá mannvirki. Utan túnsins í þessa sömu átt eru merkt inn grýtt börð.

Þetta virðist vera aflangt hús úr torfi og grjóti en gæti einnig verið ferhyrndur garður, hlaðinn úr sömu efnum. Sé þetta hús hefur verið standpíl á norðausturgaflinum. Inngangur er sunnan megin á norðausturveggnum, þar sem heimreiðin liggur inn í túnið.

Heimildaskrá

Túnakort Úlfarsfells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfarsfell 123805-253-7 Lambhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

NV bæjarhúsanna, í jaðrinum á túninu NV megin og melabörðum, sem skv. Túnakorti frá 1916 eru innan túngirðingar (sbr. nr. 8), er útihús. Hugsanlega er þetta lambakofi sem skráður var 1980 og staðsettur efst í túninu, um 100 m NNV af íbúðarhúsinu á Úlfarsfelli og um 20 m suður af Úlfarsfelli III, þ.e. syðst á lóðarmörkum þess nýbýlis (Guðmundur Ólafsson).

Innanmál rústarinnar er skv. skrásetjara um 2 x 6 m. Veggir voru að hluta uppistandandi, 1,5 m á hæð, en höfðu hrunið inn í norðvesturhornið. Þótt skrásetjari tiltaki ekki byggingarefni þeirra má ráða af lýsingunni að þetta sé hús úr torfi og grjóti og er það sýnt sem slíkt á Túnakortinu. Erfitt var að greina þykkt veggjanna þar eð mold hafði verið ýtt úr túninu upp að kofanum utanverðum. Vesturveggurinn mældist þó um 1,5 m á þykkt. Þakið hafði hrunið inn í húsið og gerðist það að sögn Gunnars Norðdahls í kringum 1962. Það hefur verið bárujárnspak með torfi ofan á. Inngangur hefur verið á suðurgafli en hann hafði verið rifinn. Kofinn var til að sjá eins og dálítill sporöskjulaga höll, líkt og húsið hefði verið grafið ofan í hann (Guðmundur Ólafsson).

Húsið á Túnakortinu hefur stefnuna NNA-SSV en húsið sem skrásett var því sem næst N-S.

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Túnakort Úlfarsfells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfarsfell 123805-253-8 Túngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Af Túnakortinu frá 1916 má ráða að girt hafi verið alla leið umhverfis túnið með garði og girðingu. V og S megin sýnir kortið garð hlaðinn úr grjóti og torfi eða öðru hvoru. Meðfram honum að utan virðist auk þess vera girðing og nær hún kringum allt túnið. SV megin eru einnig innan girðingar nokkur hluti mýrar og stórgrýttur mói en NV megin svolítill melabörð. Girðingin hefur verið úr járn og tré, líklega með gaddavír á tréstólpum. Í Fasteignabók 1938 kemur fram að girt sé kringum túnið á Úlfarsfelli.

Heimildaskrá

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Túnakort Úlfarsfells í Mosfellssveit frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfarsfell 123805-253-9 Rauðablástur

Sérheiti: Rauðihnúkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: „Hæsti hnúkur upp af bæ heitir Rauðihnúkur og dregur nafn af járnla. Þar niður og vestur af, hæst uppi, eru tveir hnúkar. Sá eystri er nefndur Þverhlíð, en það mun ekki gamalt nafn“ (Ari Gíslason).


Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsfell*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Úlfarsfell 123805-253-10

Beitarhús, Heygarður

Tegund: Tóft 465



0m

12m

Staðhættir og lýsing

Um 400 m ofan og N vegarins við Fells múla, í grasi vaxinni dalkvos milli tveggja fjallshryggja, sá austari hærri og brattari, voru 1980 skráð beitarhús og heystæði (Guðmundur Ólafsson). Þetta má bera saman við beitarhús sem sagt er frá í Örnefnalýsingu 1967 og virðast vera á svipuðum slóðum: „Hæsti hnúkur upp af bæ heitir Rauðihnúkur og dregur nafn af járnla. Þar niður og V af, hæst uppi, eru tveir hnúkar. Sá eystri er nefndur Þverhlíð, en það mun ekki gamalt nafn. S í mounum voru beitarhús; vestan þeirra var Eyvindarsteinn...“ (Ari Gíslason).

Beitarhúsin eru 2 x 5 að innanmáli, veggirnir um 1,20 m á breidd og um 0,6 m á hæð. Inngangur er á suðvesturgafli, nær alveg hruninn en hefur trúlega verið um 1 m á breidd. Stefnan er NA-SV. Við utanverðan norðausturgafli er lítið heystæði um 2 x 3 m að innanmáli, hleðslurnar umhverfis það um 1 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Grímur Norðdahl kvað föður sinn hafa notað þessi beitarhús.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsfell*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsfell 123805-253-11 Álagablettur

Sérheiti: Eyvindarsteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu 1967 og athugasemdum við hana segir: „Sunnar í mounum voru beitarhús; vestan þeirra var Eyvindarsteinn, gríðarmikill steinn. Sagt er, að undir honum hafi flakkari orðið úti... Um Eyvindarstein var sagt að ekki mætti hreyfa hann. Átti þá bezti gripur að drepast. Steinninn var síðan sprengdur, en ekkert gerðist þó markvert af því“ (Ari Gíslason).

Eitthvað mun enn vera eftir af honum. Grímur Norðdahl hafði aldrei heyrt Eyvindarstein nefndan annað en Jörundarstein (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsfell*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsfell 123805-253-12

Refabogi, Refagildra

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Um 600 m ofan og N við veginn hjá Fells múla, á grýttum fjallshrygg ofarlega og sunnan megin á Úlfarsfelli, eru leifar refagildru. Þetta er í u.þ.b. 215 m hæð yfir sjávarmáli.

Gildran hefur verið hlaðin úr grjóti og legið í krókóttum göngum. Hún hefur af

verksummerkjum að dæma hugsanlega verið um 2 x 5 m í þvermál. Næstum ekkert var þó eftir af henni við fornleifaskráningu 1980 og munu Bretar hafa eyðilaggt hana við heræfingar í kringum 1940 (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsfell 123805-253-13 Óþekkt

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

Um 400 m V frá fjarskiptastöðinni Skyggni er lágur kletthóll, vaxinn grasi að ofan og með fuglapúfu fremst, en annars hálfuppblásinn. Umhverfis hann er aflíðandi mosa-gróin brekka. Ofarlega í hólnum austanverðum eru nokkrir steinar sem að mati skrásetjara 1980 gætu verið úr vegghleðslu (Guðmundur Ólafsson).

Þar eð steinarnir voru hið eina sem benti til að þarna væri mannvirki er útlit þess óljóst og segir skrásetjari: „Hafi hún verið ferhyrnd, áætla ég að utanmál hennar hafi verið um 3 x 8 m, en um það er mjög erfitt að dæma“ (Guðmundur Ólafsson). Að austanverðu er brött hlið á hólnum, um 1 m á hæð, en til vesturs hallar honum aflíðandi niður á við. „Að norðan er nokkur halli niður að lækjarfarvegi sem kemur úr Úlfarsfelli“ (Guðmundur Ólafsson). Skrásetjari giskaði á að þetta væru leifar fjárhúskofa en benti einnig á ferðir Breta á þessum slóðum á stríðsárunum. Þetta gæti verið eitthvað frá þeim tíma eða hrein náttúrusmíð. Loks má geta þess að Bragi Stefánsson, áhugamaður um kuml og haugfé, benti 1980 á þennan hól sem líklegan fornmannahaug (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá


Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsfell 123805-253-14 Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

SA megin undir fjallshlið Úlfarsfells, N undir lágum kletthólum, er stekkur með kró. Þetta er nánar tiltekið um 350 m V fjar-



skiptastöðvarinnar Skyggni (Guðmundur Ólafsson).

Stekkurinn eru um 3 x 6 m að innanmáli, hlaðinn utan í einn klettinn sem myndar suðausturhlið hans. Veggir eru annars úr grjóti og torfi, um 0,8 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Norðausturgafllinn nær aðeins um 1 m til austurs, síðan tekur við 3ja m breitt op þar sem inngangurinn hefur verið. Svo virðist sem einnig hafi verið hlaðið grjóti ofan á klettinn suðaustan megin þar sem hann er lægstur en það hefur hrunið ofan í stekkin. Bak við eða SA við stekkin er kró, um 2 x 3,5 m að innanmáli, veggir um 1,5 m á breidd, 1 m á hæð og dragast mjög að sér og upp. Grjóthleðslur voru sýnilegar neðst að innanverðu við skráningu 1980. Inngangur er á norðurgafli króarinnar, í norðvesturhorni þar sem hún kemur saman við stekkarvegginn. Stekkurinn hefur stefnuna NNA-SSV en króin sem næst stefnuna N-S (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Grímur Norðdahl taldi þarna ef til vill hafa verið fjárhús áður (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsfell 123805-253-15 Smalakofi

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Á lágri melbungu um 50 m SV fjarskipta-stöðvarinnar Skyggnis, í landareign hennar, er græn þúst á blásnum mel og hleðslur (Guðmundur Ólafsson).

Um er að ræða ferningslaga grjótröð með rúnnuðum hornum, um 3,5 x 3,5 m í þvermál. Innan grjótferningsins er þústin um 0,4 m á hæð og 1 m í þvermál. Undir henni sýndist skrásetjara vera grjóthleðsla. Taldi hann steinaröðina umhverfis hafa myndað vegg. Fyrir miðju vestan megin vantar steina á um 1 m svæði og hefur þar trúlega verið inngangur (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Að sögn Gríms Norðdahls er þetta það sem eftir er af smalabyrgi sem hann reisti á árunum 1919-1920 en það var þaklaust. Minnti Grím að eldri hleðslur hefðu verið fyrir á staðnum þegar hann hlóð byrgið (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsfell 123805-253-16 Örnefni

Sérheiti: Uxalækur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu og athugasemdum við hana 1967 segir að Uxalækur renni af Uxamýri í Hafravatn en landamerki Úlfarsfells eru um Uxalækjarrófur um lækinn í vatnið (Ari Gíslason, Haraldur Norðdal).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsfell*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Haraldur Norðdal. *Athugasemdir við Örnefnalýsingu Úlfarsfells*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Úlfarsfell 123805-253-17 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Landamerkjaskrá Úlfarsfells frá 1889 segir að mörk jarðarinnar liggi gagnvart Reynisvatni „...úr Skógarvaði eptir ánni í flúðir efst í fossinum í Úlfmannsá...“ og áfram gagnvart Kálfakoti „...efst úr fossaflúðinni... ..beina línú milli frammyrar og

flóans í Vörðu á Mýrdalshæð og beina línú úr vörðunni...“ í þúfu á Stóra Hnúk (um nánari landamerkjalyfsingu vísast til kaflans: Náttúrufar og jarðarbætur í jarðarskjali) (Landamerkjabók).

Heimildaskrá


Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Úlfarsfell 123805-253-18 Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 700 m SA af Úlfarsfelli, 400 m Vaf Hafravatni og um 120 m N af Úlfarsá er tóft sem var skoðuð og skráð árið 1980. Þetta er í mýrlendu smáþýfðu beitolandi með lágum aflíðandi halla til suðurs (Guðmundur Ólafsson). Þetta má bera saman við Örnefnalýsingu 1967: „Austur af holtunum er efsta mýrin nefnd Kringlumýri. Mýri austarlega við ána heitir Stekkjarmýri. Þar er Stekkur. Stóra mýrin við vatnið er nefnd Vatnsmýri“ (Ari Gíslason). Í athugasemdum við lýsinguna segir enn fremur: „Kringlumýri er austur af holtum þeim, sem eru fyrir austan bæ, og er hún í útnorðurhorni jarðar næst bæ. Stekkjarmýri er neðar og í miðið. Á milli hennar og Vatnsmýrar er að nokkru Vatnsmýrarholt“ (Haraldur Norðdal). Þetta virðist vera á svipuðum slóðum og tóftin fannst og staðhættir líkir en skrásetjari giskaði á að hún væri af stekki eða fjárhúsi (Guðmundur Ólafsson).



0m

12m



Tóftin er fremur ógreinileg en sjá má dálitla þúfnamyndun í mýrinni, um 0,2-0,4 m á hæð. Veggir hafa að mestu eyðst en sums staðar sjást undirstöðhleðslur úr grjóti. Líklega eru þetta leifar af einni stórrí tóft, um 4 x 7,5 m að innanmáli, með stefnu A-V. Ekki var hægt að sjá með vissu hvar inngangurinn hefur verið en þó helst á suðurhlið. Þar er lítill grjótveggur sem skiptir tóftinni í tvennt og virðast vera inngangar beggja vegna hans. Við norðurhlið tóftarinnar er lítil kró, um 2,5 x 3 að innanmáli, með inngang á vesturhliðinni, innst við norðurvegg stærra hólfsins. Undirstöður króarinnar eru greinilegar og röð steina sýnir innri veggjabrún (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsfell*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Haraldur Norðdal. *Athugasemdir við Örnefnalýsingu Úlfarsfells*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Úlfarsfell 123805-253-19 Þjóðsaga/Sögn

Sérheiti: Helgunef

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu 1967 segir: „Beint suður af bæ, þar sem áin skerst lengst norður, heitir Helgunef. Þar er talið, að stúlka hafi farið í ána“ (Ari Gíslason). Í athugasemdum við lýsinguna kemur auk þess fram að þetta gerðist á 19. öld og var stúlka, Helga að nafni, að fara yfir ána. „Við nefið er Helguhylur“ (Haraldur Norðdahl).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsfell*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Haraldur Norðdal. *Athugasemdir við Örnefnalýsingu Úlfarsfells*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Úlfarsfell 123805-253-20 Stífla

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Magnús Blöndal gerði áveitustíflu í Úlfarsá“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsá og Lambhagi*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Úlfarsfell 123805-253-21 Hjáleiga

Tegund: Bæjarhóll 465

Staðhættir og lýsing

Í grasi vöxnum hólum NA í túninu á Fells múla eru hugsanlega húsarústir. Þetta er nánar tiltekið um 200 m A við húsin á Fells múla og um 70 m neðan við veginn, í landareign Fells múla en áður Úlfarsfells (Guðmundur Ólafsson).

Um er að ræða tvo flata hóla, um 10-15 m í þvermál og 0,5-1 m á hæð. Þarna á að hafa verið lítið kot, e.t.v. hjáleiga frá Úlfarsfelli, og var búið þar allt fram undir aldamót. Jafnað hefur verið yfir rústir kotsins en virðist þó móta fyrir þeim í hólunum og umhverfis þá heitir Kottún. Jörðin tilheyrði áður Úlfarsfelli og var í vesturhluta jarðarinnar „...upp að vegi og þvert niður mýrina“. Þessi hluti jarðarinnar var seldur og þar gert nýbýlið Fells múli (Ari Gíslason, Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Úlfarsfell*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsfell 123805-253-22

Fjársborg/Fjánhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Í smáþýfðum mosavöxnum malaröldum, um 600 m S af veginum frá bænum að Fells múla og um 80 m N frá Úlfarsá, er fjársborg. Malaröldurnar eru að mestu grónar umhverfis hana en uppblásnar fjær. Þetta er í landareign Fells múla, áður Úlfarsfells (Guðmundur Ólafsson).

Um er að ræða hringlaga hól, um 1,5 m á hæð með lágri hvilft í miðjunni, um 0,2-0,4 m djúpri. Ytri veggjabrún er sem næst hringlaga, um 7-8 m í þvermál, en innri veggjabrún ekki eins greinileg. Grjóthleðslur A megin benda til bogadreginna veggja en annars staðar sýndist innri veggjabrún vera bein. Svo er að sjá sem ofan í hólnum miðjum hafi staðið ferhyrnd bygging, 3 x 6 m að innanmáli, með stefnu í NA-SV og hefur verið inngangur á suðvesturgafli. Suðurhlutinn er þakinn grjóti á svæði sem er um 2 x 3 að flatarmáli. NA af því þrengist

Varmá 181169-235

Saga

Fyrstu heimildir um Varmá eru frá 14. öld og er þar getið kirkju að Varmá en hún lagðist af skömmu fyrir 1600 (sbr. Sveinbjörn Rafnsson). Varmár er getið í Fógetareikningum 1547-1552 og er þá konungseign (Dipl. Isl. XII).

Varmá var þingstaður og er þess fyrst getið árið 1505 (Dipl. Isl. VII, bls. 801). Árið 1704 voru ábúendur tveir, eigandi er konungur (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 315). Konungseign einnig árið 1847. Ábúendur þá tveir (J. Johnsen, bls. 95).

Skv. heimild frá 1938 var Varmá lögð undir Lágafell um 1900 (Björn Bjarnason, bls. 108). Varmá var án ábúðar árin 1922-1932 og hefur verið það síðan (sbr. Fasteignabækur). Þar er nú mikil húsaþyrping.

Náttúrufar og jarðabætur

Lýsing á landamerkjum:


"1. Á suðursíðuna milli Varmár og Reykjavhverfis: Úr Markarlæksfossi við ána Varmá ræður lækurinn upp að næsta krók á honum, og þaðan eptir beinni stefnu á Stórahnjúk allt að Lágafellslandi eptir svokallaðri Markakeldu.

2. Á vestursíðunni frá Markakeldu um Svartaklett og syðri Urðarþúfu, þaðan í stærstu steinana á svokölluðu Markholti og þaðan í beina línu í lækjarfarveg niður við sjó, þaðan ræður sjórinn merkjum að Hestaþingshól.

3. Á norður og suðursíðuna, frá nefndum Hestaþingshól, ræður áin Varmá merkjum milli Leirvogstungu og Helgafells alla leið upp að fyrstnefndum Markalæksfossi" (Landamerkjabók).

Aðrar upplýsingar

Álafoss er húsahverfi eða smáporp við Vesturlandsveg. Húsaþyrping þessi hefur myndast umhverfis klæðaverksmiðju, sem starfrækt hefur verið síðustu áratugin. Þar var sundlaug um skeið og einnig íþróttaskóli, en sundlaugin var flutt og skólinn er hættur störfum (Þorsteinn Jósefsson, bls. 10).



rústin örlítið. Ef til vill hefur fjárhús verið byggt þarna ofan í fjárborgina. Rétt SV undir hólnum er ferhyrndur sléttur flötur í þúfunum, 5 x 6 m á stærð, yfirborðið um 20 sm lægra en yfirborð umhverfisins (Guðmundur Ólafsson).

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Úlfarsfell 123805-253-23 Braggi

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðhættir og lýsing

Við NV enda Hafravatns, inni á og á milli sumarbústaðalóða. Fjölmargir grunnar bragga frá stríðsárunum eru þarna dreifðir um stórt svæði.

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Við samanburð Fasteignabóka áráanna 1922 og 1932 má sjá að Álafoss var stofnað á því tímabili. Eigandi árið 1979 er Álafoss hf. (sbr. Jarðaskrár). Nýbýlið Brúarland var stofnað á árabílinu 1932-1938. Það fór í eyði á árunum 1938-1957 (sbr. Fasteignabækur). Upplýsingar um jörðina árið 1938 skv. Fasteignabók: Steinhús. Tún algirt. Ekki getið um hlöðu. Áhöfn: 3 nautgr., sauðfé 25, hross 2. Uppsk. garðávaxta 25 tunnur. Húsið stendur enn (1980) og er í notkun.

Heimildir

- Björn Bjarnason. Kjósarsýsla. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 3. Reykjavík 1938.
- Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.
- Fasteignabók*. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921.
- Fasteignabók*. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík 1932.
- Fasteignabók*. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.
- Jarðaskrár 1958-1979*. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öpentuð.
- J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með braudalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.
- Landamerkjabók* í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1889.
- Sveinbjörn Rafnsson. *Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá*. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1970. Reykjavík 1970.
- Þorsteinn Jósepson. *Landið þitt. Saga og sérkenni nær 2000 einstakra bæja og staða*. Reykjavík 1966.

Fornleifaskrá – Varmá

Varmá 181169-235-1 Bústaður

Sérheiti: Varmá

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing


„Vestan við ána /Varmá/ er Brúarland, skólahús Mosfellinga, rétt við veginn, en bærinn Varmá, hinn forni þingstaður sveitarinnar, stóð á hól þar litlu neðar“ (Árbók Ferðafélags Íslands, bls. 71).

„Norðan við land jarðarinnar er innsti hluti af Leiruvogi, sem hér hefur skipt sér, en bærinn stóð austan í móti, í brekku, sem hallaði niður að ánni, en hún heitir Varmá. Af þeirri á dró bærinn nafn sitt“ (Ari Gíslason).

Rústasvæðið er um 40-50 m SA og A gagnfræðaskólans, þó ekki sunnar en íþróttahúsið. Túnbrekka myndar lítinn hvamm eða kvos norðan við Varmá. Á miðju svæðinu er grasgarður og/eða kálgarður. Er garður þessi afgirtur (Ágúst Ó. Georgsson).

Hér er um að ræða rústir bæjarins að Varmá. Þær standa þar á lágum hól. Þar má sjá þrjár mjög greinilegar rústir á honum vestanverðum. Á austurhluta hólsins mótur fyrir nokkrum tóftum. Loks er svo garður um 4-5 m vestan bæjarhlaðsins en dyr snúa íV. SA og A bæjarhólsins rennur Varmá í um 30-40 m fjarlægð. Skal rústunum nú lýst stuttlega:

I) Garður, líklega kartöflugarður, um 5-6 x 18 m að innanmáli. Veggir eru úr torfi. Þykkt um 1-1,5 m, hæð um 1 m. Nyrsti



hlutinn sýnist niðurgrafinn. Eystri brún garðsins myndar jafnframt kant bæjarhlaðsins. Skál ekki sagt um hvort það hefur verið hellulagt.

II) Hús, um 4 x 7 m að innanmáli. Dyr á miðjum vesturgafli. Þær snúa fram á áður-nefnt hlað og garðinn. Hæð veggja er um 0,6 m, þykkt um 1,5 m.

III) Hús, um 3 x 5 m að innanmáli. Dyr eru á miðjum vesturgafli. Leiðir um 2,5 m langur gangur inn í húsið. Hæð veggja (mest) er um 1,6 m, þykkt um 1,5 m.

II og III eru sambyggð. Austan við (aftan við) hafa verið fleiri hús en eru nú fallin saman svo um lögun er ekki hægt að segja. Greina má útlínur þessara sambyggðu húsa sem þarna hafa verið (þ.e. ytri mörk húsanna sem hafa myndað bæinn).

IV) Um 4-5 m neðar á hólnum (sunnar), í brekkunni, stendur lítið hús. Stærð þess er um 3 x 3 m að innanmáli. Dyr eru við suðurgafli og snúa í V á móti garðinum (I). Veggir eru um 0,6 m háir og um 1,5 m breiðir. Hellulögn er fyrir framan dyrnar. Stór grjóthrúga, sem nær fram að dyrunum, er upp við vesturvegginn. Líklega hefur verið hellulögn meðfram vesturvegg, þ.e. undir grjóthrúgunni, frekar en að kofi hafi verið hafi verið þar framan við. Grjótinu hefur verið hent þangað við annað tækifæri.

V-VII eru aftan við, þ.e. austan við I-II. Þar er um tóftir að ræða en allar eru þær mjög ógreinilegar samanborið við I-III.

V) Ógreinileg tóft, um 5 x 7 m á stærð. Veggir eru ávalir, hæð um 0,4 m, breidd líklega 1,5 m, e.t.v. meiri.

VI) Ógreinileg tóft um 3 x 5 m að innanmáli. Ávalir veggir, ca. 0,4 m á hæð, en breidd um 1,5 m.

VII) Tóft, mjög skýr og greinileg. Stærð um 4 x 6 m að innanmáli. Veggjahæð um 0,5 m, þykkt veggja um 1-1,5 m.

VIII) Hér er e.t.v. um einhverja tóft að ræða. Mótar mjög ógreinilega fyrir henni. Stærð er um 2 x 2 m að innanmáli.

Um 2 m vestan við garðinn (I) er lágur hóll. E.t.v. er um rústahól að ræða. Stærð hans er um 6 x 10 m og er hann sem næst því sporöskjulagaður (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Varmá brann um 1930. Eftir það hefur þar ekki verið búið. Vatnshrútur dældi vatni upp í bæjarrústirnar þar til fyrir nokkrum árum (Haukur Nielsson).

Hættumat: Lítil hætt

Hættuorsök: Nýbygging

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Varmá*. Örnefnastofnun Íslands.

Árbók Ferðafélags Íslands 1936. Reykjavík.

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns.

Munnlegar heimildir:

Haukur Nielsson, Helgafelli.

Varmá 181169-235-2 Fjánhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Suður frá Varmártúni er Stöðull og þar ofar húshóll“ (Guðlaugur R. Guðmundsson, bls. 9).

„Fjánhúsin stóðu við Húshól“ (Guðlaugur R. Guðmundsson, bls. 11).

Heimildaskrá

Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Varmár*. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Varmá 181169-235-3 Kirkja

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Árin 1968 og 1969 fór fram fornleifauppgröftur að Varmá. Elsta tóftin, sem kom fram við uppgröftinn, var af lítilli kirkja úr kaþólsku. Þar var líklega vallgróin tóft 1721 en skömmu síðar er reist smíðja á staðnum. Á níttjándu öld virðist hún fallin og er litlum kofa þá fundinn staður í tóftinni. Af rituðum heimildum er vitað um kirkju að Varmá á 14. öld. Messuhaldi er hætt þar á árunum 1554-1584. Að öðru leyti vísast til greinar Sveinbjarnar Rafnssonar „Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá“.

Skv. ábendingu Hauks Nielssonar, bónda að Helgafelli, á kirkjan að hafa staðið um 5-7 m V-við bæinn (sjá nr. 1, rúst I). Borið saman við mynd þá, sem birt er í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1970, bls. 32, virðist staðsetning Hauks nokkurn veginn rétt. Við byggingu skólans, sem er þarna vestan við, hefur verið ýtt fram mikilli mól og mold, þannig að nú er allhár bakki vestan við rústirnar. Líklega er kirkjan öll

eða að hluta komin undir þennan bakka (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns.

Sveinbjörn Rafnsson. *Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1970*. Reykjavík.

Varmá 181169-235-4 Landamerki

Sérheiti: Markasteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Merkin á móti Lágafelli eru frá lækjarfarvegi við sjó, þaðan í A í Markastein og um Markakeldu. Markasteinn er á Markholti. Hin fornu merki móti Stekkjarholti voru um Markafoss (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Varmá*. Örnefnastofnun Íslands.

Varmá 181169-235-5 Stekkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Ef við höldum svo áfram upp með Varmá, er þar svonefnd Stekkjarflöt og Hringur, þar sem nú er verksmiðjan Álafoss. Upp af Stekkjarflöt var nefnt Urðir og milli Stekkjarflatar og Hrings kom lækur, sem hét Stekkjarlækur. Hann kom ofan úr Jarðföllum sem þarna ganga upp í melana“ (Ari Gíslason). „Stekkiarbelti hét klettabelti upp af Stekkjarflöt. Þar fyrir ofan eru jarðföll“ (Árni Jónsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Varmá*. Örnefnastofnun Íslands.

Árni Jónsson frá Varmá. *Athugasemdir við handrit Ara Gíslasonar*. Örnefnastofnun Íslands.

Varmá 181169-235-6 Stöðull

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Suður frá Varmártúni er Stöðull og þar ofar er Húshóll“ (Ari Gíslason).

„Búið er að slétta stöðul nú“ (Árni Jónsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Varmá*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Árni Jónsson frá Varmá. *Athugasemdir við handrit Ara Gíslasonar*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Varmá 181169-235-7 Útihús

Sérheiti: Jónstættur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Jónstættur eru neðan við veg þar sem Hlégarður er nú. Þar hafði gamall maður hús sín en heyjaði á Jónsteig...“ (Ari Gíslason). Árni Jónsson, sem er frá Varmá, kveðst ekki þekkja Jónstættur.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Varmá*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Árni Jónsson frá Varmá. *Athugasemdir við handrit Ara Gíslasonar*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Varmá 181169-235-8 Þingstaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Varmárþings er fyrst getið í dómi, dags. 13. október árið 1505, sem er kveðinn upp að Varmá um víg Hans Efins (Dipl. Isl. VII, bls. 801). Aftur er þings að Varmá getið í sex manna dómi, sem kveðinn var upp þar. Er hann dagsettur 21. júní 1507 og segir þar m.a.: „aaþingstad riettum“ (Dipl. Isl. VIII, bls. 152).

Í Fógetareikningum 1552 og 1553 er Varmárþing nefnt (Dipl. Isl. XII, bls. 418 og 591).

Þingstaður var enn talinn að Varmá árið 1746. (Sýslulýsingar 1744-1749, bls. 107).

Heimildaskrá

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Sýslulýsingar 1744-1749. Kjósarsýsla. *Sögurit XXVIII*. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1957.

Varmá 181169-235-9 Tóftir

Sérheiti: Hestaþingshóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Merkin móti Lágfelli eru frá Lækjarfarvegi við sjó... Ef við höldum með sjó inn, þá er þar tangi fram í sjóinn og voginn. Þar eru tveir hólar. Heitir sá neðri Skipshóll, en sá, sem er ofar, er með þúfu á, og heitir hann Hestaþingshóll. Bendir nafn hans á forn hestaöt þarna niður við sjóinn. Hóll þessi er á tanganum, og ef vel er að gáð virðist þarna vera um gamalt mannvirki að gera“ (Ari Gíslason). „Farið er út með Varmá að Skipshól ekki inn með. Skipshóll er ofar, Hestaþingshóll neðar“ (Árni Jónsson).

Í Leiruvog varð snemma mikill siglingastaður. Í Íslendingasögum er margsinnig getið um skipakomur í Leiruvog fyrir neðan heiði (Landnáma, Egilssaga, Gunnlaugs-saga ormstungu, Hallfreðarsaga, Kjalnesingasaga Flóamannasaga).

Í Lýsingu Mosfells- og Gufunessókna 1855 segir svo: „Lendingar eru hér víðast góðar, því vogar þeir, er áður eru nefndir, skerast langt inn, svo að brimsjóir af hafi ganga sjaldan inn í þá, og eyjar þar, er einnig eru nefndar, eru til hlífðar við sjógangi. Í Þerney og Kollafirði eru góðar lendingar, sömu-leiðis í Viðey og Gufunesi. Í Leiruvogum eru sléttar leirur og útgrynni mikið, en ekki sker eða boðar“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 226).

Lágur grasi vaxinn hóll á suðurbakka Leirvogsár, skammt þar frá, sem Varmá og Leirvogsá mætast. Hóllinn er um 10 m S árbakkans og um 10-15 m N við austasta hesthúsið. Hóll þessi er ýmist kallaður Skipshóll eða Hestaþingshóll. Engar rústir sjáanlegar á eða við hólinn.

Mýrarsund eru A og V við. Haukur Niels-son, bóndi á Helgafelli segir, að hóll þessi heiti Hestaþingshóll. Telur hann þó líklegra, að réttnefni sé Skipshóll. Þar sé betra skipalægi en neðar við ána (þar sem hann segir að Skipshóll sé).

Sem sagt: Munnmæli þau sem Haukur hefur heyrt segja að Hestaþingshóll sé ofar við ána en Skipshóll neðar. Haukur, sem þælir í Íslendingasögum, vill hins vegar ætla Skipshól stað ofar við ána.

Syðsti hluti hólsins er nú skemmdur. Hefur verið grafið þar í hann. Sýnir sárið að hóllinn er úr mold.

Á Hestaþingshól kveðst Haukur hafa séð einhverjar hleðslur, úr torfi einungis. Var því líkast sem um einhverjar tóftir eða tóft væri að ræða.

Einar Björnsson, Litla-Landi, uppallinn í Norður-Gröf, Kjalarneshr. og f.v. bóndi á Skeggjastöðum og seinna í Laxnesi, segir hól þennan heita Skipshól. Byggingarefni í Álafossverksmiðjuna hafi verið skipað upp við Skipshól. Þó telur Einar örnefni þetta vera eldra en frá þessum tíma. Þarna var líka skipað út heyi, sem fór til Rvk. og var notað sem fóður fyrir hesta (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Varmá*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns.
Árni Jónsson frá Varmá. *Athugasemdir við handrit Ara Gíslasonar*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safni til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.

Munnlegar heimildir:

Haukur Niels-son, Helgafelli.

Varmá 181169-235-10 Mógröf

Sérheiti: Pálsgrafir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Uppi á hæðinni suður af Álafossi eru Pálsgrafir...“ (Ari Gíslason).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Varmá*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.

Varmá 181169-235-11 Uppsátur

Sérheiti: Skiphóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Merkin móti Lágfelli eru frá Lækjafarveg við sjó... Ef við höldum með sjó inn, þá er þar tangi fram í sjóinn og voginn. Þar eru tveir hólur. Heitir sá neðri Skipshóll...“ (Ari Gíslason).

„Farið er út með Varmá að Skiphól ekki inn með. Skiphóll er ofar, Hestaþingshóll neðar“ (Árni Jónsson).

Svo segir Kålund 1877: „Nord for Guvenæs skærer sig Lervågene (Leiruvogur) eller som i oldskrifterne udtrykke sig Lervågen (Leiruvágr) sig ind i landet; nu bruges ordet sædvanlig i flt, på grund af den huk Skibshol, som adskiller dem“ (bls. 45).

Hóll þessi er nú skemmdur. Hefur verið lagður vegur fram að hólnum og slétt plan gert á honum. Því er ekki lengur um neinn hól að ræða. Svæðið, sem hóllinn er á, er friðlýst af Náttúruverndarráði og er það afgirt. Fágætar plöntur vaxa þarna, skv. frásögn Hauks Niels-sonar, Helgafelli.

Einar Björnsson, Litla-Landi, sem fæddur er og uppallinn á Norður-Gröf, Kjalarneshreppi, segir að hóll þessi heiti Hestaþingshóll (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ari Gíslason. *Varmá*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns.

Árni Jónsson frá Varmá. *Athugasemdir við handrit Ara Gíslasonar*. Órnefnastofnun Íslands. ópr.
Kålund, Kristian. *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island*. I. Syd- og Vest-fjærdingerne. Kjøbenhavn 1877.

Varmá 181169-235-12 Tóft

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Um 300 m V við sjúkrahúsið á Reykjalandi (þ.e. stóra húsið sem er syðst), V við ána (Varmá).

Grasi vaxin brekka, líklega gamalt tún, á norðurbarmi gilskornings nokkurs (Ágúst Ó. Georgsson).

Tóft, ferhyrnd, um 2 x 4 m að innanmáli. Líklega er einhver önnur tóft aftan við (NV-við). E.t.v. eru einhverjar fleiri tóftir þarna, þótt þess sjái varla merki. Á fyrstnefndu tóftinni er ekki hægt að greina veggja að utan. Virðist fremur sem hún sé lítið eitt niðurgrafin. Dýptin er um 0,5 m. Ekki er unnt að segja til um hvers konar rústir er hér að ræða, nema að það er að öllum líkindum húsarúst eða rústir. Tóftin liggur í NV-SA. Er hún óglögg og gróin, e.t.v. hefur verið ýtt við henni. Upp með öllu gilinu eru skógarreitir og íbúðarhús. Hafi rústir verið á fleiri stöðum við gilið, þá eru þær nú farnar, ýmist undir skóg, tún (lóðir) eða hús (Ágúst Ó. Georgsson).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit* 1980. Skráningarbækur Þjóðminjasafns.

Þormóðsdalur 123813-254

Saga

Fyrsta heimild um Þormóðsdal er máldagi Mariukirkju í Viðey frá 1234. Segir þar svo: „Magnvs Gvðmvdarson gaf til staðar selför j Þormóðsdal enn efra. oc alls fiar beit bæði vetr oc svmar“ (Dipl. Isl. I, bls. 507). Næst er Þormóðsdals getið í máldagabroti Viðeyjarklausturs frá 1284: „Stadur j videy aa ok selfor j þormodz dal hinn efra“ (Dipl. Isl. II, bls. 247). Í leigumálaskrá jarða Viðeyjarklausturs árið 1313 stendur eftirfarandi: „J þormodz dal iij merkur ok xij hrossa beit“ (Dipl. Isl. II, bls. 377). Á sextándu öld kemst Þormóðsdalur, ásamt fleiri jörðum, í eigu konungs og bera Fógetareikningar 1547-1552 því vitni. Þar er ýmist talað um „Thormóndsdall“ eða „Thomondsall“ (Dipl. Isl. XII). Árið 1704 er Þormóðsdalur enn konungsjörð. Ábúendur eru tveir (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 309-310). Þormóðsdalur er líka konungsjörð árið 1847 og er ábúandi þá einn (J. Johnsen, bls. 96). Eigandi 1979 er Ríkissjóður, Rannsóknarstöð landbúnaðarins í Keldnaholti (Jarðaskrár).

Náttúrufar og jarðabætur

„Landamerki Þormóðsdals eru samkvæmt Landamerkjabók:

1. Gagnvart afrjettarlandi Mosfells-hrepps:

Frá vörðu uppi á Hjálmi (hárrí móbergsbungu á suðurbrún Grímarsfells) bein lína um stóra fuglaþúfu (merkjaþúfu) neðst á norðurbarmi gljúfursins (við Seljadalsá) í ána miðja (í botni Neðra-Seljadals).

2. Gagnvart Miðdal:

Seljadalsáin (frá línu 1.) niður að Óskotslandi, náttúrleg lína.

3. Gagnvart Óskoti:

a) Frá Miðdalslandi (línu 2.) Seljadalsáin til óss við Hafravatn er svo miðast: Bláfjalla (vestur)-endinn nemur við árhamarinn og Ulfarsfellsbæinn sjer á norður undan Óskotsholtinu (þar er árósin nú).

b) þaðan bein lína norður eftir Hafravatni í þríhorn mark (í vatninu) milli Óskots, Ulfarsfells og Þormóðsdals, á línu sem

dregin er austur yfir vatnið (merki milli Óskots og Úlfarsfells í vatninu) frá vatnsós stefnu á hlíðarhorn.

4. Gagnvart Úlfarsfelli:

Frá nefndu þríhorni (í vatninu, lína 3.b) beint á Reykjahvolslandi á Uxamýrarrófum. Á þeim hluta þessarar línu, sem yfir land liggur eru stórir steinar tveir (í línunni) er saman ber merktir...

5. Gagnvart Reykjahvoli:

a) Frá hornmarkinu á Uxamýrarrófum beint í fuglastefnuna á Lala (sem er klettur sunnan Borgardalsmynnis).

b) frá nefndri Lala-þúfu, bein lína í Grettistak suðaustan á Þverfelli.

6. Gagnvart Reykjum:

Frá Grettistaki bein lína (um suðurenda Bjarnarvatns) í hornmarksvörðu (milli Reykja og Helgadal) á Torfdalshrygg austanverðum.

7. Gagnvart Helgadal:

a) Frá nefndri vörðu á Torfdalshrygg (á stórum flötum steini) beint í vörðu er ber við loft uppi á útsuðurhorni Grímarsfells.

b) þaðan beint í vörðuna uppi á Hjálmi“.

Heimildir

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Öprentuð.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með braudalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálábók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fornleifaskrá - Þormóðsdalur

Þormóðsdalur 123813-254-1 Fjárrétt

Sérheiti: Hafravatnsrétt

Tegund: Rétt 465

Staðhættir og lýsing

Um Hafravatnsrétt segir heimild frá 1936: „Brött hlíð gengur út að Hafravatni norðaustanverðu, er Hafrahlíð heitir. Við suð-

austurendann á hlíðinni stendur skilarétt Mosfellinga, Hafravatnsrétt“ (Árbók Ferðafélags Íslands, bls. 68).

55 m austur af vatni (Hafravatni) og við veg. Grasi gróið flatlendi.

Í heimild frá 1938 segir svo: „Almenningsréttir hafa Mosfellingar og Seltirningar sameiginlegar. Þær voru fram á ofanverða næstliðna öld uppi í Seljadal, sunnan undir Kambfelli, og þá nefndar Kambsréttir [sjá nr. 10]. Þá voru þær fluttar í Árnakrök (Árnakróksréttir), en eftir nokkur ár enn fluttar, þangað sem nú eru að Hafravatni (Hafravatnsréttir) í landi Þormóðsdals“ (Björn Bjarnason, bls. 106).

Rétt, hringlaga ca. 40 m í þvermál. Veggir úr grjóti, 1,0-1,5 m breiðir og 0,5-1,2 m háir úr 0,1-0,7 m stórum steinum (aðallega 0,3-0,5 m. í þvermál). Réttin samanstendur af þremur hölfum, einu sporöskjulaga fyrir miðju, 13 x 20 m á stærð ANA), einu litlu hólfi í suðvestur enda, 5 x 9,5 m á stærð (snýr í N-S). Stærsta hólfinu er skipt niður með trégirðingu í tíu hól af svipaðri stærð og minnsta hólfið. Fyrir utan grjóthleðsluna eru átta hól úr timburgirðingu, hvar eitt er laskað (Bjarni F. Einarsson).

Allt timbur er nú horfið úr réttinni og greinilegt er að mikið grjót hefur einnig verið fjarlægð. Nokkuð er af sumarbústöðum í nágrenninu og virðist sem eitthvað af grjótinu úr veggjunum hafi verið notað til að laga umhverfi sumarbústaðanna. Einn veggur hefur verið hlaðinn upp á nýtt, þó án samráðs við minjavörsluna.

Aðrar upplýsingar

Hafravatnsrétt var friðlýst að beiðni bæjarstjóra Mosfellsbæjar samkvæmt bréfi dagsettu 30. maí 1988. Á friðlýsingarskjali segir: Hafravatnsrétt, hin gamla skilarétt við austurenda Hafravatns. Skjal undirritað 14.07.1988. Þinglýst 20.07.1988 (Skrá, 1990).

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verklegr framkvæmdir

Munnmæli

Tók við af Kambsrétt sökum deilna Ölfyssinga og Mosfellinga um eignarétt undanvillinga.

Heimildaskrá

Árbók Ferðafélags Íslands 1936. Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellsveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs*. Safn til sögu þess II. 3. Reykjavík 1938. *Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990.

Pormóðsdalur 123813-254-2

Álagablettur, Kuml

Sérheiti: Pormóðsleiði

Tegund: Álagablettur 465

Staðhættir og lýsing

Í Fornleifaskýrslu Markúsar Sigurðssonar frá 1817 segir:

„Pormóðsleide nefniz austr á Fialle í Seljadal: Það er ogso Holl, edr, Móatánge, sem tveir Lækjer skéra af þegar koma saman, í eitt, enn hvort sá annar hefr sundsskorid Tangann frá Móanum ad ofanverdu, edr Menn hafa það grafid, og mokad upp ad Hólnum, verdr ecke víst sagt, því jardlægid og hædinn á Hólnum er sama og umhverfis Lækina; það hædsta Hólsins er circa 24. enn telje Menn med það lægra og blásna austan af honum, verdr hann ad Leingd um 40 al og 7. á breidd“ (Sveinbjörn Rafnsson, bls. 258).

Magnús Grímsson hefur eftirfarandi að segja um Pormóðsleiði: „Pormóðsleiði ... stendr í Seljadalnum sunnan undir Grímmannsfelli. Í því á að liggja Pormóðr, sá er Pormóðsdalr er kenndr við“ (bls. 273).

Örnefnalýsing Pormóðsdals segir um Pormóðsleiði: „Í túninu í Pormóðsdal, skammt sunnan við bæinn, er talið, að Pormóður, sem bærinn dregur nafn sitt af sé grafinn. Er þar enn að sjá upphlaðið leiði. Hefur því verið haldið við svo lengi sem ég man eftir. Eru ámæli á leiði þessu, að sé það slegið, eiga að farast 3 stórgripir. Leiðið var slegið með vilja og vitund einu sinni í minni tíð; fórust þá á árinu 3 stórgripir á hryllilegan hátt“ (Tryggvi Einarsson).

50 m SSV af íbúðarhúsi, undir veg. Í bæjartúni. Bletturinn alveg kominn undir veg og engin merki um þúst sjást (efnið í veginn borið í hann og rutt út) (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.


Sveinbjörn Rafnsson. „Fornleifaskýrsla séra Mark-

úsar Sigurðssonar á Mosfelli, dags. 1. ágúst 1817“. *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Reykjavík 1980.

Tryggvi Einarsson. *Pormóðsdalur*. Örnefnastofnun Íslands 1977.

Pormóðsdalur 123813-254-3 Sauðahús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

„Árneslækur kemur úr Sukkum og rennur í Seljadalsá. Upp með Árneslæk að vestan var sauðahús Pormóðsdals. Sést þar vel fyrir tóftum“ (Tryggvi Einarsson).

60 m SA af læk, beint undir rafmagnslínu. Neðarlega í holti.

Tóftin er 11 x 16 m og snýr í NV-SA. Veggirnir eru úr torfi og grjóti, 1-2 m breiðir og 0,2-1 m háir. Í suðausturhorni eru tvö hólf, 2 x 3 m og 2,5 x 3 m. Veggirnir eru 1,0-1,3 m breiðir og 0,3-1 m háir. Í hólfinu við hornið (A) er garðlag greinilegt (í útvegg) og vottar fyrir streng ofan á. Dyr eru í SV. Í B eru dyr í NV. Í norðvesturhluta er 0,2 m hár og 1,3 m breiður veggur sem gengur þvert á rústina. Dyr ekki sjáanlegar. Í SV horni sauðahússins eru dyr á langvegg. Tóftin og nánasta umhverfi er grasi gróin (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hætta



Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Tryggvi Einarsson. *Pormóðsdalur*. Örnefnastofnun Íslands 1977.

Pormóðsdalur 123813-254-4 Sel

Sérheiti: Nærsetl

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

„Frá Árnesi, upp með Seljadalsá að norðan er allöng vallendismóaspilda. Þar mótar fyrir seltóftum; var það nefnt Nærsetl“ (Tryggvi Einarsson).

70 m NV af Seljadalsá. Neðarlega í hlíð. Þýfi.

Tóftin er 7 x 7,5 m og liggur í NA-SV. Veggir eru úr torfi 1,0-1,3 m breiðir og 0,1-0,4 m háir. Tóftin samanstendur af 2-3 hölfum. Hólf A er 4,5 x 7 m og liggur í NV-SA. Veggirnir eru 1,3 m breiðir og 0,3-0,4 m háir. Dyr eru í NV langvegg. Hólf B er 3,5 x

3,5 m og áfast A. Veggirnir eru 1,0-1,3 m breiðir og 0,1-0,4 m háir. Suðvesturhlíð er mjög ógreinileg. Dyr í NV. Hólf C er 3 x 3,5 m og liggur í NA-SV. Veggirnir eru ca 1,0 m breiðir og 0,1 m háir, mjög ógreinilegir og vantar alveg í NV.

Átta m í SA af NA horni selsins er tóft, nánast hringlaga, 5 m í þvermál. Veggir eru úr torfi, 1,4 m breiðir og 0,3-0,4 m háir. Hugsanlega eru dyr í V. Selið, tóftin og umhverfið grasi gróið (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Tryggvi Einarsson. *Pormóðsdalur*. Örnefnastofnun Íslands 1977.

Pormóðsdalur 123813-254-5 Sel



Sérheiti: Nessel

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls átti Nes á Seltjarnarnesi selstöðu í Seljadal: „Selstaða er jörðinni eignuð þar sem heitir Nessel í Seljadal undir Grímafelli, og hefur um lánga stund ekki brúkuð verið“ (bls. 239).

Í Lýsingu Mosfells- og Gufunessókna segir svo um Seljadal: „Seljadalur er og



dalur óbyggður, sunnan undir Grímansfelli, liggur frá vestri til austurs, milli Grímansfells að norðan og Seljadalsbrúna svonefndra að sunnan... Þar eru seltóftir gamlar, sem fyrrum verið hafa af Seltjarnarnesi. Þar heitir enn Nessel. - Aths. höf.“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 223).

„Skammt fyrir austan Kambsrétt er árspræna, sem rennur niður í Seljadalsá; heitir hún Nesselsá. Upptök Nesselsár eru í sérkennilega fallegum krika undir suðvesturhorni Grímmansfells. Heitir sá krika Nessel, talið sel frá Gufunesi; sést þar vel fyrir seltóftum“ (Tryggvi Einarsson).

Ekki mun þetta standast að sel frá Gufunesi hafi verið í Seljadal, sbr. Jarðabók Árna og Páls. Þar segir að jörðin hafi fyrrum átt selstöðu í Stardal. Kirkjunni er eignuð mánaðarþing við Sólheimatjarnir „...og nú er kallað Keldnasel, fyrir þá orsök að bóndinn í Gufunesi skal hafa fyrir mörgum árum ljeð ábúandanum á Keldum þetta ítak til selstöðu...“ (bls. 301).

Ca. 400 m NNV af rafmagnslínunum. Undir hól, innarlega í dalverpi.

Sel er 4 x 6 m að stærð og liggur í N-S. Veggir eru 0,5-1,0 m breiðir og 0,3-0,8 m háir. Við suðurenda þúst sem erfitt er að tengja við sjálft selið. Dyr ei sjáanlegar. Við austurhlíð selsins er stekkur 3 x 6,5 m að stærð, liggur einnig í N-S. Veggir hans eru 1,0-1,5 m. breiðir og 0,2-0,8 m. háir. Milli-veggur með dyrum skiptir rústinni þversum. Dyr í norðausturenda við langvegg. Ca. 10 m suður af selinu er lækjarþræna (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. *Sýslulýsingar og sóknalýsingar. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.


Tryggvi Einarsson. *Þormóðsdalur*. Örnefnastofnun Íslands 1977.

Þormóðsdalur 123813-254-6 Beitarhús

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Skammt SA við Hafravatnsrétt er Stekkjarás. V undir Stekkjarási er stekkur ásamt



beitarhúsum frá Þormóðsdal (Tryggvi Einarsson).

70 m SSV af rafmagnslínu. Vestan undir hól. Þýfi.

Tóft 9 x 23 m og liggur í NA-SV. Veggirnir eru úr torfi og grjóti 1-2 m breiðir og 0,3-1,3 m háir. Tóftin samanstendur af þremur hólfum. Hólf A er 4,5 x 6,5 m og liggur í NV-SA. Veggirnir eru 0,5-0,9 m háir og 1,0-1,5 m breiðir. Í NV- og SV-vegg, garðlag úr grjóti. Hólf B er 4,5 x 10 m og liggur í NA-SV. Veggirnir eru 0,3-0,5 m háir og 1,0-1m breiðir. Grjót sést í öllum veggjum, þó sérstaklega í göflum (garðlag úr grjóti). Hólf C er 7 x 7,5 m og liggur í NA-SV. Veggirnir eru 0,3-0,4 m háir og 10 m breiðir. Í suðvesturenda mótar ekki fyrir vegg. Garðlag úr grjóti í norðausturenda. Dyr sjást engar á tóftinni. Gólf eru niðurgrafin í B og C. Tóftin og svæðið umhverfis er grasi gróið (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Tryggvi Einarsson. *Þormóðsdalur*. Örnefnastofnun Íslands 1977.

Þormóðsdalur 123813-254-7 Mógröf

Sérheiti: Grafarmýri

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Norður af Reiðingsmýri er Grafarmýri; var þar mótak, frekar lélegt“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá

Tryggvi Einarsson. *Þormóðsdalur*. Örnefnastofnun Íslands 1977.

Þormóðsdalur 123813-254-8 Rista

Sérheiti: Reiðingsmýri

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Norðan við Sandhóla er mýri, sem Reiðingsmýri heitir, var þar nothæf reiðingsrista, en heytorf gott. Voru til menn, sem ristu allt að 300 torfur á dag“ (Tryggvi Einarsson).

Heimildaskrá


Tryggvi Einarsson. *Þormóðsdalur*. Örnefnastofnun Íslands 1977.

Þormóðsdalur 123813-254-9 Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

S við Hafravatnsrétt er klettahóll, Stekkjarhóll. Skammt þar A við er stekkjars. V undir Stekkjarás er stekkur ásamt beitar-



húsum frá Þormóðsdal. NA af Hafravatnsrétt er Stekkjargil (Tryggvi Einarsson). 70 m SSV af rafmagnslínu. Efst á hól, þýfi.

Tóftin er 8 x 13 m og liggur í NA-SV. Veggir eru úr torfi og grjóti 1,5-2,0 m breiðir og 0,2-0,5 m háir. Tóftin samanstendur af tveimur hólum: Hólf A er hringlaga og 8 m í þvermál. Dyr eru í SV og í NA inn í hólf B. Hólf B er nánast sporöskjulaga 4 x 5 m og liggur í NA-SV. Tóftin og svæði umhverfis grasi gróið (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Tryggvi Einarsson. *Þormóðsdalur*. Örnefnastofnun Íslands 1977.

Þormóðsdalur 123813-254-10

Rétt, Vegur

Sérheiti: Kambsrétt


Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

„Skammt fyrir norðan Hesthól er brattur hóll, sem Kambhóll heitir. Sunnan undir Kambhól er fjárrétt, er Kambsrétt heitir. Var hún notuð sem vorrétt. Við Kambsrétt er fallega gerður vegarspotti, sem var gerður fyrir konungskomuna 1874“ (Tryggvi Einarsson).

Heimild frá 1855 segir: „Réttir eru tvær, önnur í Mosfellssveit, norðanvert í Seljadal, sunnan undir Grímansfelli, og nefnist Kambsrétt; er hún haldin miðvikudaginn í 22. viku sumars; hin á Kjalarnesi, fyrir sunnan bæinn Kollafjörð og dregur nafn af honum og nefnist Kollafjarðarrétt og er haldin föstudaginn í 23. viku sumars. Hvortveggi þessar réttir eru sóttar af Mosfellsveitar og Kjalarnesmönnum, sem og meðfram úr Ölfusi og Þingvallasveit“ (Stefán Þorvaldsson).

Í heimild frá 1938 segir svo: „Almenningsréttir hafa Mosfellingar og Seltirningar sameiginlegar. Þær voru fram á ofanverða næstliðna öld uppi í Seljadal, sunnan undir Kambfelli, og þá nefndar Kambsréttir [sjá nr. 10]. Þá voru þær fluttar í Árnakrök (Árnakróksréttir), en eftir nokkur ár enn fluttar, þangað sem nú eru að Hafravatni (Hafravatnsréttir) í landi Þormóðsdals“ (Björn Bjarnason, bls. 106).



50 m NV af Seljadalsá. S undir kletthól (Kambshól).

Rétt 19 x 25 m að stærð. Liggur í A-V. Veggirnir eru 0,3-1,3 m breiðir og 0,2-1,2 m háir. Réttin samanstendur af fjórum hólfum, tvö við hvora hlið vegar, sem liggur í gegn um réttina. Grjótið í réttinni er 0,2-0,4 m að stærð. Vegurinn sem liggur í A-V er 2,5 m á breidd og er á stuttum kafla (ca. 80 m) hlaðinn úr samskonar grjóti og réttin (Bjarni F. Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.
 Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 3. Reykjavík 1938.
 Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. *Sýslulýsingar og sóknalýsingar. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.
 Tryggvi Einarsson. *Þormóðsdalur*. Örnefnastofnun Íslands 1977.

Þormóðsdalur 123813-254-11 Óþekkt

Tegund: Dys 465

Staðsetning: N: 7111387

V: 468860

Staðhættir og lýsing

Um 40-50 m N af vegi og líklega 6-800 m V frá Þormóðsdal. Uppblásinn hringlaga hól.

Hringlaga grjóthringur efst á melunum, um 10,5 x 12,4 m. Steinhringurinn er úr 15-30 cm stórum steinum. Stærstu steinarnir eru á suðurhlið. Í miðju er stór steinn um 60 cm í þvermál og fleiri steinar þar A við. Grjóthrúgan í miðju er um 140 x 140 cm. Mosi er að norðan og austanverðu og hylur e.t.v. einhverja steina (Guðmundur Ólafsson).

Aðrar upplýsingar

Berglind Hallgrímsdóttir, verkfræðinemi, og Steinar Logi Sigurðsson, jarðfræðingur, fundu dysina fyrst. Fannst við lagningu hnitakerfis, 1. júní 1997. Guðmundur Ólafsson fór á staðinn og skoðaði.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá


Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Þormóðsdalur 123813-254-12 Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

30 m N af vegi og 110 m austur af vatni (Hafravatni). S megin á hæðarhrygg sem liggur í NV-SA. Holt.




0m 2m

Stekkurinn er nánast hringlaga ca. 9 m í þvermál. Veggir eru úr torfi og grjóti, 1,0-2,0 m breiðir og 0,2-0,3 m háir. Tóftin samanstendur af tveim hólum. Hólf A er nánast hringlaga ca. 3 m í þvermál. Veggir eru 1,0-2,0 m breiðir og 0,3 m háir. Hólf B er óreglulegt ca. 7 m í þvermál, veggir 1,0-2,0 m breiðir og 0,2-0,3 m háir. Innanveggja sést í grjót 0,3 m að stærð. Tóftin er í heild illa farin vegna hruns úr veggjum. Í NNA hluta B er mjög ógreinileg upphækkun (C) sem gæti bent til þess að stekkurinn minni en lýsing og teikning gefa til kynna. Stekkurinn og nánasta umhverfi er grasi gróið (Bjarni Einarsson).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Þormóðsdalur 123813-254-13 Óþekkt Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

110 m í NA frá íbúðarhúsi Þormóðsdals. Efst á hól í haga.

Þúst, ferhyrnd, 4 x 6 m (VNV) og 0,4 m há, grasi vaxin. VNV endinn ögn hærra en ASA endi. Þústin er hvelfd. Yfir þústina þvert er girðing og er einn stólpinn rekinn niður í SSV hlið þústarinnar (Bjarni F. Einarsson).

Aðrar upplýsingar

Er þetta Þormóðsleiði?

Hættumat: Lítil hætta


Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Þormóðsdalur 123813-254-14 Útihús

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

65 m í NNA af íbúðarhúsi Þormóðsdals. Á hólbrún í túni.

Tóftin er nánast hringlaga, 6 m í þvermál. Veggir eru úr torfi, 2 m breiðir og 0,2-0,4 m háir. Grasi vaxin. Dyr í suður.

Ca. 10 m í A mótur fyrir túngarði, 20 m löngum, 1,5 m breiðum og 0,2-0,3 m háum. Ca. 30 m ASA af honum og yfir læk er garður, ca. 25 m langur, 2 m breiður og 0,3-0,4 m hár. Enn annar garður er 25 m suður af honum, 33 m langur, 1,0 m breiður og 0,2 m hár. Allir garðarnir eru úr torfi og liggja í sömu átt (V-A) (Bjarni F. Einarsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Pormóðsdalur 123813-254-15 Sel

Sérheiti: Viðeyjarsel

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Fyrsta heimildin um Viðeyjarsel er frá árinu 1234. Segir frá því í máldaga Maríu-kirkjunnar í Viðey frá 1234: „Magnvs Gvðmvdarson gaf til staðar selför j Þormóðsdal enn efra. oc alls fiar beit bæði vetr oc svmar“ (Dipl. Isl. I, bls. 507).

Í máldaga Viðeyjarklausturs sem talinn er vera frá 1284 segir svo: „Stadur j videy aa ok selfor j þormodz dal hinn efra“ (Dipl. Isl. II, bls. 247).

Viðeyjarklausturs er margsinnis getið í Fógetareikningum áráanna 1547-1553. Af þeim upplýsingum sem þar koma fram má ráða að mikið hefur verið umleikis í selinu. Í Fógetareikningum 1552 segir t.d.: „Jtem haffer der weritt sammen sanckitt ij Selen xiiij vetther smor“ (Dipl. Isl. XII, bls. 384). Í Fógetareikningum sama árs segir enn fremur: „Item kom tiill Sell j tonde miell“ (Dipl. Isl. XII, bls. 386). Fógetareikningar 1552 greina frá fjölda fjár þess sem rekið var í réttir á krossmessu 1552. Segir þar um Viðeyjarsel: „... paa sellitt er xxiiij kor. paa selitt er jc oc ij faar. der er icke flere mett som haffuer lam en xl de ander er iste“ (Dipl. Isl. XII, bls. 405). Þetta sumar hafa þannig verið í selinu 23 kýr og 102 ær. Í Fógetareikningum ársins 1553 segir að úr selinu hafi fengist ein sýrutunna: „Jtem haffer iegh opeboritt aff sellen syre j tonde“ (Dipl. Isl. XII, bls. 574).

Í Jarðabók Árna og Páls er ekki getið um að sel hafi verið frá Þormóðsdal. Bessa-staðamenn virðast ekki hafa nýtt Viðeyjarsel um 1700 (sbr. það, sem fyrr sagði). Má því ætla að sennilega hafi notkun þess verið hætt á 17. öld.

„Nú veit enginn, hvar Viðeyjarsel hefur verið, þar sem þeir, er sendir voru úr Hafnarfirði eftir Ögmundi biskupi að Hjalla, áðu, áður en þeir lögðu á Ólafsskarð. En mér þykir líklegt, að það hafi verið við Selvatn, rétt hjá þessum vegi, sem þar er sameiginlegur fyrir allar áður-nefndar leiðir, og að Elliðaárkot (Helliskot = Elliðakot) hafi þá verið byggt eða í eyði og hið mikla sumarþeitarland þess notað

til þeitar fyrir selfénað klaustursins“ (bls. 575).

„Sögn sú, að Gizur biskup hafi átt samleið með þeim „upp undir Hellisheiði“, bendir til, að þangað hafi Dyra- og Ólafsskarðsvegir legið saman, eins og eg hefi hér bent á. Vegaskiptin eru vestast í heiðinni, niður frá Lyklafelli; Viðeyjarsel hafi verið litlu neðar, og þar gátu þeir hafa skilið“ (Örnefnalýsing Grafarholts).

Í Biskupa sögum segir þetta um Viðeyjarsel: „... riðu þeir Bessastaðamenn fyrst að Viðeyjarseli og austur Ólafsskarð, og svo rétt ofan Hjalla í Ölvesi komu þeir snemma morguns...“ (Þáttur um Ögmund biskup í Skálholti, bls. 273).

Getið er um Viðeyjarsel í Biskupsannálum Jóns Egilssonar: „Árið 1540 kom Kristófer Hvítfeldur til landsins. Á leið sinni austur í sveitir, að sækja Ögmund biskup segir, að þeir hafi komið að Viðeyjarseli. Þar sneri einn þeirra aftur, sem sagan segir, að ekki hafi viljað taka þátt í handtöku biskups. Hinir héldu áfram upp í Ólafsskarð“ (Jón Egilsson, bls. 73).

Um Viðeyjarsel segir í Jarðabók Árna og Páls: „Selstaða er í fastalandi þar sem heitir Viðeyjarsel, og hefur þar verið brúkað frá Bessastöðum (bls. 304)“. Þar sem fjallað er um Bessastaði í Jarðabók Árna og Páls er þess ekki getið að haft hafi verið í seli (sbr. Jarðabók Árna og Páls III, bls. 219-220).

Heimildaskrá

Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.

Jón Egilsson. *Biskupaannálar*. Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju I. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.

Þáttur um Ögmund biskup í Skálholti; eftir handriti í safni Árna Magnússonar. *Biskupa sögur II*. Kaupmannahöfn 1862.

Örnefnalýsing Grafarholts. Örnefnastofnun Íslands.

Pormóðsdalur 123813-254-16

Áningarstaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Efri Seljadalur er milli Grímmannsfells og Mosfellsheiðar. Við suðurenda Efri-Selja-

dals eru hólar nokkrir og heitir þar Þrengslin. Sunnan við þau tekur við Neðri-Seljadalur. „Í Seljadölum er graslendi mikið og var þar tíður áningarstaður ferðamanna fyrrum, enda lá vegurinn um þá áður en akbrautin var lögð. Lítið sjest af veginum ofan í dalina fyr en komið er niður á mótis við Silungatjörn“ (Hjörtur Björnsson, bls. 167).

Heimildaskrá

Hjörtur Björnsson. „Örnefni á Mosfellsheiði“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1937-1939*. Reykjavík 1939.

Pormóðsdalur 123813-254-17 Brú

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Vegurinn liggur austan við Seljadalinn, en áður lá leiðin um þann dal. Eftir dalnum rennur Seljaá, vatnslítill en silfurtær og gefur þessum grösuga dal vinalegan svip. Þar sem Seljaá beygir meðfram Borgarhólum, hefur verið byggð brú yfir ána. Stöplar fyrir hana hafa verið hlaðnir úr höggnu grjóti, sverir trébitar hafa verið lagðir milli stöpla, en ofan á þá hafa verið lagðar blýþynnur þeim til hlífðar og til varnar, áður en gólfið sjálft var lagt á bitana. Gólfið á brúnni er nú orðið feyskið en ekki mikill fúí í því, bitarnir sjálfir enn mjög stæðilegir, en ekki feysknir og fúí sama og enginn að sjá. Endar þeirra hvíla á þverbitum sem liggja efst á stöplunum og er heldur ekki hægt að sjá verulegan fúa í þeim.

Hleðslan í stöplunum er mjög vel gerð, hver steinn vel til höggvinn, hefur verið þétt felldur hver að öðrum og svo vel í skorður, að vart raskast, þó tímans tönn hafi gnúð hana nú í níutíu ár“ (Adolf J. E. Petersen, bls. 91).

„Einar Finnsson járnsmiður frá Meðalfelli í Kjós hafði lært vegalagningu í Noregi. Hann byggði brúna á Seljaá og ræsin á veginum eru hans handaverk“ (Adolf J. E. Petersen, bls. 92).

Heimildaskrá

Adolf J. E. Petersen. Samgönguleiðir til Reykjavíkur að fornu og nýju. Reykjavík miðstöð þjóðlífs. *Safn til sögu Reykjavíkur*. Sögufélagið 1977.

Pormóðsdalur 123813-254-18 Ræsi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Árið 1886 var hafin lagning vegar um Mosfellsheiði. ... Þar sem ræsi hafa verið gerð, hafa undirstöður undir ræsaveggina verið gerðar á þann hátt að grafa frá þeim lausan jarðveg, og allur botn ræsanna grjótlagður. Það var gert til þess að vatn græfi sig ekki niður í ræsabotninn og undan ræsaveggjunum, því annars var hætta á að ræsin legðust saman og lokuðust. Hellur hafa svo verið lagðar ofan á ræsaveggina og þær borið uppi malarlag, þ.e. ofaniburðinn. Enn eru helluræsin með sínu upphaflega lagi, hellurnar liggja í sínum skorðum og ræsin opin“ (Adolf J. E. Petersen, bls. 85, 90-91).

„Einar Finnsson járnsmiður frá Meðalfelli í Kjós hafði lært vegalagningu í Noregi. Hann byggði brúna á Seljaá og ræsin á veginum eru hans handaverk“ (Adolf J. E. Petersen, bls. 92).

Heimildaskrá

Adolf J. E. Petersen. Samgönguleiðir til Reykjavíkur að fornu og nýju. Reykjavík miðstöð þjóðlífs. *Safn til sögu Reykjavíkur*. Sögufélagið 1977.

Pormóðsdalur 123813-254-19 Þjóðvegur

Sérheiti: gamli Þingvallavegurinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Svo segir Sveinn Pálsson: „Yfir Mosfellsheiði eru þrjár leiðir. Nyrst er Stardalsvegur, Bringuvegur í miðið og er hann greiðfærastur, en syðstur er Seljadalsvegur“ (bls. 103).

Heimild frá 1855 hefur þetta að segja um vegi: „Þrjár liggja þjóðvegir um sóknirnar: 1. Vegur sá, er liggur norðan yfir Svínaskarð, sem er stuttur fjallvegur milli Kjósar og Kjalarness- og Mosfellssveitar. - 2. Sá, er liggur austan yfir Mosfellsheiði og fram Seljadal, niður hjá bæjunum Þormóðsdal, Miðdal og Reynisvatni og Árbæ, og 3. vegurinn liggur suðaustan yfir Hellisheiði, fyrir sunnan Helliskot og norðan Klapparholt og Árbæ“ (Stefán Þorvaldsson, bls. 238).

Kálund lýsir veginum svo 1877: „Yfir Mosfellsheiði (400 feta há) liggur fjölfarinn vegur til gamla alþingisstaðarins, Þingvalla, og þaðan greinist leiðin til fjarlæggra héraða

landsins. Úr öllum dölum Mosfellssveitar liggur leið upp á Mosfellsheiði; þó er aðalvegurinn eftir hinum syðsta þeirra, svonefndur Seljadalsvegur. Þá er farið - ef Reykjavík er hugsuð sem upphafsstaður - þegar nýkomið er yfir Elliðaár - í landnorður yfir grjótholt, oftast upp brekkur, fram hjá nokkrum tjörnum, þar til eftir nokkurra stunda reið er komið í Seljadal, lítill óbyggður dalur, og liðast á eftir honum, þar er venjulega áfangastaður, áður en lagt er á Mosfellsheiði“ (bls. 47).

„Árið 1886 var hafin lagning vegar um Mosfellsheiði. Var sú vinna hafin við Suðurlandsveg um dálitla lægð í Hólmsheiði, þar sem síðar urðu mjög kunn vegamót, því árið 1904 byggði Guðmundur Nordahl allreisulegt hús við vegamótin og kallaði það Geitháls, sem svo var greiðasölu- og gisti-hús í hartnær hálföld. Um þessa áður nefndu lægð var svo vegurinn lagður upp á Hólmsheiðina fyrir sunnan bæinn Miðdal og þaðan á Mosfellsheiði sunnan við Grímmannsfell, norðan Borgarhóla um Moldbrekkur, að þar sem þverbeygja er nú á Þingvallaveginum, og þar sér enn fyrir gamla veginum. ... Þessari vegagerð um Mosfellsheiði, sem hófst árið 1886 var að fullu lokið árið 1891. Mikil vegagerð hefur það verið á þeim tíma, sem enn má sjá merki til, því enn má sjá ýmsar minjar, sem sýna hve vel hefur verið vandað til þessa vegar, sem þá var ætlað að taka við allmikilli umferð. Spá manna þá var sú að hestvagnar, sem reyndar voru ekki farnir að flytjast til landsins, myndu innan skamms tíma verða mikið notaðir á þessari leið. ... Vegurinn liggur austan við Seljadalinn, en áður lá leiðin um þann dal. ... Verkstjóri við lagningu Þingvallavegarins var Erlendur Zakaríasson, en hann og bróðir hans Árni, voru þekktir vegaverkstjórar á síðustu áratugum 19. aldar og fyrstu áratugum þeirrar tuttugustu“ (Adolf J. E. Petersen, bls. 90-92).

Heimildaskrá

Adolf J. E. Petersen. Samgönguleiðir til Reykjavíkur að fornu og nýju. Reykjavík miðstöð þjóðlífs. *Safn til sögu Reykjavíkur*. Sögufélagið 1977.
Kálund, P. E. Kristian. *Íslenskir sögustaðir*. Þýð. Haraldur Matthíasson. Reykjavík 1984.
Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám*

Ingólfs. Safn til sögu þess III. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.
Sveinn Pálsson. *Ferðabækur Sveins Pálssonar*. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Reykjavík 1945.

Pormóðsdalur 123813-254-20 Bústaður

Sérheiti: Pormóðsdalur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá 1916 virðist íbúðarhúsið í Pormóðsdal vera timburhús.

Heimildaskrá

Túnakort Pormóðsdals frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Pormóðsdalur 123813-254-21 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Neðst í túni SV af bæjarhúsunum í Pormóðsdal. Útihús úr torfi sem liggur nokkurn veginn í N-S (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Pormóðsdals frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Pormóðsdalur 123813-254-22 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Vestarlega í túni S af bæjarhúsunum í Pormóðsdal. Tóft útihúss sem liggur nokkurn veginn í A-V (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Pormóðsdals frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Æsustaðir 123814-245

Saga

Í Jarðabókinni frá 1704 eru Æsustaðir taldir tíu hundruð úr Norður-Reykjum. Þá var jörðin (N-Reykir) í eigu tveggja bænda. Ábúandi var einn leiguliði (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 318-319). Árið 1847 voru Æsustaðir bænda eign og ábúandi var einn leiguliði (J. Johnsen, bls. 95). Eigandi árið 1979 var Hjalti Þórðarson. Um tíma, ca. 1963-1972, var talað um Æsustaði II. Var þá jafnan nafnið Árvangur haft aftan við innan sviga. Nú er ekki lengur um það að ræða, enda varð Árvangur sjálfstætt býli á árunum 1972-1973 (Jarðaskrár).

Náttúrufar og jarðabætur

Í Örnefnalýsingu Æsustaða segir um landamerki jarðarinnar: „Vetrarmýrin er allstórt svæði sunnan til á fjallinu. Í henni er Brúnklukkupyttur á merkjum Æsustaða og Suður-Reykja, og rennur úr honum áður nefndur Vetrarmýrarlækur. Vestan Vetrarmýrar er Forarháls, á honum eru landamerki milli Æsustaða, Suður-Reykja og Norður-Reykja. ... Vestan Hádegis hæðar er Stóraskarð, austanvert í því eru landamerki Æsustaða og Norður-Reykja; þaðan í Suðurlá til norðurs, og í fyrrnefnda vörðu á Forarhálsi til suðurs“ (Ólafur Þórðarson).

Aðrar upplýsingar

Nýbýli úr Æsustaðalandi:

Árvangur: Stofnaður 1972-1973. Garðyrkjubýli. Leiguliði árið 1979 er Stefán Scheving (Jarðaskrár).

Röðull: Smábýli, stofnað á árunum 1968-1969. Tún nytjað frá Æsustöðum. Engar skepnur. Skráð sem iðnaðarbýli 1971-1972. Skráð sem smábýli frá 1975. Eigandi 1979 er Skúli Skarphéðinsson (Jarðaskrár).

Varmaland: Nýbýli frá árunum 1932-1938. Hús leigð, tún nytjuð. Eigandi 1979 er Ólafur Þórðarson (Fasteignabækur, Jarðaskrár).

Heimildir

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík 1932.

Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingu, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.

Fornleifaskrá - Æsustaðir

Æsustaðir 123814-245-1

Álagablettur, gröf

Sérheiti: Æsuleiði

Tegund: Álagablettur 465

Staðhættir og lýsing

Svo segir í Örnefnalýsingu Æsustaða: „Vestan í túnbrekkunni, neðan við Æsustaðabæ, er aflöng þúfa, er heitir Æsuleiði. Þar fyrir vestan við landamerki Norður-Reykja er túnblettur, sem heitir Krókur og mýrin þar vestan túnsins var nefnd Sund, er nú tún að mestu. Sú trú hefir verið, að það megi ekki slá eða haggja við því, og er því fylgt enn“ (Ólafur Þórðarson).

Í Örnefnalýsingu sömu jarðar segir á öðrum stað: „Vestast í túnbrekkunni er Æsuleiði er ekki má slá eða snerta“ (Ólafur Þórðarson).

Aflöng þúfa eða upphækkun, sem mjókkar til beggja enda, u.þ.b. 7 m á lengd og 1,5 á breidd (yfir miðjuna). Hæðin er um 1 m. Legan er nokkurn veginn N-S. Þúfa þessi er utan í lágri brekku skammt NV af bæ á Æsustöðum og liggur samsíða henni. Æsuleiði er allgreinilegt. Milli þess og brekkunnar er grunn skora eða rás, sem afmarkar það vel frá brekkunni. Hlíf Gunnarsdóttir frá Æsustöðum segir að rásin sé gömul. Sjálf heldur hún að þar liggi landnámskonan Æsa er land nam á Æsustöðum. Líklega er þetta náttúrumyndun (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Lítil hætta

Munnmæli

Þórður Jónsson (f. 1876), bóndi á Æsustöðum, sagði Hlíf tengdadóttur sinni að einhvern tíma hafi Æsuleiði verið slegið. Hafi þá

farist reiðhestur og kýr. Ekki veit hún hvenær þetta var eða hver sló. Hefur það aldrei verið slegið í tíð Þórðar né síðar. Æsa bjó á Æsustöðum og er grafin í Æsuleiði. Hlíf gat ekki staðsett það nákvæmlega en ætlar að fá mann til þess. Eins og leiði að sjá, bæði að stærð og lögun segir Hlíf (viðtal við Hlíf Gunnarsdóttur, Æsustöðum, 21.7. 1980, Ágúst Ó. Georgsson tók).

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins. Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Æsustaðir 123814-245-2 Eyktarmark

Sérheiti: Hádegishæð

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á fjallsbrúninni ofan við Nípu er Kolhóll. V hans, beint upp af bænum, er Hádegishæð. Þar ber við loft, á brún norðan í hæðinni, stein sem hefur verið hádegismark frá Æsustöðum (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Æsustaðir 123814-245-3 Fjargata

Sérheiti: Nípugata

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Þegar kvíaám var smalað til mjalta, lestuðu þær sig eftir Nípugötu“ (Ólafur Þórðarson).

Farin að mestu undir veg.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Æsustaðir 123814-245-4 Fjánhús

Sérheiti: Fjánhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Austan við hverasvæðið, meðfram ánni, var Hveramýri. Þar er nú tún og gróðurhús. Ofan við Hveramýrar, austast var fjánhús á túnkraga, er nefndur var Fjánhús“ (Ólafur Þórðarson). Seinna í sömu heimild segir: „... á Fjánhústúni er nýbýlið Röðull“ (Ólafur Þórðarson).

Fjánhúsið er horfið undir byggingar.

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Æsustaðir 123814-245-5 Kvíar

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Upp af bænum við rætur fjallsins er Kvíaflöt, þar voru hafðir færíkvíar meðan frá færur héldust. Þegar kvíaám var smalað til mjalta, lestuðu þær sig eftir Nípugötu“ (Ólafur Þórðarson).

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Æsustaðir 123814-245-6 Lambhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu Æsustaða segir: „Frá Trönholtinu niður að Suðurá og heim að túni var blautlend mýri, Votaveita, nú að mestu ræktuð. Upp undan Votuveitu, næst túni, er Lambhúsholt... Lambhústún er grasbakki rétt suðaustan við Æsustaðabæ. Þar var áður lambahús, austan við það í mýrarsundi var uppsprettuás, er nefndist Lambadý, bræddi það af sér (kaldavermsl), og var sauðfé og hestum vatnað þar fyrrum. Þar er nú framræst og ræktað tún“ (Ólafur Þórðarson).

Nú er þarna annað íbúðarhús af tveimur á Æsustöðum.

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Æsustaðir 123814-245-7 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Merkin móti Suðurreykjum eru úr Nón-gilsfossi í Nóngili þaðan liggja merkin í vestur í vörðu á Vetrarmýrarhálsi eða réttara Forarhálsi þar á er merkjavarða milli Suðurreykja annarsvegar en hinsvegar milli Æsustaða og Norðurreykja“ (Ólafur Þórðarson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.

Æsustaðir 123814-245-8 Skotbyrgi

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

„Norður af Forarhálsi tekur við hærri klettaás, er heitir Gildruás, þar uppi er smábryggi eða varða, er mun hafa verið í sambandi við refaveiðar“ (Ólafur Þórðarson).

Byrgið er um 2,4 km A Reykjalundar og um 900 m SSA Æsustaða, á fjallhryggnum miðjum milli Æsustaðafjalls og Reykjafells. Klettaás milli Æsustaðafjalls og Reykjafells, fyrir miðjum botni Skammadals. SA við eru mýrarsund (Ágúst Ó. Georgsson).

Stór klettur stendur efst á Klettaás. Eftir lýsingu í menningarminjaskrá gæti þetta verið s.k. Gildruás. Austan megin við klettinn lækkar yfirborð ássins um ca 50 cm og myndast þarna um 3 m langur rani, sem liggur í víðum boga. Ofan á klettana, sem mynda ranann, hefur verið hlaðið grjóti til að hækka brúnina í kimanum sem þarna er. Hleðsla þessi er nú svo gott sem öll hrúnin en grjótið liggur enn á brúninni. Gott útsýni er yfir hæðirnar til norðurs frá stað þessum. Hafi þetta verið skotbyrgi er þarna ákjósanlegur staður frá náttúrunnar hendi: Stór klettur sem skýlir að vestanverðu og lágur klettur að norðan og austan. Sé setið eða kropið aftan við (sunnan við) ranann er ljóst að ekki hefur þurft nema mjög lága hleðslu ofan á ranann, líklega um 40 cm (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hættu

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjafnsins. Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1968.


Æsustaðir 123814-245-9 Stekkur

Sérheiti: Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

„Vestan við Gleiðaskarð eru einkennilegir móbergsklettur, sem heita Katlar, en niður af þeim á háu melkasti heitir Katlaflöt, og enn neðar, niður á jafnsléttu, er Stekkur (veggjabrot af fornum stekki). Þar sem hann stóð, heitir Stekkjarflöt, og vestan við hana er Stekkjarholt“ (Ólafur Þórðarson). Í sömu heimild segir seinna: „Upp af Lambhúsa-



holt er klettahögg í fjallinu, sem heitir Nípa, utan í henni er gamall fjárslóði austur fyrir fjallið, neðar er Stekkjargata“ (Ólafur Þórðarson).

Stekkurinn er um 300 m í A-SA frá Æsustöðum og um 40-50 m ofan við (norðan við) veg sem hitaveitan lagði. Afliðandi grasgeiri milli tveggja lágra hóla, hallar til N-NA. Gamall lækjarvegur rétt A við rústirnar. Afliðandinn er framhald á NA hlíðum Æsustaðafjalls.

A: Stekkur. Að mestu hlaðinn úr grjóti. Stærð; um 9 m langur og 5 m breiður. Veggjahæð víðast um 40-50 cm. Liggur í N-S. Vestri langveggurinn styðst við brekku-brúnina, sem stekkurinn er byggður meðfram. Hefur verið nægilegt að hlaða innri brún þessa veggjar og fyllt svo upp í milli hans og brekkunnar. Inngangurinn er á miðjum N gafli. Stekknum er skipt í þrjú aðalhölf. Því innsta er svo skipt í tvennt. Suðurveggurinn (bakendinn) er að mestu úr torfi en með undirstöðu úr grjóti. Er rúst þessi allheilleg að sjá.

B: Einföld steinaröð sunnan við stekkin, aftan við bakendann og myndar ásamt honum einskonar kró. Einungis er um eina steinahæð að ræða. Hlutverk óvíst.

C: Um 4-5 m austan við stekkin sér fremur óljóst móta fyrir ferningslaga rúst. Liggur hún nokkurn veginn í A-V og er um 5 x 5 að stærð að innanmáli. Veggjaleifarnar eru mjög grónar og er hæð þeirra, þar sem hún er hæst, um 20-30 cm en lítið eitt hærri þó að norðanverðu.

E og D: Við hlið C, að norðanverðu, mótar fyrir útlínunum tófta en svo ógreinilegar eru þær að erfitt er að sjá lögunina. E er næstum samsíða C. Hún gæti verið svipuð að stærð og C. D er um 3-4 m norðan C. Virðist þetta vera minnsta tóftin. Í henni miðri er hola, 40 cm djúp eða svo. Hlíf Gunnarsdóttir, húsfrú, Æsustöðum, segir að lambakró eða kofi hafi staðið þar sem C, D og E eru. Hefur hún það eftir Þórði tengdaföður sínum sem bjó á Æsustöðum. Telur skrásetjari að C, D og E gætu e.t.v. hafa verið þrjú lítil hús, samsíða að mestu, er sneru framgöflum í SV-V. Ólíklegt er að lambakró eða kofi hafi verið jafnstór og C.

Af C, D, og E kemur D líklegast til greina sem lambakofi við fráfærur. Hlíf segir að hætt hafi verið að nota stekki um 1925.

B, C, D og E standa á lágri upphækkun, sem kalla mætti hól, e.t.v. rústahól. Rústahóll er réttnefnið á svæði því sem ádurtaðar tóftir standa á. – Leifar af girðingu eru ofan á V-brún stekkjans. Sést að svæði þetta hefur allt verið afgirt og líklegast notað sem tún. Um 50-60 m austur af rústunum er túnblettur eða hæð, sem kallast Gunnubarð, skv. frásögn Hlífar Gunnarsdóttur á Æsustöðum. „Gunn stóra“, sem Laxnes segir frá í Innansveitarkróníku sinni, hafði blett þennan til afnota til að heyja handa reiðhesti sínum. – Talsverðar girðingarleifar eru við rústirnar og nokkuð af timbri og timburflekum. Bendir það til nýlegrar notkunar staðarins. Framan við vesturlangvegg A-stekkjans er garður. Hann er framhald þessa veggjar. Hefur verið hlaðinn til að stoppa féð af við innrekstur (Ágúst Ó. Georgsson).

Aðrar upplýsingar

Mjólkað var í færivíum á Æsustöðum. Hætt var að nota stekkin um 1925. Fært frá í honum (Hlíf Gunnarsdóttir, Æsustöðum, viðtal 21.7. 1980, Ágúst Ó. Georgsson tók).

Í athugasemdum og viðbótum við Örnefnalýsingu er haft eftir Ólafi Þórðarsyni (f. 22. janúar 1904): „Þar sem Stekkur var, markar enn fyrir grjóthleðslu. Ólafur man vel eftir fráfærum; hann telur, að hætt hafi verið að færa frá einhvern tíma á árunum 1910-1915“.

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Ólafur Þórðarson. *Athugasemdir og viðbætur við Örnefnalýsingu Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1983.

Æsustaðir 123814-245-10 Varða

Tegund: Hleðsla 465

Staðhættir og lýsing

„Norður af Forarhálsi tekur við hærri klettaás, er heitir Gildruás, þar uppi er smábyrgi eða varða, er mun hafa verið í sambandi við refaveiðar“ (Ólafur Þórðarson).

Stór klettur stendur efst á klettaás ofan á honum er hálfhrunin varða (Ágúst Ó. Georgsson).

Hættumat: Engin hætta

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafnsins.

Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1968.

Æsustaðir 123814-245-11 Mógröf

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Mór var tekinn neðst í Sundinu, vestan við túnið, niðri við ána. Enn sést fyrir mógröfum í engjunum austan við túnið. Mórinn í Sundinu var ágætur; 3-4 stungur voru niður á móinn, en mórinn sjálfur hefur verið u.þ.b. 4-5 stungur. Hann var keyrður út á eyri niður við ána og þurrkaður þar“ (Ólafur Þórðarson).

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. *Athugasemdir og viðbætur við Örnefnalýsingu Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1983.

Æsustaðir 123814-245-12 Þvottastaður

Sérheiti: Æsustaðahver

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Æsustaðahver er niðri við ána. Þar voru þvegnir þvottar, sótt vatn til heimilisnota og hellt upp á kaffi þegar verið var í mónum. Síðar var vatnið úr honum nýtt til að hita húsið með (Ólafur Þórðarson).

Æsustaðahver er nú horfinn. Samkvæmt Skúla Skarphéðinssyni sem búsettur er á nýbýlinu Röðli, var hverinn 50 metrum neðan við brúna, rétt við veginn.

Heimildaskrá

Ólafur Þórðarson. Athugasemdir og viðbætur við Örnefnalýsingu Æsustaða. Örnefnastofnun Íslands 17.3. 1983.

Munnlegar heimildir:

Skúli Skarphéðinsson, Röðli.

Æsustaðir 123814-245-13 Bústaður

Sérheiti: Æsustaðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Gamli bærinn á Æsustöðum stóð u.þ.b. 20 - 30 m frammar á hlaðinu en núverandi íbúðarhús Æsustaða I (Túnakort).

Heimildaskrá

Túnakort Æsustaða frá 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Samantekt

Í Mosfellsbæ voru samkvæmt Jarðatali Johnsen árið 1847 skráðir 25 bæir og miðast fornleifaskráin við þá. Að auki var eyðibýlinu Óskoti gefið sérstakt númer í þessari skrá þó það sé ekki nefnt í ofangreindu jarðatali þar sem jörðinni hefur aldrei verið skipt upp, þó hún hafi verið nýtt af bæjunum í grennd. Einnig voru skráð í þessari umferð sextán hjáleigur og kotbýli sem falla undir þá bæi sem þær/þau voru upphaflega byggð úr.

Jörð	Fjöldi fornleifa
Amsterdam	2
Blikastaðir	50
Elliðakot	31
Helgadalur	32
Helgafell	29
Hitta	1
Hlaðgerðarkot.	15
Hraðastaðir	28
Hrísrú	22
Laxnes	27
Lágafell	18
Leirvogstunga.	24
Miðdalur.	69
Minna-Mosfell	17
Mosfell.	64
Norður-Reykir	21
Óskot.	19
Reykjakot	16
Skeggjastaðir	22
Stekkjarkot	1
Suður-Reykir	42
Úlfarsá	17
Úlfarsfell.	21
Varmá	12
Þormóðsdalur.	22
Æsustaðir	13
Samtals:	635

Friðlýstar fornleifar

Friðlýstar fornleifar eru á þremur jörðum í Mosfellsbæ, allar friðlýstar af Þór Magnússyni þjóðminjaverði.

Á Blikastöðum eru fornar rústir og grjótgardar frá verslunarstað eða útræði niðri á

sjávarbakkanum, yst í svonefndu Gerði (nr. 123618-296-21 til 26). Rústir þessar voru friðlýstar árið 1978 og friðlýsingin þinglýst sama ár.

Í Laxnesi eru friðlýstar leifar af tveimur fjárborgum, Grænuborg (123694-242-15) og annarri ónefndri (stundum kölluð litla Grænaborg 123694-242-17), sitt hvoru megin Þjóðveggar skammt ofan við Gljúfrastein. Þær voru friðlýstar 1976 og friðlýsingin þinglýst sama ár.

Í Þormóðsdal er friðlýst Hafravatnsrétt (123813-254-1), hin gamla skilarétt við austurenda Hafravatns. Friðlýst 1988, þinglýst sama ár.

Allar þessar fornleifar eru í dag í fremur slæmu ástandi. Nýlega var lagður yfir rústirnar í Blikastaðagerði göngustígur sem nú hefur verið fjarlægður aftur en eftir er að ganga frá svæðinu. Girðing hefur verið sett yfir báðar fjárborgirnar í Laxnesi og er nauðsynlegt að færa hana a.m.k. 20 metra frá ystu sýnilegu mörkum rústanna. Fjárréttin við Hafravatn hefur látið mjög á sjá á síðustu árum og hefur grjót greinilega verið fjarlægt úr hleðslum. Nauðsynlegt er að setja fram stefnu um varðveislu og viðhald þessara minja.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Í Mosfellsbæ voru samkvæmt Jarðatali Johnsen árið 1847 skráðir 25 bæir og miðast fornleifaskráin við þá. Að auki var eyðibýlinu Óskoti gefið sérstakt númer í þessari skrá þó það sé ekki nefnt í ofangreindu jarðatali þar sem jörðinni hefur aldrei verið skipt upp, þó hún hafi verið nýtt af bæjunum í grennd. Sextán hjáleigur og kotbýli voru einnig skráðar í þessari umferð.

Samkvæmt Örnefnaskrá voru tóftir **Amsterdam** jafnaðar við jörðu um 1950. Þó er mögulegt að rústir leynist undir sverðinum. Nú er umfangsmikil skógrækt á svæðinu og má segja að rústirnar séu í umtalsverðri hættu af þeim sökum. Amsterdam var upphaflega hjáleiga frá Reykjum.

Núverandi bæjarstæði **Blikastaða** virðist svo til á sama stað og bær sem sést á Túnakorti frá 1916. Hús þar eru vegleg og líklegt

að stór hluti bæjarhólsins hafi eyðilagst er þau voru byggð, þó mögulegt sé að brotakennar leifar leynist undir og við núverandi bæjarhús. Bæjarins er fyrst getið í heimildum frá árið 1234. Undir Blikastaði fellur hjáleigan Hamrahlíð sem byggð var um 1850. Hún virðist hafa lagst í eyði fyrir 1922 og eru rústir hennar greinilegar um 100 metrum neðan Vesturlandsveggar á mótis við skógræktarreit í hlíðum Úlfarsfells.

Ellidakot lagðist í eyði rétt fyrir 1950. Enn eru mjög greinilegar leifar síðustu búsetu þar. Síðast var búið þar í timburhúsi sem byggt var eftir að torfbær sem þar stóð var orðinn að rústum einum. Ellidakot er utan alfaraleiðar og því ekki í teljandi hættu vegna framkvæmda. Undir Ellidakot fellur hjáleigan Vilborgarkot. Það er sagt forn eyðijörð í Jarðabók 1704. Jörðin byggist upp aftur einhvern tíma á árabílinu 1861-1900 en lagðist aftur í eyði árið 1905.

Í **Helgadal** var torfbær árið 1938 en hann er nú horfinn. Samkvæmt núverandi ábúanda stóð hann líklega þar sem nú er gróðurhús, SV við núverandi bæjarhús. Grjót úr veggjum og stéttum hefur komið í ljós á því svæði við jarðrask. Bæjarins er fyrst getið í heimildum frá miðöldum.

Bæjarstæði **Helgafells** er á sama stað og á Túnakorti frá 1916. Þar er nú stórt íbúðarhús auk útihúsa sem hafa líklega raskað stórum hluta gamla bæjarins. Austan við bæinn er hóll sem líklega er forn bæjarhóll. Vorið 1980 var grafið framan af hólnum og komu í ljós hleðslur í sárinu. Haft var samband við Þjóðminjasafn Íslands og kom fornleifafræðingur á staðinn. Hann teiknaði upp og skráði hólinn. Nú virðist vera búið að taka meira af hólnum og liggur vegur yfir hann að hluta.

Hitta var hjáleiga frá Mosfelli um miðja 19. öld. Þar sjást nú engar rústir. Fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni Íslands grófu árið 1996 á þeim stað sem Hitta er talin hafa verið og fundu þar leifar býlis sem ekki hefur verið í byggð meira en einn mannsaldur.

Hlaðgerðarkot sést á Túnakorti frá 1916 og man heimildamaður eftir bæjarhúsunum frá u.þ.b. 1936. Nú hefur verið byggt ofan í rústirnar og eru þær alveg horfnar.

Á **Hraðastöðum** er nú allmikil byggð og líklegt að gamla bæjarstæðið sé horfið. Þó er mögulegt að eitthvað leynist undir þeim byggingum sem þarna eru.

Á **Hrísbrú** var byggt ofan í gamla bæjarstæðið fyrir löngu. Þó er rétt að geta þess að tilgátur hafa lengi verið um að Mosfell hafi upphaflega verið byggt á þessum stað og síðar verið flutt þar sem það er nú. Nýlegar fornleifarannsóknir virðast styðja þessa tilgátu en þar hefur fundist kirkja og kirkjugarður frá því um 1000 - 1200. Nauðsynlegt er því að fara með gát við allar framkvæmdir á staðnum þar sem undir yfirborði gætu leynst leifar bæjar frá þessum tíma. Hrísbrúar er fyrst getið í Egils sögu Skallagrímssonar.

Laxness er fyrst getið í Fógetareikningum 1547 – 1552 og er þá í eigu konungs en var trúlega áður í eigu Viðeyjarklausturs. Bárðartóft er um 1 km austan við Gljúfrastein. Þar á einsetumaður að hafa búið um tíma, líklega um aldamótin 1900. Laxnestunga er hjáleiga sem hefur lagst í eyði fyrir 1916 en þá voru rústirnar mjög greinilegar. Við fornleifaskráningu 1980 fundust tóftirnar ekki þrátt fyrir mikla leit. Gera má þó ráð fyrir að þær séu enn til staðar í túni því sem kallast Laxnestunga en sléttað hafi verið yfir þær.

Á **Lágafelli** hefur alveg verið sléttað yfir bæjarstæðið og sjást engar tóftir á yfirborði. Samkvæmt ljósmyndum stóð síðasti bærinn þar sem nú er bílastæði við hlið kirkjugarðsins og að hluta til undir honum. Ekki er ólíklegt að rústir leynist undir sverðinum og ber því að fara með gát við allar framkvæmdir. Lækjarkot var hjáleiga frá Lágafelli sem fyrst er getið í heimildum frá 1855 og hefur lagst í eyði einhvern tíma á árabílinu 1861-1922. Lækjarkot virðist hafa horfið undið byggð sem nú er neðan Vesturlandsvegar undir Lágafelli.

Engar leifar gamla bæjarins í **Leirvogstungu** eru nú sjáanlegar og virðist mikið hafa verið sléttað í og við bæjarstæðið.

Miðdals er fyrst getið í Fógetareikningum 1547 – 1552 og er það þá í eigu konungs en var trúlega áður í eigu Viðeyjarklausturs. Núverandi bæjarhús virðast á mjög svip-

uðum stað og húsin sem sjást á Túnakorti frá 1916. Þó er ekki ólíklegt að leifar gamla bæjarins leynist þar. Mikill trjágróður er nú á svæðinu og gerir það erfiðara að greina mögulegar fornleifar. Sex hjáleigur eru skráðar undir Miðdal. Miðdalskot er nefnt í jarðabók 1704 en er komið í eyði um 1835. Rústir þess fundust við fornleifaskráningu SA í Kotahól, um 240 m SV Hafravatnsleiðar. Í heimild frá 1855 segir að Sólheimakot og Búrfellskot hafi lagst í eyði fyrir mjög löngu síðan. Nýbýlið Sólheimar var reist 1932-8 en hefur verið án ábúðar frá 1958. Rústir Búrfellskots eru í kargaþýfðum móa sunnan við Búrfell. Býlið Geitháls var reist einhvern tíma á árunum 1861-1922 en hefur ekki verið í ábúð að minnsta kosti frá 1958. Tóftir bæjarhúsanna fundust við Hólmsá, um 25 m suður af Suðurlandsveginum. Borgarkot hefur samkvæmt Jarðabók verið í eyði frá 1703 en virðist einungis hafa verið í byggð 20 ár þar á undan. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt. Annað kot sem hefur verið í byggð svipuðum tíma er Búrfell. Jarðabók 1704 segir að Búrfell hafi legið í eyði í átta ár en var fyrst uppbyggð fyrir um 20 árum.

Gamla bæjarstæðið á **Minna-Mosfelli** var þar sem hlaðið er núna. Mögulegt er þó að rústir leynist undir.

Yngstu bæjarhúsin á **Mosfelli** eru nú líklega að einhverju leyti horfin undir kirkju og kirkjugarð en þó má minna á texta að ofan um Hrísbrú. Mosfells er fyrst getið í Landnámu og oft í Egils sögu Skallagrímssonar. Í heimild frá 1938 segir að Merkurvöllur sé hjáleiga frá Mosfelli og hafi lengi í auðn verið. Engar aðrar heimildir eru um þessa jörð og engar rústir eru á þeim stað sem nú heitir Merkurvöllur. Bakkakot var hjáleiga frá Mosfelli árið 1704. Hennar er ekki getið í Jarðatali Johnsen frá 1847 og hefur því lagst í eyði einhvern tíma á því tímabili. Ekki er vitað hvar hjáleiga þessi stóð. Bringur (einnig kallaðar Gullbringur) voru reistar í landi Mosfells vorið 1856. Bringur fóru í eyði árið 1966 og hefur bæjarstæðið verið sléttað með jarðýtu.

Norður-Reykja er fyrst getið í Jarðabók 1695. Bæjarhúsin standa enn á sama stað og á Túnakorti frá 1916.

Óskots er fyrst getið í skrá um kvikfé og leigumála jarða Viðeyjarklausturs en nefnist þá Ós. Árið 1704 er hennar getið sem fornrar eyðijarðar og hún er ekki nefnd í Jarðatali frá 1847. Árið 1889 er nýbýli stofnað á jörðinni. Í dag er jörðin komin aftur í eyði en er nýtt til slægna og beitar. Rústir síðasta bæjarins á Óskoti eru mjög greinilegar í dag og einnig er líklegt að finna megi tóftir forna bæjarins. Ein tilgáta er að hann hafi verið þar sem nú er lágur hóll í túninu og virðist mega greina túngarð kringum hann á gömlum loftmyndum. Það er því nauðsynlegt að fara með gát við allar framkvæmdir á jörðinni.

Í Jarðabók 1704 er fyrst getið um **Reykjakot** og sagt að það sé ekki minna en 100 ára gamalt. Reykjakot var hjáleiga frá Reykjum. Árið 1893 eða þar um bil er nafni jarðarinnar breytt í Reykjahvol, á sama tíma og hætt var að búa í gamla torfbænum og byggt steinhús um 50 metra frá.

Skeggjastaðir eru fyrst nefndir í Landnámabók. Þar bjó Þórður skeggi sem land nam milli Leirvogsár og Úlfarsár í landnámi Ingólfs. Skeggjastaðir virðast hafa lagst í eyði á tímabilinu frá því einhvern tíma á 15. öld eða byrjun 16. aldar og fram til 1688. Hætt var að búa í torfbæ og steinhús byggt í staðinn einhvern tíma á milli árána 1932 og 1938. Engar leifar gamla torfbæjarins sjást nú en vitað er hvar hann stóð og líklegt er að leifar hans séu varðveittar undir sverðinum. Samkvæmt Örnefnaskrám eru Ketilsstaðir austan við bæinn, við Leirvogsá.

Í Jarðabók 1704 er fyrst getið um **Stekkjarkot** og sagt að það sé ekki minna en 100 ára gamalt. Stekkjarkot var hjáleiga frá Reykjum og lagðist í eyði á árabílinu 1861-1922. Nýbýlið Sólvellir var svo reist á jörðinni 1922-1923.

Elsta heimild um **Suður-Reyki** er máldagi kirkjunnar sem Þorlákur biskup Þórhalls-son setti þar árið 1180. Samkvæmt Túna-korti frá 1916 hefur bærinn þá staðið á sama eða mjög svipuðum stað og hann stendur núna. Gera má ráð fyrir að núverandi íbúðarhús hafi að minnsta kosti að einhverju leyti raskað eldri bæjarhúsum.

Úlfarsá hét Kálfakot fram til ársins 1927 þegar núverandi nafn var tekið upp. Elsta heimild um Kálfakot er Jarðabókin frá 1584 þar sem hún er nefnd Kálfastaðakot. Gamla bæjarstaðið er um 100 m NNA við núverandi íbúðarhús á Úlfarsá. Þar var síðast kartöflugarður og lítið sýnilegt á yfirborði.

Úlfarsfells er fyrst getið í máldaga kirkjunnar á Suður-Reykjum árið 1367. Það er þá kirkjueign. Í túninu á nýbýlinu Fells-múla eru tveir lágir flatir rústahólar en þar á að hafa verið lítið kot eða hjáleiga frá Úlfarsfelli.

Fyrstu heimildir um **Varmá** eru frá 14. öld. Varmá var lögð undir Lágafell um 1900 og hefur verið án ábúðar frá því einhvern tíma á árabílinu 1922-1932. Rústir gamla bæjarins eru greinilegar um 40 - 50 metra SA og A gagnfræðaskólans.

Fyrsta heimild um **Þormóðsdal** er máldagi Maríukirkju í Viðey frá 1234 þar sem fram kemur að Viðeyjarklaustur eigi selför í Þormóðsdal hinum efri. Núverandi bæjarhús virðast standa á sama stað og bæjarhús á Túnakorti frá 1916.

Æsustaðir eru nefndir í Jarðabókinni frá 1704 og eru þá sagðir byggðir úr Norður-Reykjum. Gamli bærinn á Æsustöðum stóð u.þ.b. 20 – 30 metrum frammar á hlaðinu en núverandi íbúðarhús Æsustaða I.

Útihús og garðar

Í sveitarfélaginu voru skráð 145 útihús og 62 garðar. Að meðaltali eru því fimm og hálf útihús á jörð og rúmlega tveir garðar. Af þeim eru tíu fjós, níu beitarhús, átta hrútakofar/lambhús, 36 fjárhús, fimm hesthús og sex hlöður. Eflaust er hægt að skilgreina hlutverk þeirra 71 útihúsa sem eftir eru við nánari fornleifaskráningu. Garðarnir eru ýmist túngarðar, matjurtagarðar eða heygardar og þar sem óvíst var um tilgang þeirra voru þeir skráðir sem garður.

Kirkjur og bænhús, legstaðir og dysjar

Kirkjur eru skráðar á fimm jörðum í fornleifaskrá Mosfellsbæjar. Tvær þeirra standa enn, á Lágafelli og á Mosfelli og eru kirkjugarðar á báðum stöðum. Fyrsta vísbending um kirkju á Lágafelli er í Fógetareikningum 1547 - 48 en sú kirkja hefur verið lögð niður fyrir 1600. Kirkja er aftur reist á staðnum 1880 þegar sóknarkirkjan er flutt þangað frá Mosfelli.

Í Egilssögu segir að kirkja sem reist var á Hrísbú er kristni var lögtekin hafi verið flutt að Mosfelli. Talið hefur verið að kirkjuflutningurinn hafi átt sér stað á árunum 1130-1160. Fornleifarannsóknir á svokölluðum Kirkjuhól á Hrísbú staðfesta þetta. Kirkjan á Mosfelli virðist svo leggjast niður snemma á miðöldum og næst er kirkja reist að Mosfelli á fyrri hluta 16. aldar. Kirkja var samfleytt á staðnum til 1880 er hún var flutt að Lágafelli. Kirkja sú er nú stendur að Mosfelli var vígð 1965. Kirkjan á Mosfelli virðist hafa verið flutt til nokkrum sinnum og mögulegt er að leifar eldri kirkjubýgginga leynist þar í jörðu.

Á Suður-Reykjum var kirkja samkvæmt máldaga Þorláks biskups Þórhallssonar frá um 1180. Kirkjan var helguð Þorláki og felld niður með konungsbréfi 17. maí 1765. Kirkjan hefur trúlega staðið SA við núverandi íbúðarhús á hól sem þar er.

Að Varmá stóð kirkja allavega frá 14. öld. Messuhaldi var hætt þar einhvern tíma á árunum 1554-1584. Kirkja þessi var grafin upp af fornleifafræðingum árin 1968 og 1969. Tóftin er nú líklega komin undir jarðvegsfyllingu við skólahús sem byggt var við bæjarstæði Varmár.

Nokkrar sagnir eru um fornmannaleiði í Mosfellsbæ. Hraði á Hraðastöðum á að vera heygður í Hraðaleiði, lágum hól á mörkum Mosfells og Hraðastaða við Norður-Reykjaá þar sem hún kemur fram úr Helgadalsmynni og beygir til vesturs. Önnur heimild segir Hraða hafa verið heygðan á svokölluðum Hraðabletti.

Sagt er að Egill Skallagrímsson hafi verið heygður á Tjaldanesi sem nú tilheyrir Hrísbú. Greinilegur haugur eða hól er þar og sést að hann hefur einhvern tíma verið

hringlaga þó nokkuð hafi brotnað af honum vegna ágangs árinna (Köldukvísl). Þetta á að hafa verið fyrsti legstaður Egils en sem kunnugt er á hann að hafa verið færður síðar í vígða mold.

Halldór Laxness greindi í viðtali árið 1980 frá kumli sem var við suðurhlið bæjarins gamla í Laxnesi. Öll ummerki þess eru nú horfin.

Samkvæmt Örnefnaskrá var hól eða dys, sem kölluð var Rikkudys, fyrir norðan bæinn að Úlfarsá. Hól þessi fannst ekki við skráningu 1980.

Þormóðsleiði er skráð á tveimur stöðum í landi Þormóðsdals.

Æsuleiði er aflöng þúfa vestan í túnbrekkunni neðan við Æsustaðabæ. Þar á landnámskonan Æsa að liggja. Æsuleiði er álagablettur sem ekki má slá.

Álfabyggðir og aðrir þjóðsagnastaðir

Álfabyggð er skráð á átta bæjum, Blika-stöðum, Helgafelli, Hraðastöðum, Miðdal, Mosfelli, Óskoti, Reykjakoti og Suður-Reykjum. Álagablettir þar sem ekki má slá eða eiga við á annan hátt eru á Hrísbú, Norður-Reykjum, Úlfarsá og Úlfarsfelli auk Æsuleiðis sem nefnt var hér að ofan. Ein nykursaga er skráð á Suður-Reyki. Hlaðgerður í Hlaðgerðarkoti og Æsa á Æsustöðum urðu hvor annarri að bana á Víghól í landi Hlaðgerðarkots. Á Óskoti á smali að hafa orðið úti og gengið aftur.

Aðhöld

Í sveitarfélaginu voru að þessu sinni skráðir 32 stekkir, þar af 23 enn greinilegir, 18 kvíar og stöðlar, 12 réttir, tveir nátthagar og fjórar fjárborgir. Kvíar eru einungis greinilegar á fjórum stöðum í landi tveggja bæja, Mosfells og Suður-Reykja. Réttirnar eru flestar enn til staðar, einungis tvær eru horfnar. Hafravatnsrétt er friðlýst. Nátthagarnir eru einungis skráðir úr heimildum. Ein fjárborganna er horfin, tvær eru í landi Laxness, báðar friðlýstar, og ein í landi Úlfarsfells.

Sel

21 sel er skráð í landi Mosfellsbæjar og er staðsetning tíu þeirra þekkt. Mjög skýrar minjar selstöðu eru í Helguseli við Bringur, í Seljadal og við Leirtjörn á Mosfellsheiði.

Mógrafir, torfrista, startekja

Skráðar eru heimildir um 14 mógrafir auk þess sem staðsetning þriggja til viðbótar er þekkt. Torfristu er getið á fjórum stöðum en ekki staðsett að þessu sinni. Í heimildum er getið um tvo staði þar sem störv var tekin, báðir í landi Miðdals.

Nútímaminjar

Þó nokkuð er um stríðsminjar í Mosfellsbæ og er ástæða að nefna þær hér sérstaklega. Skráðar voru stríðsminjar í landi Blikastaða, Helgafells, Hrísbúar, Reykjakots, Suður-Reykja, Úlfarsár og Úlfarsfells en eflaust má bæta mikið við þann lista og ef til vill ástæða til að gera sérstaka úttekt á stríðsminjum í sveitarfélaginu.

Aðrar minjar

Skráð landamerki eru 47 talsins. Einungis voru skráð þau landamerki sem má flokka sem manngerð, þ.e.a.s. vörður og markasteina sem oft var klappað í merki. Ekki var gengið á þessa staði og eflaust mætti taka eitthvað út af þessum lista og bæta öðru við.

Vegir, leiðir, vöð og áningarstaðir eru 53 talsins og má eflaust bæta við þann lista einnig og sameina einhver númer. Jarðhiti var mikill á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu eins og Reykjanöfnin bera með sér og eru skráðar heitar laugar og hverir 14 talsins. Þær eru þó flestar horfnar eða uppþornaðar eftir að borað var fyrir heitu vatni.

Niðurstöður

Upplýsingar um fornleifar í bæjarfélaginu ættu að geta sparað fjármagn og vinnu í framtíðinni. Með því að nýta þessar upplýsingar til vinnu við skipulag bæjarlandsins má komast hjá tímafrekum og kostnaðarsömum rannsóknum sem ráðast þarf í ef fornleifar finnast ekki fyrir en framkvæmdir eru hafnar. Ekki ber þó að líta svo á fornleifar séu til trafala fyrir þróun bæjarfélagsins. Fornleifarnar geta verið auðlind sem bæjarfélagið getur nýtt. Mosfellsbær hefur lagt áherslu á að bærinn sé nátengdur „sveitinni“ enda landbúnaður enn stundaður í sveitarfélaginu og miklir möguleikar til útivistar innan þess.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu eru mjög margar fornleifar í Mosfellsbæ sem tengjast landbúnaði, t.d. útihús, stekkir, kvíar, réttir, náttthagar, fjárborgir, sel og mógrafir. Margar þessara minja eru greinilegar og ef lagðir yrðu göngustígir að þeim og upplýsingaskilti sett upp í nágrenni þeirra mætti auka gildi gönguleiða sem þegar eru til staðar eða búa til nýjar áhuga-verðar gönguleiðir.

Hafravatnsrétt hefur því miður látið mjög á sjá síðan hún var friðlýst. Gera þarf átak í samráði við Fornleifavernd ríkisins um endurbætur og viðhald á réttinni. Lega réttarinnar og auðvelt aðgengi að henni var þess valdandi að skólabörn af öllu höfuðborgarsvæðinu streymdu á staðinn þegar réttin var í notkun. Ekki er að efa að hægt væri að endurvekja aðdráttarafli svæðisins. T.d. má hugsa sér að auk þess að laga útlit réttarinnar yrði komið upp aðstöðu í nágrenni hennar þar sem nemendur og almenningur gætu fræðst um vinnubrögð til sveita í „gamla daga“.

Niðri á sjávarbakkanum í svonefndu Gerði á Blikastaðanesi er grjótgardur og fornar rústir sem taldar eru vera leifar verslunarstaðar eða útræðis. Um er að ræða tvö steinhlaðin gerði, veggjarbrot, búðartóft og byrgi. Talið er að mun fleiri rústir hafi verið á svæðinu en að sjórinn hafi brotið af landinu og skolað fornleifunum í burtu. Fornleifarannsókn hefur ekki farið fram á staðnum en sett hefur verið fram sú kenning

að um sé að ræða verslunarstað eða útræði frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar sem með talsverðum rétti megi kalla undanfara Reykjavíkur. Þór Magnússon Þjóðminjavörður friðlýsti rústirnar á staðnum árið 1978. Svæðið næst verslunarstaðnum er óbyggt í dag en þar er nú fyrirhugað að byggja golfvöll og leggja göngu- og reiðstíga nærri rústunum. Verði það gert, gefst um leið tækifæri til þess að merkja rústirnar, setja upplýsingaskilti hjá þeim og vekja þannig athygli þeirra sem þarna eiga leið um á þeim.

Jarðhiti hefur alla tíð verið mikill í Mosfells sveit og eru heimildir um hvergi og laugar sem menn hafa nýtt þar í ríkari mæli en í flestum öðrum sveitarfélögum. Skráðar voru 14 heitar laugar og hverir. Ein þessara lauga, Reykjalaug, er nú undir afleggjaranum að Suður-Reykjum en talið er að hún geti verið lítið skemmd. Miklar heimildir eru til um þessa laug. Hún var steinhlaðin og talsvert mikið mannvirki ef marka má heimildirnar. Landeigendur hafa sýnt áhuga á að laugin yrði grafin upp og gengið frá umhverfi hennar þannig að almenn-ingur gæti skoðað hana og fræðst um hana á staðnum. Ef ráðist yrði í þessa framkvæmd má reikna með að úr yrði mjög sérstakur og áhugaverður minjastaður.

Minjar úr seinni heimsstyrjöldinni eru ekki fornleifar skv. Þjóðminjalögum, enda ekki orðnar 100 ára gamlar. Engu að síður hefur verið talin ástæða til að skrá slíkar minjar þannig að yfirlit fengist um umfang þeirra í sveitarfélaginu. Skráning stríðsminja er þó engan veginn tæmandi og athugandi er hvort skrá ætti þessar minjar sérstaklega. Þá er vert að huga að því hvort ekki eigi að varðveita eitthvað af þeim, merkja þær og kynna.

Magn og fjölbreytileiki fornleifa í Mosfellsbæ er mikill. Því miður ber það við að lítið sé á að fornleifar séu fyrir í þróun nútíma samfélags en eins og vikið hefur verið að hér að ofan þarf þetta alls ekki að vera svo. Oft er æskilegt og vel mögulegt að fella fornleifarnar og nánasta umhverfi þeirra að skipulagi nútíma byggðar. Þannig er hægt að varðveita arf forfeðranna. Þá auðlind sem felst í fornleifunum má einnig

nýta með því að gera þær aðgengilegar og kynna fyrir almenningi. Fornleifarnar mætti líka að nýta til kennslu í skólum bæjarins. Með því að sýna nemendum gamlar rústir og tengja þær frásögnum af horfnum lifnaðarhátum má á lifandi og skemmtilegan hátt fræða þá um sögu bæjarfélagsins og daglegt líf Mosfellinga fyrr á öldum. Auðvitað koma þó upp þær aðstæður að nauðsynlegt er að fornleifar víki fyrir framkvæmdum en þá þarf að rannsaka fornleifarnar áður.

Ekki má líta á fornleifaskráningu sem tæmandi upptalningu á fornleifum. Ógerlegt er að þræða svo víðfeðmt landssvæði, þannig að minnsta vörðubrot geti ekki farið framhjá skrásetjaranum. Auk þess kunna víða að vera í jörðu fornleifar sem ekki er unnt að greina á yfirborðinu. Þess vegna verður að hafa sérstaka gát við hvers konar jarðrask og leita samráðs við fornleifafræðing áður en farið er út í meiriháttar framkvæmdir.

Heimildir

- Adolf J. E. Petersen. „Samgönguleiðir til Reykjavíkur að fornu og nýju“. *Reykjavík miðstöð Þjóðlífs. Safn til sögu Reykjavíkur*. Sögufélagið 1977.
- Ari Gíslason. *Hrisbrú*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
- Ari Gíslason. *Lágafell*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
- Ari Gíslason. *Minna-Mosfell*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
- Ari Gíslason. *Óskot*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
- Ari Gíslason. *Úlfarsá og Lambhagi*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
- Ari Gíslason. *Úlfarsfell*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.
- Ari Gíslason. *Varmá*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
- Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Laxness með athugasendum Guðmundar Þorlákssonar á Seljabrekku*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
- Ari Gíslason. *Hraðastaðir*. Örnefnastofnun Íslands 1968. ópr.
- Ari Gíslason. *Örnefnalýsing Reykjahliðar*. Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum las lýsinguna yfir og lagfærði lítillga. Örnefnastofnun Íslands 1968.
- Ari Gíslason. *Helgafell*. Örnefnastofnun Íslands 1981. ópr.
- Árbók Ferðafélags Íslands* 1936. Reykjavík.
- Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskráning í Mosfells-sveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.
- Álafossfréttir*. „Saga Álafoss fyrstu árin“. 5. árg. 1. tbl. 1981.
- Árni Jónsson frá Varmá. *Athugasemdir við handrit Ara Gíslasonar*. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
- Barth, Tom F. W. *Volcanic Geologi, Hot springs and Geysirs of Iceland*. Carnegie Institution of Washington 1950.

- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.
- Bjarni Einarsson. „Fólgið fé á Mosfelli“. *Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni*, 20. júlí 1977. Fyrri hluti. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1977.
- Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 3. Reykjavík 1938.
- Björn Lárusson. *The old icelandic land registers*. Lund 1967.
- Bruun, Daniel. *Fortidsminder og nutidshjem paa Island*. Orienterende undersøgelser foretagne i 1896 af Daniel Bruun. København 1897.
- Brynjólfur Jónsson. „Rannsóknir fornleifa sumarið 1907“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1908*. Reykjavík 1908.
- Dipl. Isl.: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.
- Eggert Ólafsson. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. I. bindi. Útg. Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfðánarson. Þýðandi Steindór Steindórsson. Reykjavík 1943.
- Egils saga Skalla-Grímssonar*. Sigurður Nordal gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík 1933.
- Fasteignabók*. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921.
- Fasteignabók*. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík 1932.
- Fasteignabók*. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.
- Fasteignabók I*. Mat fasteigna í sýslum samkv. lögum nr. 33 frá 1955. Öðlast gildi 1. maí 1957. Reykjavík 1956-1957.
- Finnur Jónsson. „Nokkur orð um íslensk bæjarhöfn“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík 1924.
- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Þjóðminjasafn Íslands 1990.
- Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Lágafells í Mosfellssveit*. Örnefnastofnun Íslands 1976.
- Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Varmár*. Örnefnastofnun Íslands 1976.
- Guðlaugur R. Guðmundsson. *Örnefnalýsing Elliðaakots og Vilborgarkots*. Örnefnastofnun Íslands 1978.
- Guðmundur Ólafsson. *Fornleifaskráning í Mosfellssveit 1980-1982*. Skráningarbækur Þjóðminjasafns Íslands.
- Guðmundur Þorláksson. *Örnefnalýsing Seljabrekku*. Örnefnastofnun Íslands 1968.
- Halldór Laxness. *Immansveitarkronika*. Reykjavík 1970.
- Halldór Laxness. *Í túninu heima*. Reykjavík 1975.
- Hannes Þorsteinsson. „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarhöfnum á Íslandi“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík 1923.
- Haraldur Norðdal. *Athugasemdir við Örnefnalýsingu Úlfarsfells*. Örnefnastofnun Íslands 1967. ópr.
- Haraldur Sigurðsson. *Kortasaga Íslands frá lokum 16. aldar til 1848*. Reykjavík 1978.
- Hjörtur Björnsson. „Örnefni á Mosfellsheiði“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1937-1939*. Reykjavík.
- Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I*. Ný útgáfa. Arni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík 1954.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982.
- Jarðaskrár 1958-1979*. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.
- J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Kaupmannahöfn 1847.
- Jón Egilsson. *Biskupaannálar. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju I*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.
- Jón Halldórsson. *Bringur*. Örnefni í landi býlisins Bringur í Mosfellssveit. Örnefnastofnun Íslands. ópr.
- Jón Oddsson Hjaltalín. „Lýsing Kjósarsýslu 1746. Gerð samkvæmt fyrirskipun jústitsráðs Lafrentz heitins amtmanns til mín, dags. 11. október 1743“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. 3. Reykjavík 1937.
- Jón Pálsson. „Suðurferðir“. *Austantórir III*. Reykjavík 1952.
- Jórunn Halldórsdóttir. *Gullbringur. Athugasemdir og viðbætur við lýsingu Bringna eftir Jón Halldórsson*. Örnefnastofnun Íslands 1974. ópr.
- „Kjósarsýsla. Sýslulýsingar 1744-1749“. *Sögurir XXVIII*. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1957.
- Kristinn Guðmundsson. *Örnefnalýsing Mosfells*. Örnefnastofnun Íslands.
- Kálund, Kristian. *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island I*. Syd- og Vest- Fjærdingerne. Kjöbenhavn 1877.
- Kálund, P. E. Kristian. *Íslenskir sögustaðir*. Þýð. Haraldur Matthíasson. Reykjavík 1984.
- Landamerkjabók* í afsals- og veðmálábók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Landamerkjaskrá Helgafells í Mosfellssveit frá 1885*. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Lúðvík Kristjánsson. *Íslenskir sjávarhættir V*. Reykjavík 1986.
- Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1886.
- Magnús Guðmundsson. *Blikastaðir*. Örnefni á Blikastaðum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.
- Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir*. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.
- Magnús Guðmundsson. *Reykjahvoll og Sólvellir*. Örnefni í landi Akra, Efri-hvols, Reykjahvols og Sólvalla í Mosfellsbæ. Örnefnastofnun Íslands 1992.
- Matthías Þórðarson. „Gamlir legsteinar“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1909*.
- Morgunblaðið*. „Góður orðstír er mannum auði tryggari“. Grein á bls. 10, 4. nóvember 1962.
- Morgunblaðið*. „Afmælisgrein um séra Bjarna Sigurðsson fyrrum prest á Mosfelli“. 18. maí. 1980.
- Ný jarðabók fyrir Ísland*, samin eptir tilskipun 27, maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.
- Ólafur Lárusson. „Innnesin“. *Árbók Ferðafélags Íslands*. 1936.
- Ólafur Lárusson. „Árland“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*. 2. Reykjavík 1937.
- Ólafur Lárusson. „Nokkur byggðanöfn“. *Byggð og saga*. Reykjavík 1944.

- Ólafur Stephensen. „Frá Ólafi Stephensen, amt-
manni“. *Sögurit XXIX. Landsnefndin 1770-1771*. I.
Bréf frá nefndinni og álitsgerðir embættismanna.
Reykjavík 1958.
- Ólafur Þórðarson. *Athugasemdir og viðbætur við Örnefnalýsingu Ara Gíslasonar*. Handrit í Örnefnastofnun Íslands.
- Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Norður-Reykja*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.
- Ólafur Þórðarson. *Örnefnalýsing Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.
- Ólafur Þórðarson. *Athugasemdir og viðbætur við Örnefnalýsingu Æsustaða*. Örnefnastofnun Íslands 1983.
- Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. *Örnefnalýsing Helgáðals*, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.
- Páll Lýðsson. „Upphaf Mosfellingagoðorðs“. *Saga. Tímarit Sögufélags*. Reykjavík 1961.
- Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson. „Mannskaðinn á Mosfellsheiði (Skýrsla séra Magnúsar Grímssonar)“. *Hrakningar og heiðavegir III*. Akureyri 1953.
- Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Borgarfirði 1884“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884-1885*. Reykjavík.
- Sigurður Þórarinnsson. „Sambúð lands og lýðs í ellefu aldir“. *Saga Íslands I*. Reykjavík 1974.
- Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík 1990.
- Skrá um menningarminjar í Mosfellssveit*. Handrit á Þjms.
- Skrá um nöfn á nýbýlum og breytingar á bæjanöfnum*. Reykjavík 1952.
- Skúli Magnússon. „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Verðlaunarritgerð eftir Skúla Magnússon landfógeta“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess I*. 1. Reykjavík.
- Skýrsla um eyðingarðir* skv. fyrirmælum 53. gr. laga nr. 75 frá 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. – Öpr. 31.12.1963.
- Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunes-sókna“. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Félagið Ingólfur gaf út. Reykjavík 1937-1939.
- Swavar Sigmundsson. *Örnefnalýsing Leirvogstungu*. Upplýsingar gaf Magnús Sveinsson bóndi í Leirvogstungu. Örnefnastofnun Íslands 12.8. 1968.
- Sveinbjörn Rafnsson. „Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1970. Reykjavík 1970.
- Sveinbjörn Rafnsson. „Fornleifaskýrsla séra Markúsar Sigurðssonar á Mosfelli, dag. 1. ágúst 1817“. *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Reykjavík 1980.
- Sveinn Nielsson. *Prestatal og prófasta*. Önnur útg. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1950.
- Sveinn Pálsson. *Ferðabækur Sveins Pálssonar*. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Reykjavík 1945.
- Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Elliðakots*. Örnefnastofnun Íslands.
- Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.
- Tryggvi Einarsson. *Bormóðsdalur*. Örnefnastofnun Íslands 1977.
- Þjóðhátarannsókn stúdenta 1976.
- Þorsteinn Jóseppson. *Landið þitt*. Saga og sérkenni nær 2000 einstakra bæja og staða. Reykjavík 1966.
- Þorvaldur Thoroddsen 1913. *Ferðabók*. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898. I. Kaupmannahöfn 1913.
- Þórbergur Þórðarson. „Lifnaðarhættir í Reykjavík á síðari helmingi 19. aldar“. *Landnám Ingólfs II*. Reykjavík 1936-1940.
- Þórður Jónsson. „Stutt lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu 1852“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Reykjavík 1937.
- Örnefnalýsing Grafarholts*. Örnefnastofnun Íslands.
- Örnefnalýsing Hrisbrúar*. Örnefnastofnun Íslands 1968.
- Örnefnalýsing Mosfells*. Örnefnastofnun Íslands.
- Örnefnalýsing Skeggjastaða*. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn

- Guðmundur Jónsson, Suður-Reykjum.
Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu.
Haukur Nielsson, Helgafelli.
Hreinn Ólafsson og Herdís Gunnlaugsdóttir, Helgadal.
Ólafur Ingimundarson, Hrisbrú.
Sigurður Narfi Jakobsson, Reykjadal.
Skúli Skarphéðinsson, Röðli.
Þórarinn Jónasson, Laxnesi.

Heimildamenn 1980 -1982

- Árni Magnússon, Víðibóli.
Bjarni Bjarnason, Hraðastöðum.
Einars Björnssonar, Litla-Landi, bjó þrjú ár á Skeggjastöðum fyrir 1930.
Grímur Norðdahl, Úlfarsfelli.
Guðjóna Benediktsdóttir og Einar Jakobsson, Norður-Reykjum.
Guðmundur Skarphéðinsson, Minna-Mosfelli.
Guðmundur Þorláksson, Seljabrekku.
Haukur Nielsson, Helgafelli.
Halldór Laxness, Gljúfrasteini.
Helga Magnúsdóttir og Sigsteinn Pálsson, Blika-stöðum.
Hlíf Gunnarsdóttir, Æsustöðum.
Janus Björgvin Eiríksson, fæddur og uppalinn í Óskoti.
Jóel Jóelsson, Reykjahlið.
Jón Guðmundsson, Suður-Reykjum.
Karl E. Nordahl, ættaður frá Elliðakoti.
Sigurður Jónsson, fv. bóndi í Helgadal.

